> Útigángur í förunni lítill, en á landi í betra lagi, og þarf roskið fje sjaldan mikinn heystyrk í meðalári. Torfrista og stúnga lök, brúkast þó. Lýngrif bjarglegt til eldiviðar. Eggver af æðifugli og kríu hefur að fornu verið að góðu gagni, en fór smámsaman til rýrðar og nú ekkert í 20 ár eður lengur. Selveiði hefur nokkur að fornu verið, en engin í næstu 50 ár eður lengur. Rekavon í betra lagi fyrir landinu, hepnast þó sjaldan framar en til húsabótar, því festifjara er lítil nema stórgrýti og klettar. Skelfisksfjara lítil og valla teljandi.
>
> Túninu spillir sandfok úr einum mel, þó er það ekki þar fyrir eyðilagt. Engjar eru mjög litlar og spretta lítt. Úthagarnir eru mestallir lýngi vaxnir og hrjóstrugir og því haglitlir fyrir stórgripi.

[31] Skjal nr. 4(1), bls. 287.
[32] Skjal nr. 2(110).
[33] Skjal nr. 2(11).

> Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og so nokkuð fyrir holgryfjulækjum. Kirkjuvegur hálf vika sjáfar, þar sem stytst er á millum lands og eyjar, og síðan bæjarleið á landi að Stærra Árskógi.
>
> Heimræði er hjer, og er lendíngin bæði stórgrýtt og brimsöm, og skipsuppsátrið erfitt, verða því aflabrögðin svipul.
>
> Eitt skip gengur hjer nú, sem ábúandinn fleytir.
>
> Inntökuskip hafa hjer áður verið fáein einstöku sinnum, og galtst hjer þá lóðarfiskur í undirgift þeirra til heimabóndans.
>
> Verskálar hafa hjer ekki verið.
>
> **Midbær,** fornt eyðiból sunnarlega í þessrar jarðar landi, og eru munnmæli að sú jörð hafi eyðilagst í stóru plágunni Anno 1400, en byggíngaleifar eru hjer ljósar. Aftur má hjer byggja, þó heyskapur sje ærið lítill.[34]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1804 er skráð mat á Hrísey. Þar segir að dýrleiki Syðstabæjar var metinn 20 hundruð og sömuleiðis var dýrleiki Ystabæjar metinn 20 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð og tilheyrði Margréti Jónsdóttur í Oddgeirshólum. Með í matinu á Syðstabæ voru eyðihjáleigurnar Saltnes og Hvatastaðir en með í matinu á Ystabæ var eyðijörðin Miðbær.[35]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ystibær í Hrísey metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[36]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ystabæ:

> Ytstibær, bóndaeign, 20 hundruð nú talin ad dýrleika, med eydihjáleigunni Miðbæ. Túnid þýft ad mestu, grasgéfid en tödulétt. Engid sárlítid og snöggt, en heygott, greidfært og þurt. Torfrista léleg. Móskurdur brúkandi. Búfjárhagar vídlendir, en mjög léttir. Útrædi gott en erfid lendíng, einnig nokkur rekavon. Nokkur vetrarbeit. Lítil ædarvarpsbyrjun, og líkindi til framfarar med góðri pössun. ~~Jördin~~ Hættur á saudfé géta tilfallid af brimum. Jördin álýtst med hæfilegri ábúd ad géta borid af fénadi í medalári 9 hundruð. Virdíngin finnst undir N^{o} 250 í Verdhædarbókinni.[37]

Landamerkjaskrá um merki milli Syðstabæjar og Ystabæjar í Hrísey er dagsett 1. maí 1884 en ekki er getið um þinglýsingardag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Syzti- og Yzti-bær í Hrísey.
>
> Við undirskrifaðir, búendur í Hrisey innan Eyjafjarðarsýslu, gefum hjer með til kynna að við erum ásáttir með landamerki þau, sem að verið hafa og garður tilvísar þvert yfir eyuna, og ræður í sjó fram Borgarbrík að austan og Merkisnes að vestan
>
> Yztabæ 1 mai 1884
>
> Ch. Stephánsson
>
> Syztabæ 1. mai 1884
>
> Jörundur Jónsson.[38]

[34] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 97–98, skjal nr. H-7.
[35] Skjal nr. 2(69).
[36] Skjal nr. 4(1), bls. 287.
[37] Skjal nr. 2(110).
[38] Skjal nr. 2(11).

5.2.3.4 Sauðanes og Sauðaneskot á Upsaströnd

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Upsaströnd frá 1712 segir eftirfarandi um Sauðanes og Sauðaneskot á Upsaströnd:

> **Saudanes.**
>
> Jarðardýrleiki xx hndr. með Sauðanesskoti, sem reiknast þriðjúngur allrar jarðarinnar, en heimajörðin tveir þriðjúngar, og so tíundast presti og fátækum.
>
> Eigandinn biskupsstóllinn Hólar.
>
> Ábúandinn Sigurður Einarsson.
>
> […]
>
> Útigángur fyrir roskið fje í skárra lagi, er þó svipull nokkuð sakir snjóflóða og þarf jafnlega heystyrk. Skógur til kolgjörðar bjarglegur en til eldiviðar nægur fyrir heimilið. Torfrista valla brúkandi, en stúnga nýtandi. Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei. Eggver af æðifugli er valla teljandi, þó hefur hjer verið lítið varp af þeim fugli undir björgunum við sjóinn, sem nú hefur brugðist öldúngis síðan bóluna. Grasatekja lítil. Rekavon valla teljandi, því festifjara er lítil eður engin.
>
> Enginu spilla skriðuföll og grjótsáburður af smálækjum úr fjallinu. Úthagarnir eru enn nú bjarglegir, en spillast mjög af snjóflóðum árlega. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum, og so fyrir smalann. Einninn er kvikfje hætt að hrapa fyrir björg, jafnvel um hásumar.
>
> Heimræði er hjer um hásumar, en ekki að jafnaði, því lendíngin er háskalega stórgrýtt og þar með brimsöm. Skipsuppsátur mjög erfitt. Hjer gengur nú einn hátur, sem ábúendur eiga.
>
> **Saudaneskot**. Bygt á stekkjarstæði heimajarðarinnar fyrir vel 50 árum, þar sem ekki hafði verið bygt áður, og reiknast nú fyrir þriðjúng allrar jarðarinnar, með einnri dagsláttu, sem það hefur af heimatúninu. Öllum landsnytjum er óskift, nema túni og engjum.
>
> Dýrleiki vi hndr. lxxx álnir.
>
> Eigandinn ut supra.
>
> Ábúandinn Steingrímur Ólafsson.
>
> […]
>
> Utigángur og aðrir kostir og ókostir sem áður segir um heimajörðina, nema hjer spillir enginu grjóthrun með skriðunum.[39]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Sauðaness metinn 20 hundruð. Jörðin var Hólabiskupsstólsjörð.[40] Einnig kemur fram að Sauðaneskot var hjáleiga frá Sauðanesi.[41]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sauðanes á Upsaströnd metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Sauðaneskot er skráð sem hjáleiga frá Sauðanesi og dýrleika hennar er ekki getið en í neðanmálsgrein segir að hreppstjóri telji sjö hundruð af dýrleika Sauðaness vera á kotinu, Sauðaneskoti.[42]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Sauðanes og Sauðaneskot:

---

[39] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 42–43, skjal nr. H-7.
[40] Skjal nr. 2(70).
[41] Skjal nr. 2(71).
[42] Skjal nr. 4(1), bls. 290.

> 346. Sauðanes, 13 hundruð, bóndaeign. Tún slétt og greidfært, í stærra lægi, í sneggra medallægi, tödugott. Engi sæmilega vídslægt, greidfært, meiri partur blautlendt, snögt og sumt grýtt, í medallægi heygott. Búfjárhagar nægir og gódir. Vetrarbeit nokkur. Torfirsta mjög lítil. Hrísrif. Móskurdur. Skipsuppsátur, rekavon, hrognkelsa og hafselanótalög. Brimasöm lendíng. Hættur fram af sjávarhömrum og í lækjum, skridu- og snjóflódahæd. Jördin álýtst ad géta borid 11 hundruð.[43]
>
> ~~347.~~ Sauðaneskot, hjáleiga, 6 12/3 hundruð, bóndaeign. Tún greidfært; mjög grýtt, snöggslægt, í medallægi tödugott. Engi meiri partur greidfær, í minna lægi grasgéfid og í medallægi heygott, stórkostlega grýtt. Búfjárhagar í sameiníngu við Saudanes. Vetrarbeit nokkur. Torfrista engin. Móskurdur. Hrísrif fyrir sig. Sjóargögn í sameiníngu vid Saudanes. Hættur vidlíkar og á heimajördunni, nema mjög svo skriduhættara á tún og engi. Hjáleigan álýtst ad géta borid 6 hundruð.[44]

Landamerkjaskrá Sauðaness á Upsaströnd er dagsett 12. apríl 1887 en hún var þinglesin 4. júní 1887. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir Sauðanesi.
>
> Að sunnan móts við Karlsá ræður merkilækur frá sjó uppí Merkisgil, sem ræður í miðja Merkistungu, þaðan beína línu á fjall upp.
>
> Að norðan móts við Sauðárkot eru merki talin úr svokölluðu „Galtarskeri“ og upp merkislautina beint á fjall upp.
>
> En á móts við Sauðaneskot, sem er hjáleiga frá Sauðanesi eru landamerki á engjum Reiðgötunnar útundir Gróna, síðan beint út Ennabrúnina ofan við Gróna út að Víkurlæk. Bithagi er óskiptur.
>
> Argerði 12. apríl 1887
>
> Halldór Bjarnason
>
> einnig eigandi Sauðárkots.
>
> þessum landa merkjum er eg samþykkur fyrir Karlsá
>
> Gunnlogur Friðleifsson
>
> Og sömuleiðis fyrir Sauðaneskot
>
> Friðfinnur Jóhannsson.[45]

Í undirmati að fasteignamati Eyjafjarðarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sauðanes var metin á 2.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi verið þinglesin 4. júní 1887. Eigandi hennar var Jóhann Gunnlaugsson.[46] Þá kemur fram að jörðin Sauðaneskot var metin á 1.000 kr. Tilgreint er að landamerkin hafi verið þinglesin 4. júní 1887. Eigandi var Svarfaðardalshreppur.[47]

5.2.3.5 Sauðakot á Upsaströnd

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Upsaströnd frá 1712 segir eftirfarandi um Sauðakot á Upsaströnd:

---

43 Skjal nr. 2(111).
44 Skjal nr. 2(111).
45 Skjal nr. 2(12).
46 Skjal nr. 2(125).
47 Skjal nr. 2(126).

> **Saudárkot,** í eyði síðan bóluna og áður köflum saman.
>
> Sagt er að þetta kot sje í fyrstunni bygt af Sauðanesi og í þeirrar jarðar landi, en lángvarandi það menn til vita hefur þetta verið jörð fyrir sig með afdeildu landi.
>
> Jarðardýrleiki …
>
> Eigandinn biskupsstóllinn Hólar.
>
> […]
>
> Útigángur fyrir sauðfje í skárra lagi. Torfrista og stúnga mjög lok, og hefur hjer verið brúkað hnausaþak á hey og hús. Skógur af smáviði og rifhrís bjarglegt til eldiviðar. Grasatekja bjargleg fyrir heimilið. Hvannatekja lítil í ógöngum, sem ekki verður brúkuð. Rekavon valla teljandi, því festifjara er engin.
>
> Túni spilla snjóflóð stórlega með grjótsáburði. Engið er að mestu eyðilagt. Úthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum. Hætt er kotinu stórlega fyrir snjóflóðum, og tók i þeirra fyrir 9 árum allan bæinn ofan að veggjum, nema eitt hús, þó komust menn af lífs, en ein kýr dó þar inni.
>
> Þessa jörð brúkar nú til slægna Steingrímur Ólafsson í Sauðanesskoti, og geldur þar fyrir xx álnir í landaurum.
>
> Heimræði brúkaðist hjer í stiltri veðráttu á sumardag, en ekki að jafnaði, því lendíngin er mjög brimsöm.[48]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1804 er dýrleika jarðarinnar Sauðakots ekki getið. Jörðin var Hólabiskupsstólsjörð. Þá segir að Sauðakot hafi í jarðabók Árna og Páls verið skráð sem hjáleiga en sé nú jörð út af fyrir sig. Enn fremur hafi komið fram í jarðabókinni að eyðihjáleigurnar Geitavellir, Helgastaðir og Mígandi hafi legið innan jarðarinnar.[49]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sauðakot á Upsaströnd skráð sem bændaeign en dýrleika hennar er ekki getið. Í neðanmálsgrein segir að hreppstjóri einn telji jörðina átta hundruð að dýrleika en til forna virðist sem hún hafi verið talin með Sauðanesi.[50]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Sauðakot:

> Sauðárkot, 8 hundruð, bóndaeign. Tún slétt og greidfært ad mestu, ógrasgéfid, tödugott. Engi lítid, þurt, greidfært, snöggt en heygott, grýtt. Búfjárhagar nægir og gódir. Vetrarbeit ~~göd~~ í besta lægi með fjöru. Torfrista engin. Hrísrif fyrir sig. Uppsátur brúkad, en mjög svo brimasamt, talsverd rekavon. Hættur fram af sjóarhömrum, undir björgum og í flædiskerjum. Skridu- og snjóflódahætt. Einnig hættur í ám og lækjum. Jördin álýtst ad géta borid 7½ hundrað.[51]

Landamerkjaskrá Sauðakots í Eyjafirði er dagsett 12. apríl 1887 en hún var þinglesin 4. júní 1887. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki fyrir Sauðárkoti
>
> Að sunnan móts við Sauðanes eru merki talin úr svokölluðu Galtarskeri og upp Merkislautina beint á fjall upp.

[48] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 41, skjal nr. H-7.
[49] Skjal nr. 2(72).
[50] Skjal nr. 4(1), bls. 290.
[51] Skjal nr. 2(111).

> En að utan móts við Brimnes í Olafsfirði ræður sprænandi merkjum, þaðan er lækur, sem fellur út og fram af Múlanum, og í sjóinn utan vert við Æðarsker. –
>
> Árgerði 12. apríl 1887
>
> Halldór Bjarnason
>
> eigandi Sauðaness og Sauðárkots.[52]

Í undirmati að fasteignamati Eyjafjarðarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Sauðakot var metin á 500 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki jarðarinnar. Þá kemur fram að jörðin var í eyði. Eigandi hennar var Júlíus Björnsson.[53]

5.2.3.6 Brimnes í Ólafsfirði

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Ólafsfjörð frá 1712 segir eftirfarandi um Brimnes í Ólafsfirði:

> **Brimnes.**
>
> Jarðardýrleiki x hndr., og so tíundast ut supra.
>
> Eigandinn biskupsstóllinn Hólar.
>
> Ábúandinn Hinrik Bessason.
>
> […]
>
> Útigángur í fjörunni og á landi fyrir roskið fje, bregst sjaldan í meðalárum. Hestagánga í lakara lagi. Torfrista og stúnga grýtt og lítt nýtandi. Grasatekja lítil og valla teljandi. Hvannatekja lítil í ógönguklettum, verður ekki brúkuð.
>
> Túninu hefur skriða spilt og snjóflóð fyrir nokkrum árum, og er það síðan mjög grýtt og ilt að vinna. Engjar öngvar, nema það lítið sem hent er úr úthögum í svarðleysu mýrum. Úthagarnir eru nægir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og ógönguklettum.
>
> Lýngrif til eldiviðar bjarglegt.
>
> Heimræði er hjer, lendíng góð og skipsuppsátur, og mega gánga so mörg skip sem ábúandi fær við komið, en ekkert á hann nú sakir efnaleysis.
>
> Inntökuskip eru hjer nú 3, og stundum hafa áður nokkru fleiri verið, síðan lendíngin spiltist á Hornbrekku, þó aldrei fleiri en 5, so menn viti. Vertollar hafa hjer verið og eru á sama hátt og áður er sagt um Hornbrekku, og hefur ábúandi tekið þá í næst liðin tvö ár, en þar fyrir stólsins umboðsmenn venjulega, og feldu þar fyrir af landskuldargjaldinu xx álnir, aðrir xxx álnir, eftir því sem þeir voru sinnaðir.
>
> Verbúðir eru hjer 3, og aðrar 3 affallnar. Skipeigendur byggja þær á sinn kost, sem áður segir um Hornbrekku.
>
> Selveiði hefur lítil að fornu verið, nú engin í margt ár. Rekavon góð, og nýtur ábúandi þess eina sem lög leyfa. Hronkelsaveiði valla teljandi, hepnast sjaldan.
>
> **Mýrarlón,** forn þurrabúð, í eyði næstu 50 ár, en bygðist þar fyrir lítinn tíma einni fátækri konu, sem var fánggætsla sjófólksins og lifði mest á því sem það gaf henni.
>
> Búðarleigan atla menn engin hafi verið á þessa konu skilin.
>
> Búðina má aftur byggja með sama hætti.[54]

[52] Skjal nr. 2(13).
[53] Skjal nr. 2(127).
[54] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* X, bls. 38–39, skjal nr. H-7.

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1804 er dýrleika jarðarinnar Brimness metinn 10 hundruð. Jörðin var Hólabiskupsstólsjörð.[55]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Brimnes í Ólafsfirði metin 10 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[56]

Í jarðamati Eyjafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Brimnes:

> Brimnes, 10 hundruð, bóndaeign. Tún mestan part slétt, ógrasgéfid en má bæta med vatnsveitíngu, tödugott. Engi heima sárlítid, greidfært, þurt, ógrasgéfid en heygott. Búfjárhagar nægir og kjarngódir. Vetrarbeit í betra lægi med gódum fjörustyrk. Hrísrif fyrir sig. Skipsuppsátur, dálítil rekavon og hrognkelsa nótlög. Torfrista er brúkud í Böggversstadaflædum ásamt talsverdu engjataki, sem matsmennirnir hafa tillit til vid virdínguna á Brimnesi. Jördin álýtst ad géta borid 7 hundruð.[57]

Í undirmati að fasteignamati Eyjafjarðarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Brimnes var metin á 3.200 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar hafi ekki fundist þinglesin. Eigendur hennar voru Sigurður Pálsson og fimm börn hans.[58]

5.3 Skagafjörður

5.3.1 Landnám

Í Landnámabók segir eftirfarandi um landnám í Skagafirði, þ.e. vestan megin og austan megin fjarðar:

> Eilífr ǫrn hét maðr, son Atla Skíðasonar ens gamla, Bárðarsonar í Ál. Son Eilífs arnar var Koðrán at Giljá ok Þjóðólfr goði at Hofi á Skagastrǫnd ok Eysteinn, faðir Þorvalds tinteins ok Þorsteins heiðmennings ok Arnar í Fljótum. Eilífr nam land inn frá Mánáþúfu til Gǫnguskarðsár ok Laxárdal ok bjó þar.
>
> […]
>
> Gormr hét hersir ágætr í Svíþjóð; hann átti Þóru, dóttur Eiríks konungs at Uppsǫlum. Þorgils hét son þeira; hann átti Elínu, dóttur Burisláfs konungs ór Gǫrðum austan ok Ingigerðar, systur Dagstyggs risakonungs. Synir þeira váru þeir Hergrímr ok Herfinnr, er átti Hǫllu, dóttur Heðins ok Arndísar Heðinsdóttur. Gróa hét dóttir Herfinns ok Hǫllu; hana átti Hróarr, þeirra son Sleitu-Bjǫrn, er land nam fyrst á milli Grjótár ok Deildarár, áðr þeir Hjalti ok Kolbeinn kómu út; hann bjó á Sleitu-Bjarnarstǫðum;
>
> […]
>
> Qndóttr kom út í Kolbeinsárósi ok kaupir land at Sleitu-Birni ofan frá Hálsgróf enum eystra megin ofan frá læk þeim, er verðr út frá Nautabúi, ok inn til Gljúfrár, ok bjó í Viðvík.
>
> Sigmundr á Vestfold átti Ingibjǫrgu dóttur Rauðs ruggu í Naumudal, systur Þorsteins svarfaðar. Þeira son var Kolbeinn; hann fór til Íslands ok nam land á milli Grjótár ok Deildarár, Kolbeinsdal ok Hjaltadal.
>
> Hjalti son Þórðar skálps kom til Íslands ok nam Hjaltadal at ráði Kolbeins ok bjó at Hofi;
>
> […]

[55] Skjal nr. 2(73).
[56] Skjal nr. 4(1), bls. 316.
[57] Skjal nr. 2(111).
[58] Skjal nr. 2(128).

> Þórðr hát maðr ágætr hann var son Bjarnar byrðusmjǫrs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járnsíðu, Ragnarssonar loðbrókar. Þórðr fór til Íslands ok nam Hǫfðastrǫnd í Skagafirði á milli Unadalsár ok Hrolleifsdalsár ok bjó at Hǫfða.[59]

5.3.2 Drangey á Skagafirði

Í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 segir eftirfarandi um Drangey:

> Med dranghey ok lundey æa hola stadr oll fioru gogn.[60]

Hinn 5. júlí 1462 var á Eyrarlandi útnefndur af Ólafi biskupi Rögnvaldssyni dómur tólf presta til að fjalla um það hvort Hólakirkja í Hjaltadal ætti Drangey. Sex prestar vottuðu að þeir vissu að Hólakirkja hefði haft hana í 40 ár. Aðrir vottuðu það sama upp á 30 ár og einn upp á 25 ár. Í dómnum segir svo:

> nu saker þess ath þetta var suarit af sex prestum sem fyr scrifat stenndr þui dæmdum vær fyr nefnder prestar títt nefnda drangeý er liggr æa skagafirde vera ok verit hafua obrigdiliga eign adr greindrar hola kirkiu epter þui fremsta sem lôgbok vtvisar.
>
> var þessi vor domur vpp sagdr ok in scriptis fram borin j sama stad deige ok æri sem fyr seiger.[61]

Sama dag var annar dómur tólf presta útnefndur á Eyrarlandi af Ólafi biskupi til að dæma um það mál að biskup kærði Þorstein Brynjólfsson fyrir að hafa farið í Drangey og veitt þar seli og tekið fugla og egg án leyfis. Fram kemur að Þorsteinn hafi án leyfis farið í tuttugu skipti til veiðiskapar í eyna. Dómurinn komst að eftirfarandi niðurstöðu:

> nu saker þess ath þar var synt ath þorsteinn hafdi j eyna farit sem fyr scrifat stendr. þui dæmdum vær fyr nefnder prestar titt nefndan þorstein bryniolfsson skylldugan ath lvka heilagri hola kirkiu þriatigi marka j fullRetti firir huert þat sinn sem hann hefer j drangey farit heimilldarlaust ok hann hefer þadan haft til halfrar merkur sela, fugla eda egg. ok tuigillda aptur þat sem hann hefer veit[t] vnder sinn suarin bokareid. enn huert þat sinn sem hann hefer minna veit en til halfrar merkr. dæmdum vær hann skylldugan ath tuigillda aptr ok landnam med. dæmdum vær þorstein bryniolfsson skýlldvgan ath sueria settareid jnnann manadar ath heyrdum dominum ath hann hefde alldre heimilldarlaust farit j þratt nefnda drangey. fellz honum sia eidr þa dæmdum vær hann skylldvgan ath luka slika sekt sem fyr seiger. ok þratt nefndan þorstein brýniolfsson fallinn j bann ok skylldugan ath taka lausn ok script af biskupinum epter Rettum krikiunar lôgum.[62]

Hinn 6. maí 1676 fór fram manntalsþing að Viðvík þar sem dæmt var um fuglaveiði í Drangey og toll vegna hennar. Afrit dómsins er frá seinni hluta átjándu aldar en það var upplesið að lokinni guðsþjónustugjörð við Fagraneskirkju þann 29. maí 1785. Í skjalinu er einnig afrit af bréfi Þorláks biskups Skúlasonar til Henriks Bjelke þar sem fjallað er um Drangey sem eyland dómkirkjunnar. Skjalið var framlagt við aukarétt 1. febrúar 1869. Efni dómsins er svohljóðandi:

---

59 *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 227, 236–238, 241, skjal nr. 4(38).
60 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 278, skjal nr. 4(39).
61 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 365–367, skjal nr. 4(40).
62 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 367–368, skjal nr. 4(40).

Copia af Vidvíkurdómi um Toll af Drángey.

Anno 1676 þann 6. may ad Vidvík í Vidvíkursveit ad lögsettu manntalsþíngi vóru þessir menn til dóms nefndir af vyrduglegum valdsmanninum yfir Hegranessþingi Benedicht Halldórssyni: Gudbrandur Þorláksson, Halldór Þorbergsson, Jón Niculásson, Jón Bjarnason, Einar Bjarnason, og Ásmundur Einarsson, ad athuga og dóm yfir ad gjöra því málefni er vyrduglegur Hólastadar Rádsmadur Oddur Jónsson fyrir hönd heidurlegs Hr. Biskupsins, hr. Gísla Thorlakssonar dóms og leidréttingar á beiddist: Í fyrstu hvort allir þeir sem uppá fuglaveidi fara til Drángeyar séu ei skyldugir biskupinum hl. Gísla Thorlákssyni og stadnum á Hólum, án mótmælis vanalegann toll ad gjalda af sinni fuglaveidi, hvern toll ad hl. biskupinn, ei hærri girnist, en einn fugl af hvorjum tuttugu, af öllu óskiptu, so sem goldist hefir á öndverdum dögum biskupsins, nær hann til stólsins kom til biskuplegrar umsjónar, og ei sídur á tid hans sálada hl. Födurs Thorláks Skúlasonar. Og jafnvel sami tollur goldist í tíd þess loflega hr. Biskupsins hr. Gudbrands Þorlákssonar godrar mynningar, so sem gódum mönnum enn nú lifandi, allmörgum vitanlegt er, hver tollur meinast verid hafi í hans tíd fimti hver fugl.

Þá í annann máta óskar erugöffugur Rádsmadurinn Oddur Jónsson biskupinn og sig vita láta hverra svara, sekta og útláta þeir séu skyldugir kóngi og biskupinum sem af þrjósku sinni og þverúd, (ef finnast kynni) ei vilja nefndann toll gjalda, og hvort þeir med frý og frelsi í tráss vid biskupinn meiga þar fuglveidi hafa, edur brúka.

Athugudum vér í fyrstu framsetning virduglegs Odds Jónssonar og vyrdist oss eptir lögum, og gódri samvisku tilhlídilegast ad hvor einn sem fleka og fuglaveidi brúkar í Drángey, sé skyldugur tilsettann toll ad gjalda sem ad fornu verid hefir. Og dæmum því í fyrstu hvern einn sem fuglaveidi í Drángey brúka vill, skyldugann ad gjalda hrl. Biskupinum sidvenjulegann toll sem ad gamalli tíd verid hefir, og ei minni vera meiga enn hrl. Biskupinn ákvedur sem er einn fugl af tuttugu, af öllu óskiptu en hvern þann mann sem fuglveidi brúkar í fyrrnefndri ey Drángey og ei vill tiltekinn toll gjalda edur ákvedinn og nú tilnefndann af biskupinum, dæmum ver sekann fyrir brefabrot ljensherrans hr. Biskupinum vyrduglegum nú framförnum hr. Thorláki Skúlasyni útgefid sem er átta [mk] eptir því sem ádur fyrrum á Alþingi dæmt verid hefir; Sökum þess ad Gudbrandur Thorláksson ádur valdsmadur í Húnavatnsþíngi, samt Halldór Þorbergsson lögréttumadur medkenna nú fyrir dómi sig séd og yfirlesid hafa sama ljensherrans bréf sem hlídir uppá fuglaveidi í ádur tiltekinni eyu Drángey mótviljuglega brúkadri.

Samþykktu þennan vorn dóm, velnefndur kóngsins valdsmann Benedicht Halldórsson og setur sína handskript ásamt vorum hér fyrir nedan.

Benedicht Halldórsson	Ásmundur Einarsson
Gudbrandur Þorláksson	Jón Niculásson
Einar Bjarnason	Jón Bjarnason
Halldór Þorbergsson[63]	

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Höfðaströnd frá 1709 segir eftirfarandi um Drangey:

Drangei, umflotin ey í sjó liggur nærri mitt á Skagafirði.

Eigandinn er biskupsstóllinn Hólar.

Aldrei hefur hjer bygð verið, getur og ekki verið því hjer vantar vatn, þar með er eyin allavegana ofurhátt bjarg, so að alleina í einum stað er mögulegt upp að koma, þó með stigum og handvöðum.

63 Skjal nr. 2(269).

> Það er gagn eyjarinnar, að stóllinn hefur hjer eggver um vortíma, þó því eins að sigið er eftir í bjarg með stórkostnaði, en undir eyjunni hefur meir hluti hjeraðsins fuglveiði á flekum með snörum um vortímann, er þessi fuglveiði öngvum meinuð sem atorku til hafa, en eggverið í bjarginu eignar stóllinn sjer og brúkar alleina. Hitt er áður sagt hvað Hofskirkja til kallar en óreynt að hvörjum rjetti.
>
> Annað stólsins gagn af eyjunni er sauðagánga, sem stóllinn lætur hingað flytja á hausttíma og gengur so sjálfala ár um kríng, til þess það verður heimt heim aftur til stólsins.[64]

Á öðrum stað í jarðabókinni eða eftir að umfjöllun um jarðir í Sauðárhreppi sleppir er fjallað um Drangey. Þar segir:

> NB. Norðarlega undan þessari sveit fram á firðinum liggur ein ey, sem Drángey kallast. Hana á Hólastaður og brúkar þar eggver. En bæði þessi sveit og so aðrar nálægt firðinum brúka þar fuglveiði við eyjuna, hvör so sem hann fær við komið, öldúngis tollfrí síðan í tíð Hr. Gísla. Þá þykjast menn heyrt hafa að til stólsins hafi fallið einn fugl af hvörjum 20, en ekki hafi það staðið utan fáein ár.[65]

Þá er í umfjöllun um Hóla í Hjaltadal minnst á fuglaveiði, eggver og sauðagöngu stólsins í Drangey.[66] Loks segir eftirfarandi í umfjöllun um Hof á Höfðaströnd:

> Þetta er Hofskirkju eignað:
>
> […]
>
> í Drángey tvö festarhöld á Háusigum. Lángt er síðan hvert af þessu brúkað var en ekki reynt hvað aðrir vilja í móti mæla ef þeir eru nokkrir.[67]

Við manntalsþing að Viðvík í Viðvíkursveit 20. apríl 1739 þinglýsti sýslumaður, í umboði biskups, lögfestu fyrir jörðinni Drangey og öllu landi hennar til fuglaveiða og eggjatöku.[68] Lögfestu fyrir Drangey var einnig þinglýst við manntalsþing að Sauðá 22. apríl 1739 og að Skefilsstöðum 25. apríl 1739.[69]

Í *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, sem upphaflega var gefin út árið 1772, en var afrakstur ferða Eggerts og Bjarna um Ísland á árunum 1752–1757, segir um Drangey.

> Drangey er merkust hinna óbyggðu eyja fyrir Norðurlandi sakir bjargfuglaveiði, heyskapar og ágætrar hagbeitar á vetrum. Tilsýndar líkist hún háreistu virki, því að hún er girt hundrað faðma háum hömrum á alla vegu, og rísa þeir þverhníptir upp úr sjónum. Rétt hjá eynni stendur hár og mjór hamradrangur upp úr sjónum, og dregur eyjan nafn af honum.[70]

Í konunglegri skipun frá 29. maí 1767 um skiptingu eigna Hólabiskupsstóls er fjallað um Drangey og réttindi og tekjur biskups þar. Í skjalinu segir meðal annars:

---

64 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 265, skjal nr. H-7.
65 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 57, skjal nr. H-7.
66 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 219, skjal nr. H-7.
67 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 253, skjal nr. H-7,
68 Skjal nr. 2(165).
69 Skjöl nr. 2(166) og 2(167).
70 *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752–1757* (Reykjavík 1943), II. bindi, bls. 4, skjal nr. H-19.

> Approbation paa en af den anbefalede Commission paa Island forfattet Separations-Act, hvorved fra Holum Bispestol og Biskoppens Forretninger adskilles alt det, som henhörer til Oeconomien og er Bispe-Embedet uvedkommende.
>
> […]
>
> Af Drangöes Avling oppebærer Oeconomus ogssaa ⅔ Dele imod Biskoppen, hvorefter ogsaa Omkostningerne paa begge Sider og Udredning dertil bör lignes efter advenant.
> […]
>
> Biskoppen udi Holum Stift nyder i sin aarlig Gage, foruden ⅓ Deel af Drangöes Fangst og Bispestolens extraordinaire Herligheder, som Driv-Fiske og Drive-Tömmer, den Summa 500 [Rd.]
>
> […]
>
> Til Oeconomiens Fortsættelse leveres Mand fra Mand Oeconomo i Inventarium, som ligeledes af ham i alle paakommende Tilfælde bör vedligeholdes, nemlig:
>
> […]
>
> Fæste af Skindreb, som Behöves til Drangöe 4 [hundr.][71]

Í skipun um stjórn Hólabiskupsstóls og skóla þar frá 1. maí 1789 segir eftirfarandi um Drangey:

> Anordning, hvorledes med Holum Bispestols Gods, samt derunder henhörende Domkirke og latinske Skoles Bestyrelse og Oeconomie skal forholdes.
>
> […]
>
> Drangöen med dens Avling tillægges Biskoppen, ligesom Bispegaarden selv, da denne Avling er en Herlighed, som hörer til samme[72]

Í annarri skipun um sama efni frá 9. september 1791 segir:

> Anordning angaaende hvorledes med Holum Bispestols og latinske Skoles Godsers Bestyrelse og Skolens Oeconomie med videre skal forholdes.
>
> […]
>
> Videre tillægges Biskoppen, i Hensigt til at han besörger Modtagelsen af Stiftelsens Indkomster, og derfor aflægger rigtig Regning, samt forsyner Disciplene med hvad de kunde trænge til at faae overladt for deres Mannedspenge. Hele Drangöe-Fangst, Strandrettigheden af Skole-Oeconomiens Gods saavel som Bispegaarden fri, saa længe den nu approberede private Husholdning for Skolen vedbliver.[73]

Á lista yfir jarðagóss Hólabiskupsstóls sem fjallað er um í skilmálum um sölu þess, dagsettum 13. mars 1802, er eyjan Drangey.[74]

Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hóla sagður óviss. Jörðin var áður fyrr biskupsstóll. Í framhaldi af lýsingu á afrétt er fjallað um Drangey á Skagafirði en þar megi setja árlega 30 kindur á grasagöngu og einnig fást þar sjófuglaveiði og egg eða eins og segir í jarðamatinu:

> p.n. Denne Jord har tilhört en vidtLöftig Afret, som dog hidindtil har været upaa anket benyttet af flere tilgrændsende og bispestolen forhen tilhörende gaarde.

---

71 *Lovsamling* III, bls. 579–580, 584–585, 588, skjal nr 4(11).
72 *Lovsamling* V, bls. 589 og 615, skjal nr 4(12).
73 *Lovsamling* V, bls. 735 og 739, skjal nr 4(13).
74 *Lovsamling* VI, bls. 560, skjal nr 4(14).

> Ligeledes en Øe i Skagefjorden, Drangöe kaldet, hvorhen omtrent 30 Faar ere aarlig blevne satte paa Græsgang, og hvor tillige haves Söefugle-Fangst og Ægg.[75]

Hinn 12. júní 1805 keypti Havsteen faktor Drangey fyrir 105 ríkisdali. Í afriti af höfuðbók yfir reikninga og sölu stólsjarða Hólabiskupsstóls í þremur sýslum á Norðurlandi árið 1805 eru framangreindar upplýsingar skráðar.[76] Þann 2. apríl 1806 sendi Stefán Þórarinsson amtmaður rentukammeri skýrslu yfir kaupendur jarða Hólastóls sem greitt höfðu ⅓ hluta eða meira af kaupverði viðkomandi jarðar. Í skýrslunni kemur fram að Havsteen kaupmaður hafði greitt fullt verð fyrir Drangey.[77]

Við manntalsþingsrétt að Viðvík 19. apríl 1826 fór fram vitnaleiðsla varðandi skilmála kaupbréfs Valgerðar Jónsdóttur fyrir jörðinni Hólum, er hún keypti á uppboði. Valgerður bar ásamt öðru vitni að Hólar hefðu verið boðnir upp með stofunni, haganum og afréttinni með meiru, að Drangey undanskilinni.[78]

Við manntalsþingsrétt að Felli 30. maí 1827 þinglýsti sýslumaður friðlýsingum, dagsettum 13. júní 1787 og 17. júní 1816, fyrir Drangey með tilliti til æðarvarps og uppsáturs og fyrir Elínarhólma í Kolbeinsdalsárósi. Þá var einnig upplesin aðvörun frá kaupmanni Havsteen, dagsett 26. maí 1827, um að hann hafi leigt syni sínum N. Havsteen varp og skipsuppsátur í Drangey.[79]

Við manntalsþingsrétt að Hofi 31. maí 1828 framlagði Þorlákur Jónsson á Grundarlandi eitt skjal, dagsett sama dag, með undirskrift 23 manna sem vorið áður höfðu róið frá Drangey með hverju skjali þeir afsökuðu sig frá að borga toll fyrir skipsuppsátur í Drangey, en tollinn töldu þeir vera ólöglegan og sögðust eftir sem áður ætla að stunda fuglaveiðar við Drangey eftir gamalli venju. Skjalið var birt með tilliti til þeirrar auglýsingar er N. Havsteen lét birta á manntalsþingum árið 1827, viðvíkjandi afgift fyrir skipsuppsátur á Drangeyjarfjöru.[80]

Við manntalsþingsrétt í Hofshreppi 26. maí 1842 var upplesið forboð frá N. Havsteen á Hofsósi í nafni bróður síns, J. G. Havsteens, fyrir Drangey.[81]

Við manntalsþingsrétt að Felli 22. maí 1843 var að beiðni Ó. Ólafssonar í Saurbæ upplesið afrit af svonefndum Viðvíkurdómi frá 6. maí 1676 áhrærandi toll af fuglaveiði í Drangey. Einnig var upplesin auglýsing frá eigendum Drangeyjar varðandi veiðitoll í eynni og til vonar og vara, ef téðum tolli yrði mótmælt, forboð um að hafa þar uppsátur.[82] Ó. Ólafsson framlagði við manntalsþingsrétt að Skefilsstöðum 8. júní 1843 svokallaðan Viðvíkurdóm um toll af fuglaveiði í Drangey.[83]

---

75 Skjal nr. 2(74).
76 Skjal nr. 2(303).
77 Skjal nr. 2(304).
78 Skjal nr. 2(168).
79 Skjal nr. 2(169).
80 Skjal nr. 2(170).
81 Skjal nr. 2(171).
82 Skjal nr. 2(172).
83 Skjal nr. 2(173).

Hinn 9. maí 1845 fór fram fundur hjá sáttanefnd Skagaumdæmis en þar var tekið fyrir mál J. Havsteens á Akureyri gegn þremur skipseigendum sem ekki höfðu viljað greiða toll fyrir lóðarnot og skipsuppsátur á Drangeyjarfjöru. Sátt náðist á fundinum og er hún svohljóðandi í sáttabók:

> Mr. Þorlákur skuldbindur sig til ad greida ofannefndan Toll, en áskilur sér ad mega greida hann í fugli og ad Tollurinn verdi ekki framveigis hækkadur, líka ad fuglinn skuli goldin verda fyrir midjan Eyartíma og útilátin óskemdur undir Laga adför, (Mr. Tómas og Gudmundur erklærudu, sá fyrri, ad hann tæki ekki Sáttum, utan med svofeldum hætti, ad Eyareigandin gángist fyrir ad tilraun sé gjörd ad grafa brunn á hentugasta stad á fjörunni, hvarad Eyarmenn sjálfir vinni kauplaust – pumpa edur verkfæri til ad ná vatninu upp úr brunninum sé af Eigandanum tillögd – og ad freistad sé ad hreinsa grjót úr bjarginu er mansfót festi á, þar sem helst þyki vid þurfa og ad Lögd væri ól til þess. Þetta muni varla vera meir en hálfs dags verk fyrir einn mann. Hinn sídari tjáir sig viljugan ad borga fjörutoll géti hann fengid vatn til drykkjar vid Drangey hvadan sem komi. Þessu Mr. Tómasar og Gudmundar uppástandi skýtur studiosus O. Olafsson til Eigandans atkvæða) Málskostnadi til sáttargjördarmannsins lofa hlutadeigendur ad fullnægja.[84]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hólar í Hjaltadal skráð sem bændaeign en dýrleika hennar er ekki getið. Í neðanmálsgrein segir að jarðabækurnar segi hvorki frá dýrleika né leigumála en árið 1802 sé jörðin metin á 48,5 hundruð og segir þar að Drangey heyri undir stólinn.[85]

Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Drangey:

> Drángey á Skagafyrdi, óbygd og óákvedin til hundradatals. – Sá mesti ardur af eyu þessari er þar í innifalin, ad þar er kjarngódur bithagi fyrir 20 til 30 kindur bædi vetur og sumar, en er mikillri hættu undirorpid, einkum á vetrardag, vegna þess ad meira edur minna af kindum þessum fer árlega fyrir bjarg fram, og ferst á þann hátt. – I bjarginu fæst med miklum kostnadi og lífshættu, nokkud af svartfugli og eggjum, en umhverfis eyuna veidist fugl á flekum, og væri þadan gott útrædi til fiskjar ad vortíma, ef fjara væri betri til skipsuppsáturs og fiskverkunar, en hún er mjög lítil svo þeim sem þar halda til, er þar hætta búin vegna grjóthruns úr bjarginu ad ofan, og sjóargángs ad framan. – Ágódi sá sem eya þessi géfur af sér, er svo undir högg sóktur og stopull, ad matsmennirnir álíta hann, í samanburdu vid ágóda af bygdum jördum i hreppnum, og med tilliti til kosta hans og annmarka, ej geta metist meir en til 7 hndr.[86]

Á manntalsþingum fram eftir nítjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu voru þinglesnar fjölmargar friðlýsingar um Drangey. Friðlýst var ýmist fyrir varpi, veiði, fjöru og selum en einnig fyrir yfirgangi og ólöglegri notkun og á móti skotum.[87] Á manntalsþingi að Hofi 19. maí 1882 var æðarvörpum sýslunnar friðlýst sem og Drangey með hinni svonefndu Kerlingu.[88]

Á manntalsþingi að Viðvík 6. júní 1850 voru þinglesin tvö skjöl varðandi Drangey. Með hinu fyrra var lýst friðhelgi á Drangey, Elínarhólma og Lundey sem varplöndum

[84] Skjal nr. 2(270).
[85] Skjal nr. 4(1), bls. 267.
[86] Skjal nr. 2(112).
[87] Skjöl nr. 2(174)–2(203).
[88] Skjal nr. 2(204).

og selveiði á Lóni í Viðvíkurhreppi. Hið síðara var friðlýsingar- og lögfestuskjal, dagsett 17. maí 1848, fyrir Drangey frá J. G. Havsteen á Akureyri.[89]

Meðal kirkjuskjala Hólakirkju í Hjaltadal er varðveitt ódagsett skjal, líklega frá seinni hluta nítjándu aldar, um rétt kirkjunnar til viðhaldsfjár úr ríkissjóði vegna stólsjarðasölu. Drangey er aðeins nefnd á einum stað í skjalinu en þar segir:

> Svo byrjar ávikinn Máldagi adra samkynjaða raðarskírslu yfir Staðarinns (:Biskups setursins:) reka þannig: „Med Drángeÿ og Lundey (sem báðar vóru hagnýttar árlega frá biskups setrinu)“ ä Hólastaður öll fjórugögn“[90]

Á manntalsþingi að Hofi 16. maí 1868 var þinglýst forboði til allra afnota af Drangey án leyfis umráðamanna hennar, J. Blöndals og J. Jónssonar.[91] Forboðið var einnig þinglesið við manntalsþing að Stóru-Seylu 26. maí 1868.[92]

Við aukarétt að Hjaltastöðum 20. september 1869 var kveðinn upp dómur í máli umráðamanna Drangeyjar, Jóns Jónssonar og Jósefs Blöndals, gegn Gísla Ólafssyni, bónda á Óslandi, þar sem stefnendur kröfðust þess að stefndi yrði skyldaður til að borga þeim toll af flekaútgerð sinni og fuglaveiði í Drangey. Stefnefndum var dæmt í hag.[93]

Hinn 26. mars 1870 fór fram aukaréttur þar sem útnefndir voru Sveinn Sveinsson í Haganesi, umboðsmaðurinn Ólafur Sigurðsson á Ási, Björn Þórðarson á Skálá og Sigurður Jónsson á Ártúni til að meta hæfilegan lóðartoll fyrir skipsuppsátur og önnur afnot af fjörunni í Drangey.[94]

Við manntalsþing 30. maí 1885 var þinglesið eignarskjal Jakobs Havsteens frá samerfingjum hans fyrir Drangey fyrir 1.500 kr.[95]

Með kaupbréfi dagsettu 24. júní 1885 gerðu Jakob V. Havsteen og Jóhann P. Pétursson, fyrir hönd sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, með sér samning um kaup sýslunefndarinnar á Drangey. Í kaupbréfinu segir að Drangey hafi verið níu hundruð að dýrleika. Kaupverðið var 1.800 kr. en með því seldi Jakob Drangey með öllum gögnum og gæðum og öllu sem fylgja ætti og fylgja bæri eynni. Afsal fyrir kaupunum er dagsett 16. ágúst 1886.[96] Við manntalsþing 11. júní 1888 var þinglesið afsal sýslunefndarinnar fyrir Drangey.[97]

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 16. maí 1904 var auglýst að sýslunefndin hefði veitt mönnum heimild til að nota land í Drangey til kartöfluræktar um næstu sex ár endurgjaldslaust.[98]

Í *Stjórnartíðindum* frá 1912 eru birt lög nr. 20/1912 um samþykkt um veiði í Drangey. Í lögunum segir meðal annars:

---

89 Skjal nr. 2(205).
90 Skjal nr. 2(272).
91 Skjal nr. 2(206).
92 Skjal nr. 2(207).
93 Skjal nr. 2(208).
94 Skjal nr. 2(209).
95 Skjal nr. 2(210).
96 Skjal nr. 10(4).
97 Skjal nr. 2(211).
98 Skjal nr. 2(212).

> Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist heimild til að gera samþykt um veiði í Drangey, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.[99]

Með lögum nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun voru lögin frá 1912 felld úr gildi.[100] Þau lög voru svo felld úr gildi með lögum nr. 33/1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun.[101] Í *Stjórnartíðindum* frá 1913 er birt samþykkt nr. 81/1913 um veiði í Drangey. Í henni segir meðal annars:

> 1. gr.
>
> Þegar vika er liðin af sumri skal öllum, sem lögheimili eiga í Skagafjarðarsýslu, heimilt að fara til Drangeyjar að byggja sjer byrgi á »Fjörunni« meðan rúm leyfir, ef þeir ætla sjer að stunda svartfuglaveiði á flekum í landhelgi eyjarinnar. […] Umsjónarmaður eyjarinnar, sbr. 8. gr., skal gæta þess vandlega, að rúmið sje notað sem haganlegast og drýgst. Verði ágreiningur út af byggingu byrgja ræður úrskurður umsjónarmanns.
>
> […]
>
> 7. gr.
>
> Sýslunefndin byggir eyna til alt að 5 ára í senn til eggjatöku og gefur oddviti sýslunefndar leiguliða byggingarbrjef, sem skýrt tekur fram, hvað það er, sem bygt er, til hvað langs tíma og með hvaða skyldum.
>
> […]
>
> 8. gr.
>
> Sýslunefndin, eða oddviti hennar, útvegar á ári hverju umsjónarmann, sem hefir á hendi eftirlit með því, að þeir, sem stunda veiði við eyna, og leiguliði eggversins hlýði fyrirmælum samþyktar þessarar.[102]

Í samþykkt nr. 59/1955 um fuglaveiðar í Drangey segir meðal annars:

> 1. gr.
>
> Þegar vika er liðin af sumri skal öllum, sem lögheimili eiga í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað, heimilt að fara til Drangeyjar, og hafast þar við á „Fjörunni“, meðan rúm leyfir, ef þeir ætla sér að stunda svartfuglaveiði á flekum í landhelgi eyjarinnar. Umsjónarmaður eyjarinnar, sbr. 8. gr., skal gæta þess vandlega, að rúmið sé notað sem haganlegast og drýgst. Verði ágreiningur um tjaldstæði ræður úrskurður umsjónarmanns.
>
> Með orðinu „landhelgi“ í samþykkt þessari, er átt við allt hið hefðbundna svæði umhverfis Drangey, þar sem fuglaveiði á flekum hefur verið stunduð.
>
> […]
>
> 7. gr.
>
> Sýslunefndin eða sýslunefndaroddviti byggir eyna til þriggja ára í senn til eggjatöku og gefur oddviti sýslunefndar leiguliða byggingarbréf, sem skýrt tekur fram, hvað það er, sem byggt er, til hvað langs tíma og með hvaða skyldum. Skyldur er leiguliði að hreinsa bjargið yfir „Fjörunni“ og annars staðar þar sem tjöld eru sett undir því, gegn gjaldi, er nemur allt að ¼ hluta af eftirgjaldi hans.
>
> […]

[99] Skjal nr. 4(15).
[100] Skjal nr. 4(22), sjá 39. gr.
[101] Skjal nr. 4(23), sjá 43. gr.
[102] Skjal nr. 4(16).

> 8. gr.
>
> Nefnd sú, er stjórnar málefnum Drangeyjar samkvæmt eignaskiptasamningi, útvegar á ári hverju umsjónarmann, sem hefur á hendi eftirlit með því, að þeir, sem stunda veiði við eyna, og leiguliði eggversins hlýði fyrirmælum samþykktar þessarar.[103]

Í samþykkt nr. 83/1962 um fuglaveiði í Drangey segir meðal annars:

> 1. gr.
>
> Þegar vika er liðin af sumri, skal þeim, sem fengið hafa leyfi Drangeyjarnefndar og lögheimili eiga í Skagafjarðarsýslu eða Sauðárkrókskaupstað, heimilt að fara til Drangeyjar til undirbúnings veiðum við eyna og hafast þar við á „Fjörunni“, meðan rúm leyfir, ef þeir ætla sér að stunda svartfuglaveiði með flekum í landhelgi eyjarinnar. Fuglaveiði með flekum má stunda frá 20. maí til 7. júlí, og hámarkstala fleka á sjó hverju sinni má ekki fara yfir 400.
>
> Umsjónarmaður eyjarinnar, sbr. 8. gr., skal gæta þess vandlega, að rúmið sé notað sem haganlegast. Verði ágreiningur um tjaldstæði, ræður úrskurður umsjónarmanns. Með orðinu landhelgi í samþykkt þessari er átt við 2 km svæði út frá eynni og Kerlingunni og umhverfis þær.[104]

Í undirmati að fasteignamati Skagafjarðarsýslu 1916–1918 kemur fram að Drangey var metin á 5.000 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki hennar. Fram kemur að Drangey hafi verið eyðieyja notuð af almenningi til fugla og fiskiveiða, eggjatekju, heyskapar og til kindagöngu. Enn fremur kemur fram að dranginn Kerling sunnan við eyna fylgdi eyjunni. Eigandi jarðarinnar var Skagafjarðarsýsla.[105]

5.3.3 Hólar í Hjaltadal

Í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 segir eftirfarandi um Drangey:

> Med dranghey ok lundey æa hola stadr oll fioru gogn.[106]

Hinn 5. júlí 1462 var á Eyrarlandi útnefndur af Ólafi biskupi Rögnvaldssyni dómur tólf presta til að fjalla um það hvort Hólakirkja í Hjaltadal ætti Drangey. Sex prestar vottuðu að þeir vissu að Hólakirkja hefði haft hana í 40 ár. Aðrir vottuðu það sama upp á 30 ár og einn upp á 25 ár. Í dómnum segir svo:

> nu saker þess ath þetta var suarit af sex prestum sem fyr scrifat stenndr þui dæmdum vær fyr nefnder prestar títt nefnda drangeý er liggr æa skagafirde vera ok verit hafua obrigdiliga eign adr greindrar hola kirkiu epter þui fremsta sem lôgbok vtvisar.
>
> var þessi vor domur vpp sagdr ok in scriptis fram borin j sama stad deige ok æri sem fyr seiger.[107]

Sama dag var annar dómur tólf presta útnefndur á Eyrarlandi af Ólafi biskupi til að dæma um það mál að biskup kærði Þorstein Brynjólfsson fyrir að hafa farið í Drangey og veitt þar seli og tekið fugla og egg án leyfis. Fram kemur að Þorsteinn hafi án leyfis farið í tuttugu skipti til veiðiskapar í eyna. Dómurinn komst að eftirfarandi niðurstöðu:

---

[103] Skjal nr. 4(17).
[104] Skjal nr. 4(18).
[105] Skjal nr. 2(129).
[106] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 278, skjal nr. 4(39).
[107] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 365–367, skjal nr. 4(40).

> nu saker þess ath þar var synt ath þorsteinn hafdi j eyna farit sem fyr scrifat stendr. þui dæmdum vær fyr nefnder prestar titt nefndan þorstein bryniolfsson skylldugan ath lvka heilagri hola kirkiu þriatigi marka j fullRetti firir huert þat sinn sem hann hefer j drangey farit heimilldarlaust ok hann hefer þadan haft til halfrar merkur sela, fugla eda egg. ok tuigillda aptur þat sem hann hefer veit[t] vnder sinn suarin bokareid. enn huert þat sinn sem hann hefer minna veit en til halfrar merkr. dæmdum vær hann skylldugan ath tuigillda aptr ok landnam med. dæmdum vær þorstein bryniolfsson skẏlldvgan ath sueria settareid jnnann manadar ath heyrdum dominum ath hann hefde alldre heimilldarlaust farit j þratt nefnda drangey. fellz honum sia eidr þa dæmdum vær hann skylldvgan ath luka slika sekt sem fyr seiger. ok þratt nefndan þorstein brẏniolfsson fallinn j bann ok skylldugan ath taka lausn ok script af biskupinum epter Rettum krikiunar lôgum.[108]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalí*ns yfir Hólahrepp frá árinu 1709 segir eftirfarandi um Hóla í Hjaltadal:

> **Hoolar** kallast oft **Hólastadur**.
>
> Þetta er biskupsstóllinn fyrir norðan, þar sem dómkirkjan og skólinn standa.
>
> Dýrleikinn er hjer óviss, því engin gelst hjer tíund af, hefur og aldrei goldist að aldöðli síðan jörðin var gefin til biskupsstóls.
>
> Stólinn heldur nú Herra biskupinn mag. Björn Thorleifsson.
>
> […]
>
> Þessa afrjetti á stóllinn, sem hann brúkar fyrir sitt kvikfje sumar og vetur hjer nálægt: Hjaltadalur, óbygt land fram af sveitinni. Hjeðinsdalur gengur til austurs út af Hjaltadal. Hagafjallið liggur millum Hjeðinsdals og Villíngadals. Villingadalur liggur í landsuður af Hjaltadal. Viðirnessdalur hálfur, það sem veit til fjallsins Hólabyrðu. Hólaafrjett sem gengur fram af Kolbeinsdal. Öll þessi lönd brúkar staðurinn árlega fyrir sitt kvikfje, hesta og geldíng og selstöðu fram á Hjaltadal fyrir stólsins ásauð þar sem heitir Sauðasel fyrir framan Hjeðinsá.
>
> Skóg á stóllinn öngvan i sínum heimalöndum, og þarf því hrísrif alt lángt til að sækja í annara stólsins jarða lönd, en kolgjörð í fjarlæga skóga með stórkostnaði.
>
> Torfrista og stúnga sæmileg.
>
> Reiðíngur allur tilkeyptur.
>
> Móskurð til eldiviðar hefur stóllinn í Efra Áss landi síðan þrotið var í Viðirnes landi.
>
> Rekar stólsins af viði og hvölum teljast í hans rekaskrá og er oflángt hjer inn að færa.
>
> Skipsuppsátur stólsins fyrir farmaskip og flutníngа er í Kolbeinsár ósi fyrir Viðvikur landi. þar er og búðarstöð stólsins til að hirða stólsins góts, sem flutt verður á skipum.
>
> Selför brúkar stóllinn til bús síns í Skagafirði þar sem heitir Hofstaðasel.
>
> Túninu grandar mýrarvatnsgángur að neðanverðu, sem ekki verður við sjeð.
>
> Grjótuppgángur spillir og so túni.
>
> Enginu grandar þveráin, sem kallast Hofsá og hefur oft verið viðleitast að girða hana af, en hún brýtur girðíngina.
>
> Enginu spilla skriður.
>
> Hofið heitir stekkur og fjárhús staðarins, þar segja munnmæli bærinn hafi staðið áður í fyrndinni og ljós eru þar bygðarmerki, en þá er þessi biskupsstóll var stiftaður, var þar

[108] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 367–368, skjal nr. 4(40).

> staðurinn sem nú stendur hann, og veit enginn að síðan hafi bær verið á Hofinu, má og ekki byggja fyrir landþröng.
>
> Geitagierde og Kollugierde eru tvenn fjárhásstæði sem stóllinn brúkar, og þó girðíngar sjeu umhverfis hvorutveggju, þá veit enginn að hjer hafi bæir verið, og því líkast að um fjárhúsin hafi sú girðing verið gjörð til túnræktar við fjárhúsin.
>
> Fuglveiði stólsins, eggver og sauðagánga á Drángeyju er áður skrifuð i jarðabókinni yfir Höfðaströnd, þar sem eyin liggur fyrir landi. Vide Drangey.[109]

Við manntalsþingi að Viðvík 29. maí 1744 lögfesti sýslumaður heimaland, haga og afrétt biskupsstólsins á Hólum og bannaði notkun þeirra án leyfis. Sýslumaður lagði einnig bann við notkun þeirra stíga sem lágu norður í túnið, ríða ætti heldur tröðina.[110]

Á manntalsþingi 29. maí 1747 var fjallað um innlegg Halldórs Brynjólfssonar biskups frá 27. maí 1747 þar sem hann fór fram á upplýsingar um ásigkomulag jarða Hólabiskupsstóls í níu póstum. Hann vildi fá upplýsingar um tún og hversu mörg þeirra gengu til strandar þurrar af grjóti, um torfskurð, merkjanlegar skemmdir af grjóti og fjallsskriðum. Einnig vildi hann fá upplýsingar frá nálægum þingsóknarmönnum um Borgarey þar sem hestar biskupsstólsins gengu úti á vetrum og um fiskafla á Höfðaströnd.[111]

Við manntalsþing 28. apríl 1753 spurði lögmaður, vegna beiðni nokkurra stólsins landseta, samankomna þingmenn um ásigkomulag Hólabiskupsstólsins hvar til þeir svöruðu að jörðin væri mjög svo af sér gengin og skemmd, svo sem af vatnagangi og sumar af sandi og bleytu.[112] Sama efni var tekið til umræðu á manntalsþingum 9. maí 1753 og 13. maí 1754.[113]

Í konunglegri skipun frá 29. maí 1767 um skiptingu eigna Hólabiskupsstóls er fjallað um Drangey og réttindi og tekjur biskups þar. Í skjalinu segir meðal annars:

> Approbation paa en af den anbefalede Commission paa Island forfattet Separations-Act, hvorved fra Holum Bispestol og Biskoppens Forretninger adskilles alt det, som henhörer til Oeconomien og er Bispe-Embedet uvedkommende.
>
> […]
>
> Af Drangöes Avling oppebærer Oeconomus ogssaa ⅔ Dele imod Biskoppen, hvorefter ogsaa Omkostningerne paa begge Sider og Udredning dertil bör lignes efter advenant.
> […]
>
> Biskoppen udi Holum Stift nyder i sin aarlig Gage, foruden ⅓ Deel af Drangöes Fangst og Bispestolens extraordinaire Herligheder, som Driv-Fiske og Drive-Tömmer, den Summa 500 [Rd.]
>
> […]
>
> Til Oeconomiens Fortsættelse leveres Mand fra Mand Oeconomo i Inventarium, som ligeledes af ham i alle paakommende Tilfælde bör vedligeholdes, nemlig:
>
> […]

[109] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 217–219, skjal nr. H-7.
[110] Skjal nr. 2(213).
[111] Skjal nr. 2(214).
[112] Skjal nr. 2(215).
[113] Skjöl nr. 2(216) og 2(217).

> Fæste af Skindreb, som Behöves til Drangöe 4 [hundr.][114]

Við manntalsþing að Vindhæli 1. maí 1771 var upplesið afrit af máldaga fyrir Hólum og vottað til landsummerkja með tilgreindum ítökum. Fram kom að skjalið hafði áður verið upplesið á manntalsþingi 27. apríl 1753. Þá var upplesin lögfesta Hóla sem var samhljóða ofangreindum máldaga, en hún hafði áður verið upplesin á manntalsþingum 27. apríl 1770 og 26. júlí 1770.[115]

Í skipun um stjórn Hólabiskupsstóls og skóla þar frá 1. maí 1789 segir eftirfarandi um Drangey:

> Anordning, hvorledes med Holum Bispestols Gods, samt derunder henhörende Domkirke og latinske Skoles Bestyrelse og Oeconomie skal forholdes.
>
> […]
>
> Drangöen med dens Avling tillægges Biskoppen, ligesom Bispegaarden selv, da denne Avling er en Herlighed, som hörer til samme[116]

Í annarri skipun um sama efni frá 9. september 1791 segir:

> Anordning angaaende hvorledes med Holum Bispestols og latinske Skoles Godsers Bestyrelse og Skolens Oeconomie med videre skal forholdes.
>
> […]
>
> Videre tillægges Biskoppen, i Hensigt til at han besörger Modtagelsen af Stiftelsens Indkomster, og derfor aflægger rigtig Regning, samt forsyner Disciplene med hvad de kunde trænge til at faae overladt for deres Mannedspenge. Hele Drangöe-Fangst, Strandrettigheden af Skole-Oeconomiens Gods saavel som Bispegaarden fri, saa længe den nu approberede private Husholdning for Skolen vedbliver.[117]

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns er varðveitt afrit af þinghöldum þar sem tekið var fyrir mál um að skipta upp Flatey og Hergilsey þannig að Hergilsey myndi byggjast. Þingið sem er skráð er nýbýlisþing 11.–13. september 1782 og framhald þess dagana 15.–19. júlí 1783. Í málinu var farið yfir gögn málsins og meðal þeirra var samningur um byggingu Hergilseyjar frá 8. maí 1781. Í honum var kveðið á um að Hergilsey skyldi vera helmingur jarðarinnar, 40 hundruð að dýrleika. Á fyrsta þinginu voru ræddar ýmsar tillögur um hvernig skipta ætti eyjunum til helminga. Meðal tillagna manna um það efni er eftirfarandi skráð:

> Presturinn S^ra^ Marcus seger aull efre Lönd, half innre Lönd og Skialdmeyareyar med Hergilsey. 2) Presturinn S^ra^ Torfe seger: aull Þyckvulönd med Hergilsey, allt ad Ædarskére in epter, en ofann ad Skeley, allar Skialldeyareyar og halft Oddbiarnarsker. M^r^ Eggert er samhlioda því sem sra Marcus sagde. 3) Biarne Stefánsson: aull efre Lönd og Skialldmeyareyar med Hergilsey. 4) Einar Jonsson: aull efre Lönd med Ædarskere fráteknum Innre Löndum samt halft Oddbiarnarsker med Hergilsey. 5) Gisle Biarnason: aull efre Lönd, Skialdmeyar- og Stickeseyar med Hergilsey. 6) Einar Sveinbiornsson: aull efre og innre Lönd med Hergilsey.[209]

Á þinginu daginn eftir var enn rætt um skiptatillögur og endað á að draga miða um hlutfallslega skiptingu. Þeim lið er lýst svo í skjalinu:

---

[204] Skjal nr. 2(244).
[205] Skjal nr. 2(245).
[206] Skjal nr. 2(246).
[207] Skjal nr. 4(19). Sjá einnig 95. mál á 86. löggjafarþingi 1965–1966.
[208] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 241, skjal nr. H-7.
[209] Skjal nr. 2(39).

> Fellur þá til efter Lodkaste ad skipta eyunum í 5 hundraða skipti, soleidis, ad á 8 sedla er skrifud Hergilsey, og á adra 8 Flatey, huöru tveggium kastad til samans forsigludum, so eingenn kenner hvorn fra ödrum. Á adra 16 er skrifud nofn Proprietariorum, sidann var sedlunum hvorium fyrir sig saman sleingt, enn S^ra^ Marcus dró þá. Fyrstu sedlarner urdu. S^ra^ Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 2 Klog 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 3 Eggert 5 hundruð í Flatey. N^o^ 4 S^ra^ Marcus 5 hundruð í Flatey. N^o^ 5 Eggert 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 6 Mr Eggert 5 hundruð í Flatey. N^o^ 7 Einar Ögmundsson 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 8 S^ra^ Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 9 Einar Ögmundsson 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 10 S^ra^ Marcus 5 hundruð í Flatey. N^o^ 11 S^ra^ Torfe 5 hundruð í Flatey. N^o^ 12 S^ra^ Sigurdur 5 hundruð í Flatey. N^o^ 13 S^ra^ Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 14 S^ra^ Torfe 5 hundruð í Hergilsey. N^o^ 15 Guðný 5 hundruð í Flatey. N^o^ 16 S^ra^ Torfe 5 hundruð í Flatey. Med ofanskrifad hlutfall urdu nú aller ánægder.[210]

Þar fyrir utan gerðu séra Torfi Eggertsson og Eggert í Sauðeyjum með sér samkomulag um að séra Torfi fengi 10 hundruð í Flatey sem Eggert átti fyrir 10 hundruð í Hergilsey sem séra Torfi átti og gengu til Eggerts. Þingið hélt svo áfram þann 13. september 1782 þar sem enn var rætt um eiginleika skiptanna og var ákveðið að bíða með þau fram yfir vor svo allir aðilar hefðu kost á að kynna sér slægjulöndin. Allir aðilar voru sammála um að dúnn, fuglatekja, selveiði og beit skyldi vera sameiginleg hvorum eyjunum fyrir sig. Á þessu stigi var eftirfarandi ritað um efni þingsins til að koma í veg fyrir ágreining síðar meir:

> En epter bon vidkomenda, nefnaz her nú öll Lönd, sem tilheyra hvörre ey fyrir sig, so engenn agreiningur gete sidar orded. Flateyu til heyrer sialf eyenn med ollum hialiggiande smáeyum. Höfnenn, Syrey med hólmanum, Feissey, Langey med holmanum, Diskædarsker, Skeley, Höfninn, Geirinn, Flathólmi, Hrólfsklettur, aull Inre Lond, allt ad Ædarskere.
>
> Hergilsey heyrer til Oddbiarnarsker til slægna, Drápsker, Skialldmeyareyar med hólmanum, Hergilsey med öllum hennar löndum og aull þyckvu Lönd med Ædarskere. Allur reke, fyrer utan Hvale heyrer til hvörium eyunum fyrer sig, enn Hvalerner heyra jafnt til bádum jördunum.[211]

Málið var aftur tekið upp dagana 15.–19. júlí 1783 og var þá fyrst skipt upp túnum og löndum í Flatey, en síðan eyjum milli ábúenda. Skiptingu Flateyjarlanda er einkum lýst í lýsingu á þinghaldinu sem fram fór 17. júlí 1783. Þar er fjallað um Sýrey, Sýreyjarhólma, Selsker, Feitsey, Langey, Langeyjarhólma, Lundaklett, Kirkjuklett, Selningaklett, Syðri-Sandey, Vestari-Sandey, Ytri-Stykkisey og Sultarhólm. Þann 18. júlí 1783 var tekið fyrir að skipta Hergilseyjarlöndum. Í þeirri lýsingu er fjallað um Sandey, Hvannhólma, Borgarhólma, Höfuðey, Höfðeyjarrif og höfða, Höfðeyjarrana, Hjallhólma, Mýhólma, Reykey, flögur og stykki, Oddleifsey, Ásgilsey, Ásgilseyjarklett, Skutulseyjar, hólma þar, Innri-Hrauney, Ytri-Hrauney, Urðhólma, Oddbjarnarsker en þar vildu Hergilseyingar hafa samvinnu og var því ekki skipt. Einnig var rætt um skipti túna í Hergilsey. Þá var tekinn til umræðu að mismunur á slægjulöndum Flateyjar annars vegar og Hergilseyjar hins vegar. Þinghaldinu lauk 19. júlí 1783 og var ákveðið að Stykkiseyjar til slægna skyldu leggjast til Hergilseyjar þar

[210] Skjal nr. 2(39).
[211] Skjal nr. 2(39).

til jöfnuður á slægjulöndum væri milli eyjanna. Tekið var fram að Hergilseyjareigendur myndu ekki fá hefð yfir Stykkiseyjum hvort sem þeir héldu þar slægjum lengur eða skemur. Flateyingar hefðu öll önnur not af eyjunum nema grasið og að þær væru eign Flateyjareigenda. Í lok afritsins af þinghöldunum um skiptingu Flateyjar og Hergilseyjar eru skráðir vitnisburðir og undirskriftir frá 21. og 22. ágúst 1783 um staðfestingu á skiptingu túna og bæja.[212]

Hinn 29. apríl 1799 undirrituðu eigendur Flateyjar pro memoria eða forboð um notkun Stykkiseyja. Afrit skjalsins er varðveitt meðal jarðaskjala Þjóðskjalasafns. Í því er vísað í skipti milli Flateyjar og Hergilseyjar frá árinu 1782. Skjalið var þinglesið við manntalsþing 29. apríl 1799. Aftan við texta Flateyinga er skráður úrskurður sýslumanns frá sama degi og er hann svohljóðandi:

> Resolution
>
> Eptir hinsvegar skrifudu uppástande álítr Rettrinn, at nefndar Stickiseÿiar tilheire Flateÿ med grase og ödrum nÿtium, öldúngis epter skipta Actenum af 13da Septembr. 1782, suo leinge og þartil Dóms kann at gangazt í sökenne epter lögum, vilje nokkr þetta áfría
>
> Flateÿiar Manntalsþínge 29da Aprilis 1799
>
> O Widalin[213]

Í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns er varðveitt yfirlýsing og lögfesta Flateyinga frá 20. júlí 1799 um Stykkiseyjar. Í skjalinu er vísað í nýbýlaskipan frá 1782–1783 en samkvæmt henni hafi Stykkiseyjar tilheyrt Flatey þótt þær hafi um nokkurn tíma verið léðar Hergilseyingum til slægna. Í skjalið er skráð lögfesta og fyrirboðið að nokkur yrki eða nýti sér Stykkiseyjar. Þá er skráð á skjalið að það hafi verið upplesið við Flateyjarkirkju.[214] Einnig er í jarðaskjölum Þjóðskjalasafns varðveitt afrit af pro memoria Eggerts Ólafssonar í Hergilsey frá 9. nóvember 1799 til sýslumanns um að bændur í Flatey hafi krafist þess að Hergilseyjarbændur gæfu upp notkun sína í Stykkiseyjum. Í skjalinu segir Eggert að Stykkiseyjar ættu samkvæmt eldra samkomulagi að tilheyra Hergilsey eða þar til jöfnuður væri milli slægna Hergilseyjar annars vegar og Flateyjar hins vegar. Neðar í skjalið er skráður úrskurður sýslumanns um að það væri Flateyinga að sanna slíkan jöfnuð, hefði hann náðst.[215] Í jarðaskölum Þjóðskjalasafns er einnig varðveitt eintak af skjali með undirritun Flateyinga og Hergilseyinga um að reynt hafi verið að ná sátt milli aðila um notkun Stykkiseyja og að Hergilseyingar myndu sleppa rétti sínum þar. Hergilseyingar undirrituðu að þeir myndu skjóta málinu til afgreiðslu stiftamtmanns.[216]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hergilseyjar metinn 40 hundruð með Oddbjarnarskeri. Jörðin var að hálfu kirkjujörð sem tilheyrði Flatey og að

[212] Skjal nr. 2(39).
[213] Skjal nr. 2(40).
[214] Skjal nr. 2(41).
[215] Skjal nr. 2(42).
[216] Skjal nr. 2(43).

hálfu sjálfseignarjörð Davíðs Schevings sýslumanns og séra Gísla Einarssonar í Selárdal og ábúenda.[217]

Hinn 19. nóvember 1810 ritaði Pétur Kúld kaupmaður skjal þar sem hann kvaðst myndi, með tilliti til 20 hundraða hluta í Flatey, ætla að yrkja sjálfur og nota gras af hluta Stykkiseyja og bannaði hann um leið eigendum Hergilseyjar öll not og brúkun þess hluta undir viðliggjandi landnám, öfundarbót og viðurkvæmilegar lagasektir. Að sögn Péturs var um uppsögn að ræða á eldri skiptum frá 19. júlí 1783 og forboð á notkun eyjanna. Skjalið var upplesið og auglýst fyrir Eggerti Ólafssyni og Jóni Eggertssyni í Hergilsey þann 21. nóvember 1810.[218]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hergilsey á Breiðafirði metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Flateyjarkirkju að hálfu og bændaeign að hálfu. Í neðanmálsgrein segir að Árni Magnússon telji jörðina tilheyra Flatey og einnig Oddbjarnarsker en árið 1805 sé skerið talið með Hergilsey.[219]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hergilsey:

> Hergilsey: Þar eru slæjur og dúntekja hérumbil í meðallagi – Heimahagar eru mjög litlir, en haustbeit fyrir Sauðfé, káltekja og Selveiði í besta lagi – kofnatekja í góðu meðallagi – Afstaða Eyanna er ei óhagkvæm sjóarabla – Víða eru hér flæðihætt fyrir Sauðfé.[220]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hergilsey var metin á 19.100 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru hrein en ekki þinglesin vegna misskilnings um ítök. Fram kemur að jörðin hafi haft úteyjar, að Oddbjarnarsker tilheyrði jörðinni og að bæði hvalreki og skógarhögg var sameiginlegt með Flatey. Eigendur jarðarinnar voru Snæbjörn Kristjánsson, Ingibjörg Gísladóttir, Hólmfríður Ebenesersdóttir, Lárus Benediktsson, Hjálmar Guðmundsson, Jóhannes Jónsson, Kristín Pétursdóttir, Hallbjörn Bergmann, Jón Ormsson og Kristín Sveinsdóttir.[221]

5.5.4 Bjarneyjar á Breiðafirði

Í máldaga Maríukirkju á Skarði frá því fyrir 1401 og síðar um daga Orms Snorrasonar segir meðal annars:

> skipstodu kvitta í Biarneyum med budarstod oc hialli iiij og xx manna iferd i saurbæiar fioru, budarstad oc hrossabeit wid stadaræ i tialldaness landi medan fiorufor stædi yfer er halldora narfadotter gaf kirkiu þa er hon atte tialldanes.[222]

Magnús Eyjólfsson biskups í Skálholti úrskurðaði þann 5. mars 1486 um tollagjald af útróðrarmönnum í Bjarneyjum til Staðarhólskirkju í Saurbæ.[223]

---

[217] Skjal nr. 2(77).
[218] Skjal nr. 2(44).
[219] Skjal nr. 4(1), bls. 179.
[220] Skjal nr. 2(115).
[221] Skjal nr. 2(133).
[222] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 655–659, sjá bls. 657, skjal nr. 4(68).
[223] *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 560–562, skjal nr. 4(69).

Í máldaga Staðarhólskirkju eftir árið 1495 segir meðal annars að kirkjan hafi átt allar Bjarneyjar og hálfa vætt fiska af hverju skipi og manni sem út réri í Bjarneyjum.[224]

Hinn 18. maí 1547 fór fram afhending Staðarhóls þegar séra Þórður Ólafsson fór frá en séra Björn Jónsson tók við. Þar er minnst á Bjarneyjar eða eins og segir í skjalinu:

> Biarneyer meth fem eyer. och en halff vett tholld aff huer fiskemand och skib som der er thill sȯs.[225]

Hinn 6. september 1568 dæmdi Ormur Sturluson lögmaður um landamerki Staðarhóls og tolla í Bjarneyjum. Í málinu hafði verið framlagt eldra úrskurðarbréf um greiðslu tolla þeirra sem myndu róa í Bjarneyjum. Einnig var framlagt innsiglað afhendingarbréf í millum Staðarhóls og Neðrimúla þar sem landamerkja jarðanna er getið. Loks var lagt fram skjal um landamerki milli Króksfjarðarness og Gróustaða. Um tolla í Bjarneyjum var eftirfarandi dæmt:

> úrskurdadi Jeg Ormur Sturluson Lógmann med fullu atqvædi og Urskurdargreín hiédanaf i fyrstu ádurmælta iij marka Sekt og tvígilldan Toll á hvorn mann og Skip sem er til vers í Bjarneýum og ecki fyrir þrjótsku og illvilja hafa goldid greíndan Toll fyri Jóns messu Baptistæ eígnist þad Landsdrottin og skal gialdast eptir Laganna tilvísan fyrir nærstu Fardaga. En þá menn alla sem láta gánga Skip í Bjarneýum i Forbodi eíganans mót Kóngsins Dómi og ecki hafa Eígnarbréf innsiglud, svarda eígnareída dæmda Dóma né Lógmanns Urskudi, urskurda eg seka viij morkum til Kóngdómsins í Dómrof og Fullrétte eígandans, tvígialde Tollana sem Lóg mæla.[226]

Hinn 13. febrúar 1581 vottuðu Jón Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Tómas Jónsson, Jón Björnsson, Vernharður Alexandsson og Magnús Sveinsson að þeir hafi ári fyrr verið viðstaddir er Torfi Jónsson, umboðsmaður konungs, hafi dæmt um eign Staðarhólskirkju og lóðartolla í Bjarneyjum. Í skjalinu er skráður vitnisburður Jóns Björnssonar og Þórarins Bergssonar um það sama og segir þar eftirfarandi:

> Til þess legg eg Jón Bjórnsson og eg Þorarinn Bergsson hönd á helga bók, og því skiótumm vid ockru mále til guds ad vid höfumm heirt lesinn Máldaga Stadarhóls kyrkju, hlydandi ad Stadarholzkyrkja eige allar Bjarneyar á Breidafyrde, og séu so undirkomnar ad Olafur Tóne Þorleifsson hafe géfed Stadarhólzkyrkju hálfar Bjarneyar enn Þorbjörg Ormsdótter hafe lúgt greindre Stadarhólzkyrkiu hálfar Bjarneyar med meirumm Peníngumm fyrir Jnnstædu /: Framar so eige Stadarhólz kyrkja xx fiska í Toll af hvörjumm manni og Skipe sem róid er í Bjarneÿumm og eiga ad vera lúgter fyrer Jónzmessu Baptæ, ítem so höfumm vid heirt lesed insiglad úrskurdar bréf Biskups Magnús, umm sömu Tolla; hér til höfumm vid heirt lesed eitt afgreidslu bréf, med fiórumm hængandi Jnsiglum hlydande ad þá Siera Þordur Olafsson vegna gieinginna dóma epter Kónglegu bífalníngar bréfe, Pietre heitnumm Loptssyne géfnu, Stadarhól med sínumm Eignum afgreiddu, enn Siera Björn Jonsson medtók, var í þann tíma haldenn Jardar Eign [og] ítauk Stadarhólz kyrkju, Þverdalur, Bjarnastader Kvenngriót, Krógsfyardarnes Krogsfyardareÿar Trieseÿ, Líneÿ, Glatareÿ, Bjarneyar med fimm eÿum, og halfvættar Tollur af hvörjumm manne og Skipe því sem þar er til Sjóss, item so höfumm vid heirt tveggia Lögmanna Ursku[rd] fyrer sögdumm dómumm og bréfumm, umm Stadarholz Eigner. Sömuleidess eirn Kóngsdóm umm sama Stad og Eigner. Því epter sögdumm máldaga bréfumm dómumm Úrskurdumm, og Jardareign,

[224] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 288–289, skjal nr. 4(70).
[225] *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 548, skjal nr. 4(71).
[226] Skjal nr. 2(273).

> vitumm vid fyrer full Sannende, ad greinder Tollar eru Stadarhólz kyrkju Eign, ef hún skal óvænt vera, og ad so Staufndumm Eyde, sie ockur gudhollur sem vid satt seigiumm, gramur ef vid liugum, og til Sannenda hiér umm sette nefndur ummbodsmann sitt Jnnsigle med vorum fyrgreindra manna Jnnsiglumm fyrer þetta vitnesburdar Bréf[227]

Ódagsett eignaskrá Staðarhólskirkju er skráð í kirkjustól hennar yfir tímabilið 1481–1581. Skjalið er nokkuð skemmt en þar er meðal annars skráð eftirfarandi um Bjarneyjar:

> Biarneyer meth fem eyer / och en halff v[er] tholld aff huer fiskemand och skib som der er thill fóstd[228]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Bjarneyjar á Breiðafirði:

> **Biarneyar.** xl hndr.
>
> Þar er bænhús. Embættast þar af prestinum að Múla á Skálmarnesi tvisvar á ári, vor og haust; segjast annars Bjarneyíngar sig af eldri mönnum heyrt hafa að þar ætti 12 sinnum á ári að embættast. Gjaldast eiga í prestskyldu 20 álnir í fiski, sem þó falla niður fyrir hans gistíng í eyjunum, þá hann þángað ferðast til embættis.
>
> Eyjarnar á Staðarhólskirkja.
>
> Þar eru 8 búendur, sinn á hverjum v hndr. Á heimaeyjunni eru þar af 4: Jón Guðmundsson, Guðmundur Tumasson, Jón Bjarnason, Arnbjörn Loftsson. Á Búðey eru aðrir 4: Jón Þórarinsson, Jón Jónsson, Jón Þorleifsson, Guðmundur Guðmundsson.
>
> […]
>
> Lundatekja fín kann vera í Hvanneyjum (Bjarneyjar löndum) og Lóni. Eggver lítilfjörlegt eiga Bjarneyíngar í Bjarneyjarlöndum. Selveiði kynni þar nokkur vera ef iðkuð væri. Söl vaxa þar á skerjum nokkrum, smá og svört, æt fyrir peníng en varla fyrir fólk. Þessarra hlunnenda njóta búendur. Eldivið kaupa Bjarneyíngar á landi.
>
> Þurar búðir eru í Bjarneyjum nú þrjár. Stundum hafa þær fleiri verið, stundum færri, eftir því sem eftir þeim hefur beðist verið, og hafa þær þá (eins og þessar sem nú til eru) bygst úr vermannabúðum.
>
> 1. Sú fyrsta er á heimaeyjunni. Þar í er ár um kríng Finnbogi Guðbrandsson. Búðarleiga þar eru 3 vættir fiska, áskildar. Betalast oftast í kaupstað til landsdrottins. Búðinni viðheldur búðarmaðurinn. Í kvaðarnafni er áskilin ein skipferð á ári í kaupstað eða inn á Sand. Heimilismenn eru þar 5.
>
> 2. er á Búðey. Þar í er Einar Halldórsson. Búðarleiga þaðan er hálfur skiphlutur af Einars eignu skipi, ár um kríng, er Einar segir almennilegast verið hafa 4 vættir, stundum meira, 5—6 vættir, og þykir honum þetta þúngt. Leverast í Bjarneyjum vor og haust. Kvaðir öngvar framar. Heimilismenn eru 3.
>
> 3a Búðin er og á Búðey. Þar í er Oddur Jónsson. Búðarleiga þar 3 vættir fiska tilskildar. Búðina hefur uppbótalaust bygt og reparerað Oddur, sem í býr. Kvaðir engar. Heimilismenn 2.
>
> 4a er á Búðey, kölluð **Skarðsbúð**. Heyrir Skarðskirkju til. Þar í er Halldór Þorsteinsson ár um kríng. Búðarleiga er þar 1 vætt fiska. Geldst heim til Skarðs. Í kvaðarnafni er búðarmaðurinn formaður fyrir landsdrottins skipi, er búðinni fylgir, og má hann sjálfur

[227] Skjal nr. 2(274).
[228] Skjal nr. 2(275).

ekkert skip eiga. Fær þó x aura í formannskaup. Heimilismenn 3. Búðinni býst búðarmaðurinn við að halda við.

Þessar búðir eru so kaldar á vetur, að búðarmenn verða þær að flýja, og koma sjer niður í búendanna húsum hvar þeir kunna.

Í Bjarneyjum er góð verstaða. Þar byrjast vertíð á páskum eða um sumarmál, endast á Jónsmessu (gömlu).

Þar er hálfvættartollur til landsdrottins af hverjum bát, og hverjum manni, er þar rær í vertíð. Búðarmanna og bændanna skip eru alleina tollfrí. Item þeirra hjú, sem á þeirra bátum róa. Hinir, sem framandi eru, gefa toll, hvert þeir róa á Bjarneyínga skipum eður inntökuskipum, jafnvel þótt þeir liggi í bændanna eður búðarmanna húsum. Þeir þar af, er í bændanna húsum liggja, gefa, fyrir utan tollinn, bóndanum (eður búðarmanninum) v álnir í þjónustukaup.

Matfiskar eru þar engir. Formannskaup árið um kríng er x aurar, um vertíðina xx álnir, stundum v aurar. Lóðir brúkast milli vertíða, en eru fyrirboðnar milli Petursmessu á vor og Jónsmessu. Er þar um dómur Eggerts Björnssonar. fyrir 40 eða 50 árum dæmdur. Bændur vildu þó heldur lóðirnar brúka mega. Lendíng er rjett góð í Bjarneyjum.

Manntalsfiskar engir, og ei verið hafa það menn muna.

Húsmenn eru í eyjunum: Hjá Guðmundi Tumassyni Guðmundur Halldórsson með konu sinni og einu barni. Gefur til húsaleigu v aura. Hjá Jóni Guðmundssyni Jón Steindórsson. Gefur í húsaleigu xx álnir. Hjá Jóni Bjarnasyni Oddi Jónsson. Gefur x álnir ár um kríng. Hjá Arnbirni Einar Eiríksson og Ingibjörg Þorláksdóttir. Gefa hvört xv álnir. Hjá Jóni Þórarinssyni Margret Helgadóttir með barni sínu. Hjá Jóni Jónssyni Salamon Gíslason, er ekki ákvarðað um húsaleigu. Hjá Jóni þorleifssyni Bjarni Sveinsson. Kvittar húsaleigu með handarvikum.

Húsaleiga er almennilega í Bjarneyjum x, xv, xx álnir.

Formenn í Bjarneyjum eru nú 1703:

1. Jón Þorleifsson (búandi) á stóru 5 manna fari.

2. Bjarni Sveinsson (húsmaður í Bjarneyjum) á 4a manna fari.

3. Þórður Jónsson, tollversmaður, á 4ra manna fari.

4. Jón Arnason, tollversmaður, á 4ra manna fari.

5. Brandur Sveinsson, tollversmaður, á 3a manna fari.

6. Jón Bjarnason, tollversmaður, á 4ra manna fari.

7. Hildibrandur Jónsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

8. Jón Bjarnason (búandi), 4a manna far.

9. Guðmundur Thomasson (búandi), 6æríngi.

10. Ögmundur Finnbogason, formaður Guðmundar Thomassonar á 5 manna fari.

11. Jón Halldórsson, tollversmaður, á litlu 4a manna fari.

12. Jón Ólafsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

13. Jón Þorleifsson, tollversmaður, á litlu fjögra manna fari.

14. Páll Einarsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

15. Jón Ásgrímsson, tollversmaður, 3 manna fari.

16. Ólafur Sveinsson, tollversmaður, á litlu 4 manna fari.

17. Einar Jónsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

18. Bjarni Jónsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

19. Magnús Ólafsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

20. Jón Guðmundsson (búandi) á 5 manna fari.

21. Háldan Bjarnason, formaður Jóns Guðmundssonar á litlu 5 manna fari.

22. Arnbjörn Loftsson (búandi) á 5 manna fari.

23. Einar Eiríksson (formaður Arnbjarnar) á 4 manna fari.

24. Eyjólfur Þorbjarnarson, tollversmaður, á 5 manna fari.

25. Bjarni Jónsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

26. Jón Jónsson, tollversmaður, á 6æríng.

27. Jón Halldórsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

28. Ólafur Jónsson, tollversmaður, á 6æríng.

29. Jón Þórarinsson (búandi) á 4a manna fari.

30. N. formaður Jóns Þórarinssonar á 4 manna fari.

31. Jón Jónsson (búandi) á 6æríng.

32. Þorgeir Auðunarson, formaður Jóns Jónssonar á 5 manna fari.

33. Oddur Jónsson (búðarmaður), á 4a manna fari.

34. Þorlákur Ólafsson (húsmaður) á 5 manna fari.

35. Þorleifur Jónsson, húsmaður, á 4a manna fari.

36. Halldór Þorsteinsson (í Skarðsbúð) á 5 manna fari.

37. Gvöndur Gvöndsson (búandi) á 5 manna fari.

38. Gvöndur yngri (húsmaður) á 5 manna fari.

39. Jón Jónsson, tollversmaður, á 5 manna fari.

40. Magnús Jónsson, tollversmaður, á 6æríng.

41. Guðmundur Ólafsson, tollversmaður, á 6æríng.

42. Björn í Purkey, tollversmaður, á 6æríng.

43. Jón Þorkelsson, tollversmaður, á 6æríng.

44. Einar Halldórsson (búðarmaður), á 5 manna far.

45. Jón Bjarnason, tollversmaður, á 4a manna fari.

46. Ólafur Jónsson, tollversmaður, á 4a manna fari.

47. Helgi Auðunarson, tollversmaður, á 6æríng.

48. Jón Þorsteinsson á 5 manna fari.

49. Jón Ólafsson í Purkey á 6æríng.

50. Jón Strandi á 4a manna fari.

Vermannabúðir heima á eyjunni eru 14.

A Búðey 4.

Þetta tal varierar eftir árunum; eru og hjer fyrir utan fáeinar fallnar, sem ei er ómaksvert upp að teikna.[229]

Hinn 14. ágúst 1704 undirrituðu Pétur Bjarnason og Þorbjörg Jónsdóttir arfaskiptabréf þess efnis að eftir þeirra dag myndi sonur þeirra Bjarni eignast allar þeirra

[229] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 232–237, skjal nr. H-7.

jarðir í Barðastrandarsýslu og Dalasýslu. Meðal jarða sem talin var upp í bréfinu var Staðarhóll með öllu heimalandi og öllum kirkjueignum, en hjónin sögðust myndu halda eftir öllum hagnaði af Búðey í Bjarneyjum sem annars tilheyrði Staðarhólskirkju. Skjalið var upplesið í Lögréttu árið 1710.[230]

Hinn 19. september 1768 var tekið fyrir að skipta eignum dánarbús Bjarna Péturssonar sýslumanns. Meðal eigna búsins var jörðin Staðarhóll með fjórum hjáleigum, samtals 60 hundruð að dýrleika, Bjarneyjar sem voru 40 hundruð að dýrleika og óbyggðu eyjarnar Galtarey, Líney og Trésey.[231]

Hinn 6. júlí 1784 var tekið fyrir að skrá eignir dánarbús séra Jóns Eggertssonar en meðal eigna þess voru ⅔ hlutar í Staðarhóli með undirliggjandi hjáleigum og kirkjujörðum. Einnig tilheyrðu búinu ⅔ hlutar í Bjarneyjum, nefnilega Bæjarpartur, Róupartur, Lágabúð, Gunnlaugspartur, Miðbúðarpartur og ⅓ hluti í hlut Þorsteins Kolbeinssonar.[232]

Í kirkjuskjölum Staðarhólskirkju eru varðveittir útdrættir yfir Bjarneyjatolla á árunum 1782–1790 og 1801–1802. Nokkuð ítarlegt yfirlit er skráð í útdrættina yfir greiðslu tolla á fyrra tímabilinu en seinni útdrátturinn fjallar um tolla vegna Skarðsbúðar.[233]

Hinn 27. ágúst 1796 fór fram skiptagjörningur á eignum Ragnhildar Eggertsdóttur og erfði Sigríður Magnúsdóttir Halldórspart í Bjarneyjum. Útdráttur af skjalinu var lagður fyrir extrahéraðsrétt að Ballará þann 1. desember 1829.[234]

Hinn 4. júní 1804 fóru fram skipti á eignum Magnúsar Ketilssonar sýslumanns og fékk þá Guðrún Magnúsdóttir ⅔ hluta í hlut Þorsteins Kolbeins í Bjarneyjum og Galtarey.[235]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Bjarneyja metinn til samans 40 hundruð. Bjarneyjar voru kirkjujörð undir Staðarhól.[236]

Með byggingarbréfi dagsettu 9. maí 1813 var Guðlaugi Jónssyni byggð Ystabúð í Bjarneyjum, fimm hundruð að dýrleika.[237] Hinn 25. júní 1824 byggði Eggert Jónsson Guðmundi Guðmundssyni Ystubúð í Bjarneyjum.[238] Hann byggði svo Skúla Magnússyni sýslumanni sömu Ystubúð með byggingarbréfi dagsettu 19. apríl 1825.[239] Hinn 15. apríl 1835 ritaði E. Einarsson til staðarhaldarans á Staðarhóli og tók fram að hann hefði byggt Magnúsi nokkrum Guðlaugsbúðarpart í Bjarneyjum. Þá vonaðist hann

[230] Skjal nr. 2(276).
[231] Skjal nr. 2(277).
[232] Skjal nr. 2(278).
[233] Skjal nr. 2(279).
[234] Skjal nr. 2(296).
[235] Skjal nr. 2(297).
[236] Skjal nr. 2(78).
[237] Skjal nr. 2(298).
[238] Skjal nr. 2(299).
[239] Skjal nr. 2(300).

til að fá samþykki staðarhaldara um að byggja Sigurði Björnssyni Ystubúð og einnig að mega byggja Innstubúð.[240]

Á manntalsþingi í Svefneyjum 8. júlí 1841 var þinglesinn kaupsamningur hvar með Ólafur Scheving seldi Jóni Eggertssyni einn níunda hluta af Staðarhólseigninni sem var Innsti búðarparturinn í Bjarneyjum í Eyjahreppi. Samningurinn var dagsettur 18. febrúar 1840.[241]

Í afriti af Hæstarréttardómi frá 22. janúar 1847 segir að eigandi Skarðskirkju hafi átt rétt á eftirfarandi í Bjarneyjum án nokkurs gjalds til Staðarhólskirkju: Nauðsynlegu rými til byggingar og viðhalds Skarðsskála í Bjarneyjum, lendingarstað í Skarðsvör og öruggu aðgengi fyrir bát ásamt nauðsynlegu rými til að nota hlutfallslegan hluta Skarðsmalar til fiskveiða.[242]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bjarneyjar á Breiðafirði metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Staðarhólskirkju.[243]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bjarneyjar:

> Bjarneyar: Þar eru úteyar fáar og landlitlar en grösugar mjög, þó er Heyabli allur næsta rír, Fjárbeit í úteyum að haustum lítil en góð. Hagar allir heimar eru mjög litlir – kofnatekja er þar í betra lagi, en dúntekja og selveiði lítil – káltekja í besta lagi; ábúð Eyanna sjálfra er mjög hæg og liggja þær best allra Eyanna í hreppnum við Sjóarabla, sem þar hlýtur að teljast einhvörr hinn besti arður eyanna – sumstaðar er þar og flæðihætt fyrir Sauðfé; þar er og verstaður.[244]

Á manntalsþingi í Svefneyjum 17. maí 1853 var þinglesið forboð frá heimabændum í Bjarneyjum gegn því að húsmenn á eynni hefðu þar sauðfjárbeit á nokkrum árstíma.[245]

Í undirmati að fasteignamati Austur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bjarneyjar var metin á 7.000 kr. Tilgreint er að landamerki jarðarinnar voru ágreiningslaus og var vísað í landamerkjabók sýslunnar. Fram kemur að jörðin hafi haft tún á tveimur eyjum sem voru í byggð og útslægjur voru á þremur litlum eyjum skammt frá. Eigendur jarðarinnar voru Snæbjörn Kristjánsson og Flateyjarhreppur.[246]

5.5.5 Stagley á Breiðafirði

Í biskupsvísitasíu um Reykhólakirkju frá 9. september 1639 kemur fram að kirkjan átti Stagley, sex hundruð að dýrleika.[247]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Eyjahrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Stagley á Breiðafirði:

> **Stagley** (aðrir meina hún heiti **Tagley**).

[240] Skjal nr. 2(301).
[241] Skjal nr. 2(247).
[242] Skjal nr. 2(302).
[243] Skjal nr. 4(1), bls. 179.
[244] Skjal nr. 2(115).
[245] Skjal nr. 2(248).
[246] Skjal nr. 2(134).
[247] Skjal nr. 2(283).

> Reykhólakirkjueign.
>
> Jarðardýrleiki er haldinn vi hndr.
>
> Ábúandi á iiii hndr. Helga Sveinsdóttir, á ii hndr. Ólafur Sveinsson.
>
> […]
>
> Jörðin tíundast til biskups og fátækra, prests og kirkju.
>
> Túnið er alt þýft, sumt mýrlent, grýtt og snögt.
>
> […]
>
> Heimræði er þar, og hefur verið fyrrum gott, en nú um nokkur ár miklu lakara. Sölvafjara ekki ómaksverð. Túnið spillist nokkuð af sandi, sem sjór ber uppá, og af grjóti, sem upp kemur af vatns uppgángi. Vatn þrýtur oft sumar og vetur. Eldiviðartak lítilfjörlegt. Skipalendíng og setníngur erfitt og háskasamlegt.
>
> […].[248]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Stagleyjar metinn sex hundruð. Stagley var kirkjujörð frá Reykhólum.[249]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 segir frá Stagley í neðanmálsgrein um jörðina Svefneyjar á Breiðafirði. Þar segir að Stagley tilheyrði Reykhólakirkju.[250]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Stagley:

> Stagley – óbygð – einstök eya, fremur stór og grösug, þar er haustbeit og dúntekja nokkur, en kofnatekja lítil, og Selsveiði og ~~kofna~~ tekja eingin.[251]

Með lögum nr. 21/1943 var ríkisstjórninni heimilt að selja Flateyjarhreppi Stagley á Breiðafirði. Í lögunum segir að ef Flateyjarhreppur óski að selja eyjuna síðar þá myndi ríkissjóður hafa forkaupsrétt að henni.[252]

5.5.6 Nærliggjandi Breiðafjarðarjarðir

5.5.6.1 Ytri- og Innri-Múli á Barðaströnd

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Múla á Barðaströnd:

> **Mule.**
>
> Kirkjujörð frá Haga.
>
> Jarðardýrleiki xx hndr.
>
> Ábúendur: á x hndr. Bjarni Ólafsson, á v hndr. Jón Jónsson, á
>
> v hndr. Einar Þórðarson.
>
> […]
>
> Sölvafjara er ánægjanleg fyrir ábúendur. Selveiði hefur verið, nú um nokkurn tíma engin. Skelfiskur lítilsháttar. Þar eru tvær hjáleigur, hver fyrir sig kölluð **Hus.** Er hver

[248] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 246, skjal nr. H-7.
[249] Skjal nr. 2(79).
[250] Skjal nr. 4(1), bls. 179.
[251] Skjal nr. 2(115).
[252] Skjal nr. 4(21). Sjá einnig 6. mál á 61. löggjafarþingi 1942–1943.

> um sig v hndr. af jörðunni. Á annarri er Jón, en annarri Þórður, so heimajörðin reiknast x hndr.
>
> Á Múla hefur verið heimræði á vor fyrir eitt skip, eða fleiri heimamanna. Nú er það öldúngis frá.[253]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Múla metinn 20 hundruð. Jörðin var kirkjujörð frá Haga og skiptist í tvo hluta Innri- og Ytri-Múla.[254]

Hinn 15. maí 1807 seldu erfingjar Þórunnar Sigurðardóttur Guðmundi Scheving sýslumanni hálfa jörðina Haga á Barðaströnd, 30 hundruð að dýrleika, með tilheyrandi kirkjueign, hálfum Múla, hálfum Tungumúla, hálfum Grænhól og hálfum Sauðeyjum með öllum tilheyrandi eignum og ítökum. Kaup- og afsalsbréfið var þinglesið við Landsyfirrétt í Reykjavík 6. júlí 1807.[255]

Á manntalsþingi að Vaðli 23. júní 1832 var upplesið afrit af fjárskilamálabréfi frá 18. október 1830 hvar Guðmundur Scheving kaupmaður og Halldóra Benediktsdóttir fengu til arfs og umráða dóttur sinni Þórunni helming í höfuðbólinu Haga, helming í Múlanum, Grænhól og Tungumúla með kirkjuforræðisítökum sem og tilkalli að helmingi Sauðeyja.[256]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Múli á Barðaströnd metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem eign Hagakirkju. Í neðanmálsgrein segir að árið 1805 séu tvær hjáleigur á jörðinni, Innri- og Ytri-Múli.[257]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Ytri- og Innri-Múla:

> 110. Múli-innri. Tún stórt, þyft og seinunnid, er ecki ógrasgefid, eingjar i medallagi og grasgefnar eins, landrymi í minna lagi og kostaljett, vetrrbeit ad mun en ljett, helst af fiöru, skógur valla teljandi, túninu er hætt vid skemdum af árensli, her er miög flædi hætt. Jördin er hæg.[258]
>
> 111. Múli-ytri, Tún af medalstærd og grasgefid eins, eingiar í medallagi af vídáttu og grasgefnar eins, landrými í minna lagi og kostaljett, vetrarbeit ad mun helst af fiöru, skógur valla teljandi, hér er flædihætt miög, túni er hætt vid árina og beitarlandi eins. Jördin er hæg.[259]

Hinn 30. maí 1884 seldi Ingibjörg Magnúsen frá Skarði Jóni Guðmundssyni, kaupmanni í Flatey, hálfa kirkjujörðina Haga með hjáleigunum Sauðeyjum, Tungumúla, Grænhól, og Ytri- og Innri-Múla. Kaup- og afsalsbréfið var þinglesið að Vaðli 26. maí 1886.[260]

Hinn 7. nóvember 1884 seldi Herdís Benediktsen Kristjáni Mathiesen á Hliði á Álftanesi, í umboði Jósíasar Fr. Bjarnasonar á Grund við Reykhóla, hálfa Hagaeign, sem öll var 41,4 hundruð að nýju mati, með tilheyrandi jörðum, þ.e. Grænhól, 13 hundruð, Tungumúla, 16 hundruð, Innri-Múla og Ytri-Múla, 10,3 hundruð og 9,3

[253] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 280–281, skjal nr. H-7.
[254] Skjal nr. 2(80).
[255] Skjal nr. 2(57).
[256] Skjal nr. 2(249).
[257] Skjal nr. 4(1), bls. 181.
[258] Skjal nr. 2(116).
[259] Skjal nr. 2(116).
[260] Skjal nr. 2(61).

hundruð og Sauðeyjum á Breiðafirði. Kaupbréfið var þinglesið að Vaðli 26. maí 1885.[261]

Með yfirlýsingu dagsettri 12. janúar 1890 var þinglesið að Jófríður Guðmundson í Flatey hafi við opinbert uppboð 12. júlí 1889 keypt hálfa jörðina Haga á Barðaströnd með tilheyrandi hálfum hjáleigum Sauðeyjum, Tungumúla, Grænhóli, og Ytri-Múla og Innri-Múla, samtals 58 hundruð 30 álnir að dýrleika. Skjalið var þinglesið að Vaðli 31. maí 1890.[262]

Með byggingarbréfi dagsettu 7. mars 1894 var Pétri Jóni Magnússyni byggð jörðin Ytri-Múli.[263]

Í undirmati að fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að Ytri-Múli var metinn á 1.300 kr. og Innri-Múli var metinn á 1.400 kr. Tilgreint er að landamerkjabréf jarðanna sé ekki fáanlegt. Eigandi þeirra var Hagakirkja.[264]

5.5.6.2 Hagi á Barðaströnd

Í máldaga Nikulásarkirkju að Haga á Barðaströnd, sem Þórarinn biskup setti árið 1363, segir að kirkjan hafi átt Haga hinn minni.[265]

Í máldaga Hagakirkju á Barðaströnd er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti 1. ágúst 1375 segir:

> Jn primis hun æa haga hinn minna. mula land alltt. halft holltt. og sliktt j rekum oc skogum sem hun hefr at fornu haftt. skog j vatzdal j æmotum.
>
> […]
>
> Kirkian j haga æa bardastrond æa saudeyiar allar med holmum oc vtskerium sem til hafa leigid at fornu og nýiu og suo heita. heimeý. haeý. rif. skarf edr þoriseý. kidholmar ij. flata skier er liggur j drapskerium sudur oc vt fra kidholmum. dura tindur. raudzdalz holmar tueir. þridiung ædar sker[s]. Jtem eigur kirkian j haga æa bardastrond allann skog j laugarhuamme. j morudal skog fra olldugile oc framm at haga garde vpp æa fiall oc ofan at æa. skog j arnarbýlis dal tungumula meigin fræa aligili og framm j geitar mula sem skogur vegs vpp æa fiall oc ofan at æa. skogar partt j trostans firde j otradals kirkiu sockn j sunndal.[266]

Í lagfæringum og viðauka í III bindi *Íslenzks fornbréfasafns* segir um þennan máldaga að kirkjan að Haga eigi:

> Mula land halfft (so helldur su gamla Hijtardalsbok).[267]

Í máldaga Vilchins fyrir kirkju í Haga frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Þessi er maldagi kirkiunnar j Haga a Bardastrônd. ad hun a Haga hinn minna. Mvla land allt.

[261] Skjal nr. 2(62).
[262] Skjal nr. 2(63).
[263] Skjal nr. 2(46).
[264] Skjöl nr. 2(135) og 2(136).
[265] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 193–194, skjal nr. 4(43).
[266] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 301, skjal nr. 4(44).
[267] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 775, skjal nr. 4(44).

> slijkt i Rekumm oc Skogumm sem hun hefur att ad fornu.
>
> Skogur j Vattsdal j amotum.[268]

Hinn 16. júní 1405 vottuðu Sörli Vilhjálmsson og Einar Þorsteinsson að séra Jón Steinólfsson hafi lýst fyrir þeim að hann hafi orðið vitni að því er Þórður Filippusson lagði Þórði Gíslasyni hálfan Haga á Barðaströnd.[269]

Hinn 30. júní 1407 lýsti Hallur Kálfsson því að hann hafi orðið vitni að því er Filippus Gíslason lýsti því að hann hefði enga peninga lukt Þórði Gíslasyni fyrir hálfan Haga.[270] Hinn 31. desember 1410 vottaði Bjarni Ljótsson að hann hafi verið hjá þegar Filippus Gíslason gerði testamenti sitt, heill að vitsmunum, og lýst því að Þórður Gíslason skyldi ganga að hálfum Haga.[271] Hinn 10. nóvember 1411 vottuðu Þrúður Árnadóttir og Guðrún Þórðardóttir að Þórður Filippusson hafði lagt Þórði Gíslasyni hálfan Haga, sem hann hafði fengið föður hans til kvenmundar en hálfan lét hann fyrir peningamissi.[272]

Á Öxarárþingi hinn 2. júlí 1412 var alþingisdómur staðfestur þar sem jörðin Hagi var tildæmd eign Sigurðar Þórðarsonar.[273]

Fjallað er um hálfa jörðina Haga í kaupmálabréfi Þórðar Sigurðssonar og Ingibjargar Halldórsdóttir frá 27. nóvember 1439.[274]

Hinn 2. júlí 1540 seldi Oddur Eyjólfsson bróður sínum, séra Magnúsi Eyjólfssyni, 40 hundruð í Haga.[275]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna í Haga frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia i Haga ä Bardastrød. Hun ä Haga hinn minna. Mulaland alltt. Slijktt i rekum og skogum sem hun heffur ätt ad fornu. Skog i Vatzdal i Amotum,
>
> […]
>
> Jtem ä kirkian thessar jarder Mulaland .c. landgillde.
>
> Jtem halfft Holltt leigd fyrer .x. aura.
>
> Jtem Sandeyre .xxc. Landskylld .i½c.
>
> Jtem heffer sera Magnus feinged i burtt .xc. jørd er Haga kirkia ätte. og loffad annare jaffndyrre.[276]

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim sem þær kirkjur áttu sem hann hafði þá að halda og einnig þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði veðsett Jóni Jónssyni lögmanni. Meðal þessara eigna var jörðin Hagi, 80 hundruð að dýrleika.[277]

---

[268] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 150–151, skjal nr. 4(45).
[269] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 699–700, skjal nr. 4(47).
[270] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 716–717, skjal nr. 4(48).
[271] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 735–736, skjal nr. 4(49).
[272] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 737–734, skjal nr. 4(50).
[273] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 745–746, skjal nr. 4(51).
[274] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 602–603, skjal nr. 4(52).
[275] *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 545–546, skjal nr. 4(53).
[276] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 584–585, skjal nr. 4(46).
[277] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103, skjal nr. H-10.

Hinn 30. júlí 1578 gaf Eggert Hannesson Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að hann hafi selt Bjarna Björnssyni Haga en Jóni Björnssyni Haug og Fossá.[278]

Hinn 31. júlí 1579 gerði Eggert Hannesson að engu kaupskap sem hann hafði ári áður gert við Bjarna Björnsson um jörðina Haga. Eggert fékk dótturmanni sínum, Magnúsi Jónssyni, til eignar allan garðinn Haga en með þeim skilyrðum að Magnús greiddi Bjarna Björnssyni fulla verðaura eða gerði við hann aðra forlíkun. Einnig gerði Eggert kröfu um að leitað yrði samþykkis síns um að einhver af sonum Magnúsar og Ragnheiðar Eggertsdóttur skyldi erfa Haga og þá skyldi jörðin ekki gefin, né seld eða pantsett, heldur skyldi haldast í ætt hans um aldur og ævi.[279]

Í biskupsvísitasíu um Hagakirkju frá 3. september 1639 segir að hún hafi átt Sauðeyjar allar með gögnum og gæðum. Enn fremur segir:

> dräpsskjer og kidhólma med ódrum skjerjum og smäeyjum sem filgia kirkjunne effter kirkjunnar breffum og beuijsyngum sem eru hja Magnuse Jonssine Jardarjnnar eignar manne.[280]

Sömu efnistök koma fram í biskupsvísitasíu frá 11. september 1683 nema kirkjan var sögð eiga öll kringum liggjandi sker.[281] Hið sama kemur fram í biskupsvísitasíu frá 10. september 1700, þ.e. að kirkjan hafi átt Sauðeyjar með gögnum og gæðum og öllum kringum liggjandi skerjum.[282]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Haga á Barðaströnd:

> **Hage** á Barðaströnd.
>
> Þar er kirkja, til hverrar sækja Barðstrendíngar fyrir utan Vaðal, inclusive.
>
> Jarðardýrleiki með hjáleigum ll hndr. Þar af er bóndahluti lxxx hundruð (kirkjueign xx hndr.).
>
> Eignarmaður er sýslumaðurinn Ari Thorkelsson, vegna kvinnu sinnar, Ástríðar Thorleifsdóttur.
>
> Ábúandinn sami.
>
> […]
>
> Skógur er þar nægilegur til eldíngar, en ei til kolgjörðar eður raftviðar. Annars á kirkjan kolviðarskóg í Mórudal, en raftviðarskóg i Vatsdal og í Trostansfirði. Þessa skóga brúkar kirkjunnar patronus til sinnar þurftar, og kirkjujarðanna uppbyggíngar, en ei lánar burt fyrir tolla. Eggver hefur þar nokkuð verið af svartbak, nú að mestu frá. Selveiði hefur þar verið um vetur, ɔ: uppidráp í Drápskerjum, og vor. en mínkar nú mjög, og er so gott sem burtu. Reki hefur þar gagnlegur verið, en er nú burtu þar, eins og víðar. Sölvatekja er þar lítilfjörleg. Útsker nokkur fylgja jörðunni, en þau eru kirkjueign, og hefur þar í selveiði verið ut supra. Fuglveiði af skarfsúngum var tilforna góð, í Drápskerjum, nú öldúngis burtu.

[278] Skjal nr. 2(248) í máli nr. 2(2020) á svæði 10C.
[279] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 106–107, skjal nr. H-10.
[280] Skjal nr. 2(284).
[281] Skjal nr. 2(285).
[282] Skjal nr. 2(286).

> **Hjáleigur** fylgja jörðunni:
>
> **Krókur**, hefur lengi staðið.
>
> Á að vera ix hndr. úr heimajarðarinnar dýrleika.
>
> Ábúandi þar Gísli Jónsson.
>
> […]
>
> Engjar frá Haga hefur sjórinn stórlega af brotið, og vindur og stórflæðar sand upp á borið, so af þeirra eftirtekju burtu eru. Af túninu hefur áin og brotið, og engjunum mjög so spilt.
>
> Fyrir utan Krók hafa þar verið hjáleigur:
>
> **Efri gata** var x hndr. úr heimajörðunni.
>
> **Neðri gata** önnur x hndr. úr heimajörðunni.
>
> **Efri Krókur** ix hndr. úr heimajörðunni.
>
> Þessar 3 hjáleigur eru nú i eyði, og hafa verið um nokkur umliðin ár, síðan harðindin tiltóku. Kynni ei að byggjast heimabóndanum að skaðlausu, nema ef væri öruggu ómagafáu fólki, so framt sem fiskiríet aftur til gengi.
>
> **Efri Hage** hefur verið fyrir löngu bygður og löngu eyðilagður, skal hafa verið hálfur kirkjuhlutinn í heimalandi. Öðru nafni var þessi hjáleiga kölluð Lambhús.[283]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Haga metinn 60 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð og tilheyrði Davíð Scheving sýslumanni og Þórunni Ólafsdóttur á Grund í Skagafjarðarsýslu. Þriðjungur jarðarinnar tilheyrði kirkjunni á staðnum.[284]

Hinn 15. maí 1807 seldu erfingjar Þórunnar Sigurðardóttur Guðmundi Scheving sýslumanni hálfa jörðina Haga á Barðaströnd, 30 hundruð að dýrleika, með tilheyrandi kirkjueign, hálfum Múla, hálfum Tungumúla, hálfum Grænhól og hálfum Sauðeyjum með öllum tilheyrandi eignum og ítökum. Kaup- og afsalsbréfið var þinglesið við Landsyfirrétt í Reykjavík 6. júlí 1807.[285]

Með kaupbréfi dagsettu 20. október 1808 seldi Davíð Scheving, með samþykki dóttur sinnar Ragnheiðar Davíðsdóttur, dóttursyni sínum, Guðmundi Scheving sýslumanni, hálfa jörðina Haga á Barðaströnd. Kaupbréfið var þinglesið við Landsyfirrétt í Reykjavík 4. september 1809.[286]

Á manntalsþingi að Vaðli 23. júní 1832 var upplesið afrit af fjárskilamálabréfi frá 18. október 1830 hvar Guðmundur Scheving kaupmaður og Halldóra Benediktsdóttir fengu til arfs og umráða dóttur sinni Þórunni helming í höfuðbólinu Haga, helming í Múlanum, Grænhól og Tungumúla með kirkjuforræðisítökum sem og tilkalli að helmingi Sauðeyja.[287]

---

[283] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VI, bls. 278–279, skjal nr. H-7.
[284] Skjal nr. 2(81).
[285] Skjal nr. 2(57).
[286] Skjal nr. 2(58).
[287] Skjal nr. 2(249).

Á manntalsþingi að Svefneyjum 23. júní 1846 var upplesið skjal, dagsett 6. apríl 1846, með hverju Benedikt Scheving gaf sýslumanni Árna Þorsteinssyni umboð til umráða og sölu á 34 hundruðum í jörðinni Haga.[288]

Á manntalsþingi að Haga 26. júní 1848 var þinglýst skjali með hverju Bjarni Pétursson lýsti brigðum á þeim 34 hundruðum í Haga sem Árni Þorsteinsson, í umboði fyrir séra Benedikt Scheving, seldi kammerráði C. Magnússyni.[289]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hagi á Barðaströnd metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 hafi eyðihjáleigurnar Efri-Gata, Neðri-Gata, Krókur og Efri-Hagi allar verið taldar með heimajörðinni en Árni Magnússon hafi talið alla torfuna 100 hundruð að dýrleika eða 80 hundruð bændaeign og 20 hundruð eign kirkjunnar. Þá segi Árni Magnússon að Drápsker tilheyri Haga. Loks segir að nú sé jörðin talin aðeins 60 hundruð að dýrleika, þar af 20 hundruð sem eign kirkjunnar.[290]

Hinn 11. febrúar 1848 lýsti Bjarni Pétursson brigðum í 34 hundruð í Haga sem seld voru árið 1846 af Á. Þorsteinssyni sýslumanni, í umboði séra Benedikts Schevings, til C. Magnusens á Skarði. Brigðalýsingin var þinglesin að Haga 26. júní 1848.[291]

Í jarðamati Barðastrandarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Haga:

> Hagi. Tún stórt, hardt og ógrasgefid eingjar vídlendar, en sumpart þeirra miög votar og líttnotandi fyrir fúa og sumpart á sundrúngi upp um holt og fjöll, því miög erfidar, en allur þorri þeirra grasgefinn, landrými nægilegt og í betra lagi kostagott, Skógur nægilegur til kola, vetrarbeit eingin ad telja nema af fiöru, Selveidi svarar valla kostnadi, her er flædihætt. Jördin er hin erfidasta til allra adrátta og kostnadarsöm.[292]

Á manntalsþingi að Haga á Barðaströnd 2. maí 1853 var friðlýst öllum selalögnum tilheyrandi Haga fyrir skotum og öðrum ófriði. Sömuleiðis var friðlýst öllum selalögnum Brjánslækjar í Vatnsfirði.[293]

Hinn 9. apríl 1874 vitnaði Jón Guðmundsson á Múla um landamerki milli Haga og Tungumúla. Vitnisburðurinn var þinglesinn 10. júlí 1874 og er eftirfarandi:

> Nº 20.
>
> Eg undirskrifaður vitna hér með, að þegar eg kom að Tungumúla vorið 1851, voru mér sögð svoleiðis landamerki milli Haga og Tungumúla, að Arnarbælisdalsá ræður frá sjónum fram fyrir Berghilsholt, þar í lækjarsitru, og þaðan beint upp í móstulá, þaðan eptir leikvallarveginum norður að vegamótum. Önnur landamerki veit eg ekki milli þeirra bæja
>
> Staddur í Haga 9. apríl 1874.
>
> Jón Guðmundsson á Múla.[294]

[288] Skjal nr. 2(250).
[289] Skjal nr. 2(251).
[290] Skjal nr. 4(1), bls. 180–181.
[291] Skjal nr. 2(59).
[292] Skjal nr. 2(116).
[293] Skjal nr. 2(252).
[294] Skjal nr. 2(60).

Hinn 13. apríl 1874 vitnaði Rósa Ketilsdóttir á Skjaldvararfossi um landamerki milli Haga og Tungumúla. Vitnisburðurinn var þinglesinn 10. júlí 1874 og er svohljóðandi:

> Eg undirskrifuð vitna hér með um landamerki milli Tungumúla og Haga það er eg hefi heyrt og vitað frá því er eg fyrst man til, þá ræður Arnarbælisá frá sjó upp að lambhaga, svo seilin fyrir ofan lambhaga að fálkaholti, (~~og~~) þá með fálkaholti, þá eptir ánni fram fyrir Berghil í lækjarsitru, er þar rennur, og þaðan upp móstulág að heiðarvegi, og sem heiðarvegur ræður að vegamótum. Þessum landamerkjum til sönnunar man eg að Benjamín, sem var bóndi í Tungumúla bað um leyfi Hagabændur að slá Geitamúla mýrar.[295]

Hinn 22. apríl 1874 vitnuðu Gísli Þorgeirsson og Ebeneser Þórðarson um eign Haga í Arnarbælisdal og landamerki jarðarinnar þar. Vitnisburðurinn var þinglesinn 10. júlí 1874 og er svohljóðandi:

> Eptir ósk bóndans herra Jóns Guðmundssonar á Haga vottum við undirskrifaðir hér með: Að bæði, eptir sem við jafnan höfum heyrt, og sjálfir vitað til, sem fyrrum ábúendur Hagaeignar, var Arnarbælisdalur notaður og talinn sem eign Haga; og var notkun þessi, það við frekast til vitum jafnan óátalin. Hvað aðliggjandi landamerki áhrærir, getum við jafnframt vottað: að við jafnan höfum heyrt það, talað, að Hagi ætti Arnarbælisdal eptir sem svo nefnd mostulág og leikvallarvegur ræður, að vegamótum á Fossheiði.
>
> Rauðsdal þann 22. apríl 1874.
>
> Gísli Þorgeirsson. Ebbenezer Þórðarson.[296]

Við þinglestur á þremur vottorðum um landamerki Haga og Tungumúla, dagsettum 9. apríl, 13. apríl og 22. apríl 1874, hinn 10. júlí 1874 mótmælti Jakob Athanasíusson þeim merkjum, eins og fært er inn í afsals- og veðmálabók Barðastrandarsýslu 1874–1880:

> Athgr. Við hin framanskrifuðu 3 vottorð fyrir landamerkjum milli jarðanna Haga og Tungumúla á Barðaströnd athugast, að við þinglestur þeirra eru fyrir manntalsþingsrétti Barðastrandarsýslu að Efra-Vaðli hinn 10. júli 1874 framkomin eptirfylgjandi mótmæli og tilsvör, tilfærð þingbókinni sem fylgir: „Að gefnu tilefni lýsir hlutaðeigandi ábúandi á Tungumúla, Jakob bóndi Athanasíusarson því yfir í réttinum, að hann mótmæli vottorðum þessum og þeim þar greindu landamerkjum, og skýrskotar í því efni til byggingarbréfs síns fyrir Tungumúla, sem hann lýsir yfir, að hann haldi sér til, og hlutaðeiganda umboðsmanns yfir Hagaeigninni, Ólafs hreppstjóra Thorlaciusar í Dufansdal svo sem landsdrottins síns. Jón bóndi Guðmundsson í Haga lýsir því hér á móti að sínu leyti yfir, að hann haldi sér til fyrgreindra vottorða með tilliti til landamerkja milli fyrgreindra jarða, og bætir því við, að þau í nefndum vottorðum tilgreindu landamerki séu hin sömu sem Jakob bóndi Athanasius~~ar~~son hafi sagt sér að væri milli Haga og Tungumúla, þá er hann (þ.e. Jón Guðmundsson) færði sig að Haga.“
>
> G.P. Blöndahl cst. (L.S.)[297]

Hinn 30. maí 1884 seldi Ingibjörg Magnúsen frá Skarði Jóni Guðmundssyni, kaupmanni í Flatey, hálfa kirkjujörðina Haga með hjáleigunum Sauðeyjum, Tungu-

[295] Skjal nr. 2(60).
[296] Skjal nr. 2(60).
[297] Skjal nr. 2(60).

múla, Grænhól, og Ytri- og Innri-Múla. Kaup- og afsalsbréfið var þinglesið að Vaðli 26. maí 1886.[298]

Hinn 7. nóvember 1884 seldi Herdís Benediktsen Kristjáni Mathiesen á Hliði á Álftanesi, í umboði Jósíasar Fr. Bjarnasonar á Grund við Reykhóla, hálfa Hagaeign, sem öll var 41,4 hundruð að nýju mati, með tilheyrandi jörðum, þ.e. Grænhól, 13 hundruð, Tungumúla, 16 hundruð, Innri-Múla og Ytri-Múla, 10,3 hundruð og 9,3 hundruð og Sauðeyjum á Breiðafirði. Kaupbréfið var þinglesið að Vaðli 26. maí 1885.[299]

Með byggingarbréfi dagsettu 9. nóvember 1889 var Jósíasi Fr. Bjarnasyni byggð hálflenda Haga, 20,7 hundruð að nýju mati.[300] Með öðru byggingarbréfi dagsettu 10. júní 1890 var séra Þorvaldi Jakobssyni byggð hálflenda Haga.[301] Séra Þorvaldur sagði sig lausan frá ábýli sínu í Haga með bréfi dagsettu 6. nóvember 1894.[302]

Með yfirlýsingu dagsettri 12. janúar 1890 var þinglesið að Jófríður Guðmundson í Flatey hafi við opinbert uppboð 12. júlí 1889 keypt hálfa jörðina Haga á Barðaströnd með tilheyrandi hálfum hjáleigum Sauðeyjum, Tungumúla, Grænhóli, og Ytri-Múla og Innri-Múla, samtals 58 hundruð 30 álnir að dýrleika. Skjalið var þinglesið að Vaðli 31. maí 1890.[303]

Hinn 2. október 1906 sagði Jón Ólafsson sig lausan frá ábúð og afnotum hálfrar jarðarinnar Haga.[304]

Í undirmati að fasteignamati Vestur-Barðastrandarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hagi var metin á 4.500 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki jarðarinnar. Eigandi hennar var Hjálmar J. Guðmundsson.[305]

5.5.6.3 Sauðeyjar á Breiðafirði

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Barðastrandarhrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Sauðeyjar á Breiðafirði:

> **Saudeyar.**
>
> Uppskrifað eftir relation Monsr. Ara Þorkelssonar; þar búandi kom eigi.
>
> Kirkjujörð frá Haga á Barðaströnd.
>
> Dýrleiki hennar xx hndr.
>
> Ábúandinn Jón Ögmundsson.
>
> […]

> Heimræði og lendíng góð, og byrjast heimræðið á áliðnum vetri seint eður snemma, eftir því sem fiskagángur og veðráttufar er, og varir jafnlega fram á vetur, stundum fram á jólaföstu, og gánga hjer skip ábúenda fleiri eður færri, so sem þeir fá viðkomið.
>
> Inntökuskip hafa hjer verið, stundum i eður ii, og hafa ábúendur tekið x álna undirgift fyrir hvert árlega, eður leyft stundum skipstöðuna fyrir óákveðinn góðvilja.
>
> Túninu grandar sandfjúk til stórskaða.
>
> Engjar öngvar nema það lítið, sem reitt er í fúa brokflóum og foraðakeldum.
>
> Slægjur þær litlar, sem áður voru i smá sjáfarhólmum, hafa nú brugðist í margt ár.
>
> Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum stórlega og foröðum, sem oft hefur merkilegur skaði að orðið.
>
> Hreppamannaflutníngur torsóktur yfir fen eður bleytuvoga, sem yfir flæðir.[433]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Straumfjarðar metinn 40 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð en eigandi hennar var Jón Jónsson á Norðurtungu og Brynjólfur Hjálmsson á sama stað. Með í matinu var eyðieyjan Geldingaey.[434]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Straumfjörður á Mýrum metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein segir að árið 1804 sé eyðieyjan Geldingaey, sem Árni Magnússon eignar Knarrarnesi, talin með.[435]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Straumfjörður var metin á 960 ríkisbankadali.[436]

Landamerkjaskrá Straumfjarðar á Mýrum er dagsett í september 1883 en hún var þinglesin 24. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

---

[433] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 400–402, skjal nr. H-7.
[434] Skjal nr. 2(98).
[435] Skjal nr. 4(1), bls. 130.
[436] Skjal nr. 2(121).

Útskrift úr landamerkjabók fyrir Mýrasýslu.

Nr. 30.

Merkjaskrá Samkvæmt landamerkjalögum 17. Marz 1882 hafa hjer undirskrifaðir menn gjört

landamerki fyrir jörðunni Straumfirði í Álftaneshreppi og á þau sáttir og sammála ordið að hjer

eftir vera skyldu fyrir alda og áborna þessi:

1. Milli Straumfjarðar og Vogalækjar ræður Ølveslækur suðurámóts við torfvörðu þá, sem hlaðin er utan og neðan Ølveslæk, og ræður þaðan sjónhending í stein á Ølvesflagi með klöppuðum krossi á ~~þegar staðið er á þessum steini; á síðast nefnd torfvarða að vera í hlaðna vörðu norðan til á Ølvesholtinu~~; (~~sic~~), en frá steini þessum ræður sjónhending í vörðu á

hæsta Þorsteinsholti og er kross klappaður á klettinum hjá henni.

Vogalæk 5. desember 1922.

Þorkell Gilsson (handsalað

Guðjón S. Sigurðsson

Vitundarvottar:

Sigurjón Erlendsson

Haraldur Bjarnason

2. gr. Millum Staumfjarðar og Álftaness úr fyrnefndu Þorsteinsholti sjónhending í jarðföll eða upptök Freineskeldu, hvar uppgjörð varða er með kolum í svo ræður keldan fram í Voginn úr keldumynni sjónhending í miðjan Veitustreng, þaðan eftir miðjum ál sunnanvert fram með suðurbúðarey og út miðja Röst, síðan sjónhending úr Rastarmynni beint í mitt Breiðarsund.

3. Milli Straumfjarðar og Knarrarnes frá Ølverslækjarmynni eftir miðri Hestakeldu, fram

miðjan Krókselsvog, vestan Kögurnarhólsness og Vesturbúðarey, á miðjan Lambeyjarál; svo eftir honum fyrir vestan Sandey og Sandeyjarsker og þaðan beint fram fyrir vestan Þormóðssker.

Þess skal hjer getið að Álftanesi tilheyrir Þormóðssker, sem ítak innan Straumfjarðarlandamerkja.

Straumfirði í september 1883.

Jónas Kristjánsson (eigandi og ábúandi á ½ Straumfirði)

Guðm. Sigurðarson (eigandi að ¼ á Straumfirði)

Herdís Sigurðardóttir (eigandi og ábúandi að ¼ í Straumfirði)

Jónas Guðmundsson (fyrir Knarrarnes)

O.Sigurðsson (eigandi Álftanes)

Ásgeir Bjarnason (eigandi og umráðamaður Vogalækjar)[437]

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Straumfjörður var metin á 4.500 kr. Tilgreint er að landamerki hennar hafi verið þinglesin. Fram kemur að jörðin hafi haft eyjaslægjur og talið var að Álftaneskirkja ætti

[437] Skjal nr. 2(32).

Þormóðssker. Eigendur jarðarinnar voru afkomendur Helga Jónssonar, Jón Jónasson og Guðjón Sigurðsson.[438]

5.6.4.5 Álftanes á Mýrum

Í máldaga Vilchins fyrir Maríukirkju á Álftanesi frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Mariukirkia a Alfttanesi ä xijc i heimalanndi.[439]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna á Álftanesi frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ä Alfftanese ä .xijc. i heimalandi og Thormodzskier.[440]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Álftaneshrepp frá 1709 segir eftirfarandi um Álftanes:

> **Álftanes.**
>
> Kirkjustaður annecteraður með Borg.
>
> Jarðardýrleiki lx hndr. og svo tíundast fjórum tíundum.
>
> Eigandinn Guðmundur Sigurðsson hjer heima búandi.
>
> […]
>
> Afrjett ut supra.
>
> Skógur hefur að fornu verið, er nú gjöreyddur.
>
> Rifhrís, sem eftir var, brann af voðaeldi fyrir meir en 30 árum.
>
> Torfrista og stúnga lök og sendin og þó nýtt.
>
> Móskurður til eldiviðar bjarglegur.
>
> Silúngsveiðivon í stöðuvötnum iðkast lítt.
>
> Eggver í vatnshólma af æðarfugli gagnvænleg.
>
> Eggver i sjáfarhólmum og eyjum gagnvæn.
>
> Dúntekja af hverutveggju eftir því sem ært er, meira eður minni.
>
> Selveiðivon í betra lagi og heppnast oft ef vel er aðsókt
>
> Rekavon góð, hefur oft heppnast.
>
> Sölvafjara góð í landfjöru og skerjum, hefur oft seld verið til gagnsmuna.
>
> Fjörugrös eru til en brúkast ekki.
>
> Hrokkelsatekja hefur hjer verið oft til gagnsmuna, en í ár engin.
>
> Heimræði er frá páskum til jóla.
>
> Hrossabeit i Lambastaðaland, þar sem heitir Deild, er eignuð jörðunni að munnmælum, og skuli komin fyrir eggver, vide Lambastaði. Ekki brúkast sú beit það menn minnast.
>
> Sker eitt, sem heitir Þormóðssker og liggur fyrir Straumfjarðarlandi, fylgir jörðunni, kallað kirkjueign. Þar er eggver og dúntekja lítilsháttar. Þar hefur áður lundatekja verið, en er nú af, því fuglinn legst í burtu.

[438] Skjal nr. 2(155).
[439] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 187, skjal nr. 4(77).
[440] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 616–617, skjal nr. 4(78).

Túnið spillist af sandfjúki og þó miklu meir af sjóar og veðurgángi, sem brýtur að sunnanverðu árlega meir og meir til stórskaða.

Engjar eru girðar foröðum, so bera verður hey lánga vegu, því ekki verður hestum viðkomið fyrr en yfir meginforöðin sje komið, og þau þó valla mannheld.

Hætt er kvikfje mjög fyrir sjáfarflæðum og verður oft til skaða, so og fyrir foröðum.

Högunum grandar sandfok árlega meir og meir.

Tánge, hjáleiga af Álftanesi, bygð um lángan aldur.

Dýrleikinn talinn í heimajörðunni.

Eigandinn sami.

Ábúandinn Halldór Guðmundsson.

[…]

Torfskurð til eldiviðar og sölvatekju hefur hjáleigumaðurinn óskamtað, og má selja söl, ef hann megnaði að afla.

Túninu grandar sandur og sjáfarágángur.

Torfrista og stúnga erfið úr máta.

Vatnsból ekki nema sjóstemma, og er hún ótæk á vetur fyrir seltu, þegar sjáfargángur er, og verður þá að þíða snjó til bjargar mönnum og kvikfje.

Einarsneskot, önnur hjáleiga, bygð um lángan aldur.

Dýrleikinn talinn í heimajörðunni og so eigandi sami.

Ábúandi Þorsteinn Jónsson.

[…]

Sölvafjara, sem kotinu fylgdi áður í takmörkuðu plátsi, er eydd fyrir ísalögum; síðan hefur hjáleigumaðurinn óskamtaða sölvatekju, vide Tánga.

Móskurður til eldiviðar eftir þörfum.

Engjar öngvar nema það hent er í hagbeit.

Túninu grandar sandfok og brýtur sjór.

Vatnsból ilt bregst um vetur, og er þá að sækja yfir flæði og örðuga leið heim til bæjar.

Kvislhøfde, þriðja hjáleiga, bygð yfir 70 ár.

Dýrleiki talinn i heimajörðunni og eigandi sami.

Ábúandi Magnús Árnason.

[…]

Móskurður til eldiviðar nógur.

Sölvafjöru í takmörkuðu plátsi hefur ábúandi áður selt sjer til gagnsmuna.

Engi, sem var, er fordjarfað af sjáfargángi, sem gjörir engið að svarðleysu leirfitjum.

Fornasel, fjórða hjáleiga, bygð meir en fyrir 80 árum á fornu selstæði.

Dýrleiki talinn í heimajörðunni og eigandi sami.

Ábúandi ekkjan Guðrún Teitsdóttir.

[…]

Torfrista og stúnga lítt nýtandi.

Móskurður nógur til eldiviðar.

Sölvafjara á einu skeri, sem kotinu hefur fylgt, er nú eydd að mestu, og brúkar síðan hjáleigumaðurinn óskamtaða fjöru heimajarðarinnar.

Hætt er kvikfje fyrir foröðum, sem jafnlega þarf undir það að brúa um sumur.

Engjar þær einar, sem hent er úr úthögum.

Sandhús, fimta hjáleiga, bygð fyrir manna minni.

Dýrleiki áður talinn i heimajörðunni og eigandi sami.

Ábúandi Gunnlaugur Jónsson.

[…]

Torfrista og stúnga næg.

Móskurður til eldiviðar nógur.

Túninu grandar sandfok.

Enginu sama til stórskaða, og blæs upp landið í stórviðrum.

Sölvafjara í takmörkuðu plátsi bjargleg, ut supra á Kvíslhöfða.

Afrjett og haga brúka hjáleigurnar óskift, so sem hvör þarf af heimajarðarinnar landi, og afrjett á Lánga Vatnsdal ut supra.

Af reka hafa þeir það eina, sem landsdrottinn leggur til húsabótar.

Af eggveri og selveiði ekkert, og ekki hafa þeir leyfi til að láta skip gánga, sem þeir eiga sjálfir, nje taka af öðrum.

Siggusel, eyðihjáleiga. Bygt meir en fyrir 70 árum og varaði bygðin til næstliðins árs, síðan í auðn og so eftirkomandi.

Dýrleikinn talinn í heimajörðunni og eigandi sami.

[…]

Þetta kot brúkar nú til slægna ábúandinn að Kvíslhöfða fyrir óákveðinn toll, eður góðvilja, eftir samkomulagi.

Kostir og ókostir sem segir um Fornasel.

Aftur má hjer byggja, því þessi hjáleiga lagðist í eyði fyrir fólksfækkun, sem varð í bólunni 1707.

Stadarsteckur, önnur eyðihjáleiga, bygð á fornu stekkjarstæði heimajarðarinnar fyrir 14 árum, og varaði bygðin inn til næstu 3ja ára.

Dýrleiki talinn í heimajörðunni og so eigandi.

[…]

Þetta kot brúkar nú heimajörðin til beitar siðan það eyðilagðist. Ekki þykir mönnum líklegt að hjer muni aftur byggjast, fyrir landþröng og heyskaparleysi.

Arnarbæle, þriðja eyðihjáleiga, bygð i heimatúni fyrir manna minni og varaði bygðin inn til næstu 16 ára, síðan í auðn. Þessi hjáleiga ætla menn að staðið hafi á þeim tóftum í heimatúninu, sem nú eru kallaðar Tóatópter. En ekki er hjer neitt víst um það, annað en hvað menn hafa heyrt af sjer eldri mönnum.

[…]

Grasnautn þessarar hjáleigu fylgir heimajörðunni síðan kotið fjell í auðn.

Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar heimajörðunni.

Kvijendiskot heitir eitt örnefni í heimalandi, sem brúkuð var selstaða frá heimajörðunni um 2 ár hjer um fyrir 30 árum, og síðan fjárhús um nokkur ár þar eftir. Það eru munnmæli hjer hafi að fornu bygð verið, og sáust þar líkindi tóftaleifar, þá selið var

> bygt. Enginn nálægur veit hvörjir kostir voru hjer eða ókostir. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið, sem menn ætla verið hafi, er nú komið í graslausa grámosamóa.
>
> Kórunes, forn sjómannabúð, bygð upp hjerum fyrir 30 árum, og vita menn ekki, að þar hafi nokkur búðartollur goldist. En hjerum fyrir 10 árum fylgdi þessari sjóbúð nokkuð lítil grasnyt, so sem vera kynni fyrir eina kú naumlega, og ljeði landsdrottinn, sem þá var ábúandi heimajarðarinnar, húsið og grasið landskuldarlaust og tollfri fátækri ekkju um áðursagðan tíma. Þetta hús hefur í auðn verið síðan 1707, er bólan gekk, og ekki þykir líklegt að þetta hús muni aftur bygt verða fyrir heyskaparleysi, nema ef vera kynni tóm sjóbúð.[441]

Í jarðamati Mýrasýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Álftaness metinn 60 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð að hálfu í eigu Magnúsens stiftsprófasts og að hálfu prestsekkjunnar Ragnheiðar Jónsdóttur. Þó segir að ⅕ hluti eða 12 hundruð hafi tilheyrt kirkjunni. Með í matinu voru eyðihjáleigurnar Sandhús, Staðarbakki, Arnarbæli og Kvígindiskot.[442]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Álftanes á Mýrum metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[443]

Í jarðamati Mýra- og Hnappadalssýslu 1849–1850 kemur fram að jörðin Álftanes var metin með hjáleigunum Kvíslhöfða, Tanga, Sigguseli, Fornaseli og Nauthólum og hlunnindum er fylgdu kirkjunni þar á 2.100 ríkisbankadali.[444]

Landamerkjaskrá Álftaness á Mýrum með hjáleigunum Tanga, Einarsneskoti, Kvíslhöfða, Sigríðarseli, Fornaseli og Nauthólum er dagsett 3. október 1883 en hún var þinglesin 24. maí 1884. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Álftanesi í Álftaneshreppi.
>
> Landamerki jarðarinnar Álftaness í Álftanesshreppi með hennar 6 undirliggjandi hjáleigum Tanga, Einarsneskoti, Kvíslhöfða, Sigríðarseli, Fornaseli og Nauthólum eru eftirfylgjandi:
>
> 1. Að austanverðu frá sjó úr skiftiskeri sjónhending í þá djúpu keldukvísl sem er austan til við kvíslhöfða svo ræður keldan; úr henni sjónhending í Torfstapana; úr Torfstapanum í vörðu á Snöggholtunum með áklöppuðum + þaðan sjónhending í Tangaás; úr Tangaás í Kænuhól. Þettað eru landamerki millum Álftaness og Miðhúsa pláss.
>
> 2. Úr Kænuhól eftir vatninu í Ánastaðarvíkur þessi merki eru milli Álftaness og Veggja,
>
> 3. Úr Ánastaðavíkum í þá forarkeldu, sem liggur sunnan Kolásana og þaðan í há Þorsteinssholtin þessi landamerki eru á milli Álftaness og Vogalækjar.
>
> 4. Úr Þorsteinsholtum sjónhending í jarðföllin í Finnsteinskeldu; svo ræður keldan í miðjum veitustreng, þaðan ~~beint~~ eftir miðjum ál sunnanvert við Eina svo á miðja Röst, úr miðri Röst í sjó fram í miðt Breiðasund, þettað eru landamerki millum Álftavers og Staumfjarðar.
>
> 5. Úr Breiðasundi til austurs á sjóliggjandi lögfesti jeg þessi sker og kletta Breiðusker, Svartafles, Hnokka, Skarfaklett, Flyðrusker, Bjarnarskerin bæði vestra og það syðra,

[441] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IV, bls. 395–400, skjal nr. H-7.
[442] Skjal nr. 2(99).
[443] Skjal nr. 4(1), bls. 130.
[444] Skjal nr. 2(121).

> Lamasker, Fiskisker og síðan í fyr nefnt skiptisker og öll sker og hólma innan þessara takmarka.
>
> Utan hennar hjergreindu landamerkja, liggur Þormóðssker undir Álftanes.
>
> Landamerki þessi eru samhljóða lögfestu fyrir Álftanesi dagsett 13. júní 1807.
>
> Álftanesi 3. október 1883.
>
> O. Sigurðsson
>
> Ásgeir Bjarnason (eigandi og ábúandi Vogalækjar)
>
> Erlendur Sigurðsson Álftárósi eigandi ~~Álftárbakka~~ Litlabæjar og og Veggja
>
> Kristján Kristjánsson (í umboð eigenda að Kothól
>
> og hálfum Miðhúsa-vesturbæ)
>
> Jónas Kristjánsson (eigandi ½ Straumfirði)
>
> G.Sigurðsson (eigandi að ¼ í jörðinni Straumfirði)[445]

Í undirmati að fasteignamati Mýrasýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Álftanes var metin á 2.700 kr. Tilgreint er að landamerki hennar hafi verið þinglesin. Fram kemur að talið var að Álftaneskirkja ætti Þormóðssker. Eigendur jarðarinnar voru Haraldur Bjarnason og Halla Jónsdóttir.[446]

5.7 Álftanes í Gullbringusýslu og Seltjarnarnes

5.7.1 Landnám

Í Landnámabók segir frá landnámi Ingólfs Arnarsonar en þar segir m.a. eftirfarandi:

> Ingólfr for um várit ofan um heiði; hann tók sér bústað þar sem ǫndvegissúlur hans hǫfðu á land komit; hann bjó í Reykjarvík; þar eru enn ǫndugissúlur þær í eldhúsi. En Ingólfr nam land milli Ǫlfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Øxarár, ok ǫll nes út.[447]

5.7.2 Eyvindarstaðir á Álftanesi

Í Landnámabók segir frá landnámi Ingólfs Arnarsonar en þar segir eftirfarandi:

> Ingólfr for um várit ofan um heiði; hann tók sér bústað þar sem ǫndvegissúlur hans hǫfðu á land komit; hann bjó í Reykjarvík; þar eru enn ǫndugissúlur þær í eldhúsi. En Ingólfr nam land milli Ǫlfusár ok Hvalfjarðar fyrir útan Brynjudalsá, milli ok Øxarár, ok ǫll nes út.[448]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Álftaneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Eyvindarstaði:

> **Eyvindarstader.**
>
> Jarðardýrleiki er óviss, því jörðin tíundast öngvum.
>
> Eigandinn er kóngl. Majestat.

[445] Skjal nr. 2(33).
[446] Skjal nr. 2(156).
[447] *Íslenzk fornrit* I (1986), bls. 45, skjal nr. 4(38).
[448] Íslenzk fornrit I (1986), bls. 45, skjal nr. 4(38).

> Ábúendur ekkjan Jarðþrúður Steinþórsdóttir, býr á hálfri, annar Páll Ingimundarson, býr á fjórða parti, þriðji Jón Bjarnason, býr á fjórðúngi.
>
> […]
>
> Hrístak uppá þá ákveðnu hrísshesta tekur jörðin í almenningi.
>
> Torfrista og stúnga og móskurður til eldiviðar nægilegt í eigin landi.
>
> Fjörugrasatekja lítil.
>
> Rekavon lítil.
>
> Sölvafjara hjálpleg.
>
> Hrognkelsafjara gagnvænleg.
>
> Skelfiskfjara lítil af reka.
>
> Heimræði er ekkert nær en á hálflendunni, sem bygð er úr þessarar jarðar landi og heitir Bakkakot; þar gánga skip ábúenda frí og mótmælisslaust árið um kríng. Kóngsskip nje inntökuskip eru hjer engin, en Jón Bjarnason hefur að láni skip frá umboðsmanninum og hefur umboðsmaður hálfan skiphlut af og leggur til stjórafæri, en ábúandinn það sem meira þarf.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Útihagar litlir og voveiflega hættir fyrir mógröfum.[449]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Eyvindarstaða metinn 15 hundruð. Jörðin var konungsjörð.[450]

Við manntalsþingsrétt að Görðum á Álftanesi 30. maí 1823 var þinglýst forboði gegn allri notkun óviðkomandi á jörðunum Brekku, Sandholti, Skógtjörn og Eyvindarstöðum.[451]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Eyvindarstaðir á Álftanesi metin 15 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[452]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Eyvindarstaði:

> Eivindarstadir. Túnid er mestmegnis umgirdt, stórt, sumpart nyslettad, hinsvegar þyft, ekki grasgefið. Útland nokkurt. Utrædi gott á ollum ársins tímum, en laung skipgánga. Lendíng allgód. Vergögn engin. Hrognkelsaveidi gód. Mótak og torfrista nægileg. Fodrar 7 kyr.
>
> Ath. á jordinni standa 6 tómthús með 5 vætta árlegu eptirgjaldi.[453]

Við manntalsþingsrétt að Görðum á Álftanesi hinn 28. júní 1858 létu bændurnir Stefán Stefánsson í Sviðholti, Sigurður Arason í Gesthúsum og Guðbrandur Hinriksson í Hákoti friðlýsa svonefndum Sviðholts- og Eyvindarstaðahólmum til að upptaka selveiði.[454]

Landamerkjaskrá Eyvindarstaða er dagsett 31. maí 1890 en hún var þinglesin 7. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

---

[449] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 218–219, skjal nr. H-7.
[450] Skjal nr. 2(100).
[451] Skjal nr. 2(258).
[452] Skjal nr. 4(1), bls. 93.
[453] Skjal nr. 2(122).
[454] Skjal nr. 2(259).

Landamerki

Eyvindarstaða á Álptanesi.

Þessi eru landamerki Eyvindarstaða eptir fornum skjölum og brúkun frá ómunatíð:

Að austan milli Lambhúsa og Eyvindarstaða er landamerki bein lína úr Grásteini á grandanum eptir vörðum sem þar eru hlaðnar fyrir utan Lambhúsaveitu og í miðjan Bessahólma; þaðan til norðvesturs beint í vörðu við endann á Breiðaskurði milli Breiðabólsstaða og Eyvindarstaða.

Að vestan eru þessi merki milli Eyvindarstaða og Kasthúsa og Landakots: Bein stefna úr vörðunni við Breiðaskurðsenda og í miðjan Aurvöll og sem túngarðurinn ræður á gerðinu beina línu í sömu stefnu suðr í merkjalínu þá sem skiptir mýrinni.

Að sunnan milli Eyvindarstaða Sviðholts og Brekku og Kirkjubrúar ræður merkjalína sú sem nú var greind og áður hefir samþykkt. Við sjó fram á jörðin beitutekju, þangskurð og sölvafjöru í Eyvindarstaðahólma (Hrakhólma) og það sem þar rekur. Lending eiga Eyvindarstaðir í Bakkakoti eptir fornum skjölum mótmælalaust.

Eyvindarstöðum 31. maí 1890.

Eiríkur Tómásson — Jón Tómásson

fyrir hönd eiganda hálfra Eyvindarstaða. — fyrir hönd eiganda hálfra Eyvindarstaða.

Samþykkur: Grímur Thomsen Bessastaða og Lambhúsa vegna

Samþykkur: Erlindur Erlindsson. }

Samþykkur: Erlindur Björnsson } fyrir Breiðabólsstaði.

Samþykkur: Guðmundur Guðmundsson Kasthúsa vegna.

Samþykkur: Jón Jónsson fyrir eigninni Deild.

Samþykkur: Jóhannes V. H. Sveinsson fyrir Tröð

Samþykkur: C. Zimsen (sem eigandi Landakots)

Kristján Jónsson fyrir hönd Bakkakots.[455]

Við manntalsþing 29. maí 1903 var þinglýst afsalsbréfi dagsettu 28. október 1902 frá Eiríki Tómassyni til Þorsteins Tómassonar fyrir ¼ hluta úr jörðinni Eyvindarstöðum.[456]

Við manntalsþing 25. júní 1906 var þinglýst afsalsbréfi dagsettu 26. júní 1905 frá Jóni Tómassyni og fleirum til Andrésar Þorleifssonar fyrir jörðinni Eyvindarstöðum.[457]

Við manntalsþing 16. maí 1907 var þinglýst tveimur afsalsbréfum fyrir jörðinni Eyvindarstöðum. Hið fyrra var útgefið 18. janúar 1906 af Andrési Þorleifssyni til Sturlu Jónssonar og hið síðara var útgefið 15. september 1906 af Sturlu Jónssyni til Árna Thorlacius.[458]

Við manntalsþing 17. júní 1910 var þinglýst afsalsbréfi útgefnu 2. september 1908 af Einari Pálssyni til Ásgríms Jónssonar fyrir jörðinni Eyvindarstöðum.[459]

[455] Skjöl nr. 2(66) og 2(260).
[456] Skjal nr. 2(261).
[457] Skjal nr. 2(262).
[458] Skjal nr. 2(263).
[459] Skjal nr. 2(264).

Við manntalsþing 12. júní 1914 var þinglýst afsalsbréfi dagsettu 18. júlí 1913 til Magnúsar Arnbjörnssonar og fleiri fyrir jörðinni Eyvindarstöðum.[460]

Í undirmati að fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Eyvindarstaðir var metin á 12.000 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki jarðarinnar. Eigandi hennar var Magnús Sigurðsson.[461]

Við manntalsþing 14. júní 1920 var þinglýst afsalsbréfi dagsettu 16. apríl 1919 frá Magnúsi Sigurðssyni og fleirum til Gunnars Sigurðssonar fyrir jörðinni Eyvindarstöðum.[462]

Við manntalsþing 9. júní 1921 var þinglýst afsalsbréfi dagsettu 6. apríl 1920 frá Gunnari Sigurðssyni til Jóns Pálssonar fyrir jörðinni Eyvindarstöðum.[463]

Landamerkjaskrá Eyvindarstaða er dagsett 2. desember 1921 en hún var innfærð í landamerkjabók 3. janúar 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkji Eyvindarstaða á Álftanesi
>
> Þessi eru landamerkji Eyvindarstaða eftir fornum skjölum og bókum frá ómunatíð:
>
> Að austan milli Lambhúsa og Eyvindarstaða er landamerkji beinn lína úr Grásteini á grandanum eftir vörðum, sem þar eru hlaðnar fyrir utan Lambhúsaáveitu og í miðjum Bessahólma; það til norðvesturs beint í vörðu við endan á Breiðaskurði milli Breiðabólsstaða og Eyvindarstaða. – Að vestan eru þessi merki milli Eyvindarstaða og Kasthúsa og Landakots; Bein stefna úr vörðunni við Breiðaskurð og í miðjan Aurvöll og sem túngarðurinn ræður á gerðinu beina línu í sömu stefnu suður í merkjalínu þá sem skiftir mýrinni. Að sunnan milli Eyvindarstaða Sviðholts og Brekku og Kirkjubrúar ræður merkja lína sú sem nú var greind og áður hefur samþykt verið. Við sjá fram á jörðin beitutekju. Þangskurð og Sölfafjöru í Eyvindarstaðahólma (Hrakhólma) og það sem þar rekur. – Lending eiga Eyvindarstaðir í Bakkakoti eftir fornum skjölum mótmælalaust.
>
> Eyvindarstöðum 2. desember 1921
>
> Stefán Jónsson fyrir hönd eiganda Eyvindarstaða
>
> Samþykkur: Ólafur Bjarnason fyrir Halakot, Gerðakot og ½ Bakkakot
>
> Samþykkur. Eyjólfur Þorbjarnarson fyrir Hákot og Haukshús
>
> Samþykkur: Eyjólfur Gíslason fyrir Sviðholt og Garðhús
>
> Samþykkur: Erlendur Björnsson fyrir Breiðabólsstaði og ½ Akrakot
>
> Samþykkur: Klemens Jónsson fyrir hönd hreppsnefndar Bessastaðahrepps vegna Bjarnastaðanna
>
> Samþykkur: Jón H. Þorbergsson vegna Bessastaða og Lambhúsa.
>
> Guðni Jónsson samþykkur vegna Bakkakots með fyrirvara vegna ~~Bakkakots~~ Landakots og Kasthúsa.
>
> Sje stefnan tekin af miðjum Aurvelli milli Landakots og Kasthúsa annarsvegar og Eyvindarstaða hins vegar þá er hún af miðjum Aurvelli og í áðurgreinda þúfu við breiðaskurð beina línu í Skólavörðu

[460] Skjal nr. 2(265).
[461] Skjal nr. 2(157).
[462] Skjal nr. 2(267).
[463] Skjal nr. 2(267).

> Samþykkur vegna Landakots og Kasthúsa Guðni Jónsson
>
> Samþykkur Stefán Jónsson[464]

Við manntalsþing að Bjarnastöðum 29. júní 1922 var þinglýst landamerkjaskjali fyrir Eyvindarstöðum dagsettu 2. desember 1921 og með undirskrift allra hlutaðeigandi.[465]

5.7.3 Nærliggjandi jarðir á Álftanesi og Seltjarnarnesi

5.7.3.1 Breiðabólsstaðir á Álftanesi

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Álftaneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Breiðabólsstaði:

> **Breidabolstadur**, nú kallað hálfbýli og hefur ekki fyrirsvar nema að helmíngi.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandinn kóngl. Majestat.
>
> Ábúandinn Guðlaugur Grímsson.
>
> […]
>
> Sölvafjöru á jörðin á Lönguskerjum í Skerjafirði.
>
> Heimræði er þar árið um kríng og lendíng góð.
>
> Jörðin er þrönglend á sumardag og hefur selstaða brúkuð verið fyrir ofan Álftanes þar sem Norðurhellrar heita.
>
> Landið brýtur sjór nokkurn part og vindur ber upp sjóarsand á túnið til stórskaða.
>
> Vatn þrýtur í stórum frostavetrum og verður þá á aðra bæi vatn að sækja.[466]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Breiðabólsstaða metinn 20 hundruð og 100 álnir. Jörðin var konungsjörð.[467]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Breiðabólsstaðir á Álftanesi metin að dýrleika 20 hundruð og 5/6 hlutar úr hundraði og skráð sem bændaeign.[468]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Breiðabólsstaði:

> Breidabólstadir. Túnid allstórt, mestmegnis þyft, allgrasgefid. Mikill ágángur á þad af sandfoki og nokkur af sjó. Beitiland allgott sumar og vetur, útaf fyrir sig. Gód fjörubeit fyrir hross á vetrum. Utrædi gott á öllum ársins tímum. Lending gód. Vergögn nægileg. Hrognkelsaveidi hin besta. Mótak nægilegt. Þaunglareki nógur. Fódrar 2½ kú.[469]

Í undirmati að fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Breiðabólsstaðir var metin á 6.600 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki jarðarinnar. Eigandi hennar var Erlendur Björnsson.[470]

---

464 Skjal nr. 2(34).
465 Skjal nr. 2(268).
466 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 215–216, skjal nr. H-7.
467 Skjal nr. 2(101).
468 Skjal nr. 4(1), bls. 93.
469 Skjal nr. 2(122).
470 Skjal nr. 2(158).

5.7.3.2 Bessastaðir og Lambhús á Álftanesi

Í máldaga Vilchins fyrir Nikulásarkirkju að Bessastöðum frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Nichulæs kyrkia a Bessastodum a þridiung j heimalandi.
>
> […]
>
> Porcio ecclesie um fiogur ar medan vigfws bondi bio vij hundrat og half mork.
>
> fiell nidur allt samann firir bot a kyrkiu.[471]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna á Bessastöðum frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ä Bessastødum. ä thridiung i heimalande.[472]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Álftaneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Bessastaði og Lambhús:

> **Bessastader.**
>
> Jarðarinnar dýrleiki þykjast menn heyrt hafa að verið hafi xii hndr.
>
> Eigandinn er kóngl. Majestat.
>
> Hjer er amptmannsins residens og fóetans þá so til hagar.
>
> […]
>
> Túnið segist að vera viii kýrfóðurs vellir og er nú sökum áburðaleysiss og annarar vanræktar stórum af sjer gengið og víða komið í mosa.
>
> […]
>
> Sölvafjöru á jörðin lítilsverða inn við Bessastaðanes, hvör þó ei brúkast.
>
> Eldiviðartak af mó var til forna nægjanlegt í Bessastaðanesi, en tekur nú mjög so að rjena.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Túnið brýtur að sunnanverðu Lambhúsatjörn, er gengur úr Skerjafirði.
>
> Haglendið brjóta flæðiskurðir, er gánga úr Bessastaðatjörn norðanvert á Bessastaðaland.
>
> Vatnsból er slæmt og erfitt og þrýtur jafnlega á þerrasumrum og frostavetrum.
>
> Heimræði brúkast ekki, en skipastaða Bessastaðamanna er í Melshöfða.
>
> **Lambhus**, hálflenda so kölluð, því það hefur ekki fyrirsvar nema til helmíngs á móts við lögbýlissjarðir.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandi kóngl. Majestat.
>
> Ábúandinn Magnús Ljenarsson.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga og móskurður nægilegt.

[471] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 107, skjal nr. 4(81).
[472] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 637, skjal nr. 4(83).

> Sölvafjöru hefur jörðin í Lönguskerjum.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Útigángur þröngur.
>
> Afbýlissmaður innanbæjar er Margret Jónsdóttir ekkja.
>
> […]
>
> Eldiviðartak ásamt heimabóndanum.[473]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Bessastaða ótilgreindur. Jörðin var konungsjörð.[474] Sama máli gegnir um Lambhús.[475]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bessastaðir á Álftanesi metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem konungseign.[476] Einnig er jörðin Lambhús á Álftanesi skráð sem konungseign en dýrleika hennar er ekki getið.[477]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Lambhús og Bessastaði:

> 61. Lambhús. Túnið umgirdt, greidfært og grasgefid. Land ekkert utan garda. Ekkert Útrædi. Mótak hægt og mjög gott. Fódrar 2 kyr.[478]
>
> 62. Bessastadir með hjaleigunni Skansi. Túnid umgirdt, stort, sumpart slett, velræktad og allgrasgefid. Slægjulaust utan túns. Útland allmikid, sjálfvarid og gott til beitar fyrir allar skepnur. Vetrarbeit allgód. Útrædi á öllum ársins tímum allgott en ördugt. Lending ágjæt. Hrognkelsaveidi gód. nokkurt beitutak. Vergögn gód. Mótak mikid og ágjætt. Fódrar 8½ kú.[479]

Í undirmati að fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bessastaðir með eyðijörðinni Lambhúsi var metin á 20.000 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki jarðarinnar. Eigandi hennar var Jón H. Þorbergsson.[480]

Landamerkjaskrá Bessastaða með Lambhúsum er dagsett 31. maí 1890 en hún var þinglesin 7. júní 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki
>
> Bessastaða á Álptanesi með Lambhúsum.
>
> _ " _
>
> Þessi eru landamerki Bessastaða með Lambhúsum eptir fornum skjölum og brúkun frá ómunatíð:
>
> Bessastaðir eiga að austan norðan og sunnan allt að sjó (Skerjafirði og Lambhúsatjørn), en milli Lambhúsa og Eyvindarstaða eru landamerki að norðan og norðasutan bein lína úr Grásteini á Brekku – granda eptir vörðum sem þar eru hlaðnar fyrir utan Lambhúsaveitu og í miðjan Bessahólma – sem og heyrir undir Bessastaði –. Að sunnan verðu eiga Bessastaðir (Lambhús) að Grásteini á fyrtjeðum granda.

[473] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 219–221, skjal nr. H-7.
[474] Skjal nr. 2(102).
[475] Skjal nr. 2(103).
[476] Skjal nr. 4(1), bls. 94.
[477] Skjal nr. 4(1), bls. 93.
[478] Skjal nr. 2(122).
[479] Skjal nr. 2(122).
[480] Skjal nr. 2(159).

Bessastöðum 31. maí 1890

Samþykkur	Grímur Thomsen
Jón Tómásson. Eyvindastaða vegna.	
Samþykkur	Samþykkur
Eiríkur Tómásson. Eyvindastaða vegna	Jón Einarsson (handsalað) Brekku vegna.[481]

Önnur landamerkjaskrá Bessastaða með Lambhúsum er dagsett 20. júní 1922 en hún var þinglesin 29. júní 1922. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki Bessastaða með Lambhúsum.
>
> Þessi eru landamerki Bessastaða með Lambhúsum, eftir fornum skjölum og brúkun frá ómunatíð.
>
> Bessastaðir eiga að austan, norðan og sunnan alt að sjó (Skerjafirði og Lambhúsatjörn), en milli Lambhúsa og Eyvindarstaða eru landamerki að norðan og norðaustan bein lína úr Grásteini á Brekkugranda, fyrir utan Lambhúsaveitu og í miðjan Bessahólma, sem og heyrir undir Bessastaði. Að sunnanverðu eiga Bessastaðir (Lambhús) stefnu úr Lambhúsatjörn að Grásteini, á fyrtjeðum Granda. Þríhyrnuna fyrir vestan veginn sem liggur út og suður á Grandanum, hefi jeg selt Ólafi Bjarnasyni á Gesthúsum.
>
> Bessastöðum 20. júní 1922.
>
> Jón H. Þorbergsson
>
> Samþykkur: Klemens Jónsson vegna Brekkubúðar
>
> Samþykkur: Ólafur Bjarnason
>
> Samþykkur fyrir Eyvindarstaði Stefán Jónsson[482]

5.7.3.3 Skildinganes við Skerjafjörð

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Seltjarnarnesshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Skildinganes:

> **Skilldinganes.**
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandinn kóngl. Majestat.
>
> Ábúendur eru Bergsteinn Bjarnason á hálfri, annar Þorbjörn Petursson á hálfri.
>
> […]
>
> Kvaðir eru flutníngur Bessastaðamanna á því er til Viðeyjar klausturs heyrir yfir Skerjafjörð og til lands yfir Seltjarnarnes að Arnarhóli, og segja menn að hjer með kvittist allar kvaðir aðrar.
>
> […]
>
> Torfrista og stúnga og móskurður til eldiviðar nægilegt.
>
> Fjörugrasatekja lítil.
>
> Selveiði má brúka.
>
> Rekavon lítil.
>
> Sölvafjara bjargleg.

[481] Skjal nr. 2(67).
[482] Skjal nr. 2(35).

> Hrognkelsafjara nokkur.
>
> Skelfiskfjara bjargleg.
>
> Marálmur nokkur.
>
> Heimræði er árið um kríng og lendíng góð, en lángræði mikið; gánga skip ábúenda eftir hentugleikum. Inntökuskip nje kóngsskip engin.
>
> Túnin spillast af sjáfarágángi.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Flæðihætt mjög.
>
> Afbýlismaður heima við bæinn hjá Bergsteini Páll Jónsson, hefur af jörðu kýrfóðurs völl.
>
> […]
>
> Eldiviðartak af móskurði nægilegt.
>
> Afbýlissmenn heima við bæinn hjá Þorbirni tveir: Jón Jónsson, hefur af jörðu kýrfóðursvöll. Ólafur Jónsson, hefur eins mikið.
>
> […]
>
> Eldiviðartak af mó nægilegt.
>
> Þriðji afbýlissmaður heima við bæinn hjá Þorbirni Jón Jónsson, hefur kú að hálfu í heyjum hjá bóndanum.
>
> […]
>
> Eldiviðartak af móskurði nægilegt.
>
> **Litla Skilldinganes**, hjáleiga undir umráðum heimabændanna og byggir hálfa hver.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Ábúendur ekkjan Margret Þórarinsdóttir, býr á hálfri, annar Halldór Þorbjarnarson, býr á hálfri.
>
> […]
>
> Eldviðartak af mó nægilegt.
>
> Skip mega þessir ábúendur hafa fyrir landi sem þeir megna.[483]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Skildinganess metinn 20 hundruð. Jörðin var sjálfseignarjörð í eigu Guðmundar Jónssonar.[484]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Skildinganes:

> Skildinganes. Túnid er umgirdt, stórt en þyft, þó vel grasgefid. Eingjar vantar. Land nokkurt til beitar. Ágjætt og mikid mótak til sölu. Utrædi allgott á öllum ársins tímum, en ördugt. Gód hrognkelsaveidi. Lendíng gód. Vergögn gód. Nokkur ágángur af sjó á túnid. Flædihætt. Fodrar í medalári 7 kyr.

[483] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 230–233, skjal nr. H-7.
[484] Skjal nr. 2(104).

> Ath. Á jördinni standa nú 5 tómthús, eptir þau öll er árlega goldid landeiganda 5 vættir. P. Gudmundssyni vikid frá matinu sakir skildingleika vid eigandann.[485]

Með yfirlýsingu dagsettri 31. maí 1890 lýstu Erlendur Guðmundsson, Ingjaldur Sigurðsson og Anna Björnsdóttir því að jörðin Skildingastaðir ætti Skildinganeshólma á Skerjafirði. Yfirlýsingin var þinglesin 6. júní 1890 en efni hennar er svohljóðandi:

> Við undirskrifaðir lýsum hjermeð yfir því, að sker þau á Skerjafirði, sem kölluð eru Skildinganeshólmar, eru og hafa ætíð verið talin mótmælalaus eign eignarjarðar okkar Skildinganess ásamt öllum þeim nytjum er þeim fylgja, svo sem beitutekju, sölvafjöru, þangskurði, reka og selveiði, og er því öllum öðrum óheimilt að hagnýta sjer nokkrar nytjar á því svæði án okkar leyfis.
>
> Skildinganesi, Lambstöðum og Mýrarhúsum 30. mai 1890.
>
> Erlendur Guðmundsson. Ingjaldur Sigurðsson. Anna Björnsdóttir[486]

Í undirmati að fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Skildinganes var í heildina metin á 35.700 kr. Tilgreint er engin landamerkjalýsing var til fyrir jörðina. Eigendur hennar voru Gunnsteinn Einarsson, Sigurður Briem, Þorl. H. Bjarnason, Álfheiður Briem, erfingjar Ólafs Árnasonar, félagið „The Harbours & Piers Association, Ltd. og hlutafélagið „Bræðingur“.[487]

5.7.3.4 Lambastaðir á Seltjarnarnesi

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Seltjarnarneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Lambastaði:

> **Lambastader.**
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandinn kóngl. Majestat.
>
> Ábúandinn er presturinn Sr. Jón Stefánsson sóknarprestur til kirknanna á Seltjarnarnesi.
>
> […]
>
> Selstöðu þykjast nokkrir heyrt hafa jörðinni eignaða þar sem heitir undir Selfjalli og kallað er Lambastaðasel.
>
> Torfrista og stúnga í heimalandi lítil og lítt nýtandi.
>
> Mótak til eldiviðar er í Víkurlandi og hefur þar brúkað verið um lángar stundir.
>
> Rekavon hin minsta.
>
> Sölvafjara nýtileg þar sem heita Löngusker.
>
> Hrognkelsafjara nokkur mætti vera í Lönguskerjum.
>
> Skelfiskfjara í sama stað lítil og erfið.
>
> Heimræði er árið um kríng og lendíng í lakara lagi, gánga þó skip ábúanda eftir hentugleikum. Kóngsskip hefur hjer til forna gengið fjögra manna far, en þó skjaldan. Verbúð fylgdi því engin, en ábúandi hýsti háseta. Inntökuskip aldrei eður mjög skjaldan.

[485] Skjal nr. 2(123).
[486] Skjal nr. 2(65).
[487] Skjal nr. 2(160).

> Túnið brýtur sjór mjög til skaða.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Útigángur hættur og voveiflegur fyrir mógröfum til stórmeina.
>
> Afbýlissmaður heima við bæinn Arngrímur Gíslason,
>
> […]
>
> Eldiviðartak af móskurði ásamt heimajörðinni.
>
> **Tiarnarhus**, hjáleiga.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Ábúendur Otti Gíslason, býr á hálfri. Annar Þorbjörg Jónsdóttir ekkja, býr á hálfri.
>
> […]
>
> Eldiviðartak af móskurði ásamt heimajörðinni og sölvatekja sem ábúendur orka.
>
> **Melshus**, önnur hjáleiga.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Ábúandinn Jón Sigurðsson.
>
> […]
>
> Eldiviðartak og sölvatekja ut supra.
>
> Afbýlissmaður af þessari hjáleigu Brandur Jónsson,
>
> […]
>
> Eldiviðartak og sölvatekja ásamt hjáleigumanninum.
>
> […].[488]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Lambastaða metinn 20 hundruð með hjáleigum sínum. Jörðin var konungsjörð. Með í matinu voru hjáleigurnar Tjarnarhús og Melshús.[489]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Lambastaðir á Seltjarnarnesi metin 20 hundruð að dýrleika og skráð sem kirkjueign.[490]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Lambastaði:

> Lambastadir með hjáleigunum Melshusum og Tjarnarkoti. Túnid stórt, en mestmegnis þyft, hardt, seinunnid og ekki grasgefid. Túngard vantar ad mestu. Slægjulaust utan túns. Land lítid. Hættur fyrir skepnur. Nokkur fjörubeit fyrir hross á vetrum. Utrædi gott á öllum ársins tímum. Nokkur hrognkelsaveidi. Lendíng í medal lagi. Vergögn hin bestu. Nokkurt landbrot á túnid af sjo. Nokkur þángskurdur. Mótak og torfristu vantar. Fódrar í medalári 5 kyr.

[488] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 233–236, skjal nr. H-7.
[489] Skjal nr. 2(105).
[490] Skjal nr. 4(1), bls. 94.

> Ath. á jördinni standa 2 tómthús bædi með 2 vætta árlegu eptirgjaldi til heima-bóndans.[491]

Með yfirlýsingu dagsettri 31. maí 1890 lýsti Ingjaldur Sigurðsson því að jörðin Lambastaðir ætti Löngusker á Skerjafirði. Yfirlýsingin var þinglesin 6. júní 1890 en efni hennar er svohljóðandi:

> Hérmeð lýsi jeg yfir því, að eignar- og ábúðarjörð mín Lambastaðir í Seltjarnarnesshreppi á samkvæmt fornum skjölum sker þau, er liggja á Skerjafirði og Löngusker eru kölluð ásamt öllum nytjum, svo sem beitutekju, sölvafjöru, þangskurði, reka og selveiði, og er því öðrum mönnum óheimilt að hagnýta sjer nokkrar nytjar á því svæði án míns leyfis.
>
> Lambastöðum 31. mai 1890.
>
> Ingjaldur Sigurðsson[492]

Í undirmati að fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Lambastaðir var metin á 12.000 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki hennar. Eigandi jarðarinnar var hlutafélagið „Eyja“ í Reykjavík.[493]

5.7.3.5 Hrólfsskáli á Seltjarnarnesi

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Seltjarnarneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Hrólfsskála:

> **Hrolfsskale**, hálfbýli kallað, því það hefur ekki fyrirsvar haft nema að helmingi mót lögbýlissjörðum inn til tveggja næstliðinna ára.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandinn kóngl. Majestat.
>
> Ábúandinn Markús Jónsson.
>
> […]
>
> Torfstúnga er lítil og so rista. Móskurður í Víkur landi.
>
> Fjörugrasatekja lítil þar sem heita Löngusker.
>
> Rekavon lítil.
>
> Sölvafjara í Lönguskerjum.
>
> Hrognkelsafjara nokkur og skelfiskfjara í sama stað.
>
> Heimræði er árið um kríng og lendíng góð, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip eitt, fjögra manna far, hefur stundum gengið eitt um vertíð, og þó síðan Heidemann skildi við ekkert. Verbúð fylgdi engin, og hýsti bóndinn skipshöfn. Inntökuskip allskjaldan fyrir undirgift til ábúanda.
>
> Túnin brýtur og fordjarfar sjáfargángur, so að ei er húsum óhætt.
>
> Engjar eru öngvar.
>
> Útigángur enginn og haglaust um sumur.
>
> Hjáleigumaður heima við bæinn Hallvarður Gunnsteinsson,

[491] Skjal nr. 2(123).
[492] Skjal nr. 2(64).
[493] Skjal nr. 2(161).

> […]
>
> Eldiviðartak af mó ásamt heimabóndanum.
>
> […].[494]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hrólfsskála metinn átta hundruð og 40 álnir. Jörðin var konungsjörð.[495]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hrólfsskáli á Seltjarnarnesi metin að dýrleika átta hundruð og 1/3 hluti úr hundraði og skráð sem bændaeign.[496]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hrólfsskála:

> Hrólfsskáli. Túnið umgirdt, allmikid, gott og greidfært en nokkud grítt. Næstum landlaust utan gards. Beitarlaust sumar og vetur. Útrædi gott á öllum ársins tímum. Lendíng og hrognkelsaveidi gód. Vergögn gód. Þángtekja nokkur. Mótak og torfristu vantar. Fodrar í medalári 3 kyr. P. Guðmundsson gat ei vegna tengda vid eigandann tekid þatt í matinu.[497]

Í undirmati að fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Hrólfsskáli var í heildina metin á 10.000 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki jarðarinnar. Eigendur hennar voru Pétur Sigurðsson og Guðmundur Pétursson.[498]

5.7.3.6 Bakki á Seltjarnarnesi

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Seltjarnarneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Bakka:

> **Backe**, bygð í óskiftu heimalandi Ness á Seltjarnarnesi og nú lögbýli kallað.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandi er kirkjan á Nesi á Seltjarnanesi.
>
> Ábúandinn Bjarni Árnason.
>
> […]
>
> Torfristu og stúngu og móskurð til eldiviðar brúkar jörðin í óskiftu landi heimajarðarinnar Ness.
>
> Rekavon lítil.
>
> Sölvatekju brúkar jörðin í Lönguskerjum.
>
> Hrognkelsafjara gagnvænleg.
>
> Skelfiskfjara hjálpleg til beitu.
>
> Heimræði er árið um kríng og lendíng góð, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip hafa hjer aldrei gengið það menn minnast, en inntökuskip stundum fyrir undirgift til ábúandans.
>
> Túnin brýtur sjáfargángur til stórskaða.

---

494 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 236–237, skjal nr. H-7.
495 Skjal nr. 2(106).
496 Skjal nr. 4(1), bls. 94.
497 Skjal nr. 2(123).
498 Skjal nr. 2(162).

> Engjar eru öngvar.
>
> Útihagar öngvir nema í óskiftu heimajarðarinnar Ness landi, og þó þröngvir.
>
> Vatnsból bregst oftlega bæði sumar og vetur.
>
> Afbýlissmaður heima við bæinn Guðmundur Þorsteinsson,
>
> […]
>
> Eldiviðartak af mó, sem tekst í fjöru, hjálplegt.
>
> Sölvafjöru og önnur hlunnindi hefur hjáleigumaðurinn ásamt heimabóndanum.
>
> Tómthúsmaður heima við bæinn Halldór Eireksson.
>
> […]
>
> Eldiviðartak af mó, sem tekst í fjörunni.[499]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Bakka ótilgreindur. Jörðin tilheyrði dómkirkjunni í Reykjavík.[500]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Bakki á Seltjarnarnesi skráð sem eign Reykjavíkurkirkju en dýrleika hennar er ekki getið.[501]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Bakka:

> Bakki. Túnid umgirdt, stórt, en mjög þyft, grítt og graslítid. Land utan túns ad tiltölu í óskiptu landi ámótsvid Nes og Biggard. Ekkert slægjuland utan túns. Utrædi gott á ollum ársins tímum. lending, vergögn og hrognkelsaveidi gód. Nokkur fjörumór og Þángskurdur. Torfristu vantar. Flædihætt. Fódrar í medalári 1½ kú.[502]

Í undirmati að fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Bakki var metin á 4.100 kr. Tilgreint er að landamerkjalýsing hennar var sameiginleg með Nesi. Eigandi jarðarinnar var dómkirkjan í Reykjavík.[503]

Í landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu er færð inn útskrift úr landskiptabók Kjósarsýslu um Nes á Seltjarnarnesi. Landskiptin fóru fram í október 1920 en skjalið var þinglesið 30. júní 1922. Í skjalinu segir meðal annars um Bakka:

> Útskrift úr Land-skiftabók Kjósarsýslu.
>
> Nes við Seltjörn.
>
> Land-skifta hjer hafa beiðzt:
>
> Gunnsteinn Einarsson eigandi og ábúandi fjórðungs af Nesjörðu (Ness 2)
>
> Kristín Ólafsdóttir, eigandi og ábúandi helftar af Nesi (Nes 1.)
>
> Sigurður Þórólfsson, ábúandi Ráðagerðis og eigandi þess, er telst áttungur af Nesjörð.
>
> […]

499 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 238–239, skjal nr. H-7.
500 Skjal nr. 2(107).
501 Skjal nr. 4(1), bls. 94.
502 Skjal nr. 2(123).
503 Skjal nr. 2(163).

Samkomulag varð að skifta ekki Gröndum- sand- og malarrifum við sjó sunnan og vestan að Bakkatjörn. Skyldu þeir framvegis, eins og fyr vera til sameiginna nota: sem vegir út í Suðurnes, til fjörumótekju, rekþaratekju, fiskþurkunar o.s.frv.

Engin mótmæli komu gegn því, að kirkjujarðirnar ættu sjöttung útlanda, nje gegn skiftum túna og sáðgarða, samkvæmt brjefi nr. 5. En um sjergirta sáðreiti norður við Nesvör er eigendur heimajarða í Nesi hafa notað, var nokkuð deilt. En með því þeir eigi eru „innan túngirðinga“, sem brjefið ákveður, var álit skiftamanna, að þeir yrðu að teljast til óskifts lands.

Landamerki eru talin ágreiningslaus gagnvart öðrum jörðum. Landið er umflotið sjó á alla vegu, nema að austan, en þar er forn merkjagarður fjara millum þvert yfir nesið, nefndur Valhúsgarður.

Neseigninni eru talin fylgja útskerin Kerlingarsker vestur af Suðurnesi og Löngusker á Skerjafirði.

Eyjarnar Akurey og Grótta eru fyrir nokkru orðnar sjereignir, með öllu lausar við Neseignina.

[…]

Skiftin eru gerð þannig:

Ákveðin vegastæði:

[…]

Af útlandi eignast:

Bakki (hálfur sjöttungur útlanda):

Sunnan Ness 2. (sjá b.1.) milli Valhússgarðs og vegar b. við Einingarhorn; þar suður í sjó. Í þessu landi er Bakkakot. Skal íbúum þess frjáls leið um túngötu Bakka, og að gera veg frá henni að Bakkakotsreit og viðhalda honum. Slit og skemdir á túngötu Bakka er af umferð Bakkakotsbúa leiðir, bæti eigandi Bakkakots (taki þátt í viðhaldi götunnar) eftir samkomulagi, ella mati dómkvaddra manna.

Skák í Suðurnesi milli eignarhluta Nesseigenda þar og austan vegar e., fleygmynduð, mjóst við veginn, en breiðust á austurbakkanum.

[…]

Fjörurjettindi og skyldur (brotvarnir) eignast hver fyrir sínu landi.

Óskift (til sameiginna nota):

Grandarnir: austurmörk í Bakkagranda er vesturmarkalína Bakkalands (heima) frá Einingarhorni suður í sjó; norðurtakmark vesturgranda: suðurtúngarður Bakka (við sjó) um fitarhornið út í tjörnina; varða á grandanum. Suðurtakmörk: varða, þaðan stefna á bæinn á Aurriðakoti (lína dregin á „kortið“), tekur lítinn mána af eystri bakkanum.

Útskerin Kerlingarsker og Löngusker og Bakkatjörn. – Sje framræsla auðveldari með því að fara gegn um annars land, skal það heimilt, með sem minstum skemdum á því landi, að hjá má komast.

[…]

Bókun lokið í dag.

p.t. Reykjavík 25. okt. 1920.

Björn Bjarnarson

Eggert Briem frá Viðey

Ísak Bjarnason frá Fífuhvammi[504]

5.7.3.7 Nes við Seltjörn / á Seltjarnarnesi

Í máldaga Vilchins fyrir Nikulásarkirkju á Seltjarnarnesi frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Nichulaskirkia i Seltiarnarnesi a […] þridiunginn i Heimalanndi med rekumm skogumm oc afriettumm. Eidzlandi. Backa oc Byggardi.
>
> Half Krossvyk ad vidreka.
>
> Herkistader ad vidreka ollumm.
>
> Arland nedra.
>
> Þar skal vera prestr oc diakn.[505]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups fyrir kirkjuna að Nesi frá 1570 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkian ad Nese ä Seltiarnarnese. a Thriðiung i heimalande. med rekum. Skögum. afrettum. Eijdzlandj Backa og Bijggarde. Hälf Krossavijk ad vidreka, Herkestader ad vidreka øllum. Arland nedra.
>
> Jtem fiordung veidar i Ellida Äm.[506]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* yfir Seltjarnarneshrepp frá 1703 segir eftirfarandi um Nes:

> **Nes á Seltiarnanese**, kirkjustaður.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Eigandinn kóngl. Majestat.
>
> Ábúandi sýslumaðurinn Jón Eyúlfsson.
>
> […]
>
> Fóðrast kann á grasnautn þeirri, er heimabóndinn sjálfur yrkir, af túnunum og eyjunni, sem Akurey heitir, viii kýr.
>
> […]
>
> Selstaða er jörðinni eignuð þar sem heitir Nesssel í Seljadal undir Grímafelli, og hefur um lánga stund ekki brúkuð verið.
>
> Torfristu og stúngu og móskurð til eldiviðar hefur jörðin í heimalandi til þessa dags haft, en er nú aldeiliss að þrotum komið.
>
> Fjörugrasatekja lítil.
>
> Selveiði hefur verið en er aldeiliss frá.
>
> Rekavon í minna lagi.

[504] Skjal nr. 2(36).
[505] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 108–109, skjal nr. 4(82).
[506] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 637, skjal nr. 4(82).

Sölvafjara lítil í heimalandi.

Hrognkelsafjara gagnvænleg.

Heimræði er árið um kríng og lendíng í betra lagi, gánga skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip engin hafa hjer gengið fyr nje síðar það menn minnast, og skjaldan inntökuskip, en sjeu þau nokkur, þá tekur heimaábúandi undirgift af.

Þángfjara til eldiviðartaks hefur hjer áður nokkurn part brúkuð verið, má og enn að nokkru leyti til gagns koma en þó hvergi nærri so sem heimajörðunni og hjáleigunum nægi.

Engjar eru öngvar nema ey sú, er áður greinir og Akurey heitir.

Útihagar þröngvir, flæðihættir og líka voveiflegir á landi fyrir fornum torfgröfum, nema um vetur lítið fyrir sauð í Akurey.

Skipa uppsátur og hjallstæði við sjóinn brýtur sjáfargángur skaðlega.

Verstaða fylgir jörðinni þar sem heitir Suðurnes.

Verbúðir eru þar þrjár:

[…]

Nyebær, fyrsta hjáleiga, bygð að nýju í tíð Sr. Stefáns.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Eyúlfur Einarsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Jónshus, önnur hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Jón Jónsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Giesthus, þriðja hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Höskuldur Eyúlfsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Þiskhus, fjórða hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Gísli Jónsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði í heimajarðarinnar landi.

Smidshus, fimta hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Gissur Hildibrandsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Móakot, sjötta hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Grímur Ellendsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Kot, sjöunda hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Sturli Jónsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Grotta, áttunda hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Ólafur Benedichtsson.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Tún hjáleigunnar brýtur til stórskaða sjáfarágángur.

Engjar eru öngvar.

Heimræði er árið um kríng og lendíng brimsöm, og gánga þó skip ábúandans eftir hentugleikum. Kóngsskip eitt, fjögra manna far, hefur hjer til forna gengið, fylgdi því verbúð engin, en skipshöfn lá við búð þá, er heimabóndanum í Nesi tilheyrði, og var undirgift gefin til heimabóndans í Nesi. Nú um lángar stundir hefur kóngsskip hjer ekkert gengið. Inntökuskip og verbúð ein er hjer enn nú, sem heimaábúandanum á Nesi tilheyrir og hann tekur undirgift af. Hjer fyrir utan má hjáleigumaðurinn hafa sína eigin skipaútgjörð sem hann megnar og inntökuskip so mörg sem hann getur hýst skipshafnir og tekið til soðníngа. Skipauppsátur og naustastæði er á þeirri lóð, sem Bygggarði fylgir.

Rádagierde, níunda hjáleiga.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúendur Hildibrandur Jónsson, býr á hálfri, annar Jón Jónsson, býr á hálfri.

[…]

Eldiviðartak af móskurði.

Hjer að auki **Bakrangur**, hjáleiga fyrsta heima við bæinn.

Jarðardýrleiki er óviss.

Ábúandinn Guðmundur Ólafsson.

[…]
Eldiviðartak af móskurði.

Nordurbær, önnur hjáleiga heima við bæinn.
Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn Arnes Hildibrandsson.
[…]
Eldiviðartak af mótorfi.

Jacobshus, þriðja hjáleiga heima við bæinn.
Jarðardýrleiki er óviss.
Ábúandinn Jón Jónsson.
[…]
Eldiviðartak af móskurði.

Dugguhus, tómthús.
Húsmaðurinn Jón Ellíngsson.
[…]
Eldiviðartak af móskurði hefur húsmaðurinn.

Tómthúsmaður annar Grettir Petursson alleinn.
[…]
Eldiviðartak fylgir ekki og kaupir húsmaðurinn soðníngu.[507]

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Ness við Seltjörn með hjáleigum metinn á 100 hundruð. Jörðin var konungsjörð. Fram kemur að hluti af heyafla fékkst úr eyju sem fylgdi jörðinni, þ.e. Akurey.[508]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Nes við Seltjörn metin 40 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein segir að árið 1803 heyri Akurey undir jörðina [509]

Í jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Nes:

> Nes med Akurey og hjáleigunum Gesthúsum, Nyabæ, Radagerdi, Knopsborg og Gróttu (fyrir laungu í eydi af sjáfarágángi og landbroti.) Túnid umgirdt, mjög stórt, mestmegnis þyft, sendid, hardt og seinunnid, en allgrasgefid. Land utantuns ad tiltölu í óskiptu landi á móts vid Bakka af Biggard, ekki stórt, en ágjætt til beitar þótt graslítid sé. Utlandid undirorpid töluverdum skemdum af sjáfarágángi og sandfoki. Utrædi á ollum ársins tímum hægt og ágjætt. Lendíng og vergögn allgód. Hrognkelsaveidi gód. Fjörumór og talsverd þáng og þaunglatekja. Torfristu vantar. Flædihætt. J Akurey fodur

[507] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* III, bls. 239–247, skjal nr. H-7.
[508] Skjal nr. 2(108).
[509] Skjal nr. 4(1), bls. 94.

> fyrir 1 kú af töðu, mikil lundatekja, mjög litil dúntekja (2 pund árlega), ágjæt beit á vetrum fyrir altad 60 fjár. Fódrar í medalári 13 kyr.
>
> Ath. Bollagardar, Tómthus med útgræddum umgirdtum túnbletti, er fyrir nokkrum árum byggt utangards ad Nesi í óútskiptu landi þess á mots vid Biggard og Bakka.[510]

Í undirmati að fasteignamati Kjósarsýslu 1916–1918 kemur fram að jörðin Nes var í heildina metin á 34.000 kr. Eigendur jarðarinnar voru Kristín Ólafsdóttir og Björn Ólafsson. Um landamerki segir:

> Lm. Valhúsgarður f. alla Nestorfuna.[511]

Í landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu er færð inn útskrift úr landskiptabók Kjósarsýslu um Nes á Seltjarnarnesi. Landskiptin fóru fram í október 1920 en skjalið var þinglesið 30. júní 1922. Í skjalinu segir meðal annars:

> Útskrift úr Land-skiftabók Kjósarsýslu.
>
> Nes við Seltjörn.
>
> Land-skifta hjer hafa beiðzt:
>
> Gunnsteinn Einarsson eigandi og ábúandi fjórðungs af Nesjörðu (Ness 2)
>
> Kristín Ólafsdóttir, eigandi og ábúandi helftar af Nesi (Nes 1.)
>
> Sigurður Þórólfsson, ábúandi Ráðagerðis og eigandi þess, er telst áttungur af Nesjörð.
>
> […]
>
> Upplýst var að Bakkakotsreitur, 400 ferfaðmar, er samnefnt hús stendur á, hafi af Nesjarðareigendum verið seldur úr óskiftu landi, og að kirkjujarðirnar ættu ófengið fyrir sinn hluta, um 66□ fðm.
>
> Samkomulag varð að skifta ekki Gröndum- sand- og malarrifum við sjó sunnan og vestan að Bakkatjörn. Skyldu þeir framvegis, eins og fyr vera til sameiginna nota: sem vegir út í Suðurnes, til fjörumótekju, rekþaratekju, fiskþurkunar o.s.frv.
>
> Engin mótmæli komu gegn því, að kirkjujarðirnar ættu sjöttung útlanda, nje gegn skiftum túna og sáðgarða, samkvæmt brjefi nr. 5. En um sjergirta sáðreiti norður við Nesvör er eigendur heimajarða í Nesi hafa notað, var nokkuð deilt. En með því þeir eigi eru „innan túngirðinga“, sem brjefið ákveður, var álit skiftamanna, að þeir yrðu að teljast til óskifts lands.
>
> Landamerki eru talin ágreiningslaus gagnvart öðrum jörðum. Landið er umflotið sjó á alla vegu, nema að austan, en þar er forn merkjagarður fjara millum þvert yfir nesið, nefndur Valhúsgarður.
>
> Neseigninni eru talin fylgja útskerin Kerlingarsker vestur af Suðurnesi og Löngusker á Skerjafirði.
>
> Eyjarnar Akurey og Grótta eru fyrir nokkru orðnar sjereignir, með öllu lausar við Neseignina.
>
> Umboðsmaður Stjórnarráðsins lagði til, að hluta kirkju(= ríkis)jarðanna úr útlandinu yrði skift milli þeirra að jöfnu en umboðsmaður ábúanda Bygggarðs bað bókað, að hann krefðist skifta á því eftir ^{hndr}-tali býlanna.
>
> […]
>
> Skiftin eru gerð þannig:

[510] Skjal nr. 2(123).
[511] Skjal nr. 2(164).

Ákveðin vegastæði:

[…]

Af útlandi eignast:

Nes 1. (helft Nesjarðar):

Beggja megin Framnesvegar, norðan hans alt fyrir austan Bollagarðaveg, en sunnan alt milli túna og Valhúsagarðs að Nýjabæjarkrók.

Fitina sunnan túna, að tjörninni frá Tjarnargötu, og bakka þar austur frá milli skákar Ness 2. (vegar b.) og Grandaendans nyrðra.

Suðurhluti Suðurness.

Nes 2. (fjórðungur Nesjarðar):

Skák austan túna (Einingar), milli Bakka og Ráðagerðisskákar.

Fitina austan Tjarnargötu að suðurenda vegar b. við Einingarhorn, milli túns og tjarnar.

Norðurhluta Suðurness.

Vesturskák milli Ness 1. og Nýjabæjar.

Auk þess hafa eigendur Ness 1.+2. sáðgarðana við Nesvör, eins og verið hefir, og landræmur austan og norðan þeirra, auk vegarins a. til sameiginna nota. Umferð skal frjáls um ræmuna meðfram fjörunni. Vörin þar fram undan er til nota fyrir Nesseigendur báða

Nýibær (áttungur Nesjarðar):

Skák austan túna, milli Ness 1. og Ráðagerðisskákar, 68 metra breiða, að Valhúsgarði.

Blett austur frá sínu heimatúni að Sjáfargötu, norðan túngirðinga Ness 2. sunnan Nesvaragarða, en að sjó fram fyrir austan þá.

Vesturskák milli Ness 2. og Ráðagerðis.

Ráðagerði (áttungur Nesjarðar):

Skák austan túna (Einingar), milli Ness 2 og Nýjabæjarskáka, 68 m. breiða, að Valhúsgarði.

Nyrzta hluta Ráðagerðisbakka vestan túns suður að vesturskák Nýjabæjar.

Umferð skal frjáls um fjöruna norðan og vestan Ráðagerðisbakka (allra skákanna þar).

Vitaverði í Gróttu skal frjáls umferð fyrir gangandi menn um túngötu Ráðagerðis, og til fjöru vestan túns þar.

Bakki (hálfur sjöttungur útlanda):

Sunnan Ness 2. (sjá b.1.) milli Valhússgarðs og vegar b. við Einingarhorn; þar suður í sjó. Í þessu landi er Bakkakot. Skal íbúum þess frjáls leið um túngötu Bakka, og að gera veg frá henni að Bakkakotsreit og viðhalda honum. Slit og skemdir á túngötu Bakka er af umferð Bakkakotsbúa leiðir, bæti eigandi Bakkakots (taki þátt í viðhaldi götunnar) eftir samkomulagi, ella mati dómkvaddra manna.

Skák í Suðurnesi milli eignarhluta Nesseigenda þar og austan vegar e., fleygmynduð, mjóst við veginn, en breiðust á austurbakkanum.

Bygggaður (hálfur sjöttungur útlanda):

Landið norðan Framnessvegar milli Bollagarðavegar (2.a.1.) og austan Sjávargötulínu í sjó fram. Frá vegarhliði er Bollagarðatúngarður í merkjum út í horn hans, en þá bein lína við sáðgarð þar vestanverðan í sjó fram. Í síðastnefndri línu, og að mestu vestan við hana, er Bollagarðabrunnur, og skal frjálst að nota hann þaðan eins og verið hefur.

Blettur þríhyrndur landsunnan við reit Bygggarðs í Einingu er á tvo vegu takmarkast af vegi b., er þar beygist. Suðurnes er sem eyja, tengt heimalandi með hinum óskifta vesturgranda. Allir aðrir framangreindir landshlutar liggja að meira eða minna leyti að áður skiftum túnum hvers býlis, nema 2.b.1. er lítið eitt laust frá öðru landi Ness 2. öðru varð eigi við komið; og 2.f.1. laust við tún Bygggarðs; en þó nærri því, en túnið þar heima er innilokað í önnur tún, nema sjáfarmegin.

Þar sem girðingar, eldri vegir eða sjór eigi er merki, eru allar nýjar merkjalínur dregnar með rauðu á landmyndina (kortið) og voru sett merki við enda þeirra á landinu í viðurvist hlutaðeigenda, en þeir skyldu umbæta þau og viðhalda. Nafn eignarbýlis er ritað á hvern landshluta þess á „Kortinu“.

Í fitinni 2.a.2. er brunnur Nesbúa til sameiginna nota fyrir Neseigendur báða (Nes 1.+2.).

Fjörurjettindi og skyldur (brotvarnir) eignast hver fyrir sínu landi.

Óskift (til sameiginna nota):

Grandarnir: austurmörk í Bakkagranda er vesturmarkalína Bakkalands (heima) frá Einingarhorni suður í sjó; norðurtakmark vesturgranda: suðurtúngarður Bakka (við sjó) um fitarhornið út í tjörnina; varða á grandanum. Suðurtakmörk: varða, þaðan stefna á bæinn á Aurriðakoti (lína dregin á „kortið“), tekur lítinn mána af eystri bakkanum.

Útskerin Kerlingarsker og Löngusker og Bakkatjörn. – Sje framræsla auðveldari með því að fara gegn um annars land, skal það heimilt, með sem minstum skemdum á því landi, að hjá má komast.

Hinn tjeði blettur (brjef 6.) fellur í hlut Ness 1.

[…]

Bókun lokið í dag.

p.t. Reykjavík 25. okt. 1920.

Björn Bjarnarson

Eggert Briem frá Viðey

Ísak Bjarnason frá Fífuhvammi[512]

[512] Skjal nr. 2(36).

6 SJÓNARMIÐ AÐILA

6.1 Íslenska ríkið

Hér verður gerð grein fyrir helstu sjónarmiðum íslenska ríkisins. Af hálfu þess er almennt byggt á því að svæðin sem gerðar eru kröfur til séu landsvæði utan eignarlanda og teljist því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður og önnur atriði sem þýðingu hafa. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar og til *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, með viðaukum, sem birtar eru á vefsíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að kröfusvæði ríkisins hafi verið utan landnáms. Af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort svæðin hafi verið numin og því verði engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim um stofnun beins eignarréttar yfir kröfusvæðunum í öndverðu. Verði talið að kröfusvæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá að beinn eignarréttur, sem þannig kunni að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra. Fyrirliggjandi heimildir, m.a. um nýtingu, styðji það.

Jafnframt er byggt á því að ekki hafi komið til stofnunar beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum gildum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verði ekki annað ráðið en að kröfusvæðin hafi eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti, að því marki sem þau hafi verið nýtt. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess að tilteknar jarðir kunni að hafa kallað til réttinda á kröfusvæðunum þá bendi þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi jarðir hafi verið komnar að þeim réttindum eða hvað hafi falist nánar í því tilkalli.

Að því er varðar öll kröfusvæðin er af hálfu ríkisins horft til staðhátta, gróðurfars og heimilda um nýtingu lands, m.a. í sýslu- og sóknalýsingum og öðrum heimildum. Af hálfu íslenska ríkisins er kröfum og málsástæðum gagnaðila vegna hvers kröfusvæðis hafnað.

Að því er varðar sérstaklega röksemdir gagnaðila ríkisins sem byggjast á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar er afstaða íslenska ríkisins að umrætt ákvæði geti haft mjög takmarkaða þýðingu við mat á því hvort eyjar og sker á svæði 12 teljist vera þjóðlendur eða eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga.

Af hálfu ríkisins er vísað til þess að ákvæðið sé afmarkaður hluti málsliðar sem fjalli um rekarétt og að afar ólíklegt sé, m.a. að virtum almennum lögskýringarsjónarmiðum, svo sem um samræmisskýringu, að almenn grundvallarregla um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum væri sett fram með slíkum hætti. Þá hefur af hálfu ríkisins verið teflt fram öðrum skýringarkostum sem byggt er á að séu nærtækari en sá að með reglunni sé fortakslaust mælt fyrir um beinan eignarrétt að nærliggjandi skerkjum. T.d. að

lokamálsliður ákvæðisins feli í sér nánari afmörkun á réttarsambandi landeiganda og rekamanna, í samræmi við önnur ákvæði rekabálks Jónsbókar, eða að ákvæðið feli í sér líkinda- eða sönnunarreglu, en ekki reglu um beinan eignarrétt. Byggt er á því ef um sé að ræða reglu um beinan eignarrétt hljóti hún að sæta takmörkunum, m.a. hvað varðar fjarlægð frá meginlandi.

Að mati ríkisins sé ekki rétt að túlka þá dómaframkvæmd sem fjallað er um í umfjöllun óbyggðanefndar um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja á þann veg að í ákvæðinu felist sjálfstæð regla sem kveði á um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að fæstir dómanna vísi berum orðum til umrædds ákvæðis Jónsbókar, auk þess sem ekki verði séð að deilt hafi verið um tilvist beins eignarréttar heldur einungis hverjum slíkur réttur hafi tilheyrt. Þannig sé umrædd dómaframkvæmd ekki nægilega skýr til þess að unnt sé að slá neinu föstu um þýðingu ákvæðisins eða beitingu þess.

Einnig vísast til umfjöllunar um þróun kröfugerðar ríkisins við meðferð málsins í kafla 3.1.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, sem og um eignarráð fasteignaeigenda. Jafnframt er vísað til almennra reglna samninga- og kröfuréttar auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttamálefni og fjallskil nr. 6/1986, auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

6.2.1 Drangey í Skagafirði, Bjarneyjar á Breiðafirði og Knarrarnes á Mýrum

Hér verður fyrst gerð sameiginlega grein fyrir helstu sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem gera kröfur vegna Drangeyjar í Skagafirði, Bjarneyja á Breiðafirði og Knarrarness á Mýrum en sami lögmaður gætir hagsmuna þeirra. Gerð verður grein fyrir sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega í undirköflum.

Af hálfu framangreindra gagnaðila ríkisins er byggt á því að með kröfugerð ríkisins sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti þeirra sem njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994.

Í ljósi kröfugerðar ríkisins er byggt á því að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjórnarskrárinnar sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið *eign* í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi verið túlkað á þá leið af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem í hlut eigi. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar

ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Þá er einnig byggt á sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær eru byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hafi áreiðanlegan lagagrundvöll.

Sérstaklega er vísað til 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar og 61. kapítula rekabálks Jónsbókar, en í lokamálslið 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar segi: „Svo er og mælt ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, og á sá maður það og reka þann er fylgir er meginland á næst, nema kaupum sé á annan veg komið.“ Í 61. kapítula Jónsbókar segi: „Ef viðr flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit.“ Ákvæðin séu efnislega samhljóða, enda eigi Jónsbókarákvæðið rætur að rekja til Grágásar. Orðið *þat* vísi ekki til annars en eyja eða skerja skv. eðlilegri orðskýringu og þ.a.l. að *það* sé eign sem fylgir næstliggjandi meginlandi. Uppruni ákvæðisins í Grágás beri þess merki þess að lokasetningin sé sjálfstæð regla. Vísað er til dóms Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 um Ketilsker og Djúpsker undan Syðra-Skógarnesi. Varðandi túlkun á orðasambandinu *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins, bendi óbyggðanefnd á í umfjöllun um almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins að af orðalagi ákvæðisins verði ekki ráðið að unnt sé að slá fastri og afdráttarlausri reglu um hversu langt frá landi gildissvið þess geti náð í öllum tilvikum. Þótt dómur Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 hafi tekið mið af skerjum sem voru um 2 km frá landi, og nefndin telji almennt unnt að miða við þessa fjarlægð sem viðmið fyrir eignarland, séu það ekki tæmandi mörk. Þetta þýði að eyjar og sker sem eru lengra en 2 km frá meginlandi geti engu að síður fallið undir gildissvið ákvæðisins.

Byggt er á því að notkun landsvæðanna í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að þau flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hafi þau staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðin falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti: „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman“. Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að þau voru numin til eignar. Þá er á því byggt að eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði), Hrd. 536/2006 (Hvítmaga) og Hrd. 41/2020 (Þóreyjartungur). Þessir dómar sýni að það eitt að land hafi verið nefnt afréttur eða almenningur eða að

það hafi verið nýtt til beitar komi ekki í veg fyrir að það teljist eignarland, sérstaklega þegar önnur gögn og sögulegar heimildir styðji beinan eignarrétt.

Ósannaðar séu röksemdir ríkisins þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Það hafi gilt frá öndverðu.

Um lagarök er vísað til meginreglna eignaréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. Einnig er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá er vísað til landamerkjalaga, nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð, og laga um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001. Vísað er til venjuréttar og til almennra reglna samninga og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Jafnframt er vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, séu byggð á. Sérstaklega er vísað til rannsóknarreglu, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu. Vísað er til þinglýsingarlaga, nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. Þá er vísað til laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986. Jafnframt er vísað til þjóðlendulaga, nr. 58/1998, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17. gr., 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

6.2.1.1 Drangey í Skagafirði

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Drangeyjar í Skagafirði er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem byggt er á að sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Krafan byggist m.a. á *Landnámu*, máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum, og fleiri skjölum er varða Drangey.

Byggt er á því að eignarhald á Drangey sé vel skjalfest. Hólakirkja hafi eignast Drangey á 14. öld, og eignarhaldið hafi verið staðfest með Eyrarlandsdómi þann 5. júlí 1462. Í dóminum hafi sex prestar vottað að Hólakirkja hefði átt eyjuna í 25–40 ár, og hún dæmd kirkjunni til óbrigðilegrar eignar. Í *Jarðabók* Árna og Páls komi fram að Drangey sé eign Hólastaðar. Hólastóll hafi átt Drangey allt til ársins 1802, en þá hafi hún verið seld Jakobi Havsteen, kaupmanni á Hofsósi. Árið 1885 hafi Skagafjarðarsýsla keypt Drangey af Havsteen-ættinni. Kaupin hafi verið gerð í ljósi mikilvægis eyjarinnar sem forðabúrs fyrir almenning í Skagafirði, til að tryggja að hún yrði ekki seld útlendingum og samfélagið gæti áfram nýtt hana. Eyjan hafi síðan verið í eigu Skagfirðinga, fyrst sýslunefndar Skagafjarðar og síðar Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Núverandi eignarheimild landeigenda hafi verið þinglýst athugasemdalaust og verið viðurkennd af öllum aðilum, þar á meðal hinu opinbera, um áratugaskeið.

Á því er byggt að landsvæðið sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið landnámi. Virðist hugmyndir ríkisins þess efnis að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði, en af skjölum sé ljóst að allt land á svæðinu hafi verið háð beinum eignarrétti. Með vísan til *Landnámu* sé jafnframt ljóst að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afréttur.

Ljóst sé að ekkert þinglýst landamerkjabréf hafi fundist fyrir Drangey, enda ljóst að engin þörf hafi verið talin á slíku þar sem landamerki séu skýr, meðal annars af náttúrunnar hendi. Þá hafi eignarrétturinn verið algjörlega skýr, einkum með vísan til Eyrarlandsdómsins frá 1462. Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um merki fasteigna nr. 160/2024 teljist merki glögg ef þau fylgja ómanngerðu landslagi, ám, vötnum eða vatnaskilum og þess er getið í heimildum og fyrirbærin nafngreind eða lýst nánar svo ekki sé vafi um við hvað er átt. Þetta ákvæði styðji það sjónarmið að náttúruleg landamerki geti verið fullnægjandi.

Krafa ríkisins um að viðurkennt verði að land þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, eða sá eignarréttur síðar fallið niður, fái ekki staðist, sbr. hina löngu eignaskráningu á jörðinni. Á því er byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu og fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu afsali, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland, en sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Drangey sé klettaborg úti á miðjum Skagafirði, hátt í 200 metrar þar sem hæst er og ófær uppgöngu nema á einum stað. Flatarmál hennar sé um 19 hektarar við sjávarmál en graslendi uppi umtalsvert minna, líklega 7–8 hektarar. Jarðamat Skagafjarðarsýslu 1849–1850 lýsi Drangey sem óbyggðri og óákveðinni til hundraðatals, en taki fram að þar sé „kjarngóður bithagi fyrir 20 til 30 kindur bæði vetur og sumar“, þó með mikilli hættu vegna bjargfalls. Þar sé einnig getið um „dranginn Kerlingu sunnan við eyna“ sem fylgdi eyjunni.

Fram kemur að ekki sé kunnugt um ársbúsetu í Drangey, fyrir utan dvöl útlagans Grettis þar á árunum 1028–1031, að talið sé. Í Grettis sögu segi að eyjan hafi þá verið í eigu nokkurra einstaklinga í Skagafirði. Eyjan hafi löngum verið sannkölluð matarkista héraðsbúa og hafi stundum verið talað um hana sem *vorbæru Skagfirðinga* þegar nýmetið í formi eggja og fugls kom í sveitirnar eftir búsveltu vetrarins og einhæfni í mat.

Öldum saman hafi verið stunduð flekaveiði á svartfugli til ársins 1965, þegar sú veiðiaðferð hafi verið bönnuð. Bjargsig hafi verið stundað þar fram á síðustu ár. Stundum hafi veiðst meira en 100.000 svartfuglar við eyna á vorin og egg úr sigi skipt tugum þúsunda. Á fjörustúf við suðurenda eyjarinnar hafi margir tugir manna haldið til, jafnvel á annað hundrað, í tjöldum og byrgjum um þann tíma sem fuglaveiðin stóð en sigflokkar tveir höfðust við í tjöldum uppi á eynni.

Á manntalsþingum á 19. öld hafi verið þinglesnar fjölmargar friðlýsingar varðandi Drangey, ýmist fyrir varpi, veiði, fjöru og selum, en einnig gegn yfirgangi og ólöglegri notkun og skotum. Þar á meðal sé friðlýsing á æðarvörpum sýslunnar og Drangey með Kerlingu árið 1882. Árið 1850 hafi verið þinglesin skjöl um friðhelgi á Drangey, Elínarhólma og Lundey sem varplöndum og selveiði á Lóni. Þá hafi Viðvíkurdómur frá 1843 fjallað um toll af fuglaveiði í Drangey og árið 1869 verið kveðinn upp dómur þar sem umráðamönnum Drangeyjar var dæmt í hag gegn bónda sem skyldaður var til að greiða þeim toll af flekaútgerð sinni og fuglaveiði í Drangey.

Eftir að Drangey komst í eigu Skagafjarðarsýslu hafi hún verið leigð einstökum mönnum sem höfðu þá rétt til að hafa þar fé og heyja og stundum einnig síga í bjarg til fugls og eggja. Margar heimildir, einkum frá 19. öld, greini frá því að fé væri þar haft á vetrarbeit.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni og stjórnað nýtingu hennar. Hann hafi einnig haft einkarétt til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.

6.2.1.2 Bjarneyjar á Breiðafirði

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Bjarneyja á Breiðafirði er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem byggt er á að sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Krafan byggist m.a. á *Landnámu*, máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum, og fleiri skjölum er varða Bjarneyjar.

Ekkert landamerkjabréf hafi fundist fyrir Bjarneyjar. Þrátt fyrir það liggi fyrir mikið af heimildum sem sýni fram á beinan eignarrétt. Þær sýni m.a. að Staðarhólskirkja hafi átt Bjarneyjar um aldir, allt þar til Flateyjarhreppur og Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey hafi eignast þær á fyrri hluta 19. aldar. Sérstaklega er vísað til Hæstaréttardóms frá 22. janúar 1847, þar sem eignaréttur Staðarhólskirkju sé staðfestur. Frá þeim tíma megi svo rekja eigendasögu til núverandi eigenda. Núverandi eignarheimild landeigenda hafi verið þinglýst athugasemdalaust og viðurkennd af öllum aðilum, þar á meðal hinu opinbera, um áratugaskeið.

Á því er byggt að landsvæðið sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið landnámi. Virðist hugmyndir ríkisins þess efnis að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði, en af skjölum sé ljóst að allt land á svæðinu hafi verið háð beinum eignarrétti. Með vísan til *Landnámu* sé jafnframt ljóst að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afréttur.

Ljóst sé að íslenska ríkið hafi fallið frá kröfum sínum í heimaeyju Bjarneyja ásamt fjölda úteyja, sem og Stagley, frá því að málsmeðferðin hófst fyrir óbyggðanefnd. Hins vegar sé enn gerð krafa í nokkrar eyjar og sker, þ.e. Árnaboða, Fjórðungaboða, Svörtu-

sker og Miðleiðarsker, ásamt meðfylgjandi skerjum. Engum gögum hafi hins vegar verið lýst sem bendi til annars konar eignarréttar yfir umræddum eyjum og skerjum en öðrum eyjum og skerjum sem réttilega tilheyri Bjarneyjum. Í sóknarlýsingu Vestfjarða um Bjarneyjar sé lýst staðsetningu og einkennum þessara umþrættu eyja og skerja, en þar segi „Austur af Siglingaflögu liggja Svörtusker, arðlaus, en þó jafnan upp úr sjó. […] Norður frá Bjarneyjum eru þrír boðar í rúmsjó. Austastur þeirra er Fjórðungaboði. Hinir tveir vestasti heita Árnaboðar. Milli boða þessara er djúp skipaleið.“ Þessi lýsing sýni að þessar úteyjar séu hluti af Bjarneyjaklasanum og hafi verið þekktar sem slíkar. Enn fremur segi um nytjar:

> Graseyjar og hólmar í Bjarneyjum er alls ekki nema 10. Þar af leiðir, að grasvegur er mjög lítill í eyjum þessum. Heyafli er því mjög rýr, vetrarbeit engin, en haustbeitin kjarngóð af káli og fjörugrösum. Telst svo til, að í Bjarneyjum fóðrist að eins 4 kýr og naut, verða menn þó á sumardag að gefa kúm þessum til styrktar útigangi. Skarfakál brúkast bæði til manneldis og haustbeitar. Eyjarnar gefa af sér í hverju meðalári 16 pund af hreinsuðum dún, en Lundakofa 80 c, írekstrarseli 30, misstóra. Eyjanna aðalgæði og bjargræðisvegur er því sjóargagnið

Nýting og búseta á svæðinu bendi jafnframt til þess að eyjarnar hafi verið nytjaðar allt frá landnámi. Fráleitt sé að halda því fram að aðeins hafi stofnast til óbeinna eignarréttinda yfir þessum eyjum og skerjum. Þannig hafi þær verið nýttar með öllum mögulegum hætti af eigendum, s.s. beit, veiði, fugla-, dún-, eggja-, fjaðra-, grasa- og rótatekju. Allar eyjarnar hafi því þjónað einhverjum tilgangi og verið nauðsynlegur þáttur í búskaparháttum eigenda á þessu svæði. Þó að þrætusvæðið hafi aðeins verið nýtt til takmarkaðra nota útiloki það ekki eignarrétt landeigenda að svæðinu. Engir almenningar séu á svæðinu; notkun lands hafi verið háð leyfi landeigenda á hverjum tíma.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni og stjórnað nýtingu hennar. Hann hafi einnig haft einkarétt til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.

6.2.1.3 Knarrarnes á Mýrum

Af hálfu gagnaðila ríkisins vegna Knarrarness á Mýrum er vísað til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem byggt er á að sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Krafan byggist m.a. á *Landnámu*, máldögum, afsölum, jarðamati og jarðabókum, og fleiri skjölum er varða Knarrarnes.

Eignarhald á Knarrarnesi sé vel skjalfest. Knarrarnes hafi verið numið af Skallagrími Kveldúlfssyni, en hann hafi borið að landi við Knarrarnes og búið þar fyrsta ár sitt á landi, eins og fram kemur í *Árbók* Ferðafélags Íslands árið 1953. Í *Jarðabók* Árna og Páls komi fram að Knarrarnes sé gjöful jörð með eggveri og dúntekju í sjávarhólmum, nægilegum eyjaheyskap og góðum útigangi fyrir. Sýslu- og sóknalýsingar staðfesti að jörðin sé umflotin með fjöldamörgum óbyggðum eyjum og skerjum, þar á meðal

Lambeyjum, Skáley, Effersey, Suðureyjum, Elliðaey, Kópalátursеyjum, Hóley, Hrútey og Geldingaey.

Landamerkjabréf fyrir jörðina Knarrarnes, dagsett 6. nóvember 1883 og lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884, lýsi nákvæmlega mörkum jarðarinnar og tilheyrandi eyjum og skerjum, svo sem Bótaskeri, Elliðaeyjar, Selskeri og Skarfaskeri. Kaupsamningar og afsöl allt til ársins 1929 sýni að Knarrarnes hafi verið selt ásamt öllu sem jörðinni tilheyri, þ.m.t. öllum eyjum og skerjum, sem og öllum réttindum sem fylgi. Núverandi eignarheimild landeigenda hafi verið þinglýst athugasemdalaust og viðurkennd af öllum aðilum, þar á meðal hinu opinbera, um áratugaskeið.

Á því er byggt að landsvæðið sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið landnámi. Virðist hugmyndir ríkisins þess efnis að svæðið hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti, og nýting þess hafi ekki verið með þeim hætti, úr lausu lofti gripnar og stangist á við fornar heimildir um eignarrétt á þessu svæði, en af skjölum sé ljóst að allt land á svæðinu hafi verið háð beinum eignarrétti. Með vísan til *Landnámu* sé jafnframt ljóst að hið umþrætta land hafi verið í óslitinni einkaeign frá landnámi, en ekki almenningur eða afréttur.

Krafa ríkisins um að viðurkennt verði að land þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti eða sá eignarréttur síðar fallið niður, fái ekki staðist, sbr. hina löngu eignaskráningu á jörðinni. Á því er byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu, og fornar merkjalýsingar styðji við það. Jörð með þinglýstu afsali, sem styðjist við eldri eignarheimildir, sé eignarland, en sá sem haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því.

Fram kemur að Knarrarnes sé umflotin eyja, sem þó sé hægt að komast í um allar fjörur vaðandi eða á hesti, yfir svonefnt Knarrarnessund, eins og fram komi í örnefnaskrá Jóns Samúelssonar og sýslu- og sóknalýsingum. Sögulega hafi verið talað um mjótt eiði til lands, en sjórinn hafi brotið þar verulegt land undir sig og skipt búinu í tvær eyjar, Niðurnes og Innes. Staðhættir lýsi sandeyri, tjörnum, sléttum flötum með sýnilegum gömlum sáðreitum, grjótmalarhryggjum, klettum og skerjum. Jörðinni sé lýst sem sendnu landslagi en sé þó sögð vel gróin á köflum, með góðum útigangi fyrir hesta og nægilegum eyjaheyskap.

Ekki sé kunnugt um að eyjan Knarrarnes hafi verið óbyggð, heldur hafi hún verið prýðilega vel setin og umhirt, með mikil hlunnindi og eggver og dúntekju í sjávarhólmum, sem áður hafi verið til mikils gagns. Á jörðinni hafi verið stunduð dúnrækt og einn eigenda hafi áður verið þekktur dúnræktarmaður.

Frá tíma Grágásar og fram á þennan dag hafi landeigandi átt beit og annan gróður á jörð sinni og stjórnað nýtingu hennar. Hann hafi einnig haft einkarétt til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi.

6.2.2 Kaldrananes í Bjarnarfirði á Ströndum

Af hálfu eigenda Kaldrananess í Bjarnarfirði á Ströndum er byggt á því að Þorkelssker hafi frá fornu fari verið hluti af jörðinni og verið nýtt af landeigendum í gegnum aldirnar, meðal annars til fuglaveiða, reka og selveiða.

Byggt er á því að samkvæmt gildandi lögum fylgi netlög landeignum í sjó nema annað sé ótvírætt sannað. Í flestum lögum séu netlög skilgreind þannig að þau nái 115 m út frá stórstraumsfjörumáli í vötnum eða í sjó. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar sé að finna eftirfarandi afmörkun netlaga í sjó: „En þat eru netlög utast er selnet stendr grunn .XX. möskva djúpt at fjöru ok koma þá upp ór sjá.“ Samkvæmt fornyrðaskýringum Páls Vídalíns frá 18. öld sé 20 möskva selnet tólf álnir eða fjórir faðmar, sem séu 6,88 m. Ystu mörk netlaga samkvæmt Jónsbók séu því tæplega 7 m dýpi á stórstraumsfjöru. Vísað er til dóma Hæstaréttar frá 1996 og 2005 sem sýni að framangreint ákvæði Jónsbókar um afmörkun netlaga sé enn í gildi.

Sjávardýpi við og milli Þorkelsskerja hafi ekki verið mælt nákvæmlega, líkt og fram komi á siglingakortum, þó að helstu boðar séu þar merktir. Athuganir landeigenda sýni þó að allt svæðið sem um ræðir sé samfellt grunnsævi og mjög varasamt til siglinga. Skipsströnd hafi enda orðið þar, jafnvel á síðari árum. Líklegt megi því telja að allt svæðið sé innan við 7 metra djúpt á stórstraumsfjöru þótt mjóar rennur kunni að vera dýpri. Þannig séu Þorkelssker samfellt svæði skerja og boða sem komi upp á stórstraumsfjöru og myndi þannig eina heild netlaga sem tilheyri Kaldrananesi.

Með því að ríkið hafi fallið frá kröfu til Þorkelsskerja hafi ríkið jafnframt fallið frá kröfu til boða og skerja innan framangreindra netlaga þeirra. Byggt er á því að ekki samræmist lögum eða eðli máls að undanskilja boða og sker innan netlaga.

6.2.3 Vogur á Mýrum

Af hálfu eiganda Vogs á Mýrum er einkum byggt á því að land innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi sé eignarland. Jörðin hafi verið í landnámi Skallagríms. Í Egils sögu komi fram að Skallagrímur hafi numið land milli fjalls og föru, Mýrar allar út til Selalóns og hið efra til Borgarhrauns, en suður til Hafnarfjalla. Þá komi þar einnig fram að hann hafi látið gera bæ á Álftanesi og átt þar bú. Hið þriðja bú hafi hann átt við sjóinn á vestanverðum Mýrum. Þar hafi verið enn betur komið að sitja fyrir rekum og hafi hann nefnt það að Ökrum. Því megi ljóst vera að Akrar og þar með talinn Vogur hafi verið innan landnáms í öndverðu. Í landnámslýsingum sé talað um að landið hafi verið numið frá fjalli til fjöru, enda hafi ekki verið talin þörf á að gera grein fyrir eyjum sem tilheyrðu landnáminu.

Vísað er til lokamálsliðar 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar og 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, þar sem fram komi að sker og eyjar fyrir landi manns séu eign landeiganda. Ljóst sé að löggjafinn hafi strax á landnámsöld tekið af skarið um að eyjar undan landi væru eign landeiganda og því vandséð að réttlætanlegt væri að takmarka þessi réttindi með þeim hætti sem gert væri með kröfugerð ríkisins.

6.2.4 Eyvindarstaðir á Álftanesi

Af hálfu eiganda Eyvindarstaða á Álftanesi er byggt á því að land jarðarinnar sé innan landnáms Ásbjörns Özurarsonar, bróðursonar Ingólfs Arnarsonar. Jörðin komi lítt við sögur og heimildir um landamerki jarðarinnar séu af skornum skammti. Landamerkjabréf jarðarinnar frá 31. maí 1890 lýsi merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum og geti Eyvindarstaðahólma en ekki annarra eyja, hólma eða skerja.

Byggt er á því að ákvæði lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar feli í sér sjálfstæða og almenna reglu sem taki til allra jarða á Íslandi, sem land eiga að sjó. Ákvæðið sé enn hluti af gildandi rétti og ekki verði séð að yngri löggjöf hafi á nokkurn hátt takmarkað gildissvið þess. Þess beri að geta að það fari eftir útgáfum hvar tilvitnuðu ákvæði sé skipað í Jónsbók, en í sumum eldri útgáfum er ákvæðinu skipað í 61. kapítula landsleigubálks.

Um ævaforna reglu sé að ræða og sambærilegt ákvæði sé að finna í 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar. Sama regla gildi um eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarða í ám eða stöðuvötnum.

Athygli veki að ákvæðið sé algerlega óháð því hvort eyjar og sker liggi innan netlaga eða utan, enda séu netlög hluti meginlandsins, heldur kveði reglan á um að eyjar og sker fylgi því meginlandi sem næst sé eyju eða skeri.

Spurningin sé því sú hversu langt frá meginlandi jarðar eignarrétturinn nái. Það verði að meta í hverju tilfelli fyrir sig, en gagnaðili ríkisins álíti að eyjar og sker sem sjáist berum augum frá meginlandinu falli undir jörðina og fái sá skilningur nokkra stoð í öðrum ákvæðum Jónsbókar. Í þessu sambandi er bent á ákvæði 6. kapítula landabrigðabálks Jónsbókar þar sem fjallað sé um merkjagöngu en þar segi: „þar er eigi skylt at ganga á merki, sem firðir deila, eðr ár þær er netnæmir fiskar ganga í. En ef þar liggja eyjar fyri, þá skal kveða á þær. Nú ef maðr á við annan mann eyjar þær, er mörk eru í, þá skal þau sýna sem á meginlandi.“ Athygli veki að þegar firðir deili löndum þurfi einungis að kveða á (nefna eða benda á) þær ef eyjunni sé skipt með merkjum. Í engu sé minnst á fjarlægðir í þessu sambandi, jafnvel þótt firðir á Íslandi geti verið víðfeðmir mjög. Í réttarframkvæmd séu dæmi þess að eyjar sem liggi því sem næst á miðjum firði séu í helmingseigu jarðanna hvorum megin fjarðarins.

Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar feli því í sér, að mati landeiganda, að eyjar og sker fyrir landi jarðar fylgi henni nema heimildir séu um aðra skipan og þá jafnframt, að sá sem brigður beri á að eyja eða sker fylgi jörð beri sönnunarbyrðina fyrir þeirri staðhæfingu.

Byggt er á því að landamerkjalög kveði ekki sérstaklega á um hvernig fara skuli með merkjagerð í tilfelli eyja og skerja, sem verði að telja eðlilegt í ljósi reglunnar í 2. kapítula rekabálks. Því sé viðbúið í flestum tilfellum að einungis landamerkja á meginlandinu sé getið í landamerkjabréfi. Strandlengja jarða sé ákvörðuð í landamerkjabréfi og af lögum leiði að eyjar og sker fyrir landi jarðarinnar fylgi henni.

Þegar landamerkjabréf sjávarjarða séu skoðuð virðist eyja og skerja sjaldnast getið nema þegar eyja eða sker liggi nálægt landamerkjum nágrannajarðar eða ef eyja liggi ekki undan landi viðkomandi jarðar og hafi því að öllum líkindum verið tekin undan þeirri jörð sem eyjan hafi fylgt í öndverðu.

Þannig geti landamerkjabréf sannað að eyja liggi ekki undir jörð sem henni ætti annars að fylgja, en þögn landamerkjabréfs jarðar um eyjar og sker hafi enga þýðingu um það hvort eyjar eða sker fylgi henni eða ekki. Á hinn bóginn sé það svo að ef eyjar og sker séu sérstaklega tilgreindar í landamerkjabréfi, þá gildi þær almennu reglur sem óbyggðanefnd og dómstólar hafi mótað í niðurstöðum sínum um gildi slíkra heimilda.

Gagnaðili ríkisins bendir á að heimildir séu fáorðar um nýtingu á eyjum og skerjum fyrir landi jarðarinnar og álíta verði að um hafi verið að ræða hefðbundna nýtingu á hverjum tíma. Þó sé í umfjöllun *Jarðabókar* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um jörðina frá því greint að sölvafjara sé hjálpleg, en söl hafa fyrst og fremst verið tekin á skerjum og gröndum á útfiri. Einnig sé frá því greint í sömu bók að fjörugrasatekja sé lítil og skelfiskfjara lítil af reka.

Gagnstætt því sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu ekki heimildir um annað en að jörðin hafi verið byggð og nýtt eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, þ.m.t. eyjar og sker. Innan landamerkja jarðarinnar hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land jarðarinnar hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti og engar heimildir séu um að eyjar og sker hafi undan jörðinni gengið.

Landeigandi telji ljóst að land jarðarinnar eins og því sé lýst hafi verið innan landnámssvæða, þ.m.t. eyjar og sker, og mótmæla því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi jarðarinnar á eyjum og skerjum verði dregin í efa.

Landeigandi álíti að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda hans án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Telji landeigandi að eignarréttur hans njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Byggt er á því að heimild til að taka svæði 12 til meðferðar grundvallist á 1. mgr. 10. gr. a. þjóðlendulaga, nr. 58/1998, sem sé nýmæli sem samþykkt hafi verið 6. maí 2020, sbr. lög nr. 34/2020. Samþykki nýmælisins hafi falið í sér viðurkenningu löggjafans á því að heimild til þess að taka fyrir þjóðlendumál utan strandlengju meginlandsins hafi ekki verið til staðar í lögum fyrir þann tíma. Byggt er á því að á þeim 22 árum sem liðu frá gildistöku þjóðlendulaga fram að lögfestingu framangreinds ákvæðis hafi skapast réttmætar væntingar um að eignarréttur að eyjum og skerjum væri viðurkenndur af hálfu ríkisins.

Gagnaðili ríkisins byggir einnig á því að eftir að ríkisvald stofnaðist hér á landi hafi handhafar þess margsinnis, bæði beint og óbeint, viðurkennt fullkominn eignarrétt hans að eyjum og skerjum fyrir landi jarðarinnar. Gagnaðili ríkisins telur enn fremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur sér, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu. Í því sambandi er minnt á að heimildarskjölum fyrir jörðinni hefur verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigandi hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar, þ.m.t. eyjar og sker, væri undirorpið fullkomnum eignarrétti hans og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt þá trú.

Til vara byggir landeigandi kröfu sína á því að hann hafi hefðað landið, enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Um lagarök er vísað til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar; jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar; málsmeðferðar- og sönnunarreglna einkamálalaga, nr. 91/1991; landamerkjalaga, nr. 41/1919, auk eldri laga um landamerki; laga um hefð, nr. 46/1905; þinglýsingarlaga, nr. 39/1978; þjóðminjalaga, nr. 52/1969; laga um skráningu, merki og mat fasteigna, nr. 6/2001, auk eldri laga um sama efni; stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, áleitsumleitan og meðalhófsreglu; laga um afréttamálefni og fjallskil, nr. 6/1986; laga nr. 64/1994, auk reglugerða með stoð í þeim; þjóðlendulaga, nr. 58/1998; og laga um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994. Um málskostnað landeiganda er vísað til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um ýmis almenn atriði. Þar verður gerð grein fyrir *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Þá verður fjallað sérstaklega um almenn álitaefni sem varða eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins. Að því búnu koma niðurstöður óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæða málsins. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

7.2 Almenn atriði

7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem hafa fylgt úrskurðum síðan hafa að jafnaði verið uppfærðar með sama hætti, þ.e. með viðaukum sem geymdu umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum í málum á svæði 11 um dómafordæmi í þjóðlendumálum.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7.3 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 11, þ.e. á Austfjörðum, voru kveðnir upp 5. nóvember 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að tveir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 10. október 2024

munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir. Um er að ræða dóma Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfaafréttur).

Dómarnir vörðuðu báðir úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Stóra-Vatnshornsmúli og Jörfaafréttur væru þjóðlendur. Með dómum Landsréttar voru felld úr gildi ákvæði í umræddum úrskurði um að landsvæðin tvö væru þjóðlendur og viðurkennt að þar væri engar þjóðlendur að finna.

Niðurstaða óbyggðanefndar um að landsvæðin tvö væru þjóðlendur byggðist m.a. á því að ekki yrði ráðið af fyrirliggjandi landnámslýsingum hvort svæðin hefðu verið numin. Jafnvel þótt svæðin kynnu að hafa verið numin í öndverðu, þá lægi ekkert fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kynni að hafa verið stofnað til. Í því sambandi var m.a. vísað til þess að í gögnum málsins væri svæðanna fyrst og fremst getið í tengslum við beit eða önnur þrengri og sambærileg not, líkt og ætti við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Ekki lægju fyrir heimildir sem bentu til þess að svæðin hafi verið hlutar af jörðum. Engar haldbærar heimildir væru um byggð á svæðunum og þau væru aðskilin frá óumdeildum eignarlöndum jarðanna Stóra-Vatnshorns og Jörfa, en eigendur jarðanna kröfðust viðurkenningar á beinum eignarrétti að landsvæðunum. Gögn málsins bentu til þess að svæðin hafi lotið sjálfstæðri afmörkun sem afréttir, auk þess sem þau væru skýrlega afmörkuð af náttúrunnar hendi gagnvart aðliggjandi landsvæðum af vatnsföllum og vatnaskilum. Nefndin féllst hins vegar á að Stóra-Vatnshornsmúli væri í afréttareign eigenda jarðarinnar Stóra-Vatnshorns og Jörfaafréttur í afréttareign eigenda jarðarinnar Jörfa.

Í dómum Landsréttar kom fram að þrátt fyrir takmarkaðar lýsingar *Landnámu* á afmörkun landnáms inn til landsins ekki yrði annað ráðið en að landsvæðin hefðu verið innan landnáms, að teknu tilliti til samanburðar við að- og nærliggjandi eignarlönd. Þegar til þess væri litið og jafnframt þess að þegar kæmi að staðháttum, gróðurfari, stærð og nýtingu skildu landsvæðin sig í engu frá aðliggjandi og nálægum landsvæðum sem óbyggðanefnd kvað úr um að væru eignarlönd, væri ekki ástæða til að álykta annað en að hin umdeildu landsvæði hefðu einnig verið eignarlönd. Að mati Landsréttar hefði ekkert komið fram í málinu sem stutt gæti að munur hefði að þessu leyti verið gerður á hinum umdeildu landsvæðum og aðliggjandi svæðum. Þá hefði heldur ekkert fram komið um að sá beini eignarréttur hefði síðar fallið niður. Í því sambandi vísaði Landsréttur til yfirlýsinga hreppstjóra Haukadalshrepps og sýslumanns Dalasýslu frá árinu 1920 um að ekki væru neinir almenningar í sýslunni eða afréttarlönd sem ekki tilheyrðu lögbýlum.

Í dómunum virðist Landsréttur leggja mikla áherslu á samanburð aðliggjandi landsvæða, einkum að því er varðar ályktun um umfang og afmörkun landnáms. Munurinn á niðurstöðum Landsréttar og óbyggðanefndar virðist fyrst og fremst grundvallast á ólíku vægi þessa þáttar við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðanna sem voru til

umfjöllunar í þessu tilviki. Óbyggðanefnd hefur talið að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða geti, auk hefðbundinna og viðurkenndra eignarheimilda, haft vægi við mat á eignarréttarlegri stöðu og ásamt öðru leitt til þeirrar niðurstöðu að um eignarland sé að ræða, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), varðandi efstu jarðir í Biskupstungum. Dómar Landsréttar styðja að eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða geti haft þýðingu í þessu sambandi.

7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu eyja og skerja utan meginlandsins[513]

7.2.3.1 Inngangur

Af fyrirliggjandi heimildum og kröfulýsingum aðila á svæði 12, bæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess, er ljóst að eyjum og skerjum[514] utan meginlandsins megi að meginstefnu skipta í þrjá flokka m.t.t. heimilda um eignarráð. Í fyrsta lagi er um að ræða eyjajarðir sem eru oft á eyjaklösum eða þyrpingu eyja og skerja, þar sem búseta er eða hefur verið á tiltekinni eyju sem oft er nefnd heimaey, heimaeyja eða bæjarey. Ef aðrar eyjar og sker tengjast henni eru þær gjarnan kallaðar úteyjar. Í öðru lagi er um að ræða eyjar og sker sem tilheyra eða tengjast jörðum á meginlandinu, oft strandjörðum. Í þeim tilvikum hefur almennt ekki verið heilsársbúseta á viðkomandi eyjum en þær verið nýttar af landeigendum eða ábúendum sem búa uppi á landi. Í þriðja lagi eru dæmi um eyjar og sker sem ekki eru heimildir um að hafi tengst jörðum, hvorki eyjajörðum né jörðum á meginlandinu.

Af málatilbúnaði aðila er ljóst að einkum reynir á álitaefni sem tengjast fyrstu tveimur flokkunum. Annars vegar eignarréttarlegri stöðu eyjajarða, og þá einkum úteyja þeirra, en heimaeyjar slíkra jarða eru almennt óumdeild eignarlönd ásamt þeim eyjum og skerjum sem tengjast heimaeyjum á stórstraumsfjöru eða eru innan netlaga þeirra. Eftir endurskoðun ríkisins á kröfugerð sinni við meðferð málsins er mikill meirihluti úteyja slíkra jarða einnig óumdeild eignarlönd. Hins vegar eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja í sjó sem tengjast jörðum á meginlandinu. Stór hluti þeirra er einnig óumdeild eignarlönd eftir endurskoðun á kröfugerð ríkisins.

Í báðum þessum tilvikum er einkum á því byggt af hálfu íslenska ríkisins að þrátt fyrir að gögn málsins bendi í sumum tilvikum til þess að eigendur tiltekinna jarða, ýmist eyjajarða eða jarða á meginlandinu, hafi nýtt viðkomandi eyjar og sker, eða a.m.k. hluta þeirra, og kallað til réttinda á þeim, bendi heimildir ekki til þess að slík nýting eða tilkall geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi jarðir

[513] Umfjöllun óbyggðanefndar um þessi almennu álitaefni var upphaflega birt 10. apríl 2025, sjá skjal nr. H-2. Sú gerð sem hér birtist hefur verið uppfærð lítillega.

[514] Hér eru heitin eyjar og sker almennt notuð yfir hvers konar landfræðilegar einingar sem standa upp úr sjó á stórstraumsfjöru. Ýmis önnur heiti eru til yfir slíkt, s.s. hólmar, flögur, klettar, stangir, klakkar, rimar, boðar, flúrur, hnúfur, flákar, flesjur og rif. Umfjöllunin á að sjálfsögðu við um allar slíkar landfræðilegar einingar þrátt fyrir að þessi heiti séu ekki notuð hér.

eða aðilar hafi verið komnir að þeim réttindum. Þá er einnig á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðum ríkisins. Almennt sé um að ræða eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafi ekki verið og séu ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir kunni að benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Af hálfu gagnaðila ríkisins er hins vegar almennt á því byggt að umræddar eyjar og sker hafi tilheyrt viðkomandi jörðum sem fullkomið eignarland þeirra, rétt eins og aðrir hlutar jarðanna. Landeigendur hafi í gegnum tíðina átt þar mikil hlunnindi og haft af þeim umfangsmikil not eftir því sem búskaparhættir og tækni hafi heimilað á hverjum tíma. Flestir landeigendur byggja á því að eignarréttur þeirra að eyjum og skerjum sé lögákveðinn samkvæmt lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Þá er í sumum tilvikum byggt á því að um sé að ræða landsvæði sem lýst sé innan merkja í landamerkjabréfum jarða eða þess getið þar að um sé að ræða landsvæði sem tilheyri viðkomandi jörðum. Það eigi sér jafnframt stoð í ýmsum öðrum heimildum um jarðirnar.

Ljóst er að á framangreind álitaefni reynir í báðum málunum á svæði 12 og að málsmeðferðarsvæðið er að ýmsu leyti frábrugðið fyrri svæðum sem nefndin hefur haft til umfjöllunar. Í ljósi þess tók nefndin til rannsóknar atriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn mála á svæðinu, einkum með tilliti til nýrra álitaefna sem ekki hafa áður komið til skoðunar og þess hvernig þau sjónarmið sem fram koma í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* horfa við álitaefnum sem uppi eru á svæði 12 að öðru leyti.

Tekið skal fram að í eftirfarandi umfjöllun er ekki tekin efnisleg afstaða til einstakra krafna aðila heldur er um að ræða afstöðu nefndarinnar til almennra álitaefna. Tekin er afstaða til krafna aðila sem varða einstakar jarðir eða kröfusvæði ríkisins í kafla 7.3.

7.2.3.2 Stofnun eignarréttar á eyjum og skerjum

Um þá stofnunarhætti eignarréttinda sem helst koma til skoðunar í þjóðlendumálum, þ.e. nám, hefð og lög, er fjallað í 3. kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Hér verður vikið að almennum álitaefnum um þessa stofnunarhætti eignarréttinda hvað varðar eyjar og sker.

7.2.3.2.1 Landnám

Eins og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi á landnámsöld og *Landnáma* hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi.

Í réttarframkvæmd hefur verið talið að skýrar frásagnir *Landnámu* um tiltekið landsvæði geti haft þýðingu þegar lagt er mat á hvort til beins eignarréttar hafi stofnast í öndverðu fyrir nám, en almennt sé ekki unnt að draga afdráttarlausar ályktanir af tak-

mörkuðum lýsingum í *Landnámu*. Þó að þess séu dæmi að í *Landnámu* sé fjallað um eyjar og sker eru landnámslýsingar almennt ekki skýrar að þessu leyti. Í samræmi við framangreint telur nefndin að af því verði almennt ekki dregnar afdráttarlausar ályktanir um stofnun eignarréttinda.

Það er meginregla íslensks eignaréttar að sá sem telur til eignarréttar yfir tilteknu verðmæti verði að færa fram heimildir fyrir þeim rétti sínum.[515] Í þjóðlendumálum skiptir máli að sýna fram á að stofnast hafi til beins eignarréttar í öndverðu og að sá eignarréttur hafi haldist síðan. Þrátt fyrir framangreinda meginreglu hefur Hæstiréttur í dómaframkvæmd þjóðlendumála ekki gert kröfu um að sýnt sé nákvæmlega fram á hvernig stofnast hafi til eignarréttar í öndverðu með námi heldur talið að mestu skipti að sýna fram á að eignarréttur hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og haldist í tímans rás. Um þetta má m.a. vísa til eftirfarandi ummæla í fyrsta dómi Hæstaréttar í þjóðlendumáli 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum):

> Meðal þeirra ástæðna, sem [íslenska ríkið] reisir kröfur sínar um mörk þjóðlendu á, er sú að [gagnaðilar ríkisins] geti ekki sannað að þeir hafi öðlast beinan eignarrétt að landi norðan við kröfulínur hans fyrir nám, en frumeignarréttur að landi geti einungis stofnast með þeim hætti eða með löggjöf. Um landnám á þessu svæði nýtur ekki nægilega glöggra heimilda. Önnur atriði eins og staðhættir, nýting eða gróðurfar gefa heldur ekki skýrar vísbendingar um hvort land norðan við kröfulínur aðaláfrýjanda hafi verið numið. Varðandi síðastnefnda atriðið er hins vegar til þess að líta að við meðferð málsins hlutaðist óbyggðanefnd til um að rannsakað yrði hvernig gróðurfari hafi verið háttað fyrr á öldum. Hefur sú rannsókn leitt í ljós að óvíða á landinu hefur gróðri hnignað jafn mikið og á þessu svæði. Gróðurleysi hefur því væntanlega ekki staðið því í vegi að land norðan við kröfulínur aðaláfrýjanda yrði numið. Mikill hluti þessa svæðis, einkum að austanverðu, er einungis í 200 til 300 metra hæð yfir sjávarmáli, en þegar vestar dregur standa þó einstök fjöll upp úr því landi og ná 500 til 700 metra hæð, svo sem Sandfell, Bjarnarfell, Miðfell og Svínafell. Hluti svæðisins að suðvestanverðu, sem liggur að nokkru að fyrrum mörkum Biskupstungnahrepps og Laugardalshrepps, nýtur hins vegar nokkurrar sérstöðu að þessu leyti og þar eru tvö fjöll, Kálfstindur og Högnhöfði, sem eru rúmlega 900 og 1000 metra há. Að undanteknu landinu næst þessum hreppamörkum er svæðið norðan kröfulínu aðaláfrýjanda, þegar litið er til þess í heild, ekki svo hálent eða gróðursnautt að það geti talist hafa sett landnámi einhver augljós mörk. Í ljósi þessa verður ekki lagt á stefndu að sýna frekar fram á það en gert hefur verið að land norðan við kröfulínur aðaláfrýjanda hafi almennt verið numið þannig að það hafi verið nýtt með öðrum hætti en til takmarkaðra afnota yfir sumarmánuðina eins og aðaláfrýjandi heldur fram að hafi verið. Geta úrslit málsins ekki ráðist af skorti á sönnun um þetta atriði.

Í tilvikum sem þessu hefur ekki verið gerð krafa um að sýnt sé nákvæmlega fram á með hvaða hætti yfirfærslu eignarréttar hafi verið háttað á fyrri öldum heldur aðeins að

[515] Sjá nánar: Þorgeir Örlygsson: „Om ejendomsret til landområder og naturressourcer.“ *Tidsskrift for Rettsvitenskap*, 111. árg., 4. tbl. 1998, bls. 576; Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I*. Reykjavík 1998, bls. 107–108; Valgerður Sólnes: *Clarifying land title. Land reform to eliminate terra nullius in Iceland.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla 2018, bls. 68–69; Valgerður Sólnes: „Sönnunarfærsla í eignarréttarmálum“ í: *Hæstiréttur og Háskóli Íslands. Rit til heiðurs Hæstarétti 100 ára*. Reykjavík 2020, bls. 337–339; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2022, bls. 305.

rétturinn hafi haldist í raun, sbr. m.a. dóma Hæstaréttar 14. júní 2007 í máli nr. 22/2007 (Þórsmörk), 29. október 2009 í máli nr. 685/2008 (Seltjarnarnesafréttur) og 3. júní 2010 í máli nr. 198/2009 (Ölfus- og Selvogsafréttur).[516]

Þar sem landnámslýsingar í *Landnámu* eru almennt óljósar eða takmarkaðar þegar kemur að eyjum og skerjum á svæði 12 telur óbyggðanefnd að framangreint eigi almennt við og því geti skipt meira máli að sýnt sé fram á að eignarréttur að eyjum og skerjum hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og flust áfram í tímans rás, fremur en nákvæmlega hvernig til hans hafi stofnast í öndverðu. Eftir sem áður telur nefndin þó að skýrar frásagnir í *Landnámu* hafi sönnunargildi við mat á stofnun beins eignarréttar. Í þessu sambandi er þess einnig að gæta að landnámsmenn komu sjóleiðina til landsins, sem var auk þess lengst af eina flutningsleiðin til og frá landinu, og eyjar og sker við landið hafa þannig blasað við og löngum verið í alfaraleið. Aðstæður á svæði 12 eru að þessu leyti frábrugðnar flestum öðrum landsvæðum sem hafa verið til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd, en þau hafa alla jafna verið upp til fjalla og inn til landsins.

7.2.3.2.2 Lög

Þess eru dæmi að stofnað hafi verið til eignarréttinda með lögum, t.d. með stofnun nýbýla á eigendalausu landi á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 1776, en með stofnun slíkra býla stofnaðist jafnframt til beins eignarréttar að því landi sem hlutaðeigandi býli var ætlað og áður var eigendalaust.[517] Hugsanlegt er að stofnað hafi verið til nýbýla á eyjum og skerjum en sé um slíkt að ræða þarf að meta hvort skilyrðum tilskipunarinnar fyrir nýbýlisstofnun hafi verið fullnægt með sama hætti og í öðrum slíkum tilvikum sem komið hafa til skoðunar hjá nefndinni og fyrir dómstólum.

Í tengslum við stofnun eignarréttinda á eyjum og skerjum með lögum gefur málatilbúnaður aðila jafnframt tilefni til ítarlegrar umfjöllunar um lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

7.2.3.2.2.1 Lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar

Af hálfu flestra gagnaðila ríkisins er á því byggt að tekin hafi verið bein afstaða til eignarréttarlegrar stöðu eyja og skerja með lagasetningu þegar á þjóðveldisöld, með vísan til 56. kapítula landabrigðisþáttar Grágásar. Regla um þetta efni hafi svo verið tekin upp í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar[518] við lögtöku hennar árið 1281. Byggt er á því að af þessu ákvæði Jónsbókar, sem birt er í gildandi lagasafni, leiði að eyjar og sker utan meginlandsins séu almennt eignarlönd og hafi tilheyrt þeim jörðum

[516] Sjá nánar: Valgerður Sólnes: *Clarifying land title. Land reform to eliminate terra nullius in Iceland.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla 2018, bls. 287–288; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2022, bls. 334.

[517] Sjá nánar kafla 3.3 og 13.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og Sigmar Aron Ómarsson: „Nýbýlatilskipunin frá 1776.“ *Tímarit lögfræðinga* 2023, bls. 677–723.

[518] Í sumum útgáfum er þessi kafli nefndur 61. kapítuli landabrigðabálks Jónsbókar. Hér er tekið mið af þeirri kaflaskiptingu sem notuð er í lagasafninu. Þá er þessi hluti Jónsbókar í sumum handritum nefndur „rekaþáttur“ en hér verður heitið „rekabálkur“ notað líkt og algengast er.

sem næst liggja, nema um annað hafi verið samið, svo sem ef einstakar eyjar eða sker hafi verið seld sérstaklega eða skilin með öðrum hætti frá viðkomandi jörðum.

Um er að ræða atriði sem ekki hefur áður komið til skoðunar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* eða réttarframkvæmd þjóðlendumála. Í ljósi þess óskaði nefndin eftir afstöðu íslenska ríkisins til þess hvort og þá hvaða þýðingu lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hefði við mat á því hvort eyjar og sker á svæði 12 teldust vera þjóðlendur eða eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga.

Í bréfi lögmanna íslenska ríkisins til óbyggðanefndar, dags. 25. mars 2025, kemur fram að ríkið telji ákvæðið hafa mjög takmarkaða þýðingu við mat á því hvort eyjar og sker á svæði 12 teljist vera þjóðlendur eða eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Í fyrsta lagi þyki tiltekin sjónarmið mæla gegn því að í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist svo víðtæk regla sem gagnaðilar ríkisins byggja á, og þau renni fremur stoðum undir að aðrir skýringarkostir kunni að vera nærtækari. Í öðru lagi telur íslenska ríkið að jafnvel þó að ákvæðið yrði talið fela í sér sérstaka reglu um beinan eignarétt sæti slík regla takmörkunum hvað varðar fjarlægð eyja og skerja frá meginlandi. Af þeim sökum og í ljósi endurskoðaðra kröfulýsinga ríkisins geti ákvæðið því litla sem enga þýðingu haft við úrlausn mála á svæði 12 að mati ríkisins.

Hér verður þetta tekið til nánari skoðunar. Fyrst verða tilgreind í heild þau ákvæði úr Grágás og Jónsbók sem um ræðir. Umrætt ákvæði úr Grágás er svohljóðandi:[519]

> EF MAÐUR KAUPIR REKA AF LANDI MANNS. Þar er maður kaupir reka af landi annars manns, og skilja þeir eigi það mál ger en hann kaupi af landinu rekann að réttu lögmáli, þá skal svo fara sem nú mun eg tína. Landeigandi á að hafa af fjöru þeirri álnarlöng kefli öll og smærri. Hann á og þara allan og fugla alla og sela alla og rostunga og háskerðing og hnísu og fiska ef þá rekur fimm senn eða þaðan af færri. En ef fleiri rekur senn en fimm fiska, þá á það rekamaður. Landeigandi á og sela þá þó að þeir sé drepnir.
>
> Þetta allt sem nú var tínt á sá maður er land á fyrir ofan. Hann á og flutningar allar þar, og að varðveita skotmannshlut og hafa þar ágóðahlut og varðveita vogrek allt, og hvala þá alla á hann að þriðjungi er fyrir mönnum hlaupa á land, og veiðar allar á hann í netlögum og svo í fjörunni. Hann á og fyrir utan netlög og fyrir innan almenning hvala og viðu og allt það er þar flýtur, það sem eigi eiga aðrir menn áður. En sá er reka keypti af landinu á þar allan viðreka annan ótelgdan og hvala alla þá er kvikir hlaupa á land upp, nema menn valdi. Og hann á þá hvala alla og er þar rekur upp og svo þann er menn flytja úr almenning hvala og viðu og allt það er þar flýtur í netlögum, hvort sem net er lagt af landi eða af skeri. Hann á og fiska þá er fleiri rekur en fimm senn, nema kaup þeirra sé á annan veg skilt. Þá skulu sem í öðrum stöðum haldast þar öll á kveðin orð.
>
> Svo er og mælt ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, og á sá maður það og reka þann er fylgir er meginland á næst, nema kaupum sé annan veg keypt. Ef menn veiða rostung á landi manns eða í netlögum, og á hálfan landeigandi en hálfan þeir er veiða.

[519] Hér er vitnað til Grágásarútgáfu Gunnars Karlssonar, Kristjáns Sveinssonar og Marðar Árnasonar (Mál og menning, 1997) þar sem texti Staðarhólsbókar (AM 334 fol.) er lagður til grundvallar en þeir þættir sem Konungsbók (GKS 1157 fol.) hefur umfram hana eru einnig teknir með. Líkt og iðulega í útgáfum miðaldatexta eru greinaskil ákvörðun útgefenda. Í Staðarhólsbók og þeim Jónsbókarhandritum sem skoðuð hafa verið, sbr. næstu neðanmálsgrein, er upphaf kapítula jafnan aðgreint með skreyttum upphafsstaf og eftir atvikum fyrirsögn en að öðru leyti er textinn samfelldur, líkt og almennt gerist í miðaldahandritum.

> En fyrir utan netlög á hver maður veiði sína. Og er það veiður er menn færa á skipi til lands en flutning ella.

Jónsbókarákvæðið er svohljóðandi í þeirri útgáfu sem birt er í gildandi lagasafni:

> Um viðreka ok veiði fyrir útan netlög.
>
> Hverr maðr má flytja ok fénýta sér við þann allan er hann finnr fljótanda fyrir annars landi út frá rekamarki. Taka má maðr við ok hval þar við annars land at flytja er eigi er ván at festi, nema svá sé nær þeiri fjöru er festa má reka á, at sjá mundi mega þaðan fisk á borði, ef eigi bæri land fyrir. Svá á allar flutningar at taka. Ef maðr flytr við sinn á annars fjöru, ok skal sá viðr eigi þar lengr liggja en þrjár nætr, ef þat er rekafjara, nema nauðsyn banni, ella bæti … skaðabót þeim er reka á. Rétt er honum at færa upp á land ór fjöru ok hafa þaðan flutt innan tólf mánaða þaðan frá. Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju. … Ef maðr kaupir reka af landi manns at lögmáli réttu, ok skilja þeir þat eigi gjörr en svá, þá á landeigandi af fjöru þeiri alnarlöng kefli öll ok smæri, en rekamaðr á þar við allan annan útelgdan er þar rekr upp, ok svá hvali alla er þar hlaupa kvikir á land, nema menn valdi, ok svá á hann þá hvali er þar rekr. Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok fugla alla, sela alla ok rostunga, ok svá ef maðr drepr sel. Hann á þar at hafa hnísur ok háskerðinga, ok fiska alla, nema þar reki fleiri senn í land en fimm, þá á rekamaðr. Landeigandi á ok flutningar allar ok at varðveita skotmannshlut … ok hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni. Ef viðr flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er viðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumaðr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann, er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komit.

Í báðum tilvikum hafa þær setningar sem byggt er á verið undirstrikaðar. Ákvæðin eru efnislega samhljóða, enda mun Jónsbókarákvæðið eiga rætur að rekja til Grágásar.

Jónsbók er varðveitt í fjölmörgum handritum og minniháttar orðalagsmunur er á framangreindu ákvæði í þeim. Í útgáfu Jónsbókar frá árinu 2004, sem leggur önnur handrit til grundvallar en sú útgáfa sem lagasafnið styðst við, er lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar svohljóðandi: „Ef sker eður eyjar liggja fyrir landi manns, þá á sá það og reka þann allan er því fylgir er meginland á næst, nema með lögum sé frá komið.“ Ekki er um merkingarbæran mun að ræða og athugun óbyggðanefndar á helstu handritum Jónsbókar hefur jafnframt leitt í ljós að í þeim er ekki frekari tilbrigði að finna sem máli kunna að skipta.[520]

[520] Einkum voru skoðuð eftirtalin handrit. Annars vegar AM 351 fol. (bls. 45r), GKS 3268 4to (bls. 74v–75r), GKS 3271 4to (bls. 36r), AM 346 fol. (bls. 63v) og AM 169 4to (bls. 53r) sem eru ýmist meðal elstu handrita eða, a.m.k. að einhverju leyti, talin til marks um elstu gerð textans sem tiltæk er, en fyrstnefnda handritið var lagt til grundvallar við útgáfu Ólafs Halldórssonar á Jónsbók 1904. Þá er AM 134 4to meðal helstu handrita í þessum flokki en það er ekki varðveitt í heilu lagi og m.a. vantar þennan hluta rekabálks. Hins vegar voru skoðuð AM 350 fol. (bls. 52r) og AM 343 fol. (bls. 64v) sem útgáfa Más Jónssonar á Jónsbók árið 2004 byggðist á en henni var ætlað að sýna þann texta sem var algengastur frá miðri 14. öld fram í byrjun 18. aldar. Handritin eru aðgengileg mynduð á vefnum handrit.is. Einnig voru skoðuð nokkur önnur handrit, sem og lesbrigði sem tilgreind eru neðanmáls í Jónsbókarútgáfu Ólafs Halldórssonar frá 1904. Helstu tilbrigði önnur en ofangreind reyndust vera að í stað „er (því) fylgir“ er stundum skrifað „er þar fylgir“ eða „er fyrir liggur“. Þá segir í einu handriti sem skoðað var „eru fyrir landi“ en ekki „liggja fyrir landi“. Enn fremur mun þess dæmi að í stað „fyrir landi“ segi „við land“ en þar virðist um afmarkað tilvik að ræða í handritinu AM 158 a 4to sem Ólafur Halldórsson segir í yfirliti um handrit í Jónsbókarútgáfu sinni 1904 vera býsna fullt af villum. — Um handrit Jónsbókar, handritaflokka og fleira sem þeim

Eins og áður segir er Jónsbókarákvæðið birt í gildandi lagasafni.[521] Ljóst er að við útgáfu lagasafns í gegnum tíðina hefur verið leitast við að leggja mat á hvaða hlutar Jónsbókar væru enn í gildi og í lagasafninu eru nú birtir 47 kapítular úr Jónsbók eða hlutar þeirra. Undir lok síðustu aldar var skipuð svonefnd lagahreinsunarnefnd sem hafði það meginverkefni að gera tillögur um lagahreinsun og brottfall úreltra laga. Nefndin vann í þessu skyni frumvarp sem varð að lögum um brottfall laga og lagaákvæða, nr. 118/1990. Í almennum athugasemdum við frumvarpið var tekin afstaða til nokkurra grundvallaratriða og þar á meðal hvort ástæða væri til að fella brott þau ákvæði Jónsbókar sem talin voru í gildi. Um það segir í frumvarpinu:

> Við vinnubrögð að lagahreinsun ber að áliti nefndarinnar að skirrast við að hreyfa við hinum elstu lagaboðum sem í gildi eru og prýða íslensk lagasöfn og hlýtur það sjónarmið þó að þoka fyrir brýnni nauðsyn ef slíku er að skipta. Yfirleitt eru þau lagaákvæði Jónsbókar, sem talin eru í gildi, með þeim hætti að þau ganga ekki í berhögg við nútímalög eða lagaviðhorf, en gæta ber þess, svo sem áður greinir, að samlaga einstök ákvæði þeirra meginreglum laga eða einstökum settum lagaákvæðum þegar þeim er beitt. Veldur það sjaldnast vafa. Athyglisvert er að til nokkurra Jónsbókarákvæða hefur verið vísað í hæstaréttardómum á síðustu árum. Í þessu lagahreinsunarstarfi ber því öðrum þræði að gæta lagaverndarsjónarmiða og þyrma hinum fornu lögum.

Viðhorf nefndarinnar var að þau ákvæði Jónsbókar sem væru birt í lagasafninu væru í gildi og að ekki væri ástæða til að fella þau úr gildi. Löggjafinn fylgdi þeirri stefnu og lög nr. 118/1990 hrófluðu því ekkert við ákvæðum Jónsbókar. Sama viðhorf má sjá í dómum Hæstaréttar þar sem ákvæðum Jónsbókar hefur allnokkuð verið beitt. Sem dæmi má nefna þrjá samhljóða dóma Hæstaréttar frá 19. september 1996 í málum nr. 179–181/1996 (Efri-Langey, bls. 2518, 2525 og 2532 í dómasafni réttarins það ár), sem vörðuðu m.a. ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga þegar kemur að einkarétti eigenda sjávarjarða til veiði sjávarfiska í netlögum.[522] Um það segir í dómunum:

---

tengist, m.a. ákvarðanir útgefenda um val á texta, sjá: Ólafur Halldórsson: „Indledning“ og „Haandskriftfortegnelse“ í: *Jónsbók*. Kaupmannahöfn 1904, bls. I–LVII, einkum XXI–XXII, XXXIII, XXXVI–XXXVIII og L o.áfr.; Már Jónsson: „Inngangur“ í: *Jónsbók*. Reykjavík 2004, bls. 1–34, einkum 19–29. Már Jónsson: „Ný útgáfa íslenska miðaldalaga.“ *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 73. árg. 2023, bls. 775–813, einkum 803–807; Már Jónsson: „Textatengsl nokkurra elstu handrita Jónsbókar“ í: *Líndæla*, Reykjavík 2001, bls. 373–387, einkum 375– 378.

[521] Textinn sem birtur er í lagasafninu virðist einkum byggjast á útgáfu Ólafs Halldórssonar á Jónsbók árið 1904, sbr. umfjöllun Más Jónssonar í inngangi að Jónsbókarútgáfu sinni hundrað árum síðar. Már segir að markmiðið með útgáfu Ólafs hafi verið tvíþætt, annars vegar að nálgast upprunalegan texta eftir því sem hægt væri en jafnframt að sýna þann texta sem gilt hefði um aldir. Í tilviki lokamálsliðar 2. kapítula hefur upprunalegri textinn verið birtur í meginmáli Jónsbókarútgáfunnar 1904 og að mati Más er umhugsunarefni að sá texti sé birtur í lagasafninu en ekki sá texti sem hefði formlega verið í gildi áður. Sjá: Már Jónsson: „Inngangur“ í: *Jónsbók*. Reykjavík 2004, bls. 15.

[522] Sjá einnig t.d.: Pétur Kr. Hafstein: „Jónsbókarákvæði í dómasafni Hæstaréttar 1920–2004.“ *Úlfljótur* 3. tbl. 2009, bls. 253–296; Páll Sigurðsson: „Um Jónsbók á síðari tímum. Ákvæði úr Jónsbók, sem vitnað er til í dómasafni Hæstaréttar 1921–1982.“ *Erindi og greinar 18*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 1985.

> Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávar–dýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það.

Af þessum dómum verður sú ályktun dregin að umræddur hluti 2. kapítula rekabálks Jónsbókar hafi enn verið í gildi, þrátt fyrir að hafa ekki verið tekinn upp í lagasafninu 1919 og síðar, enda hefði hann ekki verið felldur úr gildi með ákvörðun löggjafans. Þannig háttar til að hér er til umfjöllunar annar hluti sama ákvæðis, þ.e. 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, en þó hluti þess sem sannarlega er birtur í lagasafninu. Með hliðsjón af framgreindu verður að telja að ákvæðið sem hér er til umfjöllunar sé enn í gildi, enda verður ekki séð að það hafi verið fellt úr gildi með ákvörðun löggjafans.

Þegar 56. kapítuli landabrigðisþáttar Grágásar er skoðaður heildstætt er ljóst að hann fjallar að mestu leyti um inntak rekaítaka, þ.e. þegar rekaréttur hefur verið skilinn frá jörð og færður í hendur annars en eiganda viðkomandi jarðar. Í ákvæðinu eru ítarlegar lýsingar á réttindum landeiganda annars vegar og rekamanns, þ.e. handhafa rekaítaks, hins vegar. Í grein um rekalög Jónsbókar rekur prófessor Einar Arnórsson hve mikla þýðingu rekaviður hafði fyrr á öldum, ekki síst vegna þess að íslenskt birki hentaði ekki til húsa- eða skipagerðar, auk þess sem talsverð verðmæti hafi verið falin í hvalreka.[523] Af þessum sökum var þörf á nákvæmri löggjöf um rekarétt og þar sem algengt var að stofnað væri til rekaítaka var þörf á ítarlegum reglum um inntak slíks réttar, eins og framangreint ákvæði Grágásar er til marks um. Jónsbókarákvæðið fjallar einnig að miklu leyti um sama efni en framan við umfjöllun um rekaítök, sem er nokkuð stytt frá Grágásarákvæðinu, eru einnig reglur um rekarétt og veiðar utan netlaga.

Ef þeir hlutar ákvæðanna sem fjalla um eyjar og sker eru túlkaðir í samhengi við aðra málsliði ákvæðanna, sem fjalla um rekaítök og rekarétt, mætti hugsanlega segja að efni þeirra væri fyrst og fremst skilgreining á sambandi landeiganda og rekamanns þegar kemur að eyjum og skerjum. Inntak ákvæðanna mætti þá túlka þannig að þrátt fyrir að stofnað hefði verið til rekaítaks á jörð til handa öðrum en landeiganda héldi landeigandi eftir rekarétti á eyjum og skerjum, nema samið væri um annað. Einnig er hugsanlegt að túlka ákvæðin sem sjálfstæðar reglur sem varði aðeins rekaréttindi en ekki endilega rekaítök, þannig að í þeim felist einungis að rekaréttindi á eyjum og skerjum fyrir landi fylgi þeirri jörð sem næst er. Af hálfu íslenska ríkisins er m.a. byggt á því að nærtækast sé að túlka ákvæðin með þessum hætti þannig að þau varði einkum eða eingöngu rekaréttindi. Það sem helst mælir með slíkri túlkun er staðsetning ákvæðanna meðal annarra ákvæða í rekabálki sem varða fyrst og fremst rekaréttindi en þó einnig önnur eignarréttindi eins og veiðirétt.

Orðalag ákvæðanna er hins vegar einnig hægt að túlka á þann veg að kveðið sé á um að eyjar og sker fyrir landi manns fylgi því landi sem næst er á meginlandi í þeim skilningi að um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum sé að ræða. Því sé reglan sjálfstæð, þrátt fyrir að vera skipað í kapítula með ákvæðum sem varða einkum rekaréttindi.

[523] Einar Arnórsson: „Rekalög Jónsbókar.“ *Úlfljótur* 2. tbl. 1948, bls. 1–3.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að þannig beri að túlka ákvæðin. Af hálfu ríkisins hefur verið bent á að ætla mætti að ef í ákvæðinu fælist regla um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum yrði slíkri grundvallarreglu gert hærra undir höfði í lagatextanum en raun ber vitni. Að mati nefndarinnar kann það að vera rétt en á hinn bóginn er einnig hugsanlegt að á þjóðveldisöld hafi slík regla ekki verið talin grundvallarregla, eða ekki talið að í henni hafi falist breyting á fyrirkomulagi eða inntaki eignarréttar að eyjum og skerjum, heldur hafi í henni birst rótgróið réttarástand sem hafi verið alþekkt þegar tekið var að rita lög þess tíma. Það sýnist einnig í betra samræmi við kenningar fræðimanna um hugmyndir á þjóðveldisöld um lög og lagasetningu. Talið er að litið hafi verið svo á að lög hafi byggst á fornum venjum og verið varanleg í þeim skilningi að almennt væri ekki á færi manna að breyta þeim af ásettu ráði. Hins vegar hafi löggjöf þróast með lagaréttingu og við úrlausn ágreiningsmála þar sem leiða þurfti í ljós hvaða reglur skyldu gilda, á grundvelli hinna fornu laga.[524]

Til stuðnings málatilbúnaði sínum hafa gagnaðilar ríkisins vísað til ýmissa dóma og að mati óbyggðanefndar er ástæða til að kanna nokkra þeirra nánar.

Fyrstan má nefna prestadóm frá 19. nóvember 1503 um eignarhald á Hrófey í Steingrímsfirði ásamt hólmum og skerjum sem liggja út frá henni.[525] Hrófey er skammt frá landi milli jarðanna Tungugrafar (nefnd Gröf í dómnum) og Húsavíkur í Steingrímsfirði. Í dómnum kemur fram að dómendur hafi gengið á vettvang og kannað landamerki milli jarðanna sem samkvæmt vitnisburðum hinna elstu manna sem þar voru í sveit voru talin liggja um Hrólfsmýrarlæk. Að fenginni þeirri niðurstöðu var Hrófey, ásamt nærliggjandi hólmum og skerjum, dæmd eign Tungugrafar „sakir þess ad oss leist fyrrgreind ey. holmar og skier liggja fyrir greindri grof eptir bokarinar ordum“. Niðurstaða málsins er þó með fyrirvara um að eigandi Húsavíkur „leiddi ij loglig vitne fyrir sira Rafni Oddzsyne heima a Stad j Steingrimsfirdi. jnnan tueggja manada ad heyrdum dominum ad þessi þrátt greind ey. holmar og skier hefdi annad huort verid gefnar. golldnar edur selldar af riettum eignarmanne burtt fra optnefndri Gröf eda ödruvijs med logum fra komid“.

Niðurstaða dómsins byggist greinilega á því að Hrófey liggi fyrir landi Tungugrafar, með þeim fyrirvara að eiganda Húsavíkur er gefinn kostur á að sanna innan tiltekins frests að eyjan, hólmarnir og skerin hafi verið skilin frá jörðinni, eða með lögum frá henni komin. Rökstuðningurinn í dómnum er í fullu samræmi við orðalag lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Ekki er vísað berum orðum til ákvæðisins heldur til *bókarinnar orða*. Orðalag á borð við þetta virðist nokkuð algengt í gömlum dómum þegar vísað er til ákvæða lögbókarinnar, þ.e. Jónsbókar. Með hliðsjón af sakarefni máls-

[524] Sjá nánar t.d. Sigurður Líndal: „Lög og lagasetning í íslenzka þjóðveldinu.“ *Skírnir*, 1. tbl. 1984, bls. 124–126; og Viðar Pálsson: „Kristinréttur Árna biskups og röksemdir lagasetningar.“ *Tímarit lögfræðinga* 2023, bls. 731–736.

[525] *Íslenzkt fornbréfasafn*, VII. bindi bls. 655–656, skjal nr. 4(2).

ins og rökstuðningi dómsins eru að mati nefndarinnar yfirgnæfandi líkur á að orðalaginu sé ætlað að vísa til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Hér má einnig nefna Alþingisdóm frá 1598 sem varðaði ágreining prestanna á Helgafelli og Breiðabólstað á Skógarströnd um Drangaflögu.[526] Í dómi undirréttar frá 22. maí 1598 kemur fram að um sé að ræða sker „sem liggur vid Helgafells land“ sem hafi áður verið nefnt Þingvallaflaga en síðar Drangaflaga. Í undirréttardómi kemur fram að presturinn á Breiðabólsstað hafi byggt á hefð en presturinn á Helgafelli hafi byggt á því að honum þætti flaga þessi „fyrer Helgafellss landi liggia. og ecki med laugum fra komen“. Niðurstaðan í undirrétti var að vísa málinu til Alþingis, en að presturinn á Helgafelli skyldi halda flögunni þar til niðurstaða fengist í málið. Niðurstaða Alþingisdómsins var að dæma Drangaflögu eign Breiðabólstaðarkirkju „undan Helgafellskirkiu“, gegn því að Helgafell fengi kolviðarskóg í Breiðabólstaðarlandi.

Ekki er vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar í dómunum en forsendur þeirra virðast efnislega í samræmi við orðalag ákvæðisins, þ.e. að Drangaflaga hafi verið talin liggja fyrir Helgafellslandi og því hafi þurft að sýna fram á að hún væri með lögum frá Helgafelli komin. Svo virðist sem fallist hafi verið á það í Alþingisdómnum.

Næstan má nefna dóm Landsyfirréttar í máli nr. 5/1874 um hvali í ísvök við jörðina Eyjar í Strandasýslu.[527] Í málinu var ágreiningur milli umboðsmanns þjóðjarða í Strandasýslu vegna jarðarinnar Eyja og eiganda Þingeyrakirkju um rétt til fimm hvala sem festust í ísvök úti fyrir landi Eyja. Ábúandi Eyja kom járnum í hvalina sem hlupu í kjölfarið upp á grynningar við eyjar úti fyrir landi jarðarinnar. Eigandi Þingeyrakirkju taldi sig eiga rétt til fjórðungs hvalanna á grundvelli rekaítaks kirkjunnar.

Umboðsmaður Eyja byggði m.a. á því að túlka bæri orðalag rekaskrár Þingeyraklausturs, sem Þingeyrakirkja leiddi rétt sinn frá, þannig að kirkjan ætti aðeins rekaítak á eyjunum úti fyrir landi jarðarinnar og þar sem hvalirnir hefðu orðið fastir í ísvök næði ítakið ekki til þeirra. Þessu hafnaði Landsyfirréttur og taldi að túlka bæri orðalag rekaskrárinnar þannig að kirkjan ætti rekaítak fyrir landi jarðarinnar Eyja í heild sinni. Af forsendum dómsins verður ráðið að litið hafi verið svo á að í því fælist að rekaítakið næði bæði til strandlengju jarðarinnar uppi á landi og eyjanna úti fyrir landi hennar. Landsyfirréttur taldi hins vegar sannað að hvalirnir hefðu hlaupið undan mönnum á land og þar með hefði ekki verið um rekahvali að ræða í skilningi 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Þar kemur enda fram að rekamaður eigi hvali þá alla sem kvikir hlaupa á land, nema menn valdi, og að landeigandi eigi hvali þá alla er fyrir mönnum hlaupa á land.

Af dómnum verður greinilega ráðið að litið hafi verið svo á að rekaítak Þingeyrakirkju á Eyjum hafi verið talið ná til eyjanna úti fyrir landi jarðarinnar og að ef hvalina hefði rekið á land á eyjunum með hefðbundnum hætti, þ.e. ef þeir hefðu ekki hlaupið

[526] *Alþingisbækur Íslands*, 3. bindi 1595–1605, bls. 140–143, skjal nr. 4(3).
[527] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873*, XI. bindi, bls. 307–310, skjal nr. 4(5).

undan mönnum á land, hefði kirkjan átt rétt á fjórðungi þeirra á grundvelli ítaksins. Dómurinn mælir þannig gegn því að lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar sé túlkaður í samhengi við aðrar reglur ákvæðisins um samband landeiganda og rekamanns þegar stofnað hefur verið til rekaítaks á jörð. Slík túlkun myndi enda leiða til þess að rekaítak næði almennt ekki til eyja og skerja úti fyrir landi jarðar heldur héldi landeigandi rekarétti þar, nema sérstaklega væri um annað samið. Ekki var sérstaklega um annað samið í þessu tilviki en rekaítakið var engu að síður talið ná til eyjanna fyrir landi Eyja. Það styður að mati nefndarinnar að líta beri á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar sem sjálfstæða reglu.

Hér kemur einnig til skoðunar dómur Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 um Ketilsker og Djúpsker undan Syðra-Skógarnesi í Eyja- og Miklaholtshreppi. Miklaholtskirkja og Arnarstapaumboð, vegna þjóðjarðarinnar Syðra-Skógarness, deildu um eignarrétt að skerjunum tveimur.[528] Í dómi Landsyfirréttar er vísað til þess að skerin tvö séu „fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness“. Ekki er vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar en af forsendum dómsins verður ótvírætt ráðið að gengið hafi verið út frá því að skerin væru eign Syðra-Skógarness og að sönnunarbyrði um annað hvíldi á Miklaholtskirkju. Niðurstaðan var sú að kirkjan hefði sýnt fram á eignarhald á hálfu Ketilskeri, með vísan til fornra máldaga, en að hún hefði ekki sýnt fram á eignarhald á hálfu Djúpskeri. Um það segir í dómnum:

> Þar eð nú þannig engin skilríki eru fram komin fyrir því frá Miklaholts kirkju hálfu, að hún eigi hið umþrætta Djúpsker, er liggur fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness, nje að henni beri nokkur rjettur til haustkópa og stórsela uppidráps þar, þá verður hvorki henni gefinn eignardómur fyrir skeri þessu, nje áfrýjandanum dæmdar skaðabætur fyrir útseli þá, er þar voru drepnir í nóvember og desember 1869.

Þrátt fyrir að ekki sé vísað til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar virðist afstaða dómsins til eignarréttarlegrar stöðu skerjanna í reynd byggjast á því að þau séu *fyrir landi* Syðra-Skógarness og að ekki sé unnt að fallast á eignarrétt annarra yfir þeim nema sýnt sé fram á að rétturinn hafi flust frá eiganda Syðra-Skógarness. Þannig sýnist eigandi Syðra-Skógarness ekki hafa þurft að færa fram frekari sönnun fyrir tilkalli sínu til skerjanna en að þau væru fyrir landi hans. Það er efnislega í fullu samræmi við orðalag ákvæðisins sem hér er til umfjöllunar. Af kortasjám verður ráðið að umrædd sker séu um 2 km frá landi og dómurinn er þannig einnig vísbending um að sker í þeirri fjarlægð frá landi geti talist vera *fyrir landi*, en til þess er nokkrum sinnum vísað í dómnum.

Til samanburðar má benda á annan dóm Landsyfirréttar frá svipuðum tíma, í máli nr. 10/1873, þar sem deilt var um eignarhald á eyðibýlinu Vilborgarkoti.[529] Þar var því m.a. hafnað að sú regla norræns réttar að ríkið eigi það sem enginn geti sannað eignar-

[528] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1875–1919*, I. bindi, bls. 1–5, skjal nr. 4(6).

[529] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenzkum málum 1802–1873,* XI. bindi, bls. 229–233, skjal nr. 4(4).

tilkall sitt til, gilti að íslenskum rétti. Af dómnum verður ráðið að niðurstaða um þetta atriði hafi ráðist af þeirri grundvallarreglu íslensks eignaréttar að sá sem kallar til eignarréttinda yfir fasteign verði að færa fram fullnægjandi heimildir fyrir rétti sínum, hvort heldur sem er ríkið eða aðrir.[530] Dómurinn sýnir að þessi grundvallarregla var talin í gildi á þessum tíma og henni beitt í framkvæmd en dómurinn um réttindi á Ketilskeri og Djúpskeri gekk aðeins ári síðar. Í ljósi þessarar grundvallarreglu þykja forsendur dómsins um Ketilsker og Djúpsker styðja enn frekar við ályktun um tilvist lagareglu um eignarrétt að eyjum og skerjum *fyrir landi* jarðar.

Loks kemur til skoðunar dómur Landsyfirréttar í máli nr. 38/1888 um sker fyrir landi jarðarinnar Einarshafnar á Eyrarbakka.[531] Í málinu var ágreiningur milli eiganda Einarshafnar, þ.e. danska kaupmannsins Lefolii, og tveggja íslenskra kaupmanna, sem ráku sína verslunina hvor á Eyrarbakka. Ágreiningurinn snerist um heimild hinna síðarnefndu til að leggja hafnarfestingar fyrir skip sín í Einarshafnarsker fyrir landi Einarshafnar. Slíkar festingar í sker undan Eyrarbakka voru nauðsynlegar skipum sem komu þar að landi vegna landfræðilegra aðstæðna. Íslensku kaupmennirnir höfðu hafist handa við gerð hafnarfestinga á Einarshafnarskeri en fulltrúi Lefoliis fékk lagt fógetabann (lögbann) við því og höfðaði í framhaldi mál til staðfestingar banninu. Lefolii tapaði málinu í héraði og áfrýjaði til Landsyfirréttar.

Í málinu var m.a. deilt um hvort umrætt sker væri háð eignarrétti Lefoliis sem hluti jarðarinnar Einarshafnar. Í greinargerð áfrýjandans Lefoliis fyrir Landsyfirrétti segir um þetta atriði:[532]

> Það er in confesso fyrir undirrjetti, að sækjandinn, stórkaupmaður J.R.B. Lefolii sje eigandi að jörðinni Einarshöfn, og heimildir fyrirrennara hans fyrir jörðinni sýna, að á þeim hafa aldrei neinar kvaðir hvílt. Jeg ætla hjer ekki að eyða orðum að því, að sýna fram á, að eignarrjettinum yfir jörðinni fylgi jafnríkur og jafnútilokandi rjettur yfir þeim hluta sem liggur að flæðarmálinu eins og því sem ofar liggur. Stórstraumsfjörumál er takmarkalína láðs og lagar, auk þess sem eignarrjetturinn nær út svo langt sem nótlög eru talin. Öll skerin liggja fyrir ofan stórstraumsfjörumál, hvað þá innan nóthelgi, því mörg af þeim – einnig ytri skerjunum – koma upp áður en sjór er hálffallinn og því nær öll koma þau upp um hálffallinn sjó. Jeg vísa að öðru leyti um þetta atriði og um afnotkun skerjanna í það, sem jeg hef tekið fram fyrir undirrjetti og í hin framlögðu kort, og samkvæmt því slæ eg því föstu, að stórkaupmaður J.R.B. Lefolii hefur löglegan, kvaðalausan eignarrjett yfir lóð þeirri, er hinir stefndu hafa byrjað að vinna að landfestum á, í forboði hans og án nokkurs leyfis eða tilvísunar hvorki af hálfu einstakra manna eða yfirvalda.

---

530 Sjá nánar um regluna: Þorgeir Örlygsson: „Om ejendomsret til landområder og naturressourcer.“ *Tidsskrift for Rettsvitenskap*, 111. árg., 4. tbl. 1998, bls. 576; Þorgeir Örlygsson: *Kaflar úr eignarétti I*. Reykjavík 1998, bls. 107–108; Valgerður Sólnes: *Clarifying land title. Land reform to eliminate terra nullius in Iceland.* Doktorsritgerð við Háskóla Íslands og Kaupmannahafnarháskóla 2018, bls. 68–69; Valgerður Sólnes: „Sönnunarfærsla í eignarréttarmálum“ í: *Hæstiréttur og Háskóli Íslands. Rit til heiðurs Hæstarétti 100 ára*. Reykjavík 2020, bls. 337–339; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2022, bls. 305.

531 *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1875–1919*, III. bindi, bls. 447–452, skjal nr. 4(7).

532 Málsskjöl í dómsmálunum um Einarshafnarsker eru meðal framlagðra skjala málsins, sjá gagnaflokk A.6.c í skjalaskrá (fylgiskjali II).

Hér virðist eignarréttarlegt tilkall til skerjanna fyrir landi Einarshafnar einkum á því byggt að þau séu land þar sem þau standi upp úr sjó á stórstraumsfjöru og séu innan netlaga jarðarinnar. Af hálfu stefndu, íslensku kaupmannanna, er þessu mótmælt í greinargerð fyrir Landsyfirrétti:

> Það verður að festa festi í botninn, og á því atriði, að hinir stefndu ~~vilja~~ þurfa að[533] festa akkeri í sker – hluta af botninum – sem koma upp úr sjó við stórstraums fjöru, ~~vill~~ byggjast allar mótbárur hans. Hann kallar það „rask á lóð“ etc., og telur krenktan eignarrjett sinn yfir þeirri ~~grann~~ jörð, sem liggur að höfninni – sem hann að vísu að öllum gögnum og gæðum hefur byggt og leigt öðrum manni, sem hefur yfirdregið hinum stefndu allan sinn rjett. Jeg hef fyrir undirrjettinum hrakið þessa viðbáru, og með ~~ég~~ rökum, er mjer virðast óyggjandi, sýnt fram á, að eigandi jarðarinnar Einarshafnar getur ekki bannað að nota höfnina, og álit jeg óþarft, að skrifa hjer upp aptur röksemdaleiðslu mína, og læt mjer nægja að skírskota til þess, sem jeg í varnarskjölum mínum fyrir undirrjetti hef tekið fram og sýnt, er mun vera ~~einna~~ glöggast í varnarframhaldi 19. júní. Allar þær röksemdir, sem jeg hef komið fram með fyrir undirrjetti, standa að mínu áliti óhraktar, og held ég fast við allt sem jeg þar hef framfært …

Af hálfu stefndu er þannig byggt á því að skerin fyrir landi Einarshafnar séu hluti af hafsbotninum, þrátt fyrir að þau komi upp úr sjó á stórstraumsfjöru, og teljist því ekki hluti jarðarinnar. Þetta kemur einnig skýrlega fram í tilvitnuðu varnarskjali stefndu fyrir undirrétti frá 19. júní 1888.

Í dómi Landsyfirréttar er þetta atriði tekið til umfjöllunar:

> Aðalsástæða áfrýjanda [Lefolii] til rjettlætingar fógetabanninu er, að aðfarir hinna stefndu komi í bága við eignar- og umráðarjett hans yfir jörðinni Einarshöfn og skerjunum, er liggja undan landi tjeðrar jarðar, en það er in confesso, að hann er eigandi jarðar þessarar og þar með einnig skerjanna eða sjerstaklega Einarshafnarskers, sbr. Jónsb. Rekab. kap. 2 in fine.

Hins vegar taldi dómurinn að skerið væri hluti Eyrarbakkahafnar og með vísan til konungsbréfs frá 23. apríl 1788 væri Lefolii ekki stætt á því að banna kaupmönnunum að nota höfnina, og þar með skerið, með þessum hætti. Þar sem hann hefði bannað þeim að nýta hafnarfestar sínar „verður hann að þola þá kvöð, að hinir stefndu leggi sjálfir út botnfestar og festi þær í sker og klappir, er heyra undir eignarjörð hans“, eins og segir í dómi Landsyfirréttar.

Fram kemur að óumdeilt sé (in confesso) að Lefolii sé eigandi jarðarinnar Einarshafnar og að af því leiði að hann sé einnig eigandi skerjanna fyrir landi jarðarinnar, þ.m.t. Einarshafnarskers, á grundvelli lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Af forsendum dómsins er ekki fyllilega ljóst hvort eignarhald á skerjunum hafi verið óumdeilt í málinu eða einungis eignarhald á jörðinni. Af áðurnefndum dómskjölum í málinu, og öðrum gögnum málsins sem óbyggðanefnd hefur kannað,[534] er ljóst að eignarhald á skerjunum var ekki óumdeilt heldur var þvert á móti tekist á um hvort eignarréttur Lefoliis yfir Einarshöfn næði einnig til skerjanna. Því er ljóst að í framangreindum forsendum Landsyfirréttar fólst bein afstaða réttarins til eignarhaldsins á

[533] Orðin „þurfa að“ eru rituð ofan við yfirstrikaða orðið „vilja“.
[534] Sjá gagnaflokk A.6.c í skjalaskrá (fylgiskjali II).

skerjunum og niðurstaða um að skerin væru hluti jarðarinnar grundvallaðist á lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Af dómnum verður ekki annað ráðið en að um beinan eignarrétt hafi verið að ræða, enda kemur fram að sem eigandi jarðarinnar hafi Lefolii einnig verið eigandi skerjanna og þau voru talin heyra undir eignarjörð hans. Þá er einnig ljóst að rekaréttindi voru ekki til umfjöllunar í málinu, sem mælir að mati nefndarinnar mjög gegn því að ákvæðið verði túlkað þannig að það varði eingöngu slík réttindi.

Lefolii áfrýjaði málinu til Hæstaréttar Danmerkur[535] sem sneri við niðurstöðu Landsyfirréttar um heimild íslensku kaupmannanna til að koma sér upp hafnarfestum með svofelldum rökstuðningi:

> Í hinum áfrýjaða dómi er með rjettu gjört ráð fyrir, að stórkaupmaður Lefolii hljóti að skoðast sem eigandi grynninga þeirra og skerja, er ræðir um í málinu. Út úr ákvörðunum þeim, sem teknar eru fram í dóminum, og öðrum íslenzkum lögum, er ekki hægt að leiða neinn rjett fyrir hina stefndu sem fastakaupmenn við hlutaðeigandi höfn að nota tjeðar grynningar og sker til að festa þar hafnarfestar þær, er ræðir um í málinu og miða til þess að útvega þeim stöðugt skipalægi á höfninni, sízt er svo hagar til sem hjer, að það mundi, eptir því sem fram hefur komið í málinu, tálma eigandanum sjálfum að auka hafnarfestar sínar á þann hátt, er hann hafði jafnvel áður ásett sjer, eptir því sem hann heldur fram, enda hefur einnig gjört meðan á málinu stóð.

Í dómi Hæstaréttar er niðurstaða Landsyfirréttar um eignarhald á skerjunum staðfest. Athygli vekur að í dómunum er ekki vikið að netlögum, fjörumörkum eða fjarlægð Einarshafnarskers eða annarra skerja frá landi. Samkvæmt elstu fyrirliggjandi kortagögnum, þ.e. dönsku Herforingjaráðskortunum frá upphafi 20. aldar og gömlum loftmyndum frá miðri 20. öld úr safni Landmælinga Íslands, sem birtar eru í kortasjá Náttúrufræðistofnunar,[536] virðast Einarshafnarsker hafa verið um 350–450 m frá landi á þeim tíma og í dómi Landsyfirréttar er vísað til þess sem hluta útskerja Einarshafnar. Niðurstaða um eignarrétt eiganda Einarshafnar að skerinu virðist einungis á því byggð að það sé fyrir landi jarðarinnar í skilningi 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og hluti jarðarinnar á þeim grundvelli, án tillits til ákveðinnar fjarlægðar eða beinna tengsla við fjörumörk og netlög. Eins og fram kemur í greinargerð Lefoliis fyrir Landsyfirrétti var eignarréttarlegt tilkall m.a. byggt á því að skerin væru innan netlaga en Landsyfirréttur virðist hafna því, eða a.m.k. þýðingu þess í þessu samhengi, með því að byggja niðurstöðuna um eignarrétt að skerjunum á öðrum grundvelli.

Í munnlegum málflutningi fyrir óbyggðanefnd vakti lögmaður íslenska ríkisins athygli á því, í umfjöllun um framangreindan dóm, að Einarshafnarsker væru innan stórstraumsfjöruborðs samkvæmt afmörkun þess í kortasjá um kröfur á svæði 12, sem sett var upp vegna málsmeðferðar óbyggðanefndar. Að mati lögmanns íslenska ríkisins væri nærtækara að túlka dóminn þannig að umrædd sker teldust vera fyrir landi Einarshafnar vegna þess að þau væru innan stórstraumsfjöruborðs.

---

[535] *Landsyfirréttardómar og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1875–1919,* IV. bindi, bls. 104–106.
[536] Sjá kortasjá Náttúrufræðistofnunar hér: https://kort.gis.is.

Þess er að gæta í þessu sambandi að Einarshafnarsker eru úti fyrir núverandi hafnarstæði á Eyrarbakka. Af samanburði nýlegra loftmynda og korta við gamlar loftmyndir og eldri fyrirliggjandi kort af svæðinu, sem áður er vísað til, sést að núverandi hafnarbakki er á talsvert stórri landfyllingu. Þar að auki hefur varnargarður verið reistur utan um höfnina. Hann hvílir m.a. á skerjum úti fyrir höfninni en vestasti hluti hans er skammt frá Einarshafnarskerjum. Upplýsingar um stórstraumsfjöruborð í kortasjá um kröfur á svæði 12 eru háðar nokkurri óvissu þar sem nákvæmar mælingar á því liggja ekki fyrir, auk þess sem þær byggjast á núverandi stöðu lands.[537] Í ljósi þess að umtalsverðar landfyllingar hafa verið gerðar og framkvæmdir átt sér stað í grennd við Einarshafnarsker er ljóst að upplýsingar um stórstraumsfjöruborð á svæðinu í kortasjá um kröfur á svæði 12 eru ekki lýsandi um stöðu fjöruborðsins á seinni hluta 19. aldar. Allar líkur eru á því að það hafi verið talsvert innar á þeim tíma.

Hér hefur verið fjallað um nokkra gamla dóma sem gagnaðilar ríkisins byggja á til stuðnings túlkun sinni á inntaki lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Rannsókn nefndarinnar hefur ekki leitt í ljós aðra dóma sem varpa ljósi á efni og inntak ákvæðisins.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.[538] Þar kemur fram að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geti haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en feli aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess megi draga þá ályktun af dómafordæmum Hæstaréttar að eldri dómsúrlausn feli aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda. Tilefni þessarar umfjöllunar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* voru einkum dómar Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) þar sem réttaráhrif og sönnunargildi annars vegar dóms Landsyfirréttar um Bleiksmýrardal frá 1855 og hins vegar dóms Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði frá 1996 voru til skoðunar. Í báðum tilvikum var álitaefnið hvort umræddir dómar væru bindandi um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem þar voru til umfjöllunar í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þ.e. hvort þeir hefðu *res judicata* áhrif í viðkomandi málum.

Það álitaefni sem hér er uppi er hins vegar frábrugðið að því leyti að ekki er beinlínis til skoðunar hvort þeir dómar sem fjallað er um hér að framan, og varða eyjar og sker, séu bindandi um eignarréttarlega stöðu viðkomandi eyja og skerja. Álitaefnið er hvert sé inntak lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, hvernig umrætt ákvæði hafi verið túlkað í framkvæmd og hvaða þýðingu það kunni að hafa fyrir þjóðlendumál á svæði 12. Þrátt fyrir að almennt þurfi að meta áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni,

[537] Sbr. kafla 4.3.
[538] Sjá kafla 11.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

sérstaklega að því er varðar hugsanleg *res judicata* áhrif þeirra, er að mati nefndarinnar unnt að líta til framangreindra dóma í því skyni að draga af þeim almennar ályktanir um það álitaefni sem hér er til skoðunar.

Að mati óbyggðanefndar veitir framangreindur dómur Landsyfirréttar í máli nr. 38/1888, sem staðfestur var að því leyti sem hér skiptir máli í Hæstarétti Danmerkur, skýrar leiðbeiningar um túlkun á inntaki lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, sérstaklega þegar forsendur dómsins eru túlkaðar með hliðsjón af málatilbúnaði aðila. Af dómnum verður ráðið að lagt hafi verið til grundvallar að í ákvæðinu fælist lagaregla sem kvæði á um að eyjar og sker sem lægju fyrir landi jarðar væru hluti þeirrar jarðar sem næst lægi, nema þau hefðu verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Að mati nefndarinnar styðja aðrir dómar sem hér hafa verið raktir einnig þá ályktun, enda verður ráðið af forsendum þeirra að slík regla hafi verið talin gilda. Eins og áður segir verður ekki annað séð en að hún sé enn í gildi. Jafnframt er niðurstaða nefndarinnar að framangreindir dómar styðji ekki aðra túlkunarkosti sem nefndir hafa verið, svo sem að ákvæðið varði einungis rekaréttindi.

— — —

Að fenginni þeirri niðurstöðu að í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur kemur næst til athugunar hvernig túlka beri orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Orðalag ákvæðisins sjálfs veitir ekki skýrar leiðbeiningar um hversu langt frá landi eyjar og sker geti talist vera *fyrir landi* eða hvort einhver ytri mörk séu yfirhöfuð á því. Af hálfu sumra gagnaðila ríkisins er byggt á því að lítil mörk séu á gildissviði ákvæðisins og að það nái að líkindum allt að 30 km frá landi. Af hálfu ríkisins er hins vegar byggt á því að ef litið verði svo á að í ákvæðinu felist sérstök regla um beinan eignarrétt að eyjum og skerjum verði að leggja til grundvallar að gildissvið hennar sé mjög takmarkað. Að mati ríkisins verði að túlka gildissvið reglunnar í samhengi við önnur fjarlægðarviðmið í rekabálki Jónsbókar, svo sem netlög eða fiskhelgi.

Í flestum dómum sem komið hafa til skoðunar hér að framan var deilt um eyjar og sker sem eru fremur skammt undan landi en í dómi Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 voru hin umdeildu sker, sem eru um 2 km frá meginlandinu, sögð vera fyrir landi jarðarinnar Syðra-Skógarness. Af framangreindum dómum og þeim málsgögnum sem óbyggðanefnd hefur kannað í tengslum við þessa rannsókn verður ekki séð að fjarlægð frá landi eða tengsl við fjörumörk, netlög eða fiskhelgi hafi komið til skoðunar í þessu sambandi. Að mati nefndarinnar bendir það til þess að orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins standi ekki í beinu samhengi við þessi viðmið. Það styður enn fremur þá niðurstöðu að ekkert í orðalagi ákvæðisins gefur til kynna að það beri að túlka í samhengi við slík viðmið. Á hinn bóginn telur nefndin að ekki sé hægt að leggja til grundvallar að allar eyjar og sker utan meginlands Íslands, hversu langt frá landi sem þær kunna að vera, teljist vera fyrir landi einhverrar jarðar í skilningi ákvæðisins.

Þannig telur nefndin að ytri mörk séu á því hvenær eyjar og sker geti talist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Vafi um þetta eykst eftir því sem lengra dregur frá landi og matið kann að einhverju leyti að vera atviksbundið.

Skoðun á öðrum ákvæðum Jónsbókar sýnir að sama orðalag kemur fyrir í nokkrum öðrum tilvikum. Í 1. kapítula rekabálks Jónsbókar kemur t.d. fram að hver maður eigi reka allan *fyrir landi sínu*. Ljóst er að einkaréttur landeiganda til reka fyrir landi sínu á sér ytri mörk sem markast af fiskhelgi. Fiskhelgi miðast við að frá landi sjái fisk af borði sem sé „álnar í öxarþærum“ flattur. Þrátt fyrir að um óræðan mælikvarða sé að ræða er nokkuð ljóst að fiskhelgi getur ekki hafa náð mjög langt út til hafs.[539] Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar kemur hins vegar einnig fram að hver maður megi flytja og fénýta sér við þann allan er hann finnur fljótandi *fyrir annars landi* út frá rekamarki, þ.e. utan fiskhelginnar. Af samspili þessara tveggja ákvæða virðist ljóst að orðasambandið *fyrir landi* geti a.m.k. náð lengra frá landi en sem nemur fiskhelgi.

Athuganir á öðrum fornum textum benda til þess að orðasambandið hafi almennt verið notað um staðsetningu sem sé ekki mjög langt frá landi. Öll dæmi um orðasambandið *fyrir landi* sem finnast í fornritum í *Íslensku textasafni* Árnastofnunar og varða staðsetningu fela ýmist í sér að staðsetningin sé nálægt viðkomandi landi eða á því.[540] Í langflestum tilvikum er annaðhvort vísað til þess að skip liggi *fyrir landi* eða nefnd eyja eða hólmi *fyrir landi* og ljóst af samhengi að skammt er á milli. Svipuðu máli gegnir um textadæmi sem fornmálsorðabókin *Ordbog over det norrøne prosasprog* grundvallast á og eru úr ýmsum fornum ritum. Þar eru þess reyndar einstaka dæmi að staðsetningin sé ekki ótvíræð eða kunni að vera allnokkuð frá meginlandi en þar er jafnan um að ræða vísanir til stórra landsvæða, t.d. þegar skip er sagt á siglingu fyrir Austfjörðum eða fyrir Noregi. Í langflestum tilvikum þegar forsetningin *fyrir* er notuð í tengslum við landsvæði þykir ljóst að vísað er til staðsetningar á eða nokkuð nálægt viðkomandi landi.[541]

Að framangreindu virtu telur nefndin að nokkur vafi sé um hvernig túlka beri orðasambandið *fyrir landi* í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Af orðalagi ákvæðisins verður ekki ráðið að unnt sé, í eitt skipti fyrir öll, að slá fastri afdráttarlausri reglu um hversu langt frá landi gildissvið þess geti náð í öllum tilvikum,

---

[539] Sjá nánari umfjöllun um fiskhelgi í kafla 4.9 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur III*, bls. 264–265; og Einar Arnórsson: „Rekalög Jónsbókar.“ *Úlfljótur* 2. tbl. 1948, bls. 3. Í grein Arngríms Jónssonar frá 1792, *Um fiskhelgi*, er hins vegar fullyrt án frekari rökstuðnings að fiskhelgi hljóti að vera hálf eða heil vika sjávar en vika sjávar er lengdarmálseining á sjó sem mun á 17. og 18. öld almennt hafa samsvarað danskri mílu, eða um 7,4 km. Sjá Arngrímur Jónsson: „Um fiskhelgi.“ *Rit þess konunglega íslenzka Lærdómslistafélags*, 12. árg. 1792, bls. 217.

[540] *Íslenskt textasafn:* https://corpus.arnastofnun.is/. Leitin var afmörkuð við fornrit en þar er um að ræða heildartexta ýmissa rita, þar á meðal Landnámu, Íslendingabókar, allra Íslendingasagna- og þátta, Heimskringlu og Sturlungu. Bæði var leitað að orðasamstæðunni *fyrir landi* og einungis að orðmyndinni *landi* og þá kannað hvort *fyrir* væri jafnframt notað í því sambandi.

[541] Sjá færslur um forsetninguna *fyrir* í *Ordbog over det norrøne prosasprog:* https://onp.ku.dk/onp/onp.php?o24978.

sem unnt sé að beita án undantekninga eða nokkurs atviksbundins mats. Texti ákvæðisins ber enda ekki með sér að það hafi fastmótað gildissvið sem miðist við tiltekna fjarlægð frá landi eða sjónrænt viðmið, sérstaklega þegar ákvæðið er borið saman við aðrar reglur Jónsbókar sem hafa slíkt lögákveðið gildissvið, t.d. um netlög og fiskhelgi, eins og áður hefur verið vikið að.

Þeir dómar og lagaákvæði sem fjallað var um hér að framan veita hins vegar ákveðnar vísbendingar um gildissvið ákvæðisins. Að mati nefndarinnar benda þeir til þess að orðasambandið *fyrir landi* verði ekki lagt að jöfnu við netlög eða fiskhelgi heldur geti náð lengra frá landi en sem því nemur. Þá sést af dómi Landsyfirréttar í máli nr. 15/1874 að eðlilegt hafi þótt að ræða um sker sem voru um 2 km frá landi á þann veg að þau væru *fyrir landi*. Ítarleg leit í dómasöfnum hefur ekki leitt í ljós dómafordæmi sem veita skýrari leiðbeiningar um hugsanlegt gildissvið ákvæðisins eða benda afdráttarlaust til þess að gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi.

Samkvæmt öllu framangreindu, og með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum, telur nefndin almennt unnt að leggja til grundvallar að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist *fyrir landi* í þessum skilningi og að slíkar eyjar og sker séu hlutar þeirra jarða sem næst liggja, svo framarlega sem staðhættir eða aðrar aðstæður mæla því ekki sérstaklega í mót. Það gildir þó ekki ef eyjar eða sker hafa verið skilin frá viðkomandi jörð, svo sem með sölu eða öðrum löggerningum, eða ef styttra er á milli jarða en 2 km en þá verður að telja miðlínu gilda nema um annað hafi verið samið.[542] Að mati nefndarinnar er hugsanlegt að landfræðilegt gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi en 2 km og að eyjar og sker í meiri fjarlægð frá landi geti samt sem áður talist vera *fyrir landi*. Nefndin telur hins vegar að mat á því sé atviksbundið. Niðurstaða um hversu langt frá landi eyjar og sker geti talist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins geti þannig verið mismunandi eftir svæðum. Við matið telur nefndin m.a. rétt að líta til fjarlægðar frá landi, hvort eyja eða sker sjáist frá landi og sé greinilegt kennileiti, hvort eyja eða sker sé hluti af samliggjandi eyja- eða skerjaklasa, eða hvort um staka einingu sé að ræða og langt frá næsta óumdeilda eignarlandi. Að mati nefndarinnar skiptir einnig máli hvort fyrir liggja skriflegar heimildir og skjöl um nýtingu viðkomandi eyju eða skers eða önnur tengsl við tiltekna jörð. Þannig telur nefndin að meta þurfi heildstætt hvort eyja eða sker sem er lengra frá landi en 2 km geti talist vera *fyrir landi*, en að hvert og eitt þeirra sjónarmiða sem talin eru hér að framan nægi ekki ein og sér. Nefndin telur t.d. ekki nægjanlegt eitt og sér að eyja eða sker sjáist frá landi, enda verður ekki ráðið af ákvæðinu sjálfu að miða skuli við slíkt sjónrænt viðmið.

[542] Sjá til hliðsjónar miðlínureglur vatnalaga nr. 15/1923. Skv. 3. gr. skilur miður farvegur ár eða lækjar milli landareigna og í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að ef stöðuvatn sé eigi 230 metrar að breidd, þá skuli miðlína þess ráða merkjum. Í báðum tilvikum er gerður sá fyrirvari að reglurnar gildi nema önnur lögmæt skipun hafi verið á gerð. Miðlínureglur vatnalaga eiga m.a. rætur að rekja til Jónsbókar. Sjá nánar Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, bls. 145–149.

Af framangreindu leiðir að nefndin telur almennt hægt að miða við að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi jarðar[543] séu eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga, en það fellur utan valdsviðs nefndarinnar að fjalla um mörk milli eignarlanda. Það sama á við um eyjar og sker sem eru lengra frá landi ef heildstætt atviksbundið mat leiðir til þeirrar niðurstöðu að þær teljist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Með hliðsjón af almennri lagalegri skilgreiningu lands og fjöru er að mati nefndarinnar rétt, við afmörkun þess svæðis sem fellur samkvæmt framangreindu undir gildissvið ákvæðisins, að miða við stórstraumsfjöruborð sem grunnlínu á landi með sama hætti og við afmörkun netlaga.[544]

Í ákvæði Jónsbókar kemur fram að ef sker eða eyjar liggi fyrir landi manns, þá eigi sá það er meginland á næst, nema með lögum sé frá komið. Frumskilyrði ákvæðisins er að eyjar og sker séu *fyrir landi manns* og að mati nefndarinnar verður, með hliðsjón af jafnræðissjónarmiðum, að telja að heimaeyja eyjajarðar teljist vera *land manns* í þessum skilningi, rétt eins og land jarða á meginlandi Íslands. Þrátt fyrir að orðið *meginland* sé í framhaldinu notað í texta Jónsbókar telur nefndin þannig að ákvæðið geti einnig átt við um heimaeyjar eða bæjareyjar eyjajarða, þar sem verið hefur föst búseta, og að túlka megi ákvæðið þannig að átt sé við *heimaland* jarðar. Að mati nefndarinnar verður ákvæðið hins vegar ekki túlkað þannig að *meginland* samkvæmt ákvæðinu geti verið aðrar eyjar eða sker en hið eiginlega meginland Íslands eða heimaeyjar eyjajarða.

Nefndin leggur áherslu á að ekki er unnt að gagnálykta frá framangreindum ályktunum á þann veg að eyjar og sker sem eru fjær landi en 2 km geti ekki talist vera eignarlönd. Eins og áður segir kann að vera að slíkar eyjar og sker falli undir gildissvið ákvæðisins en einnig er mögulegt að beinn eignarréttur að þeim kunni að grundvallast á öðrum atriðum, sbr. t.d. umfjöllun um þýðingu landamerkjabréfa í kafla 7.2.3.4.

7.2.3.2.3 Hefð og áhrif fyrri athafna og lögskipta ríkisins

Hugsanlegt er að stofnað hafi verið til eignarréttinda á einstökum eyjum og skerjum fyrir hefð en engar almennar ályktanir verða dregnar um það. Meta þarf í hverju tilviki hvort skilyrðum fyrir stofnun eignarréttar fyrir hefð sé fullnægt.[545]

Það sama á við um þá aðstöðu að fyrri athafnir og lögskipti íslenska ríkisins kunni að teljast ósamrýmanlegar þjóðlendukröfum ríkisins nú, og sjónarmið um réttmætar væntingar. Slík aðstaða hefur í nokkrum tilvikum leitt til þess að þjóðlendukröfum sé hafnað, jafnvel þótt ekki hafi verið sýnt fram á að stofnast hafi til beins eignarréttar að

[543] Eyjar og sker sem kunna að liggja úti fyrir þjóðlendum sem liggja að sjó eru eðli máls samkvæmt ekki eignarlönd á þessum grundvelli.

[544] Sem dæmi má benda á skilgreiningu netlaga í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

[545] Sjá nánar kafla 3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

viðkomandi landsvæði í öndverðu. Að mati nefndarinnar eiga sömu sjónarmið um þessi atriði við á svæði 12 og fyrri svæðum en meta þarf hugsanleg áhrif þeirra hverju sinni.[546]

7.2.3.3 Almennt um stöðu jarða

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* kemur fram að almennt megi gera ráð fyrir því að jörð sé landsvæði sem upprunalega hafi verið ráðstafað úr einstökum landnámum, stofnað til nýbýlis á eða eignarhefð unnin yfir. Tilgangurinn með stofnun hverrar jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring. Samt sem áður geti verið land innan jarðar sem ekki verði nýtt til landbúnaðar, enda geti setning merkja hæglega hafa tekið mið af öðrum atriðum. Nýting landsins hafi ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Innan merkja jarðar sinnar hafi eigandi farið með umráð og hagnýtingu, gert ráðstafanir með löggerningum, veðsett jörðina og látið hana ganga að erfðum, á sama hátt og gildi um eignarland almennt.

Þar kemur einnig fram að land hverrar jarðar hafi frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Óbyggðanefnd telji hvorki verða ráðið af eldri né yngri löggjöf að almennt séð hafi verið gert ráð fyrir því að land innan jarðar hafi mismunandi eignarréttarlega stöðu. Því séu líkur á að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð eða hluti hennar sé beinum eignarrétti háð.[547] Almennt skiptir því mestu máli við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðis á grundvelli þjóðlendulaga að greina hvort svæðið sem um er deilt sé eða hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt fyrirliggjandi heimildum.

Að mati óbyggðanefndar eiga framangreind sjónarmið við um eyjar og sker með sambærilegum hætti, bæði á eyjajörðum og í tilviki eyja og skerja sem tengjast jörðum á meginlandinu.

7.2.3.4 Landamerkjabréf og sönnun um tilvist og afmörkun jarða

Í ljósi þess að almennt skiptir mestu máli við úrlausn þjóðlendumála að greina hvort landsvæði sé eða hafi verið jörð eða hluti jarðar kemur hér næst til skoðunar hvaða kröfur hafa verið gerðar til sönnunar um tilvist og afmörkun jarða og hvernig þær horfa við eyjum og skerjum.

Landamerkjabréf hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um tilvist og afmörkun jarða, og þar með um beinan eignarrétt, og í dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.[548] Þannig eru almennt taldar líkur á því að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Frá þeirri meginreglu eru hins vegar tilteknar undantekningar, sbr. þá stefnu um sönnunargildi landamerkjabréfa sem mörkuð var með áðurnefndum fyrsta þjóðlendudómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr.

[546] Sjá nánar kafla 11.3 og 15.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[547] Sjá nánar kafla 4.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[548] Sjá umfjöllun um landamerkjabréf í köflum 5.5, 7.11, 10.2, 11.2 og 12.1 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að landamerkjabréf fyrir jörð feli í sér ríka sönnun fyrir því að um eignarland sé að ræða þótt jafnframt verði að meta gildi hvers bréfs sérstaklega og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig í dómnum: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geta að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Í dómnum kemur einnig fram að áritun um samþykki eigenda aðliggjandi jarða, þinglýsing og innfærsla landamerkjabréfs í landamerkjabók auki sönnunargildi landamerkjabréfs. Þeirri stefnu sem mörkuð var með þessum fyrsta dómi Hæstaréttar í þjóðlendumáli hefur verið fylgt í síðari úrskurða- og dómaframkvæmd.

Samkvæmt framangreindu hafa landamerkjabréf jarða almennt mest vægi við sönnun á beinum eignarrétti, að teknu tilliti til eldri heimilda, staðhátta, gróðurfars og upplýsinga um nýtingu landsins. Í eftirfarandi undirköflum verða þessi atriði tekin til nánari skoðunar í samhengi við stöðu eyja og skerja.

7.2.3.4.1 Þýðing eldri heimilda

Við mat á því hvort eldri heimildir veiti lýsingu landamerkjabréfs á merkjum jarðar stoð hefur einkum verið litið til þess hvort fyrir hendi séu slíkar heimildir sem styðji við lýsingar í landamerkjabréfi eða mæli þeim í mót. Ef eldri heimildir um merki jarða mæla afmörkun í landamerkjabréfi í mót dregur það úr sönnunargildi landamerkjabréfs. Eldri heimildir sem styðja við lýsingu landamerkjabréfs styrkja aftur á móti sönnunargildið. Hins vegar verður ráðið af dómaframkvæmd að tilvist eldri heimilda sem stutt geta við lýsingu landamerkjabréfs á merkjum jarðar sé ekki fortakslaust skilyrði þess að landamerkjabréf hafi sönnunargildi. Í ýmsum tilvikum hafa ekki legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarða og við þær aðstæður hefur einkum verið litið til þess hvort landamerkjabréf jarða sem svo háttar til um fái stoð í landamerkjabréfum og heimildum um aðliggjandi jarðir, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 7. október 2009 í málum nr. 722/2009 (Hvammur í Svalbarðshreppi) og 723/2009 (Laxárdalur í Svalbarðshreppi) og 29. september 2011 í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls) og 56/2011 (Hvannstaðir).

Ekki verður séð að önnur sjónarmið eigi við um eyjar og sker að þessu leyti, hvort heldur er á eyjajörðum eða í tilviki eyja og skerja sem tengjast jörðum á meginlandinu.

7.2.3.4.2 Staðhættir

Staðhættir eru meðal þess sem kemur til skoðunar við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa, þ.e. hvort lýsing landamerkjabréfs á merkjum jarðar stangist á við staðhætti eða fái samræmst þeim.

Meðal þess sem stundum hefur verið talið mæla gegn því að landsvæði teljist hluti jarðar með tilliti til staðhátta er landfræðilegur aðskilnaður frá heimalandi eða óum-

deildu eignarlandi jarðar. Í því sambandi hefur m.a. verið horft til þess hvort og þá hvernig svæði er lýst í landamerkjabréfi, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) og 28. febrúar 2013 í máli nr. 432/2011 (Þorbrandsstaðatungur) þar sem Hæstiréttur taldi að landamerkjabréf jarðanna Hoffells annars vegar og Þorbrandsstaða hins vegar bæru með sér að ágreiningssvæði málsins hefðu ekki verið hlutar jarðanna. Í tilviki Hoffells var merkjum jarðarinnar lýst í landamerkjabréfi frá 1912 og í framhaldi af því kom fram að Hoffells-Lambatungur fylgdu Hoffelli án þess að merkja þess svæðis væri getið. Í eldra landamerkjabréfi Þorbrandsstaða frá 1885 var annars vegar lýst landamerkjum jarðarinnar og hins vegar merkjum heiðarlands sem jörðin ætti. Í yngra landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1922 var ekki getið um heiðarlandið. Í báðum tilvikum taldi Hæstiréttur að orðalag og framsetning landamerkjabréfanna mæltu gegn því að hin umdeildu svæði væru hlutar jarðanna.

Einnig hefur verið horft til fjarlægðar landsvæðis frá heimalandi jarðar og þess hvort margar jarðir liggi þar á milli, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 13. október 2016 í máli nr. 20/2016 (Arnarstaðatungur) þar sem þess var getið að milli jarðarinnar Arnarstaða og ágreiningssvæðis málsins væru meira en 13 km í beinni loftlínu og að sjö jarðir lægju þar á milli. Hér má einnig nefna dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grímólfsártunga) þar sem fram kom að ágreiningssvæðið í Grímólfsártungu væri rúmlega 23 km frá bæjarhúsum á jörðinni Syðra-Lóni sem kallaði til réttinda yfir svæðinu og þar á milli lægi land annarra jarða. Þetta atriði var talið mæla gegn beinum eignarrétti að ágreiningssvæðum málanna. Þá hefur einnig verið horft til þess hvernig aðgengi að svæðinu er háttað og staðhátta að öðru leyti, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur) þar sem þess var getið að ágreiningssvæðið væri gilskorið, erfitt yfirferðar og nánast allt yfir 400 m hæð, en hæsti tindur í 1.240 m hæð.

Í dómi Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) var niðurstaða um eignarland hins vegar m.a. byggð á því að þótt Péturseyjarjarðir ættu ekki land að Stórhöfða, sem um var deilt í málinu, mælti það ekki gegn eignarhaldi þeirra, enda hefðu landkostir á heimalandi jarðanna verið þröngir og ábúendum borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland.

Í tilviki eyjajarða sem telja til réttinda yfir eyjum og skerjum í eyjaklösum eru úteyjar, eða sumar þeirra, aðskildar heimaeyju landfræðilega af sjó og það sama á við um eyjar og sker sem tengjast jörðum á meginlandinu.

Almenn könnun á landamerkjabréfum eyjajarða leiðir í ljós að fjarlægð milli heimaeyju og úteyja er almennt ekki veruleg og almennt liggja ekki aðrar jarðir þar á milli. Í þessu sambandi skiptir einnig máli að samgöngur eyja á milli voru iðulega betri og greiðari en víðast hvar uppi á landi, sérstaklega fyrir tilkomu bifreiða og uppbyggingu vegakerfisins. Greiðfærara gat verið að ferðast á bátum á milli eyja en fótgangandi eða ríðandi milli bæja og landsvæða uppi á landi. Þá er ljóst að heimaeyjar eyjajarða eru almennt fremur landlitlar. Landkostir hafa því almennt verið þröngir og nauðsyn borið

til að nýta úteyjar og sker til að afla fanga, svo sem greinilega kemur fram í ýmsum heimildum um búskapar- og atvinnuhætti á eyjum og skerjum sem nánar verður vikið að í umfjöllun um nýtingu lands í kafla 7.2.3.4.4.

Almenn könnun á landamerkjabréfum jarða sem tengjast eyjum og skerjum í sjó leiðir í ljós að mismunandi orðalag og aðferðir eru notaðar þegar tengslum jarða við eyjar og sker er lýst. Í tilviki jarða á meginlandinu eru dæmi um að landamerkjum sé lýst á landi eftir tilteknum línum sem dregnar eru áfram til sjávar umhverfis tiltekið hafsvæði þar sem er að finna eyjar og sker. Algengt er að merkjum eyjajarða sé lýst með sambærilegum hætti, þ.e. með merkjalínum sem afmarka tiltekið hafsvæði. Í slíkum tilvikum er ljóst að litið er svo á að allar eyjar og sker á því svæði sem lýst er í landamerkjabréfi séu innan tiltekinna heildarmerkja hlutaðeigandi jarðar. Í sumum landamerkjabréfum er að finna orðalag á borð við að viðkomandi jörð *tilheyri* eða *fylgi* tilteknar eyjar og sker, þær *liggi undir* viðkomandi jörð eða hún *eigi* tilteknar eyjar og sker. Í tilviki jarða á meginlandinu fylgir slík lýsing gjarnan í kjölfar hefðbundinnar lýsingar á merkjum jarðar á landi og er að því leyti aðskilin hefðbundinni merkjalýsingu heimalands jarðar. Í landamerkjabréfum eyjajarða þar sem merkjum er lýst með þessum hætti er gjarnan að finna upptalningu á eyjum og skerjum sem talin eru hlutar viðkomandi jarðar til viðbótar við heimaeyjuna í stað þess að dregnar séu merkjalínur umhverfis viðkomandi eyjar og sker. Þrátt fyrir að sérstök lýsing í landamerkjabréfi á landsvæði sem er aðskilið heimalandi jarðar hafi í réttarframkvæmd oft verið talin benda til þess að um þjóðlendu sé að ræða, líkt og fjallað var um hér að framan, telur nefndin að þau sjónarmið eigi ekki endilega með sama hætti við um eyjar og sker. Eyjar og sker eru eðli máls samkvæmt alltaf landfræðilega aðskilin heimalöndum jarða og verður því vart lýst öðruvísi í landamerkjabréfi en aðskildum frá heimalandi. Þess er hins vegar að gæta að viðkomandi landsvæði eru ekki landfræðilega tengd neinu öðru landi, ólíkt því sem við á um öll tilvik sem fyrri réttarframkvæmd um landfræðilegan aðskilnað landsvæða á meginlandinu varðar, og í flestum þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar liggur ekki land neinna annarra jarða milli heimalanda jarðanna og hlutaðeigandi eyja og skerja. Þar sem aðskildar lýsingar á eyjum og skerjum í landamerkjabréfum jarða sem kalla til réttinda yfir þeim eiga sér þessa skýringu telur nefndin að slíkar lýsingar, sem nota orðalag á borð við það sem áður getur, mæli almennt ekki einar og sér gegn beinum eignarrétti að viðkomandi eyjum og skerjum.

Þó kunna að vera dæmi um að ljóst sé að aðeins sé lýst takmörkuðum réttindum á tilteknum eyjum og skerjum, sem kann að mæla gegn beinum eignarrétti. Það á þó almennt ekki við þegar lýst er takmörkuðum réttindum, t.d. ítökum, á eyjum og skerjum sem samkvæmt heimildum tilheyra öðrum jörðum. Eins og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* telur nefndin að tilvist ítaks bendi fremur til þess að svæðið þar sem ítakið er sé eða hafi einhvern tíma verið eignarland.[549]

[549] Sjá nánar kafla 4.8 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Eins og fjallað er um í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan telur nefndin að lokamálsliður 2. kapítula rekabálks Jónsbókar, sem enn er í gildi, kunni að styrkja tilkall landeigenda til eyja og skerja sem tengjast jörðum þeirra samkvæmt heimildum, þrátt fyrir að vera lengra frá landi en nemur því almenna 2 km viðmiði sem þar var fjallað um.

Að teknu tilliti til framangreinds telur óbyggðanefnd að staðhættir á eyjum og skerjum sem lýst er í landamerkjabréfum jarða, þar á meðal landfræðilegur aðskilnaður frá heimalandi eða heimaeyju, mæli almennt ekki einir og sér gegn beinum eignarrétti að viðkomandi eyjum og skerjum.

7.2.3.4.3 Gróðurfar

Upplýsingar um gróðurfar hafa almennt ekki haft úrslitaþýðingu við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa og eignarréttarlegri stöðu landsvæða. Sem dæmi má nefna að Hæstiréttur hefur staðfest að hálend og lítt gróin svæði geti verið innan eignarlanda ef fullnægjandi heimildir liggja því til grundvallar, sbr. t.d. dóm réttarins 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli sem heimildir bentu til að hefði einungis verið háð mjög takmörkuðum notum.[550] Hér má einnig nefna að þess eru dæmi að jöklar hafi verið taldir eignarlönd, sbr. umfjöllun um Eiríksjökul í úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 4/2014 (Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull) og dómi Héraðsdóms Vesturlands frá 22. nóvember 2019 í máli nr. E-65/2017 (Arnarvatnsheiði og sameignarland Kalmanstungu I og II), sem íslenska ríkið ákvað að una. Um þetta atriði má einnig vísa til úrskurðar óbyggðanefndar 5. nóvember 2024 í máli nr. 4/2022 (Landsvæði inn af Hamarsfirði og Álftafirði), að því er varðar Þrándarjökul.[551]

Ljóst er að gróðurfar á eyjum og skerjum er mjög fjölbreytt og spannar bilið allt frá vel grónum eyjum til gróðurlausra blindskerja og boða sem ekki standa upp úr sjó nema á stórstraumsfjöru. Víða er þar einnig að finna fjörugróður sem ekki hefur verið mikið til umfjöllunar í þjóðlendumálum hingað til en hann mun m.a. hafa verið nýttur til beitar og annnarra nota. Að teknu tilliti til framangreindrar réttarframkvæmdar verður ekki talið að þetta atriði ráði úrslitum við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa þegar kemur að eyjum og skerjum. Í þessu sambandi er þess einnig að gæta að nýting eyja og skerja er ekki að öllu leyti tengd gróðurfari, t.d. að því er varðar fugla- og eggjatekju og selveiðar.

7.2.3.4.4 Upplýsingar um nýtingu lands

Líkt og áður segir eru upplýsingar um nýtingu lands meðal þess sem kemur til skoðunar við mat á sönnunargildi landamerkjabréfs. Almennt má segja að umfangsmeiri nýting

[550] Sjá einnig kafla 14.2.3.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.
[551] Sjá einnig umfjöllun um stöðu jökla í kafla 4.6 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

styðji fremur að land teljist eignarland en takmörkuð eða engin nýting geri það ekki. Þá skiptir einnig máli hvort landsvæði sem lýst er innan merkja jarðar hafi einungis verið nýtt af eigendum viðkomandi jarðar, með leyfi þeirra, eða á grundvelli ítaksréttar eða hvort öllum eða mörgum hafi verið heimil nýting svæðisins, líkt og á við um samnotaafrétti.

Í áðurnefndum dómi Hæstaréttar 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum) taldi rétturinn m.a. að upplýsingar um nýtingu nyrsta hluta þess lands sem lýst var innan merkja Úthlíðartorfu í landamerkjabréfi frá 1885 mæltu ekki gegn beinum eignarrétti, enda hefði ekki verið sýnt fram á að landið hefði verið nýtt sem samnotaafréttur.

Í dómum Hæstaréttar 7. október 2010 í málum nr. 722/2009 (Hvammur í Svalbarðshreppi) og 723/2009 (Laxárdalur í Svalbarðshreppi) var m.a. fjallað um það að hin umþrættu landsvæði, sem voru innan merkja samliggjandi jarðanna Hvamms og Laxárdals samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, næðu 35 til 40 km til suðurs frá sjó. Þrátt fyrir það hafi mátt ætla að búskapur á jörðunum hafi löngum verið háður því að halda mætti búfénaði til beitar suður til heiða og nýta þar land til annarra þarfa eins og aðstæður leyfðu, enda væri landrými takmarkað nyrst við bæjarstæði jarðanna þar sem landið væri lægst. Þá þótti ljóst að vatnsföll sem afmörkuðu svæðin hefðu sett því veruleg mörk að búfénaður gengi af þessum landsvæðum eða kæmi inn á þau frá öðrum jörðum og því væri engin ástæða til að líta svo á að þau hefðu staðið öðrum til afnota svo að máli skipti. Þessar upplýsingar um nýtingu landsins þóttu, ásamt öðru, mæla með því að um eignarlönd væri að ræða.

Hér má einnig benda á áðurnefndan dóm Hæstaréttar 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) þar sem niðurstaða um eignarland var m.a. byggð á því að þótt Péturseyjarjarðir ættu ekki land að Stórhöfða, sem um var deilt í málinu, mælti það ekki gegn eignarhaldi þeirra, enda hefðu landkostir verið þröngir og ábúendum borið nauðsyn til að tryggja fé sínu nægt beitarland. Upplýsingar um nýtingu landsins, bæði heimalands jarðarinnar og hins umþrætta landsvæðis, þóttu því mæla með því að um eignarland væri að ræða.

Takmarkaðar upplýsingar um nýtingu landsvæða eða upplýsingar um takmarkaða nýtingu hafa á hinn bóginn stundum verið taldar mæla gegn því að um eignarlönd sé að ræða, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 7. október 2010 í máli nr. 517/2009 (Grímólfsártunga). Auk þess hafa samnotaafréttir og önnur landsvæði sem allir eða margir á tilteknu svæði höfðu rétt til að nýta, án þess að það hafi verið í skjóli eða með leyfi tiltekins eiganda, almennt verið talin þjóðlendur, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 48/2004 að því er varðar Framafrétt Biskupstungna.[552] Hér má einnig nefna úrskurð óbyggðanefndar 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021 (Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurhreppur) þar sem m.a. var komist að þeirri niðurstöðu að Hornbjarg og Hælavíkurbjarg

[552] Sjá einnig nánari umfjöllun um samnotaafrétti í kafla 4.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

á Hornströndum væru þjóðlendur, enda bentu gögn málsins til þess að björgin hefðu verið almenningar þar sem öllum hefði verið heimil nýting sem einkum fólst í eggja- og fuglatekju.[553]

Eins og áður segir má gera ráð fyrir því að tilgangurinn með stofnun jarðar hafi verið að stunda þar búskap árið um kring og að nýting landsins hafi ráðist af búskaparháttum og umfangi bús á hverjum tíma. Af framangreindri dómaframkvæmd má ráða að við mat á áhrifum upplýsinga um nýtingu lands verði að hafa hliðsjón af búskaparháttum á hverjum tíma og einnig að þær þurfi að meta í samhengi við landfræðilegar aðstæður og staðhætti á þeim svæðum sem til umfjöllunar eru.

Talsvert hefur verið ritað um búskaparhætti á eyjajörðum eða svokallaðan eyjabúskap. Í *Árbók* Ferðafélags Íslands 1989 um Breiðafjarðareyjar er t.a.m. að finna eftirfarandi almenna umfjöllun og samantekt um eyjabúskap á Breiðafirði:

> Eyjabændur nutu gagnsamra hlunninda af fiski, sel og fugli en nýting hlunninda var mannfrek og stritsöm. Framá þessa öld voru flestir eyjabændur leiguliðar og guldu afgjöld ábýlisjarða sinna í fiski, smjöri og hreinsuðum dún eftir því sem við átti til Skarðverja eða umboðsmanna konungs á Arnarstapa eða annarra landeigenda við Breiðafjörð. Menn í fjarlægð hugðu Breiðafjarðareyjar uppsprettu allsnægta en í raun var þeim skipt í mörg smábýli og öll landgæði voru nytjuð til hins ítrasta landeigendum til auðs en eyjafólki til nauðþurfta. Í mörgum eyjum var vatnsskortur mannvist til baga og eldsneyti varð að sækja upp á land utan sauðatað og klíning sem unninn var í eyjunum úr kúamykju en einnig var safnað þangi úr fjöru til þess að leggja í eld.
>
> Á eyjabýlum voru hlutfallslega fleiri kýr en sauðkindur, búskaparhættir héldust að þessu leyti í hendur við bátalagið; hvorttveggja var með líkum hætti og á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Eyjarnar voru óhægar til sauðfjárbúskapar sökum landþrengsla og flæðihættu. Slægjur í heimalöndum voru takmarkaðar, mestan heyskap tóku bændur í úteyjum, þar sem aðalslægjurnar voru á þangorpnum grundum, sendnum tjarnarbökkum og holgröfnum lundabölum en á þessum stöðum vex kafagras undan driti fugla. Hestar voru lengstum örfáir í eyjum og víða engir; báturinn var farkostur fólks og farms á sjó en þar sem honum var ekki við komið bar fólk á sjálfu sér. Um og eftir síðustu aldamót eignuðust eyjabændur þónokkur hross er þeir létu draga kerrur og herfi en dráttarvélar tóku fljótt við. Tún voru víðast sléttuð með handverkfærum og votlendi ræst fram; landslag breytti um svip.
>
> Fiskur var aðalfæða eyjamanna, þeir sóttu sjó af kappi, reru á heimamið og frá verstöðvum í eyjum eða fóru í ver í fjarlægar sveitir þegar fiskur skreið af grunnmiðum. […]
>
> Breiðafjarðareyjar eru æðarfugli öruggur varpstaður og um langan aldur hafa bændur þar hirt dún og jafnvel egg úr æðarhreiðrum á vorin. Selbein eru víða í öskuhaugum í Breiðafjarðareyjum, en selveiði er líklega jafngömul byggð þar og óbrigðulust hlunninda við Breiðafjörð; því skrifaði fátækur leiguliði úr Vestureyjum á 19. öld að enginn bjargræðisvegur væri eins áreiðanlegur og selveiði. Menn veiddu kópa landselsins í net á vorin en á haustin og framyfir veturnætur var uppidráp eða selafar, en það var kallað þegar kópur útselsins var veiddur; rotaður með þungum eikarkepp. Selkópar voru veiddir á skerjum í þann mund er urtan vandi þá af móðurmjólkinni og þeir fóru í sjóinn að sjá fyrir sér. Eyjafólki var mikil matbjörg í eggja- og fuglatekju, einkum lundaveiði. Fullorðinn lundi var stundum veiddur á vorin en kofan, ungi hans ófleygur, var tekin í

[553] Þess skal getið að eigendur jarðarinnar Horns skutu þeim hluta úrskurðarins sem varðar Hornbjarg til dómstóla, sbr. 1. mgr. 19. gr. þjóðlendulaga, í því skyni að fá honum hnekkt en niðurstaða dómstóla liggur ekki fyrir.

> ágúst, hét það kofnafar. Aldalöng reynsla margra kynslóða kenndi fólki að nýta sér til bjargar það líf sem kvikar kringum eyjar og utar á Breiðafirði.[554]

Þrátt fyrir að þessi umfjöllun varði eyjabúskap á Breiðafirði, sem mest hefur verið ritað um og þar sem eyjajarðir eru flestar, verður að telja líklegt að lýsingin geti einnig að miklu leyti átt við um eyjabúskap í öðrum landshlutum. Af lýsingunni verður sú ályktun dregin að eyjabændur hafi almennt nytjað eyjar og sker með fjölbreyttum hætti. Það eigi ekki síður við um úteyjar en heimaeyjar, enda landkostir almennt þröngir á eyjajörðum og því þörf á að nýta allt það land sem hægt var. Af umfjöllun um eyjabúskap og byggðaþróun á eyjajörðum verður ráðið að nýting hlunninda í úteyjum hafi í mörgum tilvikum verið forsenda búsetu.[555] Rannsóknir sýna jafnframt að nýting hlunninda í eyjum og skerjum á Breiðafirði hefur líklega verið mikil allt frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar, og yfirráð yfir eyjum og skerjum, og þar með hlunnindum í þeim, voru mikilvæg efnahagsleg stoð undir veldi höfðingja miðalda á svæðinu.[556] Nýting hlunnindanna hefur hins vegar verið talsvert mannfrek. Landrými í eyjum er almennt lítið og því takmörkuð færi á túnrækt eða notkun vélknúinna tækja. Eyjabúskapur treysti víða fyrst og fremst á handaflið, t.d. við heyöflun, dúntekju, eggja- og fuglatekju og selveiði, og þegar búskaparhættir hér á landi tóku að breytast á 20. öld með aukinni vélvæðingu og almennri fólksfækkun í sveitum landsins lögðust t.d. eyjajarðir á Breiðafirði hratt í eyði.[557] Í þessu sambandi má einnig nefna að í ýmsum ritum um Vestmannaeyjar er ítarlega lýst umfangsmikilli nýtingu hlunninda í úteyjum Vestmannaeyjaklasans og fyrirkomulagi hennar.[558]

Af framangreindu verður ráðið að búskapur á eyjajörðum hafi almennt löngum verið háður því að nýta mætti úteyjar með þeim margvíslega hætti sem heimildir geta um, eins og aðstæður leyfðu, enda landrými á heimaeyjum við bæjarstæði jarðanna alla jafna mjög takmarkað. Aðstæður á eyjajörðum hafa að þessu leyti verið sambærilegar þeim sem voru til umfjöllunar í áðurnefndum dómum Hæstaréttar 7. október 2010 í málum nr. 722/2009 (Hvammur í Svalbarðshreppi) og 723/2009 (Laxárdalur í Svalbarðshreppi) og 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði). Að því gættu telur nefndin að almennar upplýsingar um búskaparhætti og nýtingu lands á eyjajörðum styðji almennt að land innan merkja samkvæmt landamerkjabréfum slíkra jarða geti talist vera eignarlönd.

Að mati nefndarinnar geta sömu sjónarmið að mörgu leyti átt við um eyjar og sker sem tengjast jörðum á meginlandinu. Ljóst er að slíkar eyjar og sker hafa verið nýttar

---

554 *Árbók* Ferðafélags Íslands 1989 um Breiðafjarðareyjar, bls. 11–12.

555 Sjá t.d:. Bergsveinn Skúlason: *Áratog. Þættir úr atvinnusögu Breiðfirðinga*. Reykjavík, 1970; Bergsveinn Skúlason: *Um eyjar og annes I*. Reykjavík 1964; Bergsveinn Skúlason: *Um eyjar og annes II*. Reykjavík 1967; „Hrörnun eyjabúskapar Íslendinga." *Breiðfirðingur* 1956, bls. 19–27.

556 Sverrir Jakobsson: *Saga Breiðfirðinga I*. Reykjavík 2015, bls. 78–82 og 155–163.

557 Sjá t.d. Andrés Straumland: „Hvað bíður ykkur, Breiðafjarðareyjar?" *Breiðfirðingur* 1943, bls. 74–80; og Eysteinn G. Gíslason: „Hvað beið ykkar, Breiðajarðareyjar?" *Breiðfirðingur* 1983, bls. 7–18.

558 Sjá t.d. *Árbækur* Ferðafélags Íslands 1948 og 2009 um Vestmannaeyjar; Sigfús M. Johnsen: *Saga Vestmanneyja I–II*. Reykjavík 1989; og *Eyjar og úteyjalíf*. Ritn. Erpur Snær Hansen, Kári Bjarnason, Marinó Sigursteinsson og Sigurgeir Jónsson. Vestmanneyjar 2012.

með fjölbreyttum hætti í gegnum tíðina og að eyjabúskapur í framangreindum skilningi hafi einnig að töluverðu leyti verið stundaður frá jörðum á meginlandinu sem höfðu yfir að ráða eyjum og skerjum. Það hefur enda löngum verið þörf á að nýta öll landsgæði og hlunnindi sem mögulegt var miðað við búskaparhætti á hverjum tíma. Almenn könnun á umfjöllun um jarðir sem töldu til réttinda yfir eyjum og skerjum í jarðabókum og jarðamötum frá 18. og 19. öld sýna til dæmis að töluverð verðmæti hafa verið talin felast í hlunnindum á eyjum og skerjum, svo sem eggja- og dúntekju, selveiði og slægjum. Fyrirliggjandi gögn benda þannig til þess að eyjar og sker sem fylgdu jörðum á meginlandinu hafi verið nýtt með sambærilegum hætti og úteyjar eyjajarða. Að teknu tilliti til þess, og að öðru leyti með vísan til fyrri umfjöllunar um búskaparhætti á eyjum og skerjum, telur nefndin að upplýsingar um nýtingu lands styðji almennt að eyjar og sker sem fjallað er um í landamerkjabréfum jarða á meginlandinu geti talist vera eignarlönd.

7.2.3.4.5 Landamerkjabréf liggur ekki fyrir eða merkjalýsing er óljós

Óbyggðanefnd hefur fjallað með almennum hætti um áhrif þess að landamerkjabréf skorti fyrir jörð eða merkjalýsing sé óljós, sbr. kafla 14.2.3.3 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*. Þar segir m.a.:

> Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt á landi og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.
>
> Þrátt fyrir að landamerkjabréf jarða hafi almennt mjög mikið vægi við sönnun um eignarland hefur í réttarframkvæmd ekki verið gerð fortakslaus krafa um að merkjalýsingar þeirra séu að öllu leyti ótvíræðar og raunar eru nokkur dæmi um að svæði hafi verið talin eignarlönd þótt ekki séu fyrir hendi landamerkjabréf og jafnvel ekki heldur aðrar merkjalýsingar. Á það sérstaklega við ef landamerki geta talist glögg af náttúrunnar hendi, t.d. ár og lækir, strandlengjan og jökulrendur. Má í því sambandi nefna úrskurði óbyggðanefndar í málum á svæði 2 (Sveitarfélagið Hornafjörður) og svæði 3 (Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) þar sem merkjum jarða gagnvart jöklum var ekki endilega lýst í landamerkjabréfum en nefndin komst þó almennt að þeirri niðurstöðu að jöklarnir hefðu afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að umfjöllunar hefði ekki talist þörf.
>
> Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á að þótt lögð væri á skylda til skrásetningar landamerkja með lögum nr. 5/1882 og síðar lögum nr. 41/1919 var ræksla þeirrar skyldu aldrei forsenda þess að eignarréttindi héldust við. Eignarréttindi féllu ekki niður vegna vanrækslu skyldunnar og að sama skapi hefur aldrei verið unnt að stofna til nýrra eignarréttinda, umfram þau sem fyrir voru, með því að útbúa landamerkjabréf. Um var að ræða skrásetningu réttinda sem þegar voru til staðar og eftir atvikum ákvörðun um mörk þeirra, í samráði við eigendur eða umráðamenn aðliggjandi landsvæða. Af þessu leiðir að þýðing landamerkjabréfs við úrlausn þjóðlendumála er fyrst og fremst sönnunarlegs eðlis en tilvist þess er ekki fortakslaust skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti, ef rétt þykir að draga slíka ályktun af öðrum atriðum.
>
> Að mati óbyggðanefndar leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákvarða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum. Sem dæmi um tilvik þar sem úrskurðað hefur verið um eignarland þrátt fyrir vöntun á landamerkjabréfi og öðrum merkjalýsingum má nefna úrskurð

> óbyggðanefndar í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Þar voru ekki fyrir hendi landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar fyrir jörðina Hrafnkelsstaði en með hliðsjón af staðháttum og öðrum fyrirliggjandi heimildum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu í Eyrarbotni lægju um efstu brúnir Gunnungsfells á vatnaskilum.

Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum strand- og eyjajarða á svæði 12 hefur leitt í ljós dæmi um að ekki liggi fyrir landamerkjabréf vegna tiltekinna eyjajarða sem aðrar heimildir, s.s. jarðabréf, jarðabækur, jarðatöl og fasteigna- og jarðamöt, gefa til kynna að séu jarðir. Þá eru þess einnig dæmi að ekki liggi fyrir landamerkjabréf fyrir jarðir á meginlandinu sem aðrar heimildir geta um að tilteknar eyjar og sker tengist.

Eins og segir í framangreindum texta úr *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* var gerð landamerkjabréfs ekki forsenda þess að eignarréttindi héldust við, og því ekki skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti. Við slíkar aðstæður þarf að ákvarða merki jarðar út frá öðrum fyrirliggjandi upplýsingum og heimildum. Í framangreindum texta er nefnt dæmi um að merki hafi verið ákvörðuð út frá staðháttum en hér má einnig benda á úrskurð óbyggðanefndar 30. ágúst 2023 í máli nr. 7/2021 (Drangajökull og landsvæði umhverfis hann) þar sem landamerki jarðanna Laugalands og Skjaldfannar á Langadalsströnd, og Þaralátursfjarðar og Kirkjubóls á Ströndum, þar sem ekki lágu fyrir landamerkjabréf, voru m.a. ákvörðuð út frá staðháttum. Slíkt kann hugsanlega einnig að eiga við í tilviki sumra eyja og skerja, t.d. kunna staðhættir að styðja að tilteknar eyjar og sker séu hluti af jörð sem liggur nærri.

Þá geta einnig legið fyrir aðrar heimildir sem hafa að geyma merkjalýsingar sem hægt er að líta til. Í þessu sambandi má m.a. nefna að upplýsingar um merki aðliggjandi jarða, einkum landamerkjabréf, geta varpað ljósi á afmörkun jarðar þar sem ekki liggur fyrir landamerkjabréf. Landamerkjabréf hafa enda gjarnan að geyma lýsingar á því hvaða jarðir eru aðliggjandi tilteknum hlutum merkjanna, þ.e. gagnvart hvaða jörðum merkjum er lýst. Í samræmi við ríkt sönnunargildi landamerkjabréfa telur nefndin að slíkar lýsingar geti haft mikla þýðingu við afmörkun jarða þar sem ekki liggja fyrir landamerkjabréf. Þá getur einnig komið til skoðunar hvernig áritunum eigenda aðliggjandi jarða á landamerkjabréf er háttað. Sé landamerkjabréf jarðar áritað um samþykki af hálfu eiganda annarrar jarðar er það skýr vísbending um að litið hafi verið svo á að umræddar jarðir lægju saman, sbr. áskilnað 3. gr. laga nr. 5/1882 og 2. gr. laga nr. 41/1919 um áritun eigenda aðliggjandi jarða á landamerkjabréf. Hins vegar er ekki endilega unnt að gagnálykta frá þessu á þann veg að ef ekki er að finna áritun af þessu tagi vegna tiltekinnar jarðar sé hún ekki aðliggjandi. Sem dæmi má t.d. nefna að almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum á svæðum 10C, Barðastrandarsýslum, og 10B, Ísafjarðarsýslum, leiddi í ljós að landamerkjabréf jarða þar væru almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem væru aðliggjandi á láglendi, t.d. í sama firði.[559] Staðbundnar aðstæður, t.d. landfræðilegar, eða venjur geta því skipt máli í þessu

[559] Sjá nánar umfjöllun í kafla 14.2.3.8 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

samhengi. Hafi verið ágreiningur um merki við gerð landamerkjabréfa kann slíkt einnig að skýra skort á áritun vegna aðliggjandi jarðar.

Að mati nefndarinnar eiga þau sjónarmið sem reifuð hafa verið í köflum 7.2.3.4.1–7.2.3.4.4 hér að framan að öðru leyti við um jarðir sem ekki hafa verið gerð landamerkjabréf fyrir og líta verður til þeirra við ákvörðun merkja slíkra jarða þegar kemur að eyjum og skerjum.

Í sumum tilvikum eru merkjalýsingar í landamerkjabréfum óljósar og þess eru dæmi að ljóst sé, jafnvel óumdeilt, að þau hafi ekki að geyma lýsingu á heildarmerkjum jarða. Við þær aðstæður hefur óbyggðanefnd litið til sambærilegra sjónarmiða við afmörkun viðkomandi jarða og þegar landamerkjabréf skortir. Í slíkum tilvikum hefur einkum verið litið til annarra heimilda sem hafa að geyma lýsingar á merkjum viðkomandi jarða, staðhátta og gróðurfars, og heimilda um merki aðliggjandi jarða. Í þessu sambandi má benda á umfjöllun í úrskurði óbyggðanefndar 22. desember 2020 í máli nr. 3/2020 (Skálmardalsheiði og hluti Þingmannaheiðar) um merki jarðanna Skálmardals og Skálmarnesmúla í Skálmarfirði þar sem staðhættir, aðrar heimildir um merki jarðanna og heimildir um merki annarra jarða voru taldar mæla með afmörkun gagnaðila ríkisins á umræddum jörðum. Hér má einnig benda á umfjöllun í úrskurði óbyggðanefndar 17. október 2024 í máli nr. 4/2023 (Strandir) um merki jarðarinnar Drangavíkur á Ströndum þar sem staðhættir voru taldir mæla með afmörkun hluta gagnaðila ríkisins á jörðinni. Á hinn bóginn má benda á úrskurð óbyggðanefndar 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) þar sem staðhættir og heimildir um merki annarra jarða voru taldar mæla gegn afmörkun gagnaðila ríkisins á jörðunum Miðvöllum, Hellnum, Stóru-Hnausum og Hamraendum sunnan og austan Snæfellsjökuls.[560] Landamerkjabréf allra framangreindra jarða voru t.d. óljós um merki þeirra til fjalla að því leyti að þar kom ekki fram hvernig draga ætti merkin milli efstu merkjapunkta í landamerkjalýsingum.

Þrátt fyrir að ljóst sé að ekki reyni á afmörkun jarða til fjalla með sambærilegum hætti á eyjum og skerjum á svæði 12 eru tilvik þar sem lýsingar í landamerkjabréfum jarða sem koma við sögu eru óljósar eða ljóst er að landamerkjabréf hafi ekki að geyma lýsingu á heildarmerkjum jarða. Við slíkar aðstæður telur nefndin að líta verði til atriða af því tagi sem hér hefur verið fjallað um, einkum annarra skjala sem hafa að geyma lýsingar á merkjum viðkomandi jarða, staðhátta og heimilda um merki aðliggjandi jarða.

Í tilviki jarða sem telja til réttinda yfir eyjum og skerjum telur nefndin að ekki sé endilega hægt að draga þá ályktun að þögn um réttindi yfir eyjum og skerjum í landamerkjabréfi þýði að viðkomandi landeigandi hafi ekki talið hlutaðeigandi eyjar og sker

[560] Niðurstöður óbyggðanefndar í málinu voru staðfestar með dómum Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Með ákvörðunum Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, -97, -98 og -99 var beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar vegna þessara dóma Landsréttar hafnað.

tilheyra landi sínu. Þrátt fyrir að það kunni að vera ástæða þess að ekki er fjallað um eyjar og sker í landamerkjabréfi getur einnig verið að talið hafi verið svo augljóst að eyjar og sker tilheyrðu jörð, t.d. með hliðsjón af lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar eða þar sem merki væru skýr af náttúrunnar hendi, að ekki hafi þótt þörf á að hafa sérstaklega orð á því. Þess er einnig að gæta að í lögum um landamerki, bæði nr. 5/1882 og nr. 41/1919, var megináhersla lögð á gerð og skráningu landamerkja milli jarða. Skylda til að setja merki var t.a.m. takmörkuð við merki gagnvart öðrum jörðum, og eftir atvikum afréttum eða öðrum óbyggðum lendum. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi til landamerkjalaganna frá 1919 kemur fram að þar sem land liggi að sjó þurfi engra merkja í sjó fram, nema vík eða vogur skilji lönd og mjórra sé en 120 faðmar milli landa. Hugsanlegt er að landeigendur hafi í einhverjum tilvikum litið svo á að ekki væri heldur þörf á að lýsa merkjum til sjávar sérstaklega í landamerkjabréfi. Í mörgum tilvikum liggur sá hluti merkja jarða enda ekki að öðrum jörðum, eða nokkuð langt er til næstu jarða. Ef stök eyja var sjálfstæð jörð sem ekki fylgdu neinar úteyjar eða sker kann einnig að vera að ekki hafi verið talin þörf á gerð landamerkjabréfs yfirhöfuð.

7.2.3.5 Netlög

Þrátt fyrir að ekki séu bein ákvæði í íslenskum lögum um merki sjávarjarða til hafsins hefur verið talið að fjara fram af landareign, þ.e. svæðið milli stórstraumsfjörumáls og stórstraumsflóðmáls, fylgi henni eins og landið þar fyrir ofan.[561] Í samræmi við það eru mörk svæðis 12 miðuð við stórstraumsfjörumál meginlandsins.[562] Þar fyrir utan taka við netlög.

Í nútímalöggjöf eru netlög skilgreind sem svæði sem nær 115 metra frá stórstraumsfjöruborði landareignar, sbr. t.d. 3. mgr. 2. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Í 1. mgr. 2. gr. laganna er hugtakið *eignarland* jafnframt skilgreint þannig að það taki til netlaga í sjó. Í lögunum er þannig tekið af skarið um að netlög, eins og þau eru skilgreind í lögunum, séu eignarland og þannig háð beinum eignarrétti eiganda sjávarjarðar, rétt eins og landið fyrir ofan. Sömu skilgreiningu á hugtakinu *eignarland* er að finna í annarri löggjöf eftir gildistöku laga nr. 57/1998, t.d. lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði; lögum nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun; lögum nr. 90/2011, um skeldýrarækt; og vatnalögum, nr. 15/1923, eftir breytingu sem gerð var á þeim með lögum nr. 132/2011. Í öllum þessum lagabálkum eru netlög jafnframt skilgreind sem 115 m svæði út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

Þrátt fyrir að áður hafi verið ágreiningur milli fræðimanna um inntak eignarréttar eigenda sjávarjarða innan netlaga jarða sinna[563] má segja að eftir gildistöku laga nr.

[561] Sjá t.d. Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I*, Reykjavík 2020, bls. 70.

[562] Sjá lýsingu á afmörkun málsmeðferðarsvæðisins í kafla 2.2 og umfjöllun um fjörumörk í kafla 4.3.

[563] Umfjöllun um þann fræðilega ágreining má m.a. finna hér: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 369–370.

57/1998, og síðari löggjafar sem vísað er til hér að framan, hafi slíkum vafa verið eytt. Að mati óbyggðanefndar er skýrt að netlög sem ná 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar fylgi viðkomandi landareign sem fullkomin eign, rétt eins og landið fyrir ofan. Af því leiðir að land innan þeirra marka úti fyrir eignarlandi er einnig háð beinum eignarrétti sem eignarland. Það á bæði við um meginland Íslands og eyjar og sker þar fyrir utan.

Íslenska ríkið lagði framangreint einnig til grundvallar við endurskoðun kröfugerðar sinnar við meðferð málsins en hún miðaðist við að beinn eignarréttur sjávarjarða næði til netlaga, þ.e. 115 m frá stórstraumsfjöruborði, þar á meðal til landsvæða innan netlaga. Ætti það bæði við um netlög frá meginlandinu og frá eyjum sem teldust til eignarlanda. Hið sama var lagt til grundvallar varðandi landsvæði innan netlagakeðju, t.d. þegar netlög eyju sem var innan netlaga frá meginlandinu teygðu sig til annarrar eyju og áfram koll af kolli.

Til eru fleiri skilgreiningar á afmörkun netlaga í íslenskum lögum. Í 2. kapítula rekabálks Jónsbókar eru netlög skilgreind samkvæmt dýptarviðmiði sem miðast við 20 möskva selnet en í ákvæðinu segir að öllum mönnum sé heimilt að veiða fyrir utan netlög að ósekju. Hæstiréttur hefur slegið því föstu að þetta ákvæði Jónsbókar um netlög sé enn í gildi, enda þótt sá hluti ákvæðisins sem hefur að geyma afmörkun netlaga hafi ekki verið tekinn upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það, sbr. þrjá samhljóða dóma Hæstaréttar frá 19. september 1996 í málum nr. 179–181/1996 (Efri-Langey, bls. 2518, 2525 og 2532 í dómasafni réttarins það ár). Dómarnir þrír vörðuðu sakamál þar sem menn voru ákærðir fyrir að leggja grásleppunet innan 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli Efri-Langeyjar og þar með í netlögum eyjunnar samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849. Í dómunum segir:

> Af fornlögum verður ekki ráðið, að netlög í sjó hafi verið talin háð sömu eignarráðum fasteignareigenda og landið fyrir ofan. Með síðari tíma löggjöf hafa eigendum fasteigna ekki heldur verið veittar allar sömu eignarheimildir yfir netlögum í sjó, sem þeir njóta yfir fasteignum, er að þeim liggja. Með veiðitilskipun 1849 var tekin upp ný afmörkun netlaga á þann veg, að þau skyldu miðast við tiltekna fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Innan þeirra, svo markaðra, skyldi fasteignareigandi einn eiga tilteknar heimildir, sbr. 1. gr. tilskipunarinnar. Með löggjöf eftir það hefur fasteignareigendum ekki með ótvíræðum hætti verið veittur einkaréttur til veiði sjávarfiska í netlögum, sem miðist við fjarlægð frá stórstraumsfjörumáli. Ákvæði 2. kapítula rekabálks Jónsbókar um afmörkun netlaga, sem miðast við sjávardýpi, hafa ekki heldur verið felld úr gildi með ákvörðun löggjafans, þótt þau hafi hins vegar ekki verið tekin upp í útgáfu lagasafns 1919 og eftir það. Vafi um rétt fasteignareiganda að þessu leyti verður skýrður ákærða í hag. Alls er óvíst um, hvert sjávardýpi er á þeim stað, er ákærði lagði net sín. Ber með vísan til 45. gr. laga nr. 19/1991 að sýkna hann af broti á 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 1849, sbr. 11. gr. sömu tilskipunar.

Af þessu hefur verið dregin sú ályktun að við ákvörðun netlaga þegar kemur að *fiskveiðirétti* landeiganda skuli miða við dýptarreglu Jónsbókar.[564] Á hinn bóginn hefur sú

[564] Sjá t.d. Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 366–367; Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson, Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur I*, Reykjavík 2020, bls. 70–71; Viðar Már Matthíasson: *Fasteignir og fasteignakaup*, Reykjavík 2008,

ályktun einnig verið dregin af dómunum að dýptarreglu Jónsbókar verði ekki beitt við afmörkun netlaga í öðrum tilvikum en þegar um er að ræða veiði sjávarfiska, þ.e. að í rétti landeiganda innan netlaga samkvæmt skilgreiningu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist ekki víðtækari réttur.[565] Þannig verður t.d. beinn eignarréttur landeiganda í netlögum ekki miðaður við dýptarreglu Jónsbókar.

Þá eru netlög einnig í sumum tilvikum skilgreind þannig að þau nái 60 faðma frá stórstraumsfjörumáli, sbr. 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi, nr. 20/1849, og 2. gr. laga um beititekju, nr. 39/1914. Þegar um er að ræða þau réttindi sem fengin eru landeigendum í netlögum samkvæmt þeim lögum miðast netlög því við 60 faðma.

Að öllu framangreindu virtu er ljóst að eignarlöndum sem liggja að sjó, bæði á meginlandinu og á eyjum og skerjum, fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins. Þegar netlög eru skilgreind með öðrum hætti í lögum varða þau aðeins tiltekin óbein eignarréttindi sem þar er kveðið á um. Hafsbotninn utan 115 m netlaga er ekki til umfjöllunar fyrir óbyggðanefnd en um hann er fjallað í lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. þeirra laga er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær.

7.2.3.6 Samantekt um mat á eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja

Að mati óbyggðanefndar eiga þau almennu sjónarmið sem lögð hafa verið til grundvallar niðurstöðum í þjóðlendumálum, og mótast hafa í réttarframkvæmd, í öllum aðalatriðum við um eyjar og sker með svipuðum hætti og landsvæði á meginlandinu.

Í ljósi þess að landnámslýsingar í *Landnámu* eru almennt óljósar eða takmarkaðar þegar kemur að eyjum og skerjum á svæði 12 telur nefndin, með vísan til dómaframkvæmdar, að skipt geti meira máli að sýnt sé fram á að eignarréttur að eyjum og skerjum hafi í reynd verið til staðar á fyrri tíð og flust áfram í tímans rás, fremur en hvernig til hans hafi stofnast í öndverðu. Eftir sem áður telur nefndin þó að skýrar frásagnir í *Landnámu* hafi þýðingu við mat á stofnun eignarréttar.

Með hliðsjón af ítarlegri greiningu á fyrirliggjandi dómaframkvæmd telur nefndin að í lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Þrátt fyrir nokkurn vafa um hvernig beri að túlka orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins telur nefndin almennt unnt að leggja til grundvallar að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist *fyrir landi* í þessum skilningi og falli því undir gildissvið ákvæðisins, svo framarlega sem staðhættir eða aðrar aðstæður mæla því ekki

bls. 110–111; Skúli Magnússon: *Um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða. Álit unnið að beiðni nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða í september 2001*, Reykjavík 2001.

[565] Sjá Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*, Reykjavík 2023, bls. 366–367

sérstaklega í mót. Af því leiðir að nefndin telur almennt hægt að miða við að eyjar og sker sem svo háttar til um séu eignarlönd í skilningi 1. gr. þjóðlendulaga. Hugsanlegt er að gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi en fara þarf fram heildstætt mat á því í hverju tilviki þar sem m.a. er litið til fjarlægðar frá meginlandi eða heimaeyju, sýnileika, afstöðu til annarra eyja og skerja, og upplýsinga um nýtingu eða önnur tengsl við jörð.

Að öðru leyti telur nefndin, líkt og í fyrri þjóðlendumálum, að við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæðis skipti mestu máli að greina hvort svæðið sem um er deilt sé eða hafi verið jörð eða hluti jarðar samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Líkur eru á að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum er eða hefur verið hluti jarðar sé eignarland.

Við sönnun á því hvort eyjar eða sker teljist vera eða hafa verið hlutar jarða hafa landamerkjabréf almennt ríkara vægi en aðrar heimildir. Þannig má telja líkur á því að eyjajörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð, enda stangist lýsing á merkjum ekki á við atriði á borð við staðhætti og upplýsingar um nýtingu lands, eða fyrir liggi eldri heimildir sem mæli því í mót. Það sama á við um eyjar og sker sem fjallað er um í landamerkjabréfum jarða á meginlandinu.

Að teknu tilliti til réttarframkvæmdar og á grundvelli almennrar rannsóknar óbyggðanefndar er mat nefndarinnar að staðhættir, þar á meðal landfræðilegur aðskilnaður eyjar eða skers frá heimalandi eða heimaeyju, mæli almennt ekki einir og sér gegn því að lýsingar í landamerkjabréfum jarða séu lagðar til grundvallar afmörkun þeirra. Þrátt fyrir að sérstök lýsing í landamerkjabréfi á landsvæði sem er aðskilið heimalandi jarðar hafi í réttarframkvæmd oft verið talin benda til þess að um þjóðlendu sé að ræða, þá telur nefndin að þau sjónarmið eigi ekki endilega við með sama hætti um eyjar og sker, sem eðli máls samkvæmt eru alltaf landfræðilega aðskildar heimalöndum. Það á bæði við um úteyjar eyjajarða og eyjar og sker sem tengjast jörðum á meginlandinu.

Nefndin telur að upplýsingar um gróðurfar á eyjum og skerjum ráði almennt ekki úrslitum við mat á sönnunargildi landamerkjabréfa jarða sem telja til réttinda á eyjum og skerjum. Þá telur nefndin að almennar upplýsingar um búskaparhætti og nýtingu lands á eyjum og skerjum styðji almennt að eyjar og sker sem fjallað er um í landamerkjabréfum jarða séu eignarlönd.

Í tilvikum þar sem ekki liggja fyrir landamerkjabréf vegna jarða sem aðrar heimildir gefa til kynna að séu jarðir þarf að ákvarða merki þeirra út frá öðrum fyrirliggjandi upplýsingum og heimildum. Í því sambandi koma m.a. til skoðunar staðhættir, heimildir um merki aðliggjandi jarða og önnur fyrirliggjandi gögn. Sambærileg sjónarmið eiga við um afmörkun jarða þegar merkjalýsingar í landamerkjabréfum eru óljósar eða lýsa ekki heildarmerkjum jarða.

Loks skal tekið fram að eignarlöndum sem liggja að sjó, bæði á meginlandinu og á eyjum og skerjum, fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.

7.3 Eyjar og sker norðan og vestan lands

Í þeim undirköflum sem hér fara á eftir verða þjóðlendukröfusvæði ríkisins tekin til skoðunar með aðgreindum hætti. Kröfugerð ríkisins í fyrri málum hefur almennt verið háttað þannig að gerðar hafa verið kröfur til tiltekinna landsvæða á meginlandinu sem lúta ákveðinni afmörkun með kröfulínum. Vegna sérstaks eðlis svæðis 12, sem tekur til lands utan meginlandsins, á eyjum og skerjum og öðrum landfræðilegum einingum sem eru umluktar hafi, er kröfugerð ríkisins með breyttu sniði. Í stað þess að kröfur ríkisins taki til landsvæða sem afmörkuð eru með kröfulínum eru eyjar og sker sem ríkið gerir kröfur til auðkenndar í rafrænni kortasjá og á kröfulínukortum, sbr. skjöl nr. 181(1)–181(20). Auk þess eru gerðar kröfur til ónafngreindra eyja og skerja utan svæða sem ríkið hefur undanskilið kröfugerð sinni eða þar sem ríkið hefur fallið frá kröfum til við meðferð málsins, sbr. nánari umfjöllun um kröfur ríkisins í kafla 3.1. Í ljósi þessa verður hér á eftir fjallað sameiginlega um eyjar og sker sem gerðar eru kröfur til vegna sömu jarðar af hálfu gagnaðila ríkisins. Í tilvikum þar sem ekki eru gerðar gagnkröfur verður ýmist sérstök umfjöllun um stakar eyjar eða sker eða sameiginleg umfjöllun eftir því sem gögn málsins og staðhættir gefa tilefni til.

Fyrst verður fjallað um staðhætti einstakra þjóðlendukröfusvæða málsins og þá verður tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um kröfusvæðin og þær jarðir sem um ræðir.[566] Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar svæðanna er rakin í 5. kafla hér að framan. Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um landamerki á svæðunum sem málið varðar, þar á meðal hvort samræmi sé milli heimilda og afmörkunar málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra taka til.

Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á eyjum og skerjum byggjast að mestu leyti á því að um sé að ræða land sem ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að. Þrátt fyrir að gögn málsins bendi í sumum tilvikum til þess að eigendur tiltekinna jarða, ýmist eyjajarða eða jarða á meginlandinu, hafi nýtt sumar eyjar og sker og kallað til réttinda á þeim, bendi heimildir ekki til þess að slík nýting eða tilkall geti grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst sé hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar hafi verið komnir að þeim réttindum. Þá er einnig byggt á því að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðum ríkisins. Almennt sé um að ræða eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafi ekki verið og séu ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar.

[566] Umfjöllun um staðhætti er m.a. byggð á ýmsum loft- og gervitunglamyndum, kortum og landupplýsingum, þar á meðal fjölbreyttum upplýsingum sem er að finna í kortasjám Náttúrufræðistofnunar Íslands (áður ýmist hjá Landmælingum Íslands eða Náttúrufræðistofnun), örnefnaskrám frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, og almennum upplýsingaritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

Kröfur gagnaðila ríkisins byggjast almennt á því að stofnast hafi til beins eignarréttar að þeim eyjum og skerjum sem kröfur þeirra taka til, sem séu hlutar jarða þeirra og nýting hafi verið í samræmi við það. Því sé um að ræða eignarlönd en ekki þjóðlendur. Þá byggja flestir gagnaðilar ríkisins einnig á því að eignarréttarleg staða eyja og skerja sé bundin í lög með lokamálslið 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

7.3.1 Kolbeinsey

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Kolbeinseyjar. Kolbeinsey er lítil eyja eða sker um 105 km norðan meginlandsins og um 70 km norðan Grímseyjar og hún er jafnframt nyrsti hluti Íslands.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna Kolbeinseyjar og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til hennar. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til eyjunnar er eignarréttarleg staða hennar til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Kolbeinsey er sögð heita eftir Kolbeini Sigmundarsyni landnámsmanni sem *Landnáma* segir að hafi numið Kolbeinsdal í Skagafirði. Í *Svarfdæla sögu* segir frá því að Kolbeinn hafi lotið í lægra haldi í ágreiningi við Una í Unadal og orðið svo reiður að hann hafi stokkið á skip og siglt á haf út en brotið skipið á Kolbeinsey og týnst þar. Þar segir að eyjan sé við hann kennd.

Í vísnabálki eftir séra Jón Einarsson frá Stærra-Árskógi á Árskógsströnd við Eyjafjörð frá 1665 segir frá könnunarleiðangri bræðranna Bjarna, Jóns og Einars Tómassona frá Hvanndölum á Tröllaskaga til Kolbeinseyjar árið 1616. Kvæðið mun fyrst hafa birst í heild á prenti í tímaritinu *Blöndu* árið 1918.[567] Vísnabálkurinn er í 75 sexhendum erindum og segir frá því að Guðbrandur Þorlaksson Hólabiskup hafi fengið Hvanndalabræður til leiðangursins. Tilgangurinn mun hafa verið að kanna stærð eyjarinnar og hugsanleg hlunnindi, svo sem eggjatöku og fuglaveiði. Af vísunum að dæma mun eyjan þá hafa verið um 700 m löng og 100 m breið og þar segir einnig frá langvíu, geirfugli og fýl í eyjunni.[568]

Árið 1989 byggðu starfsmenn Landhelgisgæslunnar og Vita- og hafnamálastofnunar þyrlupall í Kolbeinsey og Landhelgisgæslan hefur reglulega fylgst með eyjunni úr

[567] Skjal nr. H-14.

[568] Nánar má lesa um leiðangurinn hér: Árni Hjartarson: „Ferð Hvanndalabræðra til Kolbeinseyjar“, *Náttúrufræðingurinn* 2005, bls. 31–37, sbr. skjal nr. H-9.

skipum og flugförum. Bygging þyrlupallsins mun m.a. hafa verið hluti af viðleitni íslenskra stjórnvalda til að sporna gegn eyðingu eyjunnar sem gegndi mikilvægu hlutverki í deilum um landhelgi og landgrunnsréttindi, sem nyrsti útvörður landsins. Árið 2006 tilkynnti Landhelgisgæslan að þyrlupallurinn væri að hálfu hruninn og þar væri ekki lengur hægt að lenda þyrlum og árið 2010 var þyrlupallurinn alveg horfinn.[569]

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, er landhelgi Íslands m.a. afmörkuð af línu sem alls staðar er 12 sjómílur frá stórstraumsfjöruborði Kolbeinseyjar.

Rannsókn óbyggðanefndar hefur ekki leitt í ljós nein gögn eða upplýsingar sem benda til þess að nokkur hafi kallað til réttinda yfir Kolbeinsey. Að undanskildum framangreindum heimildum um einstakar ferðir þangað eru engar upplýsingar um að neinn hafi haft not af Kolbeinsey, enda liggur hún mjög langt frá landi. Þannig liggur ekkert fyrir um að þar hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Kolbeinsey sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.2 Hrólfssker í Eyjafirði

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Hrólfsskers í Eyjafirði. Hrólfssker er fremur lítið sker utarlega í Eyjafirði miðjum, hálfa leið milli Látrastrandar í austri og Ólafsfjarðarmúla í vestri, um 5 km frá landi í báðar áttir og um 6 km norðan Hríseyjar.

Engar gagnkröfur eru gerðar vegna Hrólfsskers og íslenska ríkið gerir því eitt kröfu til þess. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu til skersins er eignarréttarleg staða þess til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Árið 1951 var reistur rúmlega 15 m hár steinsteyptur viti í Hrólfsskeri sem stendur þar enn.

Rannsókn óbyggðanefndar hefur ekki leitt í ljós nein gögn eða upplýsingar sem benda til þess að nokkur hafi kallað til réttinda yfir Hrólfsskeri og engar upplýsingar hafa komið fram um að neinn hafi haft not af skerinu. Þannig liggur ekkert fyrir um að

[569] Sjá fréttir á vef Landhelgisgæslunnar frá 9. mars 2006: https://www.lhg.is/2006/03/09/null-108/, og frá 14. júní 2010: https://www.lhg.is/2010/06/14/null-1405/.

þar hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að Hrólfssker sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.3 Drangey í Skagafirði

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Drangeyjar í Skagafirði ásamt nærliggjandi dröngum og skerjum, en það eru einkum dranginn Kerling um 250 m sunnan Drangeyjar og tvö sker um 2 km norðan við eyjuna sem nefnast yfirleitt Kvíslarsker en eru stundum nefnd Innri sker. Gerð er krafa til Drangeyjar auk Kerlingar og Kvíslarskerja af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Drangey er býsna stór eyja í miðjum Skagafirði og þaðan eru um 8–9 km til lands bæði til austurs og vesturs. Hún er tæpur kílómetri að lengd frá norðri til suðurs en að jafnaði um 200–400 m breið frá austri til vesturs og rís hátt úr sjó, girt yfir 100 m háum klettaveggjum á allar hliðar. Hæst rís hún í um 180 m hæð. Toppur eyjunnar er býsna vel gróinn og á henni er fjölskrúðugt fuglalíf. Eins og áður segir stendur dranginn Kerling sunnan Drangeyjar og áður fyrr var annar drangi norðan eyjunnar sem nefndist Karl en hann hrundi í jarðskjálftum sem urðu samfara Kötlugosi árið 1755. Af þessum tveimur dröngum mun Drangey draga nafn sitt. Til er þjóðsaga um upptök Drangeyjar en samkvæmt henni voru Karl og Kerling nátttröll tvö frá Hegranesi sem voru á leið út Skagafjörð með kú sína þegar dagur reis og þau urðu að steini. Karlinn varð að Karli, kerlingin að Kerlingu og kýrin að Drangey.

Krafa íslenska ríkisins til Drangeyjar byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að eyjunni. Þrátt fyrir að gögn málsins bendi til þess að hún hafi í gegnum tíðina verið nýtt af ýmsum bendi heimildir ekki til þess að slík nýting hafi grundvallast á beinum eignarrétti, auk þess sem ekki sé ljóst hvernig umræddir aðilar hafi verið komnir að þeim réttindum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist aðallega á því að stofnast hafi til beins eignarréttar að Drangey við landnám og að hann hafi haldist alla tíð síðan, líkt og fram komi í gögnum málsins og heimildir um nýtingu eyjunnar bendi til. Óumdeilt er að ekki hefur verið föst búseta í Drangey og þannig er ekki byggt á því að hún hafi verið hefðbundin jörð heldur sérstök eign Hólastaðar, sem gagnaðili ríkisins leiðir rétt sinn frá. Ekki er ágreiningur um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Drangey og eignarréttarlega stöðu hennar.

Í *Landnámu* segir frá landnámi í Skagafirði báðum megin fjarðarins. Um landnám að vestanverðu fjarðarins segir að Eilífur Atlason hafi numið land frá Mánaþúfu til Gönguskarðsár og Laxárdal. Um landnám austan fjarðar segir að Sleitu-Björn hafi fyrstur numið land milli Grjótár og Deildarár. Öndóttur er sagður hafa keypt land af Sleitu-Birni í hluta Hjaltadals og utanverðri Viðvíkursveit. Kolbeinn Sigmundarson er

einnig sagður hafa numið land milli Grjótár og Deildarár, Kolbeinsdal og Hjaltadal, en Hjalti Þórðarson er sagður hafa numið Hjaltadal að ráði Kolbeins. Þá segir að Þórður Bjarnarson hafi numið Höfðaströnd milli Unadalsár og Hrolleifsdalsár.

Í *Grettis sögu* segir frá útlaganum Gretti Ásmundarsyni en samkvæmt henni hafðist Grettir við í Drangey síðustu ár sín ásamt Illuga bróður sínum.

Í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 segir m.a. að með Drangey og Lundey eigi Hólastaður öll fjörugögn.

Hinn 5. júlí 1462 var á Eyrarlandi útnefndur af Ólafi biskupi Rögnvaldssyni dómur tólf presta til að fjalla um það hvort Hólakirkja í Hjaltadal ætti Drangey. Sex prestar vottuðu að þeir vissu að Hólakirkja hefði haft hana í 40 ár. Aðrir vottuðu það sama upp á 30 ár og einn upp á 25 ár. Í dómnum segir svo:

> nu saker þess ath þetta var suarit af sex prestum sem fyr scrifat stenndr þui dæmdum vær fyr nefnder prestar títt nefnda drangeý er liggr æ skagafirde vera ok verit hafua obrigdiliga eign adr greindrar hola kirkiu epter þui fremsta sem lôgbok vtvisar.
>
> var þessi vor domur vpp sagdr ok in scriptis fram borin j sama stad deige ok æri sem fyr seiger.

Sama dag og á sama stað útnefndi Ólafur Rögnvaldsson biskup annan dóm tólf presta til að fjalla um mál Þorsteins Brynjólfssonar sem biskup sakaði um að hafa farið í Drangey og veitt þar seli og fugla og tekið egg án leyfis biskups. Þar sem fyrir lágu vitnisburðir tveggja manna um að Þorsteinn hefði farið til veiða og eggjatöku í Drangey var hann dæmdur til að greiða Hólakirkju sekt, auk þess sem hann skyldi „taka lausn ok script af biskupinum epter settum kirkiunnar lögum“.

Hinn 6. maí 1676 fór fram manntalsþing að Viðvík þar sem dæmt var um fuglaveiði í Drangey og toll vegna hennar. Afrit dómsins er frá seinni hluta átjándu aldar en það var upplesið að lokinni guðsþjónustugjörð við Fagraneskirkju þann 29. maí 1785. Í skjalinu er einnig afrit af bréfi Þorláks biskups Skúlasonar til Henriks Bjelke þar sem fjallað er um Drangey sem eyland dómkirkjunnar. Skjalið var framlagt við aukarétt 1. febrúar 1869. Niðurstaða málsins var að hver og einn sem stundaði fuglaveiði í Drangey væri skyldur til að gjalda biskupi toll sem næmi einum fugli af hverjum tuttugu. Til dómsins er vísað í öðrum skjölum sem Viðvíkurdóms.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 segir eftirfarandi um Drangey:

> **Drangei,** umflotin ey í sjó liggur nærri mitt á Skagafirði.
>
> Eigandinn er biskupsstóllinn Hólar.
>
> Aldrei hefur hjer bygð verið, getur og ekki verið því hjer vantar vatn, þar með er eyin allavegana ofurhátt bjarg, so að alleina í einum stað er mögulegt upp að koma, þó með stigum og handvöðum.
>
> Það er gagn eyjarinnar, að stóllinn hefur hjer eggver um vortíma, þó því eins að sigið er eftir í bjarg með stórkostnaði, en undir eyjunni hefur meir hluti hjeraðsins fuglveiði á flekum með snörum um vortímann, er þessi fuglveiði öngvum meinuð sem atorku til hafa, en eggverið í bjarginu eignar stóllinn sjer og brúkar alleina. Hitt er áður sagt hvað Hofskirkja til kallar en óreynt að hvörjum rjetti.

> Annað stólsins gagn af eyjunni er sauðagánga, sem stóllinn lætur híngað flytja á hausttíma og gengur so sjálfala ár um kríng, til þess það verður heimt heim aftur til stólsins.

Á öðrum stað í *Jarðabókinni*, eftir að umfjöllun um jarðir í Sauðárhreppi sleppir, er einnig fjallað um Drangey. Þar segir:

> NB. Norðarlega undan þessari sveit fram á firðinum liggur ein ey, sem Drángey kallast. Hana á Hólastaður og brúkar þar eggver. En bæði þessi sveit og so aðrar nálægt firðinum brúka þar fuglveiði við eyjuna, hvör so sem hann fær við komið, öldúngis tollfrí síðan í tíð Hr. Gísla. Þá þykjast menn heyrt hafa að til stólsins hafi fallið einn fugl af hvörjum 20, en ekki hafi það staðið utan fáein ár.

Þá er í umfjöllun um Hóla í Hjaltadal minnst á fuglaveiði, eggver og sauðagöngu stólsins í Drangey.

Við manntalsþing að Viðvík í Viðvíkursveit 20. apríl 1739 þinglýsti sýslumaður, í umboði biskups, lögfestu fyrir Drangey og öllu landi hennar til fuglaveiða og eggjatöku. Lögfestu fyrir Drangey var einnig þinglýst við manntalsþing að Sauðá 22. apríl 1739 og að Skefilsstöðum 25. apríl 1739.

Í konunglegri skipun frá 29. maí 1767 um skiptingu eigna Hólabiskupsstóls er m.a. fjallað um réttindi biskups í Drangey og tekjur af henni. Í skipunum um stjórn Hólabiskupsstóls og skóla þar frá 1789 og 1791 kemur m.a. fram að Drangey og réttindi þar tilheyri biskup.

Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1804 er dýrleiki jarðarinnar Hóla sagður óviss. Í framhaldi af lýsingu á afrétt er fjallað um Drangey en fram kemur að þar megi setja árlega 30 kindur á grasagöngu og einnig fáist þar sjófuglaveiði og egg, eða eins og segir í jarðamatinu:

> p.n. Denne Jord har tilhört en vidtLöftig Afret, som dog hidindtil har været upaa anket benyttet af flere tilgrændsende og bispestolen forhen tilhörende gaarde.
>
> Ligeledes en Øe i Skagefjorden, Drangöe kaldet, hvorhen omtrent 30 Faar ere aarlig blevne satte paa Græsgang, og hvor tillige haves Söefugle-Fangst og Ægg.

Hinn 12. júní 1805 keypti Havsteen faktor Drangey fyrir 105 ríkisdali. Í afriti af höfuðbók yfir reikninga og sölu stólsjarða Hólabiskupsstóls í þremur sýslum á Norðurlandi árið 1805 eru framangreindar upplýsingar skráðar. Þann 2. apríl 1806 sendi Stefán Þórarinsson amtmaður rentukammeri skýrslu yfir kaupendur jarða Hólastóls sem greitt höfðu ⅓ hluta eða meira af kaupverði viðkomandi jarðar. Í skýrslunni kemur fram að Havsteen kaupmaður hafði greitt fullt verð fyrir Drangey.

Við manntalsþingsrétt að Viðvík 19. apríl 1826 fór fram vitnaleiðsla varðandi skilmála kaupbréfs Valgerðar Jónsdóttur fyrir jörðinni Hólum, er hún keypti á uppboði. Valgerður bar ásamt öðru vitni að Hólar hefðu verið boðnir upp með stofunni, haganum og afréttinni með meiru, að Drangey undanskilinni.

Við manntalsþingsrétt að Felli 30. maí 1827 þinglýsti sýslumaður friðlýsingum, dagsettum 13. júní 1787 og 17. júní 1816, fyrir Drangey með tilliti til æðarvarps og uppsáturs. Þá var einnig upplesin aðvörun frá Havsteen kaupmanni, dagsett 26. maí 1827, um að hann hefði leigt syni sínum N. Havsteen varp og skipsuppsátur í Drangey.

Við manntalsþingsrétt að Hofi 31. maí 1828 framlagði Þorlákur Jónsson á Grundarlandi eitt skjal, dagsett sama dag, með undirskrift 23 manna sem vorið áður höfðu róið frá Drangey. Þeir afsökuðu sig frá að borga toll fyrir skipsuppsátur í Drangey, en tollinn töldu þeir vera ólöglegan og sögðust eftir sem áður ætla að stunda fuglaveiðar við Drangey eftir gamalli venju. Skjalið var birt með tilliti til þeirrar auglýsingar er N. Havsteen lét birta á manntalsþingum árið 1827, viðvíkjandi afgift fyrir skipsuppsátur á Drangeyjarfjöru.

Við manntalsþingsrétt í Hofshreppi 26. maí 1842 var upplesið forboð frá N. Havsteen á Hofsósi í nafni bróður síns, J.G. Havsteens, fyrir Drangey.

Við manntalsþingsrétt að Felli 22. maí 1843 var að beiðni Ó. Ólafssonar í Saurbæ upplesið afrit af svonefndum Viðvíkurdómi frá 6. maí 1676 áhrærandi toll af fuglaveiði í Drangey. Einnig var upplesin auglýsing frá eiganda Drangeyjar varðandi veiðitoll í eynni og til vonar og vara, ef téðum tolli yrði mótmælt, forboð um að hafa þar uppsátur. Ó. Ólafsson framlagði einnig við manntalsþingsrétt að Skefilsstöðum 8. júní 1843 svokallaðan Viðvíkurdóm um toll af fuglaveiði í Drangey.

Hinn 9. maí 1845 fór fram fundur hjá sáttanefnd Skagaumdæmis en þar var tekið fyrir mál J. Havsteens á Akureyri gegn þremur skipseigendum sem ekki höfðu viljað greiða toll fyrir lóðarnot og skipsuppsátur á Drangeyjarfjöru. Sátt náðist á fundinum um að skipseigendurnir myndu greiða tollinn, en tveir þeirra með því skilyrði að gerð yrði tilraun til að grafa brunn í Drangey til að fá drykkjarvatn.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er jörðin Hólar í Hjaltadal skráð sem bændaeign en ekki er getið dýrleika hennar. Í neðanmálsgrein segir að jarðabækurnar segi hvorki frá dýrleika né leigumála en árið 1802 sé jörðin metin á 48,5 hundruð og þar segi að Drangey heyri undir stólinn.

Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1849–1850 segir eftirfarandi um Drangey:

> Drángey á Skagafyrdi, óbygd og óákvedin til hundradatals. – Sá mesti ardur af eyu þessari er þar í innifalin, ad þar er kjarngódur bithagi fyrir 20 til 30 kindur bædi vetur og sumar, en er mikillri hættu undirorpid, einkum á vetrardag, vegna þess ad meira edur minna af kindum þessum fer árlega fyrir bjarg fram, og ferst á þann hátt. – I bjarginu fæst med miklum kostnadi og lífshættu, nokkud af svartfugli og eggjum, en umhverfis eyuna veidist fugl á flekum, og væri þadan gott útrædi til fiskjar ad vortíma, ef fjara væri betri til skipsuppsáturs og fiskverkunar, en hún er mjög lítil svo þeim sem þar halda til, er þar hætta búin vegna grjóthruns úr bjarginu ad ofan, og sjóargángs ad framan. – Ágódi sá sem eya þessi géfur af sér, er svo undir högg sóktur og stopull, ad matsmennirnir álíta hann, í samanburdu vid ágóda af bygdum jördum i hreppnum, og med tilliti til kosta hans og annmarka, ej geta metist meir en til 7 hndr.

Á manntalsþingum fram eftir nítjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu voru þinglesnar fjölmargar friðlýsingar um Drangey. Friðlýst var ýmist fyrir varpi, veiði, fjöru og selum en einnig fyrir yfirgangi og ólöglegri notkun og á móti skotum. Á manntalsþingi að Hofi 19. maí 1882 voru æðarvörp sýslunnar friðlýst, sem og Drangey með hinni svonefndu Kerlingu.

Meðal kirkjuskjala Hólakirkju í Hjaltadal er varðveitt ódagsett skjal, líklega frá seinni hluta nítjándu aldar, um rétt kirkjunnar til viðhaldsfjár úr ríkissjóði vegna stóls-

jarðasölu. Í skjalinu eru reifaðar eldri heimildir um eignir og réttindi kirkjunnar og þess m.a. getið að staðurinn hafi áður fyrr átt Drangey sem hafi verið hagnýtt árlega frá biskupssetrinu.

Við aukarétt að Hjaltastöðum 20. september 1869 var kveðinn upp dómur í máli umráðamanna Drangeyjar, Jóns Jónssonar og Jósefs Blöndals, gegn Gísla Ólafssyni, bónda á Óslandi, þar sem stefnendur kröfðust þess að stefndi yrði skyldaður til að borga þeim toll af flekaútgerð sinni og fuglaveiði við Drangey. Í dómnum kemur fram að stefnendur málsins hafi tekið Drangey á leigu af eiganda hennar. Um upphæð tollsins hafi þeir vísað til svonefnds Viðvíkurdóms frá 6. maí 1676 um skyldu til að greiða einn fugl af hverjum tuttugu sem veiddur væri til eiganda eyjunnar. Komist var að þeirri niðurstöðu að Viðvíkurdómurinn ætti ekki við þar sem hann hefði varðað fuglaveiði á eyjunni sjálfri en ágreiningurinn í þessu máli varðaði flekaútgerð og fuglaveiði við Drangey en ekki á henni, þó að gert væri út frá eyjunni. Þrátt fyrir það var niðurstaða málsins sú að stefnendur ættu rétt á greiðslu fyrir skipsuppsátur stefnda og önnur afnot af fjörunni í Drangey, „líkan lóðartoll einsog almennt er goldinn fyrir þesskonar afnot á öðrum fjörum“ við Skagafjörð. Gert var ráð fyrir að aðilar kæmu sér saman um upphæðina sem greiða skyldi en ella skyldi hún metin af fjórum óvilhöllum mönnum útnefndum af réttinum.

Hinn 26. mars 1870 fór fram aukaréttur þar sem útnefndir voru fjórir menn til að meta hæfilegan lóðartoll fyrir skipsuppsátur og önnur afnot af fjörunni í Drangey. Gera má ráð fyrir að það hafi verið vegna fyrrnefnds dóms frá 20. september 1869.

Við manntalsþing 30. maí 1885 var þinglesið eignarskjal Jakobs Havsteens frá samerfingjum hans fyrir Drangey fyrir 1.500 kr.

Með kaupbréfi dagsettu 24. júní 1885 gerðu Jakob V. Havsteen og Jóhann P. Pétursson, fyrir hönd sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, með sér samning um kaup sýslunefndarinnar á Drangey. Í kaupbréfinu segir að Drangey hafi verið níu hundruð að dýrleika. Kaupverðið var 1.800 kr. en með því seldi Jakob Drangey með öllum gögnum og gæðum og öllu sem fylgja ætti og fylgja bæri eynni. Afsal fyrir kaupunum er dagsett 16. ágúst 1886 og því var þinglýst 11. júní 1888.

Á manntalsþingi að Lýtingsstöðum 16. maí 1904 var auglýst að sýslunefndin hefði veitt mönnum heimild til að nota land í Drangey til kartöfluræktar um næstu sex ár endurgjaldslaust.

Í fasteignamati Skagafjarðarsýslu 1916–1918 kemur fram að Drangey var metin á 5.000 kr. Engar upplýsingar koma fram um landamerki hennar. Fram kemur að Drangey hafi verið eyðieyja notuð af almenningi til fugla og fiskiveiða, eggjatekju, heyskapar og til kindagöngu. Enn fremur kemur fram að dranginn Kerling sunnan við eyna fylgi eyjunni. Eigandi hennar var Skagafjarðarsýsla.

Fyrir liggja samþykktir um veiði í Drangey frá árunum 1913, 1955 og 1962 sem settar voru á grundvelli laga nr. 20/1912, um samþykkt um veiði í Drangey, annars vegar og hins vegar á grundvelli laga nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Í

samþykktunum var kveðið á um fyrirkomulag veiða í Drangey og Kerlingu en þar var m.a. kveðið á um fjörutoll sem hver maður sem stundaði fuglaveiðar á fleka við Drangey í tiltekinn tíma skyldi greiða til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu. Þá var einnig kveðið á um að sýslunefndin byggði eyna til ýmist þriggja eða fimm ára í senn til eggjatöku og gæfi út byggingarbréf vegna þess.

Samkvæmt upplýsingum frá gagnaðila ríkisins var stunduð flekaveiði á svartfugli í Drangey til ársins 1965, þegar sú veiðiaðferð var bönnuð með lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966. Stundum hafi verið veiddir yfir hundrað þúsund fuglar við eyjuna á vorin og egg úr sigi hafi skipt tugum þúsunda. Þannig hafi eyjan löngum verið matarkista héraðsbúa og stundum kölluð „vorbæra Skagfirðinga“.

— — —

Hér hafa verið raktar heimildir um Drangey og eignarréttarlega stöðu hennar. Lýsingar *Landnámu* um landnám á svæðinu fjalla ekki um eyjar eða sker og af þeim verður því ekki ráðið hvort ágreiningssvæðin hafi verið numin. Þrátt fyrir að ekki sé getið eyja og skerja er þó að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðin, eða hluti þeirra, kunni að hafa verið numin.

Af því sem hér hefur verið rakið verður ráðið að Hólastaður hafi lengst af kallað til réttinda í Drangey eða fram til ársins 1805 þegar hún var meðal eigna Hólabiskupsstóls sem seldar voru. Árið 1885 var Drangey svo seld sýslunefnd Skagafjarðarsýslu sem gagnaðili ríkisins leiðir rétt sinn frá. Það virðist einkum hafa verið gert til að tryggja aðgengi Skagfirðinga að eyjunni og auðlindum hennar. Elsta fyrirliggjandi heimild um réttindi Hólastaðar á eyjunni er rekaskrá frá 1374. Árið 1462 var svo kveðinn upp dómur tólf presta um eignarrétt Hólakirkju á Drangey, en á þeim tíma hafði kirkjan sjálf dómsvald í málum sem vörðuðu kirkjuna.[570] Í dómnum er Drangey sögð vera og hafa verið óbrigðuleg eign Hólakirkju eftir því fremsta sem lögbók útvísi.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er fjallað um réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna.[571] Þar kemur fram að meta þurfi áhrif eldri dómsúrlausna af varfærni. Þær geti haft sönnunargildi um þau atvik sem þar greinir en feli aftur á móti ekki í sér bindandi niðurstöðu um úrslit sakarefnisins nema milli aðila viðkomandi máls og þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim með beinum hætti, sé sakarefnið það sama. Auk þess megi draga þá ályktun af dómafordæmum Hæstaréttar að eldri dómsúrlausn feli aðeins í sér bindandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu landsvæðis ef þar hefur ótvírætt verið tekin afstaða til inntaks viðkomandi eignarréttinda. Tilefni þessarar umfjöllunar í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* voru einkum dómar Hæstaréttar í málum nr. 411/2012 (Bleiksmýrardalur austan Fnjóskár) og 546/2012 (Eyvindarstaðaheiði) þar sem réttaráhrif og sönnunargildi annars vegar dóms Landsyfirréttar um Bleiksmýrardal

[570] Sjá nánar t.d. Björn K. Þórólfsson: „Inngangur“. *Biskupsskjalasafn*, Reykjavík 1956, bls. 9–16 og 18–19; og Gunnar F. Guðmundsson: *Íslenskt samfélag og Rómakirkja. Kristni á Íslandi II*. Reykjavík 2000, bls. 48–52, 102 og 128–132.

[571] Sjá kafla 11.4 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

frá 1855 og hins vegar dóms Hæstaréttar um Eyvindarstaðaheiði frá 1996 voru til skoðunar. Í báðum tilvikum var álitaefnið hvort umræddir dómar væru bindandi um eignarréttarlega stöðu þeirra landsvæða sem þar voru til umfjöllunar í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, þ.e. hvort þeir hefðu *res judicata* áhrif í viðkomandi málum, og niðurstaðan í báðum tilvikum að svo væri ekki.

Í tilviki dómsins frá 1462 sem hér er til umfjöllunar er ljóst að ríkisvaldið átti ekki aðild að málinu. Raunar virðast ekki aðrir en Hólakirkja hafa verið aðilar málsins, sem dæmt var af prestum Hólabiskupsdæmis að tilstuðlan Hólabiskups. Auk þess verður ekki ótvírætt ráðið af dómnum hvert inntak þeirra eignarréttinda var sem dæmt var um. Í ljósi framangreinds og að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem rakin eru hér að framan um réttaráhrif eldri dómsúrlausna telur nefndin að dómurinn sé ekki bindandi um það sakarefni sem hér er til umfjöllunar, þ.e. hvort Drangey sé eignarland eða ekki, í skilningi 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Á hinn bóginn er dómurinn merki um að kirkjan hafi litið á Drangey sem sína eign þegar á 15. öld og líklega fyrr.

Fleiri dómar sem gengið hafa í gegnum tíðina um réttindi í Drangey benda einnig til hins sama. Þar má nefna annan dóm sem kveðinn var upp 1462, svonefndan Viðvíkur-dóm frá 1676 og dóm frá 1896. Í öllum þessum málum var fallist á að þeir sem nýttu sér réttindi í Drangey þyrftu leyfi eiganda eyjunnar til þess, sem væri jafnframt heimilt að áskilja sér tiltekið endurgjald fyrir notin. Þrátt fyrir að þessir dómar verði heldur ekki taldir bindandi um eignarréttarlega stöðu Drangeyjar, verður af þeim ráðið að Drangey hafi ekki verið almenningur sem öllum var frjálst að nýta sér heldur hafi nýting eyjunnar, a.m.k. allt frá 15. öld, farið fram í skjóli eignarhalds tiltekinna aðila á réttindum yfir eyjunni. Önnur gögn málsins styðja einnig þá ályktun.

Eftir stendur hins vegar spurning um hvert inntak þeirra réttinda hafi verið, þ.e. hvort handhafar réttinda yfir eyjunni á hverjum tíma hafi farið með beinan eignarrétt eða hvort í eignarráðum þeirra hafi aðeins falist óbein eignarréttindi.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* skiptir við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Landsvæði utan merkja jarða sem hafa einkum verið nýtt til beitar eða annarra sambærilegra takmarkaðra nota, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana, hafa á hinn bóginn gjarnan verið talin þjóðlendur, eftir atvikum háðar óbeinum eignarréttindum.

Í tilviki Drangeyjar liggur fyrir að ekki var um hefðbundna jörð að ræða, enda hefur þar ekki verið föst búseta, ef undanskilin eru síðustu ár Grettis Ásmundarsonar. Þá liggur ekki fyrir landamerkjabréf fyrir Drangey. Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1709 er sérstök færsla um Drangey en þess getið að þar hafi aldrei verið byggð. Í jarðamati

Skagafjarðarsýslu 1804 og *Jarðatali* Johnsens frá 1847 eru ekki sérstakar færslur um Drangey. Í jarðamati Skagafjarðarsýslu 1849–1850 er aftur á móti sérstök færsla um Drangey sem er þar sögð óbyggð og óákveðin til hundraðatals, en metin á 7 hundruð með samanburði við ágóða af byggðum jörðum í hreppnum. Einnig er sérstök færsla í fasteignamati Skagafjarðarsýslu 1916–1918, þar sem Drangey er metin á 5.000 kr. og eigandi sagður Skagafjarðarsýsla. Af þessum heimildum verður ráðið að Drangey hafi, a.m.k. frá því um miðja 19. öld verið metin fasteignamati sem sérstök fasteign, en það hafi mögulega verið nokkuð á reiki fyrir þann tíma.

Um eðli og inntak réttinda yfir Drangey er þess að gæta að í ýmsum heimildum er notað orðalag á borð við að Hólakirkja eigi Drangey. Orðalag á borð við þetta getur í sumum tilfellum bent til eignarlands en þess er að gæta í því sambandi að ekki er afdráttarlaust í framangreindum skjölum hvers eðlis réttindi kirkjunnar hafi verið eða um hvers konar land sé að ræða. Hæstiréttur hefur í dómum sínum tekið afstöðu til þess að ummæli í máldögum og vísitasíum af þessu tagi geti ekki ráðið úrslitum um hvort átt hafi verið við beinan eignarrétt eða réttindi af öðrum toga, sbr. dóma Hæstaréttar frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 og frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 sem fjölluðu um orðalag á borð við þetta í máldögum og vísitasíum varðandi landsvæðin Mælifell og Steinvarartungu í Vopnafjarðarhreppi. Í báðum tilvikum var niðurstaða óbyggðanefndar um þjóðlendu staðfest. Hér má einnig benda á úrskurð óbyggðanefndar frá 22. desember 2020 í máli nr. 4/2020 (Hvannahlíð). Í tilviki Drangeyjar liggja hins vegar fyrir fjölbreyttari heimildir sem fjalla um eignarhald Hólakirkju, og þeirra sem leiða rétt sinn frá henni, á Drangey en í framangreindum dómum og úrskurði.

Í þessu sambandi skiptir einnig máli hversu umfangsmikil nýting svæðisins hefur verið í gegnum tíðina. Almennt má segja að umfangsmeiri nýting styðji fremur að land teljist eignarland en takmörkuð eða engin nýting geri það ekki. Þá skiptir einnig máli hvort landsvæði, þ.m.t. eyjar og sker, hafi einungis verið nýtt af tilteknum eigendum, með leyfi þeirra eða á grundvelli ítaksréttar, eða hvort öllum eða mörgum hafi verið heimil nýting svæðisins, líkt og á við um samnotaafrétti eða almenninga. Um hið síðastnefnda má m.a. benda á úrskurð óbyggðanefndar frá 30. ágúst 2023 í máli nr. 8/2021 (Sléttuhreppur og norðanverður Grunnavíkurhreppur) þar sem m.a. var komist að þeirri niðurstöðu að Hornbjarg og Hælavíkurbjarg á Hornströndum væru þjóðlendur, enda bentu gögn málsins til þess að björgin væru almenningar sem öllum eða mörgum hefði verið heimilt að nýta, án þess að þau not færu fram í skjóli tiltekinna eigenda.

Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um gildi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og komist að þeirri niðurstöðu að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist almennt *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins en ekki sé útilokað að gildissvið ákvæðisins geti náð lengra frá landi ef staðhættir eða önnur atriði mæla sérstaklega með því. Það þarfnist nánari skoðunar í hverju tilviki.

Ágreiningsskerið sem hér er til umfjöllunar er lengra frá landi en 2 km, eða um 8 km frá heimaeyju Knarrarness. Ekki er um að ræða stóra landfræðilega einingu sem alla jafna er sýnileg og greinileg í landslaginu, heldur smásker eða boða sem gera má ráð fyrir að sé iðulega hulinn sjó. Þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um nýtingu skersins eða önnur atriði sem kunna að mæla með því að það hafi staðið í skýru sambandi við næstliggjandi land. Að teknu tilliti til þess telur nefndin að staðhættir og önnur atriði mæli ekki með því að ágreiningsskerið sem hér er til umfjöllunar geti talist vera *fyrir landi* í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.

Eins og áður segir liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um nýtingu ágreiningsskersins og því er ekki fallist á að skilyrðum fyrir hefð sé fullnægt, eða fyrir réttmætum væntingum gagnaðila ríkisins til þess að um sé að ræða eignarland.

Þannig liggur ekkert fyrir um að þar hafi stofnast til eignarlands með þeim stofnunarháttum eignarréttinda sem grein hefur verið gerð fyrir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (sjá viðauka), sbr. einnig umfjöllun í kafla 7.2.3.2, þ.e. með námi, lögum eða hefð. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að ágreiningsskerið, þ.e. ónefnt sker sunnan Bótarskerja, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.3.9 Eyvindarstaðir á Álftanesi

Hér verður fjallað um kröfu íslenska ríkisins til Jörundarboða milli Álftaness og Seltjarnarness. Gerð er krafa til hans af hálfu eiganda Eyvindarstaða á Álftanesi.

Jörðin Eyvindarstaðir liggur að sjó á norðanverðu Álftanesi í fyrrum Álftaneshreppi í Gullbringusýslu. Að austan liggja Eyvindarstaðir að Lambhúsum og að vestanverðu að Kasthúsum og Landakoti. Að norðan- og norðvestanverðu liggur jörðin að sjó. Jörundarboði, sem hér er deilt um, liggur tæpa 2,3 km til norðausturs frá því landi jarðarinnar sem næst er, þ.e. Eyvindarstaðarhólma sem er landfastur á stórstraumsfjöru. Jörundarboði er þó einnig álíka langt í suðvesturátt frá Seltjarnarnesi.

Krafa íslenska ríkisins á svæðinu byggist einkum á því að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að umræddu skeri og það sé utan merkja Eyvindarstaða eins og þeim sé lýst í heimildum. Krafa gagnaðila ríkisins byggist hins vegar aðallega á því að umrætt sker sé innan merkja jarðarinnar og eignarland á þeim grundvelli, einkum með vísan til lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Ágreiningur aðila er því fyrst og fremst um

það hvort skerið sé innan merkja jarðarinnar en ekki er ágreiningur um að Eyvindarstaðir sé jörð eða um afmörkun ágreiningssvæðisins.

Hér koma fyrst til skoðunar fyrirliggjandi heimildir og gögn um Eyvindarstaði og ágreiningssvæðið.

Í *Landnámu* segir frá landnámi Ingólfs Arnarsonar milli Ölfusár og Hvalfjarðar og öll nes út. Ekki er fjallað um eyjar eða sker en þrátt fyrir það er að mati nefndarinnar ekki unnt að útiloka að ágreiningssvæðið hafi verið numið.

Í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1703 segir m.a. um Eyvindarstaði að fjörugrasatekja sé lítil, sölvafjara sé hjálpleg og hrognkelsafjara gagnvænleg. Ekkert er fjallað um eyjar eða sker.

Í jarðamati Gullbringusýslu 1804, *Jarðatali* Johnsens frá 1847, jarðamati Gullbringu- og Kjósarsýslu 1849–1850 og fasteignamati Gullbringusýslu 1916–1918 er jörðin Eyvindarstaðir metin fasteignamati en ekkert kemur þar fram um landamerki eða eyjar og sker.

Við manntalsþingsrétt að Görðum á Álftanesi 28. júní 1858 létu bændur á þremur jörðum friðlýsa svonefndum Sviðholts- og Eyvindarstaðahólmum til að upptaka selveiði, en báðir eru hólmarnir óumdeild eignarlönd.

Í landamerkjabréfi Eyvindarstaða frá 31. maí 1890, sem var þinglýst 7. júní 1890, er merkjum jarðarinnar lýst gagnvart aðliggjandi jörðum á landi en í niðurlagi landamerkjabréfsins segir að við sjó fram eigi jörðin beitutekju, þangskurð og sölvafjöru í Eyvindarstaðahólma og það sem þangað reki. Ekki er fjallað nánar um eyjar eða sker og Jörundarboða er þar ekki getið, en eins og áður segir er Eyvindarstaðahólmi, sem er landfastur á stórstraumsfjöru, óumdeilt eignarland.

Yngra landamerkjabréf Eyvindarstaða er frá 2. desember 1921 en það var fært í landamerkjabók sýslunnar 3. janúar 1922 og þinglýst 29. júní 1922. Merkjum jarðarinnar er lýst með sambærilegum hætti og í eldra landamerkjabréfinu frá 1890. Þar er heldur ekki fjallað um Jörundarboða.

Fyrirliggjandi heimildir fjalla þannig ekki um Jörundarboða. Ekki heldur fyrirliggjandi heimildir um aðrar jarðir á svæðinu. Eins og áður segir byggir gagnaðili ríkisins vegna Eyvindarstaða einkum á því að Jörundarboði sé fyrir landi jarðarinnar í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og hann sé því eignarland á þeim grundvelli.

Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um gildi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar og komist að þeirri niðurstöðu að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá hlutaðeigandi jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist almennt *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins en ekki sé útilokað að gildissvið ákvæðisins geti náð lengra frá landi ef staðhættir eða önnur atriði mæla sérstaklega með því. Það þarfnist nánari skoðunar í hverju tilviki.

Jörundarboði sem hér er til umfjöllunar er aðeins lengra frá landi en 2 km, eða tæpa 2,3 km. Upplýsingar um stórstraumsfjöruborð í kortasjá um kröfur á svæði 12, sem framangreind mæling miðast við, eru háðar talsverðri óvissu þar sem nákvæmar mælingar á stórstraumsfjöruborði liggja ekki fyrir. Í ljósi þess er hugsanlegt að Jörundarboði sé í raun aðeins nær landi.

Auk þess er talsvert af skerjum og boðum í grennd við Jörundarboða, í Skerjafirði, úti fyrir Seltjarnarnesi og í norðanverðum Hafnarfirði. Öll eru þessi sker og boðar óumdeild eignarlönd, að Jörundarboða undanskildum.

Líkt og fram kemur í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að því gættu, og í ljósi þess að Jörundarboði er litlu lengra frá landi en þeir 2 km sem nefndin telur almennt hægt að leggja til grundvallar að gildissvið lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar taki til, telur nefndin að ekki séu forsendur til að gera greinarmun á eignarréttarlegri stöðu Jörundarboða og annarra skerja og boða í grennd við hann, sem eru óumdeild eignarlönd.

Að öllu framangreindu virtu er niðurstaða óbyggðanefndar að íslenska ríkið hafi ekki sýnt fram á að Jörundarboði sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[583]

7.3.10 Aðrar eyjar og sker

Auk þeirra eyja og skerja sem fjallað hefur verið um í köflum 7.3.1–7.3.9 hér að framan taka kröfur ríkisins, skv. kortasjá um kröfur á svæði 12 og kröfulínukortum, skjölum nr. 181(1)–181(20), til nokkurs fjölda minni eyja og skerja sem ekki hafa verið gerðar gagnkröfur til. Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Þrátt fyrir að íslenska ríkið geri eitt kröfu

583 Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

til annarra eyja og skerja er eignarréttarleg staða þeirra til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins í bréfi til nefndarinnar 12. september 2025, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að í tilfellum ríkisjarða og þar sem gagnkröfur hefðu ekki komið fram kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda.

Hluti þeirra eyja og skerja sem hér eru til umfjöllunar eiga það sameiginlegt að vera innan við 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlands Íslands. Í kafla 7.2.3.2.2.1 hér að framan er fjallað um þýðingu lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Eins og þar kemur fram er niðurstaða nefndarinnar að í ákvæðinu felist gildandi lagaregla sem kveður á um að eyjar og sker sem liggja fyrir landi jarðar séu hluti þeirrar jarðar sem næst liggur, nema þau hafi verið skilin frá jörð með samningi eða öðrum löggerningum. Þrátt fyrir nokkurn vafa um hvernig beri að túlka orðasambandið *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins, og þar með landfræðilegt gildissvið þess frá landi, telur nefndin almennt unnt að leggja til grundvallar að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi teljist *fyrir landi* í þessum skilningi og falli því undir gildissvið ákvæðisins, svo framarlega sem staðhættir eða aðrar aðstæður mæla því ekki sérstaklega í mót.

Af því leiðir að nefndin telur almennt að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá landi jarðar séu eignarlönd. Með hliðsjón af almennri lagalegri skilgreiningu lands og fjöru telur nefndin rétt, við afmörkun þess svæðis sem fellur samkvæmt framangreindu undir gildissvið ákvæðisins, að miða við stórstraumsfjöruborð sem grunnlínu á landi með sama hætti og við afmörkun netlaga. Hugsanlegt er að landfræðilegt gildissvið ákvæðisins nái skemmra frá landi en 2 km ef staðhættir eða annað mælir sérstaklega gegn því að eyja eða sker teljist vera fyrir landi. Þá kann einnig að vera að gildissvið ákvæðisins nái lengra frá landi en 2 km en að mat á því sé atviksbundið og háð staðháttum.

Að mati nefndarinnar hefur ekki verið sýnt fram á að staðhættir eða aðrar aðstæður á þeim kröfusvæðum ríkisins sem hér eru til umfjöllunar mæli gegn því að eyjar og sker allt að 2 km frá landi teljist vera *fyrir landi* í skilningi ákvæðisins. Rannsókn óbyggðanefndar hefur í þessu sambandi m.a. beinst að heimildum um allar strandjarðir, kortagögnum og loftmyndum.

Því er niðurstaða nefndarinnar, að teknu tilliti til staðhátta og annarra aðstæðna á þeim svæðum sem hér eru til umfjöllunar, að eyjar og sker sem eru allt að 2 km frá stórstraumsfjöruboði meginlandsins séu eignarlönd á grundvelli lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar en ekki þjóðlendur í skilningi laga nr. 58/1998. Með vísan til 7. gr. laga nr. 58/1998 ber að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau. Rétt er að taka fram að eyjum og skerjum sem eru eignarlönd fylgja 115 m netlög sem lögum samkvæmt eru hluti eignarlandsins.[584]

[584] Sjá nánar umfjöllun um netlög í kafla 7.2.3.5 að framan.

Framangreind niðurstaða tekur til eyja og skerja sem ríkið gerir kröfur til og ekki hafa verið gerðar gagnkröfur til, sem eru innan við 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Meðal skerja sem svo háttar til um má nefna Einarssker í Eyjafirði; Innstalandssker í Skagafirði; ónefnt sker í Þangskálavík á Skaga; Mánavíkursker við Mánavík á Skaga; Brúnkollu, Árbakkastein, Vestursker og Djúpsker við Skagastrandarhöfn; ónefnt sker við Laxárvík í Refasveit; ónefnd sker í Gullsteinsvík og Selvík við Hrútafjörð; ónefnt sker við Hólmanes í Steingrímsfirði; Búðarsker í Búðarvogi við Bjarnarnes á Ströndum; ónefnt sker við Stiganes í Bjarnarfirði; Vogasker í Ísafirði; Bretsker á Ísafjarðardjúpi; ónefnt sker í Stranseljavík við Ísafjarðardjúp; Hvítanesklakk við Hvítanes milli Skötufjarðar og Hestfjarðar; ónefnd sker sunnan við Vigur á Ísafjarðardjúpi; Breiðaboða norðan við Vigur á Ísafjarðardjúpi; ónefnt sker á Súgandafirði; Gíslasker í Borgarfirði við Arnarfjörð; Stórfiskasker og ónefnd sker við Hagavaðal á Barðaströnd; Þiljubrjót undir Arnórsstaðahyrnu á Barðaströnd; ónefnt sker í Kerlingarfirði; Flanga og ónefnt sker í Grundarfirði; Vallnasker við Vallnabjarg á Snæfellsnesi; Fróðársker í Gömluvík á Snæfellsnesi; Reiðsker við Ólafsvík á Snæfellsnesi; ónefnt sker við Malarrif á Snæfellsnesi; Hellnagölt við Hellnanes á Snæfellsnesi; og Álasker vestan Stakkhamarsness á Snæfellsnesi. Þessi upptalning byggist á fyrirliggjandi kortagögnum og er hugsanlega ekki tæmandi. Ekki er hægt að útiloka að á því svæði sem þessi niðurstaða tekur til séu fleiri eyjar og sker sem ekki sjást í fyrirliggjandi kortagögnum. Af þeim sökum er rétt að taka fram að niðurstaðan á einnig við um aðrar eyjar eða sker sem kunna að vera innan við 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þá eru eðli máls samkvæmt ekki taldar upp eyjar og sker sem íslenska ríkið hefur fallið frá kröfum til og viðurkennt sem eignarlönd, enda eru þær ekki lengur til umfjöllunar í málinu.

Af kortasjá um kröfur á svæði 12 verður einnig ráðið að kröfur ríkisins í máli þessu taki til nokkurra skerja sem eru fjær landi en 2 km, til viðbótar þeim sem fjallað hefur verið um í köflum 7.3.1–7.3.9 hér að framan. Hér er um að ræða ónefnd sker við norðvestanvert Vatnsnes; Hafbyggi og ónefnd sker vestan Hagadrápsskerja á Breiðafirði; Kópaflögur og Oddbjarnarsker í Eyrarsveit; Grunnasker og Djúpasker í Búðavík á Snæfellsnesi; Breiðasker í Staðarsveit á Snæfellsnesi; ónefnd sker vestan Stakkhamarsness á Snæfellsnesi; og Innri- og Ytri-Flesjur í Melasveit. Rannsókn óbyggðanefndar, sem beindist m.a. að heimildum um allar strandjarðir, hefur ekki leitt í ljós upplýsingar um hugsanleg tengsl þessara skerja við jarðir. Upphaflega var gerð krafa til Innri- og Ytri-Flesja af hálfu eiganda jarðarinnar Mela í Melasveit en fallið var frá þeirri kröfu við meðferð málsins. Þá telur nefndin ekki að staðhættir á þessum svæðum eða önnur atriði mæli með því að framangreind sker verði talin *fyrir landi* jarða í skilningi lokamálsliðar 2. kapítula rekabálks Jónsbókar. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að framangreind sker séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

Auk þess er ekki hægt að útiloka að til staðar séu eyjar eða sker fjær landi en 2 km sem ekki sjást í kortasjá um kröfur á svæði 12, þrátt fyrir að rannsókn óbyggðanefndar

hafi ekki leitt í ljós dæmi þess en hún beindist m.a. að heimildum um allar strandjarðir, kortagögnum og loftmyndum. Samkvæmt kröfugerð ríkisins tekur hún einnig til slíkra eyja og skerja, sé um einhverjar að ræða. Eðli máls samkvæmt liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um tengsl slíkra hugsanlegra eyja og skerja við jarðir eða aðrar upplýsingar sem bent geta til þess að um hugsanleg eignarlönd sé að ræða, enda hafa ekki komið fram vísbendingar um slíkar upplýsingar við rannsókn óbyggðanefndar. Ekki eru heldur forsendur til að telja að þær geti fallið undir gildissvið lokamálsliðar 2. kapítula reka-bálks Jónsbókar. Því er niðurstaða óbyggðanefndar að slíkar eyjar og sker, sé um þær að ræða, séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

7.4 Um málskostnað

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat lítur nefndin almennt til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagmunir ekki á. Einnig er við mat á fjárhæð kostnaðar litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu, miðað við framlagðar tímaskýrslur og umfang ágreiningsmálsins, og málskostnaður úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til. Þá er jafnframt höfð hliðsjón af leiðbeinandi reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2025.

Í samræmi við framangreint er gagnaðilum íslenska ríkisins í máli þessu úrskurðaður málskostnaður, líkt og greinir í úrskurðarorðum. Á fundi 22. desember 2025 úrskurðaði óbyggðanefnd jafnframt um málskostnað þeirra sem voru einnig gagnaðilar ríkisins á fyrri stigum málsmeðferðarinnar, þ.e. í tilvikum þar sem ekki var lengur ágreiningur við ríkið eftir breytingar á kröfugerð þess við meðferð málsins. Sá úrskurður um málskostnað er birtur í viðauka II.

8 ÚRSKURÐARORÐ

Mörk milli svæða þar sem eru þjóðlendur og eignarlönd í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna, utan meginlands Íslands á því svæði sem til umfjöllunar er í máli þessu,[585] þ.e. á eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru norðan og vestan lands, eru eftirfarandi, með undantekningum sem tilgreindar eru:

> *Upphafspunktur er við stórstraumsfjöruborð við Font á Langanesi (merkt B á úrskurðarkorti). Þaðan er línan dregin 2 km í norðaustur. Línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins er svo fylgt vestur, um Þistilfjörð, fyrir Melrakkasléttu og um Öxarfjörð og Skjálfanda, allt þar til umrædd lína skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Flateyjar á Skjálfanda. Þeirri línu er fylgt rangsælis umhverfis Flatey þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þaðan er þeirri línu fylgt áfram í vesturátt, inn Eyjafjörð að austanverðu þar til hún skarast á móts við Hauganes við línu sem er dregin 2 km frá stórstraumsfjöruboði vestanverðs Eyjafjarðar, og síðan er þeirri línu fylgt út Eyjafjörð að vestanverðu þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Hríseyjar. Þeirri línu er fylgt rangsælis umhverfis Hrísey þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þaðan er þeirri línu fylgt út Eyjafjörð og vestur fyrir Tröllaskaga þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Málmeyjar í Skagafirði. Þeirri línu er fylgt rangsælis umhverfis Málmey þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þeirri línu er svo fylgt áfram um Skagafjörð og síðan vestur fyrir Skaga, um Húnaflóa og Hrútafjörð, og norður með Ströndum og Hornströndum þar til komið er á móts við suðurmörk þjóðlendu á Almenningum eystri á Hornströndum. Þar er línan dregin að stórstraumsfjöruborði meginlandsins og stórstraumsfjöruborðinu fylgt að norðurmörkum þjóðlendunnar. Þaðan er línan aftur dregin 2 km frá stórstraumsfjöruborðinu. Það sama á við um þjóðlendur í Hornbjargi, Hælavíkurbjargi, á Almenningum vestari og Grænuhlíð, þar sem línan fylgir stórstraumsfjöruborðinu, en á milli þeirra er línan dregin 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandins. Línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins er fylgt áfram frá austurmörkum þjóðlendu á Grænuhlíð um Jökulfirði og inn Ísafjarðardjúp þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Æðeyjar. Þeirri línu er fylgt rangsælis umhverfis Æðey þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Henni er svo fylgt áfram inn Ísafjarðardjúp að norðanverðu þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stór-*

[585] Sjá lýsingu á afmörkun málsmeðferðarsvæðisins í kafla 2.2 og umfjöllun um fjörumörk í kafla 4.3.

straumsfjöruborði Vatnsfjarðarness við sunnanvert Ísafjarðardjúp og þaðan út Ísafjarðardjúp að sunnanverðu þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Vigur í Ísafjarðardjúpi. Þaðan er þeirri línu fylgt rangsælis umhverfis Vigur þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þá er þeirri línu fylgt áfram út Ísafjarðardjúp að sunnanverðu og fyrir og um Súgandafjörð, Önundarfjörð, Dýrafjörð, Arnarfjörð, Tálknafjörð og Patreksfjörð, suður fyrir Látrabjarg og austur með Rauðasandi og Barðaströnd inn á Breiðafjörð þar til komið er á móts við Hagadrápsker. Þaðan er línan dregin suður yfir Breiðafjörð með eftirfarandi hætti: frá þeim stað á línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins á móts við Hagadrápsker er línan dregin í vesturmörk netlaga í Kópaflögu sunnan Hagadrápskerja og áfram koll af kolli að vesturmörkum netlaga við eftirfarandi sker: Flatasker, Frussælu, Sandboða við Stagley, og Kópaflögur vestan Elliðaeyjar. Þaðan er línan dregin suðvestur að punkti 2 km norðan stórstraumsfjöruborðs Höskuldseyjar en þaðan er línu sem dregin er í þeirri fjarlægð frá stórstraumsfjöruborðinu fylgt rangsælis umhverfis Höskuldsey þar til komið er á móts við Gagnleysu. Þaðan er línan dregin í vesturmörk netlaga Gagnleysu, svo vesturmörk netlaga Fáskrúðs og þá suður að línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Akureyja í Helgafellssveit. Þeirri línu er fylgt rangsælis umhverfis Akureyjar þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þaðan er þeirri línu fylgt vestur með norðanverðu Snæfellsnesi, fyrir nesið og austur með sunnanverðu Snæfellsnesi, að Hvalseyjum, þá er línan dregin rangsælis umhverfis Hvalseyjar og svo er áfram fylgt línu 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins suður með Mýrum, fyrir Borgarfjörð og Akranes, um Hvalfjörð og Kollafjörð, þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Viðeyjar. Þeirri línu er fylgt til vesturs þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði Engeyjar og henni er svo fylgt vestur þar til hún skarast við línu sem dregin er 2 km frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins. Þeirri línu er svo fylgt vestur og suður umhverfis Seltjarnarnes og Álftanes og síðan út með norðanverðum Reykjanesskaga þar til komið er að þeim stað sem er 2 km vestan stórstraumfjöruborðs Garðskaga á Miðnesi. Þaðan er línan dregin austur að stórstraumsfjöruborði nyrsta hluta Garðskaga (merkt A á úrskurðarkorti).

Auk þess er lína dregin umhverfis Grímsey, í 2 km fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði hennar.

Eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan framangreindra lína, þ.e. nær landi, og eru til umfjöllunar í máli þessu, eru eignarlönd í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna.

Eftirfarandi eyjar og sker sem eru utan framangreindra lína, þ.e. fjær landi, eru einnig eignarlönd í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna: Drangey í Skagafirði ásamt dranganum Kerlingu; skerin Nytur við Mýrar; og Jörundarboði við Álftanes. Sama máli gegnir um eyjar og sker á þessu svæði sem eru óumdeild eignarlönd í máli þessu, þ.e. Mánáreyjar, Lundey á Skjálfanda, Fáskrúð við Vatnsnes, Þorkelssker við Bjarnarnes á Ströndum, Selsker norðan Krossnesfjalls á Ströndum, Ófeigsfjarðarsker, Drangasker, Íraboða við Bolungarvík á Ströndum, Borgarey og Klakk í Ísafjarðardjúpi, Selsker norðan Eyrarfjalls í Eyrarsveit, Melrakkaey í Grundarfirði, Djúpboða við Syðra-Skógarnes, ýmis sker við Knarrarnes, Straumfjörð og Álftanes á Mýrum, þ.e. Bótarsker og ónefnd sker norðan við það, Hrafngrímssker, Þormóðssker, Mjóasker, Breiðasker, Svartafles, Hnokka og ónefnd sker austan við hann, Flyðrusker, Skarfaklett, Bjarnasker og ónefnt sker austan við það, og Grænhólma, í öllum tilvikum ásamt tilheyrandi skerjum.

Aðrar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru utan framangreindra lína, þ.e. fjær landi og allt að ytri mörkum landhelginnar, sem eru til umfjöllunar í máli þessu, eru þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna, þ.m.t. eftirfarandi eyjar og sker: Kolbeinsey; Hrólfssker í Eyjafirði; Kvíslarsker norðan við Drangey í Skagafirði; rif og boðar í grennd við Þorkelssker við Bjarnarnes á Ströndum; og ónefnt sker sunnan við Bótarsker við Mýrar. Einnig ónefnd sker við norðvestanvert Vatnsnes; Hafbyggi og ónefnd sker vestan Hagadrápsskerja á Breiðafirði; Kópaflögur og Oddbjarnarsker í Eyrarsveit; Grunnasker og Djúpasker í Búðavík á Snæfellsnesi; Breiðasker í Staðarsveit á Snæfellsnesi; ónefnd sker vestan Stakkhamarsness á Snæfellsnesi; og Innri- og Ytri-Flesjur í Melasveit.

Um framangreinda afmörkun vísast einnig til úrskurðarkorta málsins, en þar má jafnframt sjá eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru óumdeild eignarlönd, bæði innan og utan við framangreindar línur, þ.m.t. eyjar og sker sem íslenska ríkið féll frá kröfum til við meðferð málsins. Tekið skal fram að niðurstaða málsins varðar ekki slík óumdeild eignarlönd, þrátt fyrir að hluti þeirra sé talinn upp til skýringar hér að framan, enda eru þau ekki til umfjöllunar í máli þessu.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

— Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Drangeyjar í Skagafirði: 2.000.000 kr.
— Bjarneyjar ehf. vegna Bjarneyja á Breiðafirði: 1.250.000 kr.
— Helgi Einar Harðarson, Gísli Kristófersson, Elín Anna Steinarsdóttir, Jón Georg Ragnarsson, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir og Rúnar Ragnarsson vegna Knarrarness á Mýrum: 1.250.000 kr.

Vegna Daða Björnssonar og Harðar Olavssonar:

— Birna Ingimarsdóttir vegna Kaldrananess 1, Hitaveita Kaldrananess ehf. vegna Kaldrananess 2 og Veiði-skógræktfél Framnesi ehf. vegna Framness: 375.000 kr.

Vegna Karls Óttars Péturssonar lögmanns:

— Félag iðn- og tæknigreina vegna Vogs á Mýrum: 850.000 kr.

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns:

— Garðabær vegna Eyvindarstaða á Álftanesi: 1.850.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar málflytjenda, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

Úrskurður um málskostnað þeirra sem voru einnig gagnaðilar ríkisins á fyrri stigum málsmeðferðarinnar er birtur í viðauka II.

Allan V. Magnússon

Þorsteinn Magnússon

Sigmar Aron Ómarsson

A L M E N N A R N I Ð U R S T Ö Ð U R
Ó B Y G G Ð A N E F N D A R

— með viðaukum —

ÓBYGGÐANEFND

Svæði 1–11 o.fl.

Sérprentun 21. desember 2025

FORMÁLI

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði frá og með svæði 3. Fer sá texti hér á eftir, í 1.–6. kafla.

Í úrskurðum á einstökum svæðum hefur jafnan verið gerð grein fyrir nýgengnum dómum í þjóðlendumálum og öðrum atriðum sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Lagt hefur verið á það mat hvort breyta þyrfti eða bæta enn við fyrirliggjandi *Almennar niðurstöður*. Þegar tilefni til umfjöllunar eða viðauka af þessu tagi hefur gefist fer sá texti lítillega styttur hér á eftir í 7.–16. kafla.

Niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður* með viðaukum og vísa til þeirra.

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR ..... **IV**

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR ..... **V**

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA ..... **VI**

3.1. Landnám VI
3.2. Hefð VIII
3.3. Lög XII

4. FLOKKUN LANDS ..... **XIV**

4.1. Almennt XIV
4.2. Jörð XV
4.3. Almenningar XX
4.4. Afréttir XXII
4.5. Jörð eða afréttur? XXIX
4.6. Jöklar XXX
4.7. Fjallskil XXXV
4.8. Ítök XXXIX
4.9. Fjörur og rekaeign XLII

5. HEIMILDIR UM EIGNARHALD ..... **XLVII**

5.1. Almennt XLVII
5.2. Jarðamöt og jarðabækur XLVII
5.3. Máldagar og vísitasíur XLIX
5.4. Lögfestur LI
5.5. Jarðabréf og landamerkjabréf LII
5.6. Afsals- og veðmálabækur LVI
5.7. Aðrar heimildir LVIII

6. NIÐURSTAÐA ..... **LIX**

7. VIÐAUKI 1: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 5 ..... **LXIV**

7.1. Almenn atriði og dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIV
7.1.1. Gildi landamerkjabréfa jarða LXIV
7.1.2. Heiðarbýli á Norðausturlandi LXVII

8. VIÐAUKI 2: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 6 ..... **LXIX**

8.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXIX
8.2. Afréttir einstakra jarða og stofnana LXIX

9. VIÐAUKI 3: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7A ..... **LXXIII**

9.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII

10. VIÐAUKI 4: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 7B ..... **LXXIII**

10.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXIII
10.2. Heimildir mæla í mót landamerkjabréfi jarðar LXXIV
10.3. Heimildir um legu jarða til forna LXXVI

11. VIÐAUKI 5: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 8A ..... **LXXVIII**

11.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum LXXVIII
11.2. Um túlkun landamerkjabréfa jarða og samspil við aðrar heimildir LXXVIII
11.3. Áhrif fyrri lögskipta íslenska ríkisins og annarra vegna viðkomandi landsvæðis LXXXI
11.4. Réttaráhrif og sönnunargildi eldri dómsúrlausna LXXXIV

12. VIÐAUKI 6: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 9B ..... **LXXXVIII**

12.1. Þinglýsing landamerkjabréfa og færsla í landamerkjabækur LXXXVIII
12.2. Almenningar stöðuvatna LXXXIX

13. VIÐAUKI 7: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10C ..... **XCI**

13.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCI
13.2. Stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776 XCI

14. VIÐAUKI 8: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 10B ..... **XCVII**

14.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum XCVII
14.2. Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla C

15. VIÐAUKI 9: ÚR ÚRSKURÐUM Í MÁLUM NR. 1–5/2023 ..... **CXIII**

15.1. Almenn álitaefni um stjórnskipulegt gildi 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 CXIII
15.2. Almenn álitaefni um lagagrundvöll málsmeðferðar skv. 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998 CXVI
15.3. Almenn álitaefni um réttmætar væntingar vegna fyrri athafna ríkisins CXVIII

16. VIÐAUKI 10: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 11 ..... **CXXV**

16.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum CXXV

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir almennum athugunum og niðurstöðum óbyggðanefndar um nokkrar staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu geta haft við úrlausn þeirra mála sem undir nefndina heyra.

Í upphafi verður gefið yfirlit um gróðurfar á Íslandi við landnám og þeim breytingum sem á því hafa orðið síðan. Þá verður fjallað um landnám, hefð og lög sem stofnunarhætti eignarréttinda.

Því næst verður gerð grein fyrir flokkun lands í *jarðir*, *almenninga* og *afrétti* og eignarréttarlegri þýðingu þessara hugtaka. Hugað verður sérstaklega að ákveðnum tilvikum sem virðast á mörkum framangreindra flokka ásamt eignarhaldi á landi undir jöklum og mörk við jökul eða á. Þá verður fjallað um hvort og þá hvaða vísbendingar um eignarréttarlega stöðu lands má draga af fyrirkomulagi fjallskila og tilvist ítaka til lands eða sjávar, hvaða réttur felist í fjörueign og hver séu merki sjávarjarða til hafsins.

Loks verður fjallað um efni og gildi þeirra heimilda sem einna helst fjalla um eignarréttindi fyrr á tímum. Gerð verður sérstök grein fyrir jarðamötum og jarðabókum, máldögum og vísitasíum, lögfestum, jarðabréfum og landamerkjabréfum, afsals- og veðmálabókum.

2. GRÓÐURFAR VIÐ LANDNÁM OG SÍÐARI BREYTINGAR

Íslandi má skipta í þrjú hæðar- eða gróðurbelti, þ.e. *láglendisbelti, hlíðabelti og hálendis- eða fjallbelti.*[1] Þessi skipting byggist á því að lífsskilyrði fyrir plöntur og aðrar lífverur, þ. á m. búsetuskilyrði fyrir fólk, fara stigversnandi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli og lækkandi meðalhita. Höfuðeinkenni gróðurfars breytast því frá láglendisbelti og upp til efstu gróðurmarka á hálendi, tegundum plantna fækkar mjög, harðgerar tegundir verða ríkjandi, uppskerumagn minnkar og gróðurþekjan verður gisnari.

Gróðurbeltin eru í mismunandi hæð í hinum ýmsu landshlutum, eftir því hvort um er að ræða innhéruð eða útnes, eftir snjóalögum o.s.frv. Milli gróðurbeltanna eru að sjálfsögðu ekki skörp skil heldur breytist gróðurfar stig af stigi með vaxandi hæð yfir sjávarmáli. Í grófum dráttum nær láglendisbelti landsins upp í 100–150 m hæð og sums staðar nokkru hærra sunnanlands. Hlíðabeltið tekur við og nær upp í 300–400 m hæð, en þar ofan við er hálendisbeltið. Ætla má að um landnám hafi mörkin legið nokkru ofar.

Talið er að við landnám hafi gróður þakið um $^{2}/_{3}$ hluta af yfirborði landsins.[2] Mikill hluti láglendis- og hlíðabelta, svo og hálendisbeltis upp að 600–700 m hæð á miðhálendinu, hefur verið þakinn nokkuð samfelldum gróðri og jarðvegi. Ofar hefur gróðurinn orðið stöðugt gisnari, uns hann hefur horfið að mestu í 800–1000 m hæð. Í fjalllendi útnesja og í bröttum fjallahlíðum hafa efri mörk samfellds gróðurs legið neðar.

Við landnám hefur birkiskógur og kjarr sett mestan svip á gróðurfar í láglendis- og hlíðabeltum og jafnvel teygt sig upp í hálendisbelti við bestu aðstæður. Áætlað er að skóglendi og kjarr hafi þakið um $^{1}/_{4}$ hluta landsins. Það var langverðmætasta gróðurlendi landsins vegna mikillar grósku, fjölþættra nota og jarðvegsverndar. Ofan skógarmarka hafa smárunnar, ýmsar lyngtegundir og harðgerar jurtir verið ríkjandi tegundir. Þar sem jarðvatnsstaða var há, á láglendi og hálendi, var gróskumikill votlendisgróður. Rýr mosagróður tók við þegar nálgaðist efri mörk gróðurs, og loks voru plöntur á stangli á því landi sem í daglegu tali er nefnt ógróið.

Nú þekur gróður aðeins um $^{1}/_{4}$ hluta landsins í heild og um $^{10}/_{100}$ hluta ísfrírra svæða miðhálendisins, í stað nær helmings um landnám. Aðeins um $^{1}/_{100}$ hluti landsins er skógi eða kjarri vaxinn. Gróðurþekja landsins hefur þannig bæði dregist saman og gæði hennar rýrnað.

Langmest hefur rýrnun landgæða orðið í hálendisbeltinu, einkum á miðhálendinu. Afleiðingar þessa eru m.a. þær að verulegur hluti miðhálendisins, sem um landnám og fram eftir öldum var vel fallið til sumarbeitar, er nú gróðursnauðar auðnir.

---

1 Steindór Steindórsson, 1964: *Gróður á Íslandi*. Reykjavík. S. 28.

2 Ingvi Þorsteinsson og Sigurður Blöndal, 1986: *Gróðureyðing og endurheimt landgæða*. Reykjavík. S. 13.

3. STOFNUN EIGNARRÉTTINDA

Þeir stofnunarhættir eignarréttinda sem huga þarf sérstaklega að í þessu sambandi eru landnám, hefð og lög.

3.1. Landnám

Hér á landi var fyrst stofnað til eignarréttar yfir landi með námi. Telja verður líklegt að eigi síðar en með gildistöku ákvæða Jónsbókar um afrétti og almenninga hafi nám verið útilokað. Vafalaust er þó að eftir lögtöku nýbýlatilskipunar 1776 er nám úr sögunni sem stofnunarháttur eignarréttar hér á landi.[3]

Landnámabók hefur löngum verið talin mikilvægasta heimildin um upphaf byggðar á Íslandi. Þar eru nefndir um 430 karlar og konur sem námu land eða eignuðust það úr landnámi annarra. Þá eru þar nöfn um 600 bæja sem risið eiga að hafa á landnámsöld, þ.e. á árunum 874–930. Efni Landnámu er spunnið úr þremur meginþáttum: landnámafrásögnum, greinargerð fyrir landnámsmönnum, ætt þeirra og niðjum og fróðleik af ýmsum toga sem lýsir m.a. viðskiptum manna, stjórnarfari, trú og siðum, skipakosti, húsakynnum, búpeningseign og landsháttum.

Landnáma er varðveitt í fimm gerðum, misjafnlega heillegum. Þrjár þeirra eru að stofni til frá miðöldum en tvær voru ritaðar á 17. öld. Melabók mun vera elst þeirra og standa næst frumgerð Landnámabókar, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar en er nú glötuð. Ljóst er því að tvö hundruð ár hið minnsta hafa liðið þar til frásagnir um landnám voru skráðar. Allmikill efnislegur munur er á varðveittum gerðum Landnámabókar en þó eru landnámalýsingar yfirleitt nokkuð samhljóða.

Ýmsar sagnir er að finna í Landnámu um það hvernig menn fóru að því að nema land. Í Hauksbókargerð Landnámu er greint frá því að Íslendingar hafi leitað til Haralds konungs hárfagra um aðstoð við að setja reglur um stærð landnáma. Þá voru sett ákvæði um að enginn skyldi víðara nema en hann mætti eldi yfir fara á einum degi með skipverjum sínum.[4] Um konur virðist hins vegar hafa gilt sú regla að þær skyldu ekki nema víðara land en leiða mætti kvígu tvævetra vorlangan dag sólsetra á milli, vel fóðraða.[5] Fleiri aðferðir eru tilfærðar. Helgi magri, sem nam allan Eyjafjörð, er t.d. sagður hafa gert eld mikinn við hvern vatnsós og helgað sér svo allt hérað, væntanlega allt vatnasvæði árinnar. Stundum virðist kvikfé sjálft hafa ráðið ferðinni. Í upphafi þess hluta Landnámu sem fjallar um Sunnlendingafjórðung segir m.a. á þessa leið: „Sumir þeir, er fyrstir kómu út, byggðu næstir fjǫllum ok merkðu at því landskostina, at kvikféit fýstisk frá sjónum til fjallanna.“[6]

---

3 Sbr. Gaukur Jörundsson: „Um afrétti og almenninga“, óbirt fjölrit, bls. 10–11. Gaukur Jörundsson, 1982–83: *Eignaréttur* II (fjölr.). Reykjavík. S. 133–134. Þorgeir Örlygsson, 1994: „Um eignarhald á landi og náttúruauðlindum.“ *Afmælisrit. Gaukur Jörundsson sextugur 24. september 1994*. Reykjavík. S. 565.

4 *Landnámabók*, 1986. Jakob Benediktsson gaf út. (Íslensk fornrit. 1. b.) Reykjavík. S. 337.

5 *Landnámabók* 1986, s. 321.

6 *Landnámabók* 1986, s. 337.

Á síðustu áratugum hafa ýmsir fræðimenn á sviði sagnfræði og bókmennta sett fram kenningar um sannfræði Landnámu. Annars vegar hefur því verið haldið fram að treysta megi frásögnum Landnámu í meginatriðum. Hér má nefna kenningar eins og þær að markmiðið með ritun Landnámu hafi verið að skapa grundvöll fyrir innleiðingu óðalsréttar hér á landi, undirbúa skiptingu landsins í kirkjusóknir eða varðveita ættartölur, með tilliti til erfða, hjúskapar o.fl., auk áhuga á sögu forfeðranna.[7] Hins vegar hefur því verið haldið fram að frásagnir Landnámu eigi lítið skylt við sögulegan veruleika. Í því sambandi ber að nefna þá kenningu að markmiðið hafi verið að renna stoðum undir eignarheimildir höfðingjaættanna fyrir þeim jörðum, einkum aðalbólum, sem þær töldu sig eiga á ritunartíma Landnámu.[8] Ennfremur hefur því verið haldið fram að sum nöfn landnámsmanna séu dregin af kennileitum, náttúrufari eða búskaparháttum.[9] Heimildargildi Landnámu er því umdeilt meðal fræðimanna.

Í úrlausnum dómstóla hafa skýrar lýsingar Landnámu á umfangi landnáms verið taldar hafa sönnunargildi við mat á því hvort stofnast hafi til eignarréttar yfir tilteknu landsvæði. Þessi afstaða kemur fram í H 1994 2227 (Geitland). Þar er frásögn Landnámu um nám Geitlands talin sanna að í kjölfar landnáms hafi landsvæðið verið eignarland. Jafnframt ber að nefna H 1960 726 (Skeljabrekka) þar sem talið var auðsætt af frásögn Landnámu að landspilda hefði í öndverðu verið hluti af landi jarðarinnar Skeljabrekku. Takmarkaðar lýsingar í Landnámu hafa hins vegar fremur verið taldar mæla gegn því að land hafi verið numið og þannig orðið undirorpið beinum eignarrétti, sbr. H 1997 1162 (Auðkúluheiði), H 1997 1183 (Eyvindarstaðaheiði), H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur), H 1999 111 (Gilsá) og H 1999 2006 (Sandfellshagi). Þá hafa dómstólar litið til gróðurfars og staðhátta við mat á því hvort líkur séu á að landsvæði hafi verið numið, sbr. einkum H 1997 2420 (Neðri-Hundadalur) og H 1999 111 (Gilsá).

Það er álit óbyggðanefndar að Landnáma lýsi a.m.k. þeirri skiptingu lands sem menn töldu rétta eða voru ásáttir um á ritunartíma einstakra gerða. Þá er ljóst að landnámalýsingar hennar hafa verið vel kunnar landsmönnum og sannleiksgildi þeirra óumdeilt fram á síðustu áratugi. Þetta endurspeglast í úrlausnum dómstóla. Nefndin telur því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar. Jafnframt benda frásagnir Landnámu almennt séð til þess að landnám hafi í einhverjum tilvikum náð lengra inn til landsins en lýst landamerki jarða á síðari tímum. Rannsóknir á sviði sagn-

---

7 Sbr. Barði Guðmundsson, 1938: „Uppruni Landnámabókar.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 6–7, 20. Jón Jóhannesson, 1954–58: „Sannfræði og uppruni Landnámu.“ *Saga. Tímarit Sögufélags.* S. 225–226. Einar Gunnar Pétursson, 1986: „Efling kirkjuvalds og ritun Landnámu.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 193–222.

8 Sveinbjörn Rafnsson, 1974: *Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia.* Lundi. S. 203–217. Sveinbjörn Rafnsson, 1976: „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum.“ *Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*. S. 222–225, 231–233.

9 Sbr. Þórhallur Vilmundarson, 1982: „- stad. Island.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. 16. b. Kaupmannahöfn. D. 578–584. Sjá ennfr. greinar Þórhalls Vilmundarsonar í *Grímni. Riti um nafnfræði*. 1–3. b. (1980–1996).

fræði, fornleifafræði og náttúrufræði styðja þetta.[10] Svo sem fram kemur í kafla 2. hefur gróðurfar inn til landsins verið þannig að landnámsmenn kunna að hafa séð sér hag í að nema land ofar en byggð hefur náð á síðari tímum. Hins vegar hljóta staðhættir, þar á meðal hæð yfir sjávarmáli og fjarlægð frá byggð, að hafa takmarkað möguleika á nýtingu. Afar takmarkaðar ályktanir verða því dregnar af gróðurfari.

Í Landnámu er hins vegar sjaldan lýst nákvæmlega umfangi landnáms eða landamerkjum. Þetta á ekki hvað síst við inn til landsins. Óbyggðanefnd telur hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.

Þá er ýmislegt óljóst um aðferðir við landnámið og hverju landnámsmenn sóttust eftir, þ.e.a.s. hvort þeir hafi einvörðungu miðað við gróðurfar og staðhætti eða hvort önnur atriði skiptu einnig máli, svo sem heppileg kennileiti, samgönguleiðir, völd og áhrif o.s.frv. Óvissa um aðferðir við landnám er of mikil til þess að hægt sé að fullyrða um stærð landnáma á þeim grundvelli.

3.2. Hefð

Hugtakið hefð er hvorki að finna í Grágás né Jónsbók. Í Jónsbók má þó sjá þess merki að afnot manna af tilteknum fasteignatengdum hlunnindum hafi þótt benda til ákveðinna réttinda. Í 26. kapitula landsleigubálks stendur m.a.: „Nú hefir maður skóg, eng eða haga, reka eða aðrar landsnytjar .xx. [þ.e. 20] vetr eða lengr ,átǫlulaust, þá á sá er haft hefir, nema hinn hafi lǫgleg vitni til, at hann á, ef hann skal úræntr vera.“[11]

Enda þótt hugtakið komi ekki fyrir í lögbókunum virðist sem mönnum hafi snemma verið það kunnugt. Undir lok 12. aldar deildu leikmenn og Þorlákur biskup Þórhallsson um yfirráð kirkjueigna (staðamál fyrri). Bændur kröfðust forræðis yfir kirkjueignum í krafti „landsskapar ok fornrar hefðar“ en biskupinn kvað forna hefð ekki vega þyngra en lög kirkjunnar[12]. Þessi frásögn getur ekki ein og óstudd talist heimild um hefð í lagalegum skilningi. Allt eins er líklegt að orðið sé hér notað um eitthvað sem haldist hafi órofa um ótiltekinn tíma (sbr. orðasambandið „í hefð og haldi“).

Sumir fræðimenn hafa getið sér þess til að *hefð* sé komin inn í norræn lög úr kanónískum rétti. Í því sambandi er bent á að orðasamböndin „…sem að fornu hefir verið“ og „frá arilds tíð“ gætu verið þýðingar á latneska hugtakinu „praescriptio immemorialis“.[13]

---

10 Sbr. Kristján Eldjárn, 1974: „Fornþjóð og minjar.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 115. Jakob Benediktsson, 1974: „Landnám og upphaf allsherjarríkis.“ *Saga Íslands*. 1. b. Reykjavík. S. 165.

11 *Jónsbók*. Kong Magnus Hakonssons lovbog for Island vedtaget paa Altinget 1281 og réttarboetr de for Island givne retterbøder af 1294, 1305 og 1314. Kaupmannahöfn 1904. S. 156.

12 Sbr. *Biskupa sögur*. 1. b. Kaupmannahöfn 1858. S. 281 (Oddaverja þáttur, ritaður í byrjun 13. aldar).

13 Wallén, Per-Edwin, 1981: „Hævd. Sverige.“ *Kulturhistorisk lexikon for nordisk middelalder.* 7. b. Kaupmannahöfn (2. útg.). D. 285. Magnús Már Lárusson, 1981: „Hævd. Island.“ Sama rit, d. 287–288.

Kaldangursrecess (Koldinghúsrecess) frá 13. desember 1558 var lögleiddur með konungsbréfi 20. mars 1563. Í konungsbréfi þessu segir að recessinn „skuli einnig ganga fyrir lög um þau efni, „sem íslensk lög þar um ekki áhræra né forklára“.“ Í recessnum, 50. kapitula, segir m.a. um 20 vetra hefð:

> Jtem huada godz og eigner nauckur madur hefur med haund haft og halldit xx wetur oklagad og okiært. þui ma hann kuijdulaust hallda og skal þad ecki wndan honum ganga nema suo finnist og bijuijsist þad sie j panta sett edur lient.[14]

Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður athugaði á sínum tíma hvar vitnað væri til Kaldangursrecess í dómum og skjölum. Nefndi hann að í alþingisdómi 30. júní 1581, um Bjarneyjartolla, og í dómi Erlends sýslumanns Magnússonar 9. apríl 1594, um Kleifarblá, sé vitnað í 50. kapitula í recessinum.[15] Af rannsókn Jóns verður ekki séð að recess þessi hafi haft þýðingu utan þessa.

Rétt er að taka fram að Kaldangursrecess er að engu getið í þeim umræðum sem fram fóru um miðja 19. öld um setningu hefðarlaga.

Af athugun á dómum í Íslensku fornbréfasafni og Alþingisbókum Íslendinga verður ekki dregin önnur og víðtækari ályktun en sú, að sá sem hafði haft umráð eignar um árabil væri líklegur eigandi hennar nema annað kæmi fram í dómum eða skjölum, svo sem oft er gerður fyrirvari um. Er sá fyrirvari einnig í samræmi við fyrrnefnt ákvæði Jónsbókar.

Í Dönsku lögum Kristjáns V. frá 1683 voru ákvæði um hefð og fleira. Samsvarandi ákvæði voru í Norsku lögum frá 1687 og segir þar m.a. svo í 5. bók, 5. kapitula, 3. gr:

> Hvis andet Gods og Ejendom nogen haver haft i Haand og Hævd i tyve Aar ulast og ukært til Tinge, det beholder hand uden anden Adkomst at fremvise, angerløst og uafvundet, med mindre det bevisis, at hand hafde det, enten til Pant, eller i Forlæning, eller i Forsvar.

Ákvæði þessi voru aldrei birt hér á landi en mörg dæmi eru þess að Yfirréttur og Landsyfirréttur beittu þessum lögum, sbr. t.d. dóm frá 5. maí 1830 þar sem vitnað er án nokkurs fyrirvara til Norsku laga 5-5-3.[16]

Þá var í erindisbréfi fyrir biskupana á Íslandi frá 1. júlí 1746 ákvæði í 16. gr. þar sem gert var ráð fyrir því að á 100 árum mætti hefða eignir og réttindi, sem verið hefðu kirkjueign.[17]

Vorið 1836 lagði Bjarni Thorsteinson amtmaður til við kansellíið í Kaupmannahöfn að 26. kapituli landsleigubálks Jónsbókar yrði numinn úr gildi og tekin upp ákvæði Dönsku laga um hefð. Fram kom að óljóst þætti hvort reglan í Jónsbók tæki einungis til hlunninda eða einnig til fasteigna. Kansellíið bar málið undir Landsyfirrétt og síðan embættismannanefndina sem skipuð var 22. ágúst 1838. Við athugun lögfróðra manna

---

14 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13. b. Reykjavík 1933–1939. S. 355. Sbr. *Alþingisbækur Íslands*. 1. b. Reykjavík 1912–1914. S. 425–426. *Alþingisbækur Íslands*. 3. b. Reykjavík 1917–1918. S. 33–35.

15 *Íslenskt fornbréfasafn*. 13., s. 351.

16 *Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenzkum málum 1802–1873*. 3. b. Reykjavík 1925–1931. S. 360–374.

17 *Lovsamling for Island*. 2. b. Kaupmannahöfn 1853. S. 653.

kom í ljós að íslenskir dómstólar á 17. og 18. öld og fram á þá 19. höfðu í langflestum tilvikum tekið mið af Dönsku og Norsku lögum í þeim málum sem snertu hefð. Flestir nefndarmanna voru þeirrar skoðunar að rétt væri að innleiða hér dönsk hefðarlög.[18]

Árið 1845 var lagt fyrir ráðgjafaþingið frumvarp kansellísins til tilskipunar um hefð og fyrningu. Var þar gert ráð fyrir að ákvæði Dönsku laga um hefð og fyrningu yrðu lögleidd hér á landi.

Í umræðum á ráðgjafaþinginu kom fram að algengt var að farið væri að ákvæðum Dönsku og Norsku laga um hefð enda þótt þau ákvæði hefðu ekki verið lögleidd hér. Skiptar skoðanir voru um þetta frumvarp. Þeir sem voru því fylgjandi töldu að hefðarlög gætu verndað eignarréttinn og leyst úr þeirri réttaróvissu sem ríkt hefði. Þeir sem andvígir voru tilgreindu ýmis rök gegn frumvarpinu. Í fyrsta lagi væru eignir og ítök oft langt hvert frá öðru og frá eigendum og þess vegna væri erfitt fyrir þá að verja rétt sinn gagnvart þeim sem vildu sölsa undir sig eignir þeirra í skjóli hefðarlaga. Að auki vísaði frumvarpið almennt til danskra lagareglna um hefð án þess að ljóst væri hver ákvæði lögleiða ætti hér. Ef hin danska hefð fengi lagagildi hér á landi gegn vilja þjóðarinnar þá væri það band á komið sem ekki yrði seinna leyst. Einnig var bent á að ákvæði Jónsbókar hefði ekki valdið neinum ágreiningi eða misskilningi fyrr en á síðustu tímum þegar íslenskir lögfræðingar hefðu farið að meta íslensk lög minna en hin dönsku. Loks tóku þeir fram að búast mætti við málaferlum sem ekki yrði séð fyrir endann á og myndu valda ærnum kostnaði ef frumvarpið yrði samþykkt. Lyktir málsins urðu þær að frumvarpið var fellt með 16 atkvæðum gegn 8 og engin tilskipun sett.[19]

Þrátt fyrir að Landsyfirréttur hefði um árabil dæmt eftir Dönsku og Norsku lögum fór að bera á efasemdum um gildi þeirra er leið á 19. öld. Loks var kveðið á um það í dómi 19. desember 1887 að enda þótt „eignar-hald á fasteign (possessio)“ hafi varað óátalið í 30–40 ár, veitti það eigi eignarheimild eftir íslenskum lögum.[20] Í dómi Landsyfirréttar frá 12. október 1896 var upprekstrarfélagi fjögurra hreppa í Mýrasýslu hins vegar dæmdur beinn eignarréttur að landsvæðinu Hellistungum á grundvelli upprekstur „um ómuna tíð“ og með skírskotan til Jónsbókar, 26. kap. llb. i.f.[21]

Því er ekki fallist á að það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til þeirra landsvæða sem eru til umfjöllunar í málum nr. 1–5/2023 í eldri málum fyrir óbyggðanefnd hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar til þess að umrædd landsvæði væru eignarlönd þeirra og að hafna beri kröfum ríkisins á þeim grundvelli.

Þrátt fyrir það kunna að vera fyrir hendi tilvik þar sem fyrir liggja athafnir ríkisins sem ganga lengra en það eitt að ríkið hafi ekki lýst kröfum til viðkomandi landsvæða fyrir óbyggðanefnd. Slík tilvik verður að skoða sérstaklega út frá þeim sjónarmiðum sem fram koma í framangreindri dómaframkvæmd. Fjallað verður um slík tilvik eftir

því sem málatilbúnaður aðila og rannsókn óbyggðanefndar gefur tilefni til í tengslum við umfjöllun um eignarréttarlega stöðu hvers ágreiningssvæðis fyrir sig í kafla 7.4.

Sjónarmið um ósamrýmanleika fyrri athafna ríkisins og kröfugerðar ríkisins í þjóðlendumálum hafa einnig tengsl við sjónarmið um réttmætar væntingar í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafa verið túlkuð af Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn hefur byggt á því að réttmætar væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta tiltekinna eigna heyri undir vernd eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Þorláks Arnar Bergssonar o.fl. gegn Íslandi, nr. 46461/06, reyndi á gildi þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og túlkun Hæstaréttar á þeim í dómi réttarins frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2005 (Breiðármörk og Fjall). Kærendur byggðu m.a. á að þeir hefðu haft réttmætar væntingar til þess að þeir ættu beinan eignarrétt að hinu umþrætta landsvæði, m.a. þar sem íslenska ríkið hefði viðurkennt landamerkjabréf jarða þeirra, sem þeir byggðu rétt sinn á, og aldrei dregið þau í efa fyrr en þjóðlendukröfur voru gerðar árið 2000.

Í ákvörðun Mannréttindadómstóls Evrópu kemur fram að þegar eign er í eðli sínu krafa megi líta svo á að sá sem telji til hennar hafi réttmætar væntingar ef nægilegur grundvöllur er fyrir henni í landslögum, t.d. ef föst dómaframkvæmd innanlands staðfestir að eignin sé til. Hins vegar sé ekki hægt að líta svo á að réttmætar væntingar séu fyrir hendi þegar deilur standi um réttan skilning á landslögum og dómstólar innanlands hafna röksemdum kæranda. Dómstóllinn taldi að beiting Hæstaréttar á reglum eignaréttar í tilviki kærenda hefði verið í samræmi við eigin fordæmi réttarins og að þess væru engin merki að þar hefði gætt geðþótta eða að niðurstaðan hefði verið andstæð þeim reglum landslaga sem við áttu. Að því virtu féllst dómstóllinn ekki á að kærendur hefðu átt eignarrétt sem væri nægilega fastur í sessi til að réttmætar væntingar gætu tengst honum. Því var talið að krafa þeirra til eignarréttar að hinu umdeilda landi hefði ekki verið eign í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu.

Í þessu sambandi má einnig nefna dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Kopecký gegn Slóvakíu, nr. 44912/98. Þar fjallaði dómstóllinn m.a. um að gera þyrfti greinarmun á væntingum sem byggðust aðallega á voninni einni, sem nytu ekki verndar ákvæðisins, hversu skiljanleg sem sú von kynni að vera, og réttmætum væntingum, sem þyrftu að eiga sterkari rætur í öðru, svo sem settum lögum eða dómafordæmum.[254] Þar kom einnig fram að ekki væri unnt að fallast á að réttmætar væntingar væru fyrir hendi þegar ágreiningur væri um túlkun og beitingu landslaga og málatilbúnaði kæranda væri hafnað af innlendum dómstólum.[255]

---

[254] Sjá 49. mgr. í dómnum: „There was a difference […] between a mere hope of restitution, however understandable that hope may be, and a "legitimate expectation", which must be of a nature more concrete than a mere hope and be based on a legal provision or a legal act such as a judicial decision."

[255] Sjá 50. mgr. í dómnum: „Similarly, no legitimate expectation can be said to arise where there is a dispute as to the correct interpretation and application of domestic law and the applicant's submissions are subsequently rejected by the national courts."

Af framangreindu, og annarri dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,[256] verður ráðið að við mat á því hvort um réttmætar væntingar í framangreindum skilningi sé að ræða skipti einkum máli hvort nægilegur grundvöllur sé fyrir þeim í landslögum, t.d. samkvæmt fyrirliggjandi dómaframkvæmd. Væntingar sem ekki eiga sér nægilega traustan grundvöll í landslögum eða dómaframkvæmd njóta þannig ekki verndar eignarréttarákvæðis mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka fram að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu vernda ekki rétt manna til að öðlast eignir.[257]

Hér að framan hefur innlend dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á þjóðlendumál verið tekin til skoðunar og komist að þeirri niðurstöðu að til þess að athafnir ríkisins geti skapað eiganda jarðar réttmætar væntingar um að landsvæði sé eignarland hans verði þær athafnir að lágmarki að fela í sér viðurkenningu á því að það tiltekna landsvæði sé hluti þeirrar jarðar. Telja verður að það sé fyrst og fremst í slíkum tilvikum sem landeigendur geta talist hafa réttmætar væntingar til beins eignarréttar að tilteknum landsvæðum í skilningi 1. gr. viðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu, enda eiga slíkar væntingar sér stoð í fyrirliggjandi dómaframkvæmd.

[256] Sjá t.d. dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Gratzinger og Gratzingerova gegn Tékklandi, nr. 39794/98, Anheuser-Busch Inc. gegn Portúgal, nr. 73049/01, og Béláné Nagy gegn Ungverjalandi, nr. 53080/13.

[257] Sjá t.d. dóm Hæstaréttar 25. október 2023 í máli nr. 9/2023 og dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Stummer gegn Austurríki, nr. 37452/02.

16. VIÐAUKI 10: ÚR ÚRSKURÐUM Á SVÆÐI 11

16.1. Dómafordæmi í þjóðlendumálum[258]

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta svæði á undan. Úrskurðir í málum sem voru til meðferðar á grundvelli 1. málsl. 7. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga voru kveðnir upp 17. október 2024. Hæstiréttur hefur ekki kveðið upp neina dóma í þjóðlendumálum síðan þá. Því liggja sem áður fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998.

Frá því að framangreindir úrskurðir voru kveðnir upp hefur á hinn bóginn orðið ljóst að fjórir dómar Landsréttar í þjóðlendumálum sem kveðnir voru upp 7. júní 2024 munu ekki koma til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir, sbr. ákvarðanir Hæstaréttar 24. október 2024 nr. 2024-96, 2024-97, 2024-98 og 2024-99 þar sem beiðnum um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar var í öllum tilvikum hafnað. Um er að ræða dóma Landsréttar 7. júní 2024 í málum nr. 430/2022 (Hamraendar), 431/2022 (Stóru-Hnausar), 432/2022 (Miðvellir) og 433/2022 (Hellnar). Hins vegar liggur enn ekki fyrir hvort dómar Landsréttar 10. október 2024 í málum nr. 40/2023 (Stóra-Vatnshornsmúli) og 41/2023 (Jörfaafréttur), sem vörðuðu úrskurð óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár), komi til kasta Hæstaréttar og því verður ekki fjallað nánar um þá hér að sinni.

Framangreindir dómar Landsréttar í málum nr. 430–433/2022, sem fyrir liggur að eru endanlegir, vörðuðu allir úrskurð óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) um að landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls væri þjóðlenda. Í öllum málunum, sem höfðuð voru af eigendum fjögurra jarða sem töldu til réttinda á umræddu svæði, staðfesti Landsréttur niðurstöður óbyggðanefndar.

Meginágreiningsefnið í öllum málunum laut að túlkun á lýsingum í landamerkjabréfum viðkomandi jarða á merkjum þeirra til fjalla. Eigendur jarðanna byggðu á því að merki þeirra næðu upp á vatnaskil milli norðurs og suðurs á Snæfellsnesi, á Snæfellsjökli og austan hans, en íslenska ríkið byggði á því að draga ætti beinar línur á milli efstu merkjapunkta samkvæmt landamerkjabréfunum. Í úrskurði óbyggðanefndar var við túlkun landamerkjabréfanna m.a. litið til staðhátta og samanburðarskýringar á landamerkjabréfum jarða vestan og austan við ágreiningssvæði málsins. Efstu merkjapunktar til fjalla samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um voru tiltekin örnefni sem eru talsvert langt frá jöklinum og vatnaskilunum sem landeigendur byggðu á að miða bæri við. Mat nefndarinnar var að gögn málsins styddu ekki að merki jarðanna næðu lengra til fjalls en að umræddum örnefnum og þar sem merkjum milli efstu merkjapunkta væri ekki lýst væri eðlilegast, að teknu tilliti til staðhátta, að draga beinar

[258] Kafli 7.2.2 í úrskurðum í málum nr. 1–4/2022 (svæði 11), dags. 5. nóvember 2024.

línur þar á milli, m.a. með vísan til dóms Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga, Prestsbakki og Prestsbakkakot). Í því sambandi var m.a. horft til þess að rannsókn nefndarinnar leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða vestan ágreiningssvæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í Snæfellsjökul eða örnefni við jökulrönd og í landamerkjabréfum austan svæðisins væri merkjum almennt lýst berum orðum í vatnaskil. Það var ekki gert í landamerkjabréfum jarðanna sem deilt var um og því var orðalag þeirra talið mæla gegn því að merki jarðanna næðu að jöklinum eða vatnaskilum. Þá var jafnframt litið til þess að línur sem dregnar væru beint á milli efstu merkjapunkta í landamerkjabréfum jarðanna væru á eða nærri frambrún fjallanna sem risu nokkuð skarpt upp frá láglendi þeirra, en þar fyrir ofan tæki við aflíðandi land upp að vatnaskilum og jöklinum. Staðhættir voru því taldir mæla með afmörkun íslenska ríkisins á landi jarðanna.

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar var, að virtum gögnum málanna, fallist á framangreindar röksemdir og niðurstöður óbyggðanefndar um túlkun á afmörkun jarðanna sem deilt var um.

Gagnaðilar ríkisins í öllum málunum byggðu einnig á því að íslenska ríkið hefði með fyrri athöfnum sínum í tengslum við ríkisjörðina Arnarstapa, sem liggur að ágreiningssvæði málanna, skapað öðrum landeigendum á svæðinu réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í úrskurði óbyggðanefndar var því hafnað með vísan til þess að þær athafnir sem vísað væri til, m.a. útleiga lóðar innan ágreiningssvæðisins til námurekstrar árið 1936, beindust ekki að öðrum landeigendum og væru því ekki til þess fallnar að skapa öðrum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu svæðisins. Í dómi Landsréttar í máli nr. 430/2022 var fallist á þá niðurstöðu nefndarinnar með svofelldum rökstuðningi:

> Þá hafa áfrýjendur vísað til þess að stefndi hafi um árabil farið með ríkisjörðina Arnarstapa eins og væri hún undirorpin eignarrétti ríkisins upp að vatnaskilum á því svæði sem það telji nú þjóðlendu. Þannig hafi umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði leigt út lóð til námurekstrar á Arnarstapa árið 1936 en leigusamningurinn var staðfestur fyrir hönd atvinnu- og samgöngumálaráðherra. Vikurnámur voru á jökulhálsinum suðaustan við Snæfellsjökul en námuvinnsla mun hafa lagst þar af um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar. Einnig liggur fyrir minnisblað Ríkiseigna 25. febrúar 2019 þar sem kemur fram að Arnarstapaland hafi verið í eigu stjórnvalda frá árinu 1556. Landamerkjalýsingar jarðarinnar frá 1887 á austur- og vesturmerkjum nái frá sjó og upp í fjallshlíðar en lýsi ekki hvernig mörkum sé háttað þar fyrir ofan. Segir í minnisblaðinu að litið sé svo á að landamerkjalínur jarðarinnar nái upp í jökulrætur. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið litið svo á að tilteknar athafnir ríkisins geti skapað ákveðnar væntingar hjá aðilum og haft þýðingu við úrlausn á eignarréttarlegri stöðu viðkomandi lands, sbr. dóma réttarins 11. maí 2006 í máli nr. 496/2005, 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 og 28. september 2017 í málum nr. 93/2017 og 94/2017. Hér háttar á hinn bóginn svo til að þessar athafnir og yfirlýsingar íslenska ríkisins, sem eru tiltölulega nýtilkomnar, samrýmast ekki eldri heimildum og lutu auk þess einvörðungu að jörðinni Arnarstapa en beindust ekki að aðliggjandi jörðum. Verður því ekki fallist á það með áfrýjendum að þær hafi verið til þess fallnar að skapa öðrum landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Sama eða sambærilegan rökstuðning um þetta atriði er að finna í hinum dómum Landsréttar sem hér eru til umfjöllunar. Í dómunum var staðfest túlkun óbyggðanefndar á dómaframkvæmd um áhrif fyrri athafna ríkisins á eignarréttarlega stöðu lands sem deilt er um á grundvelli þjóðlendulaga. Af þeim verður ráðið að svo til álita geti komi hvort tilteknar athafnir ríkisins hafi skapað landeigendum réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu lands, þannig að þýðingu hafi við úrlausn þjóðlendumála, þá verði þær að hafa beinst að öðrum en ríkinu sjálfu eða jörðum í eigu þess. Af þeim verður einnig ráðið að athafnir eða yfirlýsingar ríkisins sem beinast að tiltekinni jörð geti almennt ekki skapað eigendum annarra nærliggjandi jarða réttmætar væntingar um eignarréttarlega stöðu þeirra. Athafnir og yfirlýsingar ríkisins verði að hafa beinst að tiltekinni jörð og eigendum hennar svo að til álita komi hvort þær hafi skapað viðkomandi eigendum síkar væntingar.

VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR

Á fundi óbyggðanefndar 22. desember 2025 úrskurðuðu nefndarmenn í máli nr. 2/2025 málskostnað, sem hér segir, þeim sem voru gagnaðilar ríkisins fyrir breytingar á kröfugerð ríkisins á svæðinu sem til umfjöllunar er í máli nr. 2/2025, sem og þeim sem höfðu unnið að undirbúningi kröfulýsinga fyrir leiðréttingar og breytingar á kröfugerð ríkisins, sbr. kafla 7.4 í úrskurði málsins. Úrskurður um greiðslu málskostnaðar vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd er háður því að fram komi krafa þar að lútandi, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Í þeim tilvikum þegar aðilar önnuðust mál sín sjálfir eða ólöglærðir fulltrúar fyrir þeirra hönd gætti óbyggðanefnd að leiðbeiningarskyldu sinni, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, m.a. að því er varðar kröfur um málskostnað, en ekki voru gerðar málskostnaðarkröfur af hálfu allra aðila sem önnuðust mál sín sjálfir. Málskostnaður var úrskurðaður til málsaðila að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gaf tilefni til. Málskostnaður þeirra sem enn voru aðilar að málunum við uppkvaðningu efnislegra úrskurða er birtur í úrskurðarorðum.

Vegna Arnars Þórs Stefánssonar lögmanns:

- Jónsnes ehf. vegna Jónsness í Helgafellssveit: 425.000 kr.

Vegna Atla Más Ingólfssonar lögmanns:

- Einar Örn Karelsson og Ragnhildur Einarsdóttir vegna Álftáróss á Mýrum: 850.000 kr.

Vegna Árna Ármanns Árnasonar lögmanns:

- Bjarni Pálsson vegna Brautarholts á Kjalarnesi: 750.000 kr.
- Seltjarnarnesbær vegna ýmissa jarða: 650.000 kr.

Vegna Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns:

- Valgerður Valsdóttir vegna Þingeyra í Þingi: 325.000 kr.
- Valgerður Valsdóttir vegna Sigríðarstaða í Vesturhópi: 325.000 kr.

Vegna Ebbu Schram borgarlögmanns:

- Reykjavíkurborg vegna ýmissa jarða: 2.500.000 kr.

Vegna Eiríks Guðlaugssonar lögmanns:

- Þjóðkirkjan vegna Hrúteyjar í Hrútafirði: 300.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Árness í Trékyllisvík: 350.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Vatnsfjarðar við Ísafjarðardjúp: 325.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Melrakkaeyjar í Eyrarsveit; Helgafellseyja, Vaðstakkseyjar og Þormóðseyjar í Helgafellssveit: 300.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Staðarstaðar á Snæfellsnesi: 350.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Borgar á Mýrum: 300.000 kr.
- Þjóðkirkjan vegna Reynivalla í Kjós: 325.000 kr.

Vegna Eiríks Gunnsteinssonar lögmanns:

- Gísli Karel Eggertsson, Kjartan Ágússson, Eggert Eggertsson, Kristín Gunnarsdóttir, Erla Reynisdóttir, Auður Baldursdóttir, Gretar Reynisson,

Kjartan Eggertsson, Rúnar Reynisson, Snorri Pétur Eggertsson, Pétur Gunnarsson, Sigurður Óli Gunnarsson, Björn Árni Ágústsson, Dóra Jónsdóttir og db. Hólmfríðar Gísladóttur vegna Fremri-Langeyjar í Skarðsstrandarhreppi: 850.000 kr.

Vegna Flosa H. Sigurðssonar lögmanns:

- Hafþór Rúnar Benediktsson, Sævar Ingi Benediktsson, Magda Kulinska og Anna Björk Þorgeirsdóttir Norðdahl vegna Eyja á Ströndum: 850.000 kr.

Vegna Friðbjörns Garðarssonar lögmanns:

- Ísak Pétur Lárusson og Ingunn Einarsdóttir vegna Broddanesss 1 á Ströndum; Einar Eysteinsson og Guðbrandur Einarsson vegna Broddaness 2 á Ströndum; Guðbjörn Jónsson vegna Broddaness 3 á Ströndum; Unnur Þorgrímsdóttir og Torfi Halldórsson vegna Broddaness 5 á Ströndum: 725.000 kr.
- Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Haraldur Sveinbjörnsson, Gunnar Gaukur Magnússon, Halldóra Hrólfsdóttir, Sverrir Geir Gunnarsson, Halldór Árni Gunnarsson, Pétur Guðmundsson, Þórunn Hanna Gunnarsdóttir, Þóra Hrólfsdóttir, Hallvarður E Aspelund, Valdimar Steinþórsson og Nýja húsið Ófeigsfirði vegna Ófeigsfjarðar á Ströndum: 750.000 kr.
- Guðrún Anna Gunnarsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Ásdís Gunnarsdóttir og Svanhildur Guðmundsdóttir vegna Drangavíkur í Árneshreppi: 525.000 kr.
- Guðrún Anna Gunnarsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir og Ásdís Gunnarsdóttir vegna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi: 500.000 kr.
- Ásthildur Gunnarsdóttir, Halldís Gunnarsdóttir, Halldór Gunnarsson, Frímann Benediktsson og Kolbrún Benediktsdóttir vegna Bolungarvíkur á Ströndum: 700.000 kr.
- Katrín S. Alexíusdóttir vegna Æðeyjar í Ísafjarðardjúpi: 725.000 kr.
- Kirkjubólsfélagið, Kári Fanndal Guðbrandsson, db. Jóhanns Jóhannessonar, Snorri Jóhannesson og Kristjana G Jóhannesdóttir vegna Bæjar og Kirkjubóls á Bæjarnesi í Reykhólahreppi: 850.000 kr.
- Guðrún L Bergsveinsdóttir, Bergsveinn Jóhannesson, Elín Jóhannesdóttir, Jóhannes Jóhannesson og Flateyjarkirkja vegna Hvallátur á Breiðafirði: 750.000 kr.
- Flúðir ehf. vegna Hvammsvíkur í Hvalfirði: 750.000 kr.
- Garðabær vegna Garðatorfu á Álftanesi: 850.000 kr.
- Garðabær vegna Breiðabólstaða og Akrakots á Álftanesi: 700.000 kr.
- Garðabær vegna Hliðs á Álftanesi: 725.000 kr.

Vegna Guðbrands Jóhannessonar lögmanns:

- Hinni lár ehf. vegna Þursstaða á Mýrum: 500.000 kr.

Vegna Guðjóns Ármannssonar lögmanns:

- Býlið Látur ehf. vegna Láturs í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp: 300.000 kr.
- Hvallátur ehf. vegna Hvallátur á Breiðafirði: 300.000 kr.

- Sacha-Friedrich Tueni vegna Svefneyja á Breiðafirði: 300.000 kr.
- Þórhallur Nikulásson, Unnar Valby Gunnarsson, db. Jónínu Ragnarsdóttur og Kristinn E. Nikulásson vegna Sviðna á Breiðafirði: 300.000 kr.
- Andrés Gísli Vigdísarson, Helga María Jóhannesdóttir, Hildigunnur Jóhannesdóttir og Egill Teitur Eysteinsson vegna Skáleyja á Breiðafirði: 300.000 kr.
- Vera Dögg Antonsdóttir og Axel Þórir Þórisson vegna Kleifastaða í Kollafirði í Reykhólahreppi: 300.000 kr.
- Sveinn Berg Hallgrímsson vegna Skálaness við Kollafjörð í Reykhólahreppi: 300.000 kr.
- Sigfríður Magnúsdóttir vegna Hlíðar á Reykjanesi: 300.000 kr.
- Ása Björg Stefánsdóttir og Þórður Magnús Jónsson vegna Árbæjar á Reykjanesi: 300.000 kr.
- Sigfríður Magnúsdóttir, Kristján Þór Ebenezersson og Rebekka Eiríksdóttir vegna Staðar II á Reykjanesi: 300.000 kr.
- Kári Sigurbjörn Lárusson og Kristín R. Sigurðardóttir vegna Tjaldaness í Saurbæ: 300.000 kr.
- Steingrímur Hjartarson vegna Foss á Skarðsströnd: 300.000 kr.
- Fannahjalli ehf. vegna Innri-Fagradals í Saurbæ: 300.000 kr.
- Búð ehf. vegna Tinda á Skarðsströnd: 300.000 kr.
- Búð ehf. vegna Hvalgrafa á Skarðsströnd: 300.000 kr.
- Pardusdýr ehf. vegna Dagverðarness á Skarðsströnd: 300.000 kr.
- Innri-Kóngsbakki ehf. vegna Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit: 300.000 kr.
- Brynjar Hildibrandsson og Hrefna Garðarsdóttir vegna Bjarnarhafnar í Helgafellssveit: 100.000 kr.
- Jón Páll Ásgeirsson og db. Jóhanns Ásgeirssonar vegna Akureyja í Helgafellssveit: 300.000 kr.
- Friðrik Jónsson, Helgi Björgvin Haraldsson, Lárus Franz Hallfreðsson, Hulda Mjöll Hallfreðsdóttir, Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, Erla Friðriksdóttir og Helga Hjördís Þorvarðardóttir vegna Þormóðseyjarkletts o.fl. í Helgafellssveit: 300.000 kr.
- Arnarbjarg ehf. vegna Hvalseyja á Mýrum: 300.000 kr.

Vegna Gunnars Atla Gunnarssonar lögmanns:

- Akraneskaupstaður vegna ýmissa jarða: 200.000 kr.
- Elísabet Tómasdóttir og Óskar Fannar Guðmundsson vegna Másstaða á Akranesi: 150.000 kr.
- Sveitarfélagið Vogar vegna Voga á Vatnsleysuströnd: 150.000 kr.

Vegna Gunnars Sv. Friðrikssonar lögmanns og Eyjólfs Ármannssonar:

- Aðalsteinn Einarsson og María Einarsdóttir vegna Svínaness í Múlasveit: 850.000 kr.

Vegna Gunnars Inga Jóhannssonar lögmanns:
- Guðrún Halldóra Björnsdóttir vegna Ketu á Skaga: 400.000 kr.
- ÁVM útgerð ehf., Guðmundur Grétar Bjarnason, Guðmundur R. Guðmundsson, Birgir Karl Guðmundsson, Sigurður Skagfjörð Ingimarsson, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Guðmundur Guðmundsson, Jóhann Bjarni Skúlason, Gunnar Jóhannsson og Guðrún Hupfeldt vegna Grímseyjar á Steingrímsfirði: 850.000 kr.
- Guðrún Kristjánsdóttir, Ævar Kjartansson, Uggi Ævarsson og Guðrún Alda Gísladóttir vegna Heinabergs á Skarðsströnd: 375.000 kr.
- Sumarliði R. Ísleifsson og Þóra Sigurðardóttir vegna Nýps á Skarðsströnd: 450.000 kr.
- Heiðardalur ehf. vegna Búðardals á Skarðsströnd: 500.000 kr.

Vegna Helga Jóhannessonar lögmanns:
- SH 157 ehf. vegna Arneyjar á Breiðafirði: 400.000 kr.
- Gunnlaugur Auðunn Árnason, Vilborg Anna Árnadóttir, Helgi Árnason, Halldór Árnason og Breiðasund ehf. vegna Bíldseyjar og Skjaldareyjar á Breiðafirði: 300.000 kr.

Vegna Hilmars Gunnarssonar lögmanns:
- Össubæli ehf. vegna Arnarbælis á Fellsströnd: 375.000 kr.

Vegna Ingvars Smára Birgissonar lögmanns:
- Regína Viggósdóttir, Bergþóra Huld Birgisdóttir, db. Skúla Thoroddsen, Dóra Kjartansdóttir Welding, Sigrún I Jónsdóttir, Tryggvi Viggósson, Marfríður Hrund Smáradóttir (db.), Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Karlsson, Regína M Bragadóttir, db. Guðmundar Malmquist, Guðmundur Skúli Bragason, Jóhann Pétur Malmquist, db. Ástu Bjartar Thoroddsen, Smári Magnús Smárason, Jóhann Gunnar Scheving, Guðmundur Viggósson, Gunndóra Viggósdóttir, Ragnhildur Bragadóttir og Skúli Þór Smárason vegna Klakkeyja í Dalabyggð: 850.000 kr.
- db. Ásbjarnar Björnssonar vegna Grímseyjar og Úlfkelseyjar í Skarðstrandarhreppi: 700.000 kr.

Vegna Jóhannesar Karls Sveinssonar lögmanns:
- Vegna ýmissa jarða í Melasveit, þ.e.: Solveig K. Jónsdóttir, Védís Jónsdóttir, Salvör Jónsdóttir og Áslaug Jónsdóttir vegna Melaleitis; FEK ehf. vegna Mela og Áss; Belgsholt ehf. vegna Belgsholts; Jóhannes Karl Sveinsson og Kristjana Þ. Jónsdóttir vegna Hafnar: 700.000 kr.

Vegna Jóns Jónssonar lögmanns:
- Norðurþing vegna Kaldbaks við Skjálfanda: 375.000 kr.
- Víknajarðir sf. vegna Naustavíkur-Vargsness í Náttfaravíkum: 325.000 kr.
- Kjartan Sveinsson vegna Stapa á Vatnsnesi: 325.000 kr.
- Þorgrímur Daníelsson vegna Tannstaða í Hrútafirði: 325.000 kr.

- Máreik ehf. vegna Tannstaðabakka í Hrútafirði: 325.000 kr.
- Albert Jónsson vegna Eyjaness í Hrútafirði: 325.000 kr.
- Margrét Halldórsdóttir og Jóhann Halldórsson vegna Kollafjarðarness í Kollafirði á Ströndum: 275.000 kr.
- Kristján Magnússon, Elsa Stefánsdóttir og Sjöfn Ásbjörnsdóttir vegna Hellu á Selströnd: 250.000 kr.
- Gunnar Jóhannsson og Kristín Einarsdóttir vegna Reykjaness á Selströnd: 250.000 kr.
- Árneshreppur vegna Kolbeinsvíkur í Árneshreppi: 325.000 kr.
- Arnheiður Sigurðardóttir vegna Byrgisvíkur í Veiðileysufirði á Ströndum: 325.000 kr.
- Gísli Gunnar Marteinsson, Hulda Hrefna Marteinsdóttir og Örvar Már Marteinsson vegna Hreggstaða á Barðaströnd: 275.000 kr.
- Virka hf. og Helgi Þór Axelsson vegna Efri-Langeyjar í Skarðsstrandarhreppi: 375.000 kr.
- Kristín Sigurbjörg Traustadóttir vegna Syðra-Skógarness í Miklaholtshreppi: 325.000 kr.
- Hvalur hf. vegna Þyrils á Hvalfjarðarströnd: 275.000 kr.

Vegna Jóns Sveinssonar og Kristínar Aspar Jónsdóttur lögmanna:

- Vegna ýmissa jarða í Grunnafirði í Hvalfjarðarsveit, þ.e.: Helgi Bergþórsson vegna Eystra- og Vestra-Súluness; Bakkanes ehf. vegna Bakka; Jón Sveinsson vegna Akureyjar; Helga Rúna Þorleifsdóttir og Baldvin Björnsson vegna Skorholts; Guðfinna Indriðadóttir vegna Skipaness; Vilhjálmur Ólafsson vegna Læks; Bjarki Borgdal Magnússon og Gíslína Sigurðardóttir vegna Kjalardals; Sigríður G. Sigurlaugsdóttir og Ásmundur Guðmundsson vegna Arkarlæks; Jón Valgeir Viggósson, Valgerður Viggósdóttir og Anna María Idun Viggósdóttir vegna Bekansstaða; Margrét Magnúsdóttir og Marinó Þór Tryggvason vegna Hvítaness: 2.000.000 kr.
- Ólafur Þorsteinsson vegna Óss í Hvalfjarðarsveit: 1.250.000 kr.

Vegna Magnúsar Óskarssonar lögmanns:

- Jón Zimsen og Jóhanna Halldóra Sigurðardóttir vegna Innra-Leitis á Skógarströnd: 575.000 kr.
- Jóhanna Halldóra Sigurðardóttir vegna Valshamarseyja í Dalabyggð: 250.000 kr.
- Edda Lára Lúðvígsdóttir, Lárus Guðjón Lúðvígsson og Lúðvíg Lárusson vegna Breiðabólstaðar á Skógarströnd: 550.000 kr.
- Háskerðingur ehf vegna Dranga og Drangavíkur á Skógarströnd: 550.000 kr.
- Háskerðingur ehf. vegna Gjarðeyjar í Skógarstrandarhreppi: 650.000 kr.
- Jóhann Guðmundur Hálfdánarson og Vilhelmína Þ. Salbergsdóttir vegna Svelgsár í Helgafellssveit: 650.000 kr.

Vegna Ólafs Björnssonar lögmanns:

- Höfðaströnd ehf., Sandra Rún Grétarsdóttir, Andri Þór Grétarsson og Guðrún Þórðardóttir vegna Þórðarhöfða í Skagafirði: 250.000 kr.
- Kjartan Birgisson vegna Bakka í Viðvíkursveit: 500.000 kr.
- Knútur A. Óskarsson vegna Ósa í Vesturhópi: 50.000 kr.
- Guðmundur Jóhannesson vegna Eyjabakka á Vatnsnesi: 100.000 kr.
- Æðarvarp ehf. vegna Illugastaða á Vatnsnesi: 100.000 kr.
- Heiðar Þór Gunnarsson vegna Bæjar 1 og Sæmundur Gunnar Benónýsson vegna Bæjar 2 í Hrútafirði: 175.000 kr.
- Ólafur Gunnarsson, Lára Ingólfsdóttir og Gunnar Ó. Bjarnason vegna Drangavíkur í Árneshreppi: 250.000 kr.
- Fornasel ehf. vegna Dranga í Árneshreppi: 300.000 kr.
- Guðjón Ingólfsson vegna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi: 250.000 kr.
- Þröstur Jóhannesson, Erla Jóhannesdóttir, Reynir Ragnarsson, Steinunn Ragnarsdóttir, Ragnheiður I. Ragnarsdóttir, Elín Elísabet Ragnarsdóttir, Guðmundur Ketill Guðfinnsson og Hallgrímur Guðfinnsson vegna Reykjarfjarðar og Sæbóls á Ströndum: 275.000 kr.
- Ingibjörg Bára Júlíusdóttir og Lilja Hrönn Júlíusdóttir vegna Rekavíkur bak Höfn: 200.000 kr.
- Tölvík sf., Hafliði Halldórsson, Guðmundur Halldórsson, Leifur Halldórsson, Ámundi Halldórsson, Halla María Halldórsdóttir og Harpa Halldórsdóttir vegna Ögurs í Ögursveit: 100.000 kr.
- Félag land- og sumarbústaðaeigenda á Hvallátrum við Látrabjarg vegna Hvallátura í Víkum: 200.000 kr.
- Björg Guðrún Bjarnadóttir vegna Haga á Barðaströnd: 250.000 kr.
- Björg Guðrún Bjarnadóttir vegna Sauðeyja í Barðastrandarhreppi: 275.000 kr.
- Bjarni Össurarson Rafnar vegna Fossár með Hamri á Hjarðarnesi: 250.000 kr.
- Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir vegna Auðshaugs og Auðna í Barðastrandarsýslu: 200.000 kr.
- Guðrún Bjarnadóttir, Guðlaugur Atlason og Bjarni Atlason vegna Deildarár á Skálmarnesi: 550.000 kr.
- Rósa Magnfríður S. Ívarsdóttir vegna Litlaness í Múlasveit: 300.000 kr.
- Bríet Böðvarsdóttir, Úlf H. Bergmann, Bolag ehf., Sigfús Jónsson og Jón G. Jónsson vegna Hergilseyjar á Breiðafirði: 650.000 kr.
- Smári V. Waage vegna Staðarhólseyja í Skarðsstrandarhreppi: 325.000 kr.
- Lilja Gunnarsdóttir, Halla Sigríður H. Steinólfsdóttir og Sesselja Steinólfsdóttir vegna Akureyja í Dalabyggð: 400.000 kr.
- Þórunn Hilmarsdóttir vegna Skarðs á Skarðsströnd, Rauðseyja og Rúfeyja: 400.000 kr.
- Þórarinn Sighvatsson vegna Hafnareyja í Skarðsstrandarhreppi: 275.000 kr.

- Jón Magnús Katarínusson, Hrafnhildur Björnsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Guðríður Magnúsdóttir vegna Ballarár, Mela og Frakkaness á Skarðsströnd: 325.000 kr.
- Bogi Jónsson vegna Hrappseyjar á Breiðafirði: 250.000 kr.
- Þorvaldur Friðriksson, Ásthildur Magnúsdóttir og Þorsteinn J. Hannibalsson vegna Stóru-Tungueyja í Dalabyggð: 325.000 kr.
- Magnús Örn Tómasson vegna Keisbakka á Skógarströnd: 375.000 kr.
- Kristinn Sigvaldsson og Guðrún Jóhannesdóttir vegna Háls á Skógarströnd: 150.000 kr.
- Kapall ehf. vegna Straums á Skógarströnd: 100.000 kr.
- Ágúst Jónsson vegna Óss á Skógarströnd: 150.000 kr.
- Jófríður Jóhannsdóttir vegna Geitareyja í Skógarstrandarhreppi: 275.000 kr.
- db. Ástu Eggertsdóttur vegna Gvendareyja á Breiðafirði: 375.000 kr.
- Daoud Salman vegna Ólafseyjar í Skógarstrandarhreppi: 475.000 kr.
- Guðjón V. Hjaltalín vegna fasteignarinnar Ólafsey-lönd í Skógarstrandarhreppi: 375.000 kr.
- Bergur J. Hjaltalín vegna Brokeyjar í Skógarstrandarhreppi: 300.000 kr.
- Þórarinn Sighvatsson vegna Öxneyjar í Skógarstrandarhreppi: 300.000 kr.
- Þórarinn Sighvatsson vegna Ingeyjar í Dalabyggð: 175.000 kr.
- Jón Jakob Jakobsson vegna Rifgirðinga í Skógarstrandarhreppi: 425.000 kr.
- Sigríður Jóhannsdóttir vegna Galtareyjar í Dalabyggð: 775.000 kr.
- Óskar Hjartarsson og Jóhanna Kristín Hjartardóttir vegna Helgafells í Helgafellssveit og Helgafellseyja: 400.000 kr.
- Hinrik Hjartarson vegna Lyngholts í Helgafellssveit: 125.000 kr.
- Eining ehf. vegna Gæjahólma í Helgafellssveit: 300.000 kr.
- Sveitarfélagið Stykkishólmur vegna Grunnasundsness í Helgafellssveit: 100.000 kr.
- Kolbrún Gunnarsdóttir vegna Lundakletts í Helgafellssveit: 200.000 kr.
- Kolbrún Gunnarsdóttir vegna Hofsstaða í Helgafellssveit: 150.000 kr.
- Brynjar Hildibrandsson og Hrefna Garðarsdóttir vegna Bjarnarhafnar og Hafnareyja í Helgafellssveit: 350.000 kr.
- Erla Dagmar Lárusdóttir vegna Sellóns í Helgafellssveit: 775.000 kr.
- Heiðrún Höskuldsdóttir, Brimrún Höskuldsdóttir, Kristín Höskuldsdóttir, Dagbjört S. Höskuldsdóttir og Elín Jóhannsdóttir vegna Saurláturs í Helgafellssveit: 400.000 kr.
- Þorbergur Bæringsson vegna Fagureyjar í Helgafellssveit: 500.000 kr.
- Litla-eyjafélagið ehf. vegna Þorvaldseyjar í Helgafellssveit, Hrúthólms í Skarðsstrandarhreppi, o.fl.: 250.000 kr.
- Þröstur Aðalbjarnarson og Laufey Bjarnadóttir vegna Stakkhamars í Miklaholtshreppi: 425.000 kr.

- Selgarður ehf. vegna Jörfa í Borgarbyggð: 100.000 kr.
- Litla-Hraun ehf. vegna Litla-Hrauns í Borgarbyggð: 125.000 kr.
- Branddís M. Hauksdóttir vegna Snorrastaða í Borgarbyggð: 150.000 kr.
- Jón Egilsson og Aðalheiður Pálsdóttir vegna Hítarness í Borgarbyggð: 200.000 kr.
- Selgarður ehf. vegna Hítarneskots í Borgarbyggð: 150.000 kr.
- Sigurbjörg Helgadóttir vegna Traðar og Skutulseyjar á Mýrum: 775.000 kr.
- Sigrún Helgadóttir vegna Hamraenda í Borgarbyggð: 150.000 kr.
- Arthur Löve og Haukur Einarsson vegna Hjörseyjar á Mýrum: 400.000 kr.
- Nellý Pétursdóttir vegna Sveinsstaða á Mýrum: 250.000 kr.
- Sigrún Guðbjarnardóttir vegna Straumfjarðar á Mýrum: 550.000 kr.
- Ásdís Haraldsdóttir vegna Álftaness á Mýrum: 175.000 kr.
- Rósa Viggósdóttir, Ómar Hafberg Guðjónsson, Kristján V. Guðjónsson, Ingveldur H. Ingibergsdóttir, Inga Lóa Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðjónsdóttir og Fjóla Verónika Guðjónsdóttir vegna Rauðaness á Mýrum: 300.000 kr.
- Borgarbyggð vegna Borgarness: 125.000 kr.
- Brynja Helgadóttir og Ingimar Magnússon vegna Heyness á Akranesi: 375.000 kr.
- Hallgrímur Þ. Rögnvaldsson og Sigurrós Sigurjónsdóttir vegna Innri-Hólms í Hvalfjarðarsveit: 125.000 kr.
- Brautarholt 11 ehf. vegna Brautarholts á Kjalarnesi: 175.000 kr.

Vegna Óskars Sigurðssonar lögmanns:

- db. Svövu Heiðdal Hjartardóttur vegna Skarðs á Skarðsströnd, Rauðseyja og Rúfeyja: 875.000 kr.

Vegna Péturs Kristinssonar lögmanns:

- HG-hús ehf. vegna Barkarnautar við Fellsströnd; Kiðey ehf. vegna Kiðeyjar í Helgafellssveit; Bjargey ehf. vegna Litlu-Tungueyja í Dalabyggð og Ólafur Sigurðsson, Ásta Sigurðardóttir, Hjörtur Sigurðsson, Guðlaug Sigurðardóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir og Klemens Georg Sigurðarson vegna Staðarbakka í Helgafellssveit: 1.600.000 kr.

Vegna Sigmars Páls Jónssonar lögmanns:

- Nanna Áslaug Jónsdóttir vegna Skálmarnesmúla, Selskers og Hamars á Skálmarnesi og Kristín Þorsteinsdóttir ehf. vegna Fjarðar á Skálmarnesi: 450.000 kr.

Vegna Sigurðar Jónssonar lögmanns:

- Kaldbaksvík ehf. vegna Kaldbaks og Kleifa í Kaldbaksvík: 325.000 kr.

Vegna Sigurðar Sigurjónssonar og Ingólfs Vignis Guðmundssonar lögmanna:

- Dagbjartur Bogi Ingimundarson vegna Brekku í Presthólahreppi: 500.000 kr.

Vegna Skúla Hansen lögmanns:

- Guðmundur Hjálmar Sveinsson, Jón Sveinsson, Ingibjörg Erna Sveinsdóttir og Þrymur Sveinsson vegna Miðhúsa í Reykhólahreppi: 850.000 kr.

Vegna Stefáns Ólafssonar lögmanns:

- Vignir Ásmundur Sveinsson og Helga Björg Ingimarsdóttir vegna Hafna á Skaga: 425.000 kr.
- Daníel Magnússon vegna Syðri-Eyjar og Eyjarkots: 125.000 kr.
- Benedikt Jóhannsson vegna Krossanesss á Vatnsnesi: 300.000 kr.
- Anna Norland, Helga Norland, Jón Norland, Halla Norland og Kristín Norland vegna Hindisvíkur á Vatnsnesi: 550.000 kr.
- Tómas Sigurgeirsson vegna Reykhóla á Reykjanesi: 750.000 kr.
- Reykhólahreppur vegna Kötlulands á Reykjanesi: 850.000 kr.
- Ragnheiður Brynjólfsdóttir og Margrét H. Brynjólfsdóttir vegna Borgar í Króksfirði: 400.000 kr.
- Jón Guðni Kristinsson vegna Króksfjarðarness við Gilsfjörð: 750.000 kr.

Vegna Vöku Dagsdóttur lögmanns:

- Ragnar Elías Maríasson, Guðmunda Maríasdóttir, Vignir Smári Maríasson, Einar Indriði Maríasson og Guðlaugur Ingi Maríasson vegna Fells í Trékyllisvík: 400.000 kr.
- Ragnar Jónsson, Samúel Vilberg Jónsson, Unnur Pálína Guðmundsdóttir, Bergvin Sævar Guðmundsson, Bryndís Guðmundsdóttir, Birgir Guðmundsson, Hafrún Guðmundsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir vegna Munaðarness í Ingólfsfirði: 525.000 kr.

Vegna Þórdísar Bjarnadóttur lögmanns:

- Vegna ýmissa jarða á Tjörnesi, þ.e.: Jón Gunnarsson vegna Árholts; Sveinbjörg Smáradóttir vegna Bröttuhlíðar; Smári Kárason vegna Breiðavíkur; Hreinn Valtýsson vegna Eyvíkur; Ingólfur Hilmar Árnason, Árni Viðar Kárason og Sigurbjörn Eiður Árnason vegna Hallbjarnarstaða 1; Karl Valdimar Bjarkason, Hreinn Sæmundsson og Dagný Bjarkadóttir vegna Hallbjarnarstaða 2; Ingunn Líney Indriðadóttir vegna Héðinshöfða 1B; Erla Bjarnadóttir, Jónas Jónasson og Katý Bjarnadóttir vegna Héðinshöfða 2; Eyþór Hemmert Björnsson vegna Hóls; Páll Steingrímsson og Svava Björg Kristjánsdóttir vegna Hringvers; Jóel Friðbjarnarson vegna Ísólfsstaða; Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson og Elísabet Gunnarsdóttir vegna Ketilsstaða; Aðalsteinn Guðmundsson vegna Kvíslarhóls; Hallfríður Egilsdóttir, Gunnar Jóhannesson og Laufey Jóhanna Jóhannesdóttir vegna Mánár; Bjarni Sigurður Aðalgeirsson vegna Mánárbakka; Sigurbjörg Sveinbjörnsdóttir og Guðmundur Geir Benediktsson vegna Mýrarkots; Sveinn Egilsson vegna Sandhóla; Stefán B. Sigtryggsson, Fjóla Sigrún Sigtryggsdóttir og Emil Jón Sigtryggsson vegna Steinadals og Tungugerðis; Halldór Sigurðsson vegna Syðri-Sandhóla; Árni Sigurðsson vegna Syðri-Tungu; Guðrún

Jóhannesdóttir vegna Tunguvalla; Aðalheiður Gunnarsdóttir vegna Voladals; Ólöf Anna Steingrímsdóttir, Birna Friðrika Steingrímsdóttir, Kristbjörg G. Steingrímsdóttir og Þórarinn Björn Steingrímsson vegna Ytri-Tungu 1; og Steinþór Heiðarsson vegna Ytri-Tungu 1A: 3.000.000 kr.

Vegna Þórðar Bogasonar lögmanns:

- Jón Helgi Jónsson vegna Purkeyjar í Skarðsstrandarhreppi: 850.000 kr.
- Eyjavinir ehf. vegna Þingvalla í Helgafellssveit: 500.000 kr.
- Jón Ragnar Daðason og Hera Guðlaugsdóttir vegna Melrakkaeyja í Helgafellssveit: 1.000.000 kr.
- Pétur Hjálmtýsson og Kristín S. Hjálmtýsdóttir vegna Skoreyja í Helgafellssveit: 850.000 kr.
- Guðmundur Kristjánsson vegna Ytra-Skógarness í Miklaholtshreppi: 150.000 kr.
- Hausthús ehf. vegna Hausthúsa í Miklaholtshreppi: 150.000 kr.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið eða verður endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ

Þjóðlendur:	Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins
Bjarneyjar á Breiðafirði:	Bjarneyjar ehf.
Drangey í Skagafirði:	Sveitarfélagið Skagafjörður
Eyvindarstaðir á Álftanesi:	Garðabær
Kaldrananes á Ströndum:	Birna Ingimarsdóttir, Hitaveita Kaldrananess ehf. og Veiði-skógræktarfélag Framnesi ehf.
Knarrarnes á Mýrum:	Helgi Einar Harðarson, Gísli Kristófersson, Elín Anna Steinarsdóttir, Jón Georg Ragnarsson, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir og Rúnar Ragnarsson
Vogur á Mýrum:	Félag iðn- og tæknigreina

Einnig voru aðilar að málinu fyrir breytingar á kröfugerð ríkisins:[1]

Akurey í Hvalfjarðarsveit:	Jón Sveinsson
Akureyjar í Dalabyggð:	Lilja Gunnarsdóttir, Halla Sigríður H. Steinólfsdóttir og Sesselja Steinólfsdóttir
Akureyjar í Helgafellssveit:	Jón Páll Ásgeirsson og db. Jóhanns Ásgeirssonar
Arkarlækur í Hvalfjarðarsveit:	Sigríður G. Sigurlaugsdóttir og Ásmundur Guðmundsson
Arnarbæli á Fellsströnd:	Össubæli ehf.
Arney á Breiðafirði:	SH 157 ehf.
Auðshaugur og Auðnir í Barðastrandarsýslu:	Bjarni Svanur Kristjánsson og Valgerður Ingvadóttir

[1] Við meðferð málsins var lýst kröfum vegna fleiri jarða eða landsvæða en þeirra sem á endanum komu til efnislegrar úrlausnar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu viðkomandi aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfur um málskostnað. Auk þess voru gerðar málskostnaðarkröfur í nokkrum tilvikum þegar unnið hafði verið að undirbúningi kröfulýsinga fyrir leiðréttingar og breytingar á kröfugerð ríkisins og viðkomandi aðilar eru einnig tilgreindir hér.

Álftanes á Mýrum:	Ásdís Haraldsdóttir
Álftárós á Mýrum:	Einar Örn Karelsson og Ragnhildur Einarsdóttir
Árbær á Reykjanesi:	Ása Björg Stefánsdóttir og Þórður Magnús Jónsson
Árholt á Tjörnesi:	Jón Gunnarsson
Árnes í Trékyllisvík:	Þjóðkirkjan
Bakki í Hvalfjarðarsveit:	Bakkanes ehf.
Bakki í Viðvíkursveit:	Kjartan Birgisson
Ballará, Melar og Frakkanes á Skarðsströnd:	Jón Magnús Katarínusson, Hrafnhildur Björnsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Guðríður Magnúsdóttir
Barkarnautur við Fellsströnd:	HG-hús ehf.
Bekansstaðir í Hvalfjarðarsveit:	Jón Valgeir Viggósson, Valgerður Viggósdóttir og Anna María Idun Viggósdóttir
Belgsholt í Melasveit:	Belgsholt ehf.
Bíldsey og Skjaldarey á Breiðafirði:	Gunnlaugur Auðunn Árnason, Vilborg Anna Árnadóttir, Helgi Árnason, Halldór Árnason og Breiðasund ehf.
Bjarnarhöfn og Hafnareyjar í Helgafellssveit:	Brynjar Hildibrandsson og Hrefna Garðarsdóttir
Bolungarvík á Ströndum:	Ásthildur Gunnarsdóttir, Halldís Gunnarsdóttir, Halldór Gunnarsson, Frímann Benediktsson og Kolbrún Benediktsdóttir
Borg á Mýrum:	Þjóðkirkjan
Borg í Króksfirði:	Ragnheiður Brynjólfsdóttir og Margrét H. Brynjólfsdóttir
Borgarnes:	Borgarbyggð
Brattahlíð á Tjörnesi:	Sveinbjörg Smáradóttir
Brautarholt á Kjalarnesi:	Bjarni Pálsson
Brautarholt á Kjalarnesi:	Brautarholt 11 ehf.
Breiðabólstaðir og Akrakot á Álftanesi:	Garðabær
Breiðabólstaður á Skógarströnd:	Edda Lára Lúðvígsdóttir, Lárus Guðjón Lúðvígsson og Lúðvíg Lárusson

Breiðavík á Tjörnesi:	Smári Kárason
Brekka í Presthólahreppi:	Dagbjartur Bogi Ingimundarson
Broddanes í Kollafirði á Ströndum:	Ísak Pétur Lárusson og Ingunn Einarsdóttir vegna Broddanesss 1 á Ströndum; Einar Eysteinsson og Guðbrandur Einarsson vegna Broddaness 2 á Ströndum; Guðbjörn Jónsson vegna Broddaness 3 á Ströndum; Unnur Þorgrímsdóttir og Torfi Halldórsson vegna Broddaness 5 á Ströndum
Brokey í Skógarstrandarhreppi:	Bergur J. Hjaltalín
Búðardalur á Skarðsströnd:	Heiðardalur ehf.
Byrgisvík í Veiðileysufirði á Ströndum:	Arnheiður Sigurðardóttir
Bær í Hrútafirði:	Heiðar Þór Gunnarsson vegna Bæjar 1 og Sæmundur Gunnar Benónýsson vegna Bæjar 2 í Hrútafirði
Bær og Kirkjuból á Bæjarnesi í Reykhólahreppi:	Kirkjubólsfélagið, Kári Fanndal Guðbrandsson, db. Jóhanns Jóhannessonar, Snorri Jóhannesson og Kristjana G Jóhannesdóttir
Dagverðarnes á Skarðsströnd:	Pardusdýr ehf.
Deildará á Skálmarnesi:	Guðrún Bjarnadóttir, Guðlaugur Atlason og Bjarni Atlason
Drangar í Árneshreppi:	Fornasel ehf.
Drangar og Drangavík á Skógarströnd:	Háskerðingur ehf
Drangavík í Árneshreppi:	Guðrún Anna Gunnarsdóttir, Sigríður Gunnarsdóttir, Ásdís Gunnarsdóttir og Svanhildur Guðmundsdóttir
Drangavík í Árneshreppi:	Ólafur Gunnarsson, Lára Ingólfsdóttir og Gunnar Ó. Bjarnason
Efri-Langey í Skarðsstrandarhreppi:	Virka hf. og Helgi Þór Axelsson
Eyjabakki á Vatnsnesi:	Guðmundur Jóhannesson
Eyjanes í Hrútafirði:	Albert Jónsson

Eyjar á Ströndum:	Hafþór Rúnar Benediktsson, Sævar Ingi Benediktsson, Magda Kulinska og Anna Björk Þorgeirsdóttir Norðdahl
Eystra- og Vestra-Súlunes í Hvalfjarðarsveit:	Helgi Bergþórsson
Eyvík á Tjörnesi:	Hreinn Valtýsson
Fjörður á Skálmarnesi:	Kristín Þorsteinsdóttir ehf.
Fagurey í Helgafellssveit:	Þorbergur Bæringsson
Fell í Trékyllisvík:	Ragnar Elías Maríasson, Guðmunda Maríasdóttir, Vignir Smári Maríasson, Einar Indriði Maríasson og Guðlaugur Ingi Maríasson
Foss á Skarðsströnd:	Steingrímur Hjartarson
Fossá með Hamri á Hjarðarnesi:	Bjarni Össurarson Rafnar
Fremri-Langey í Skarðsstrandarhreppi:	Gísli Karel Eggertsson, Kjartan Ágússson, Eggert Eggertsson, Kristín Gunnarsdóttir, Erla Reynisdóttir, Auður Baldursdóttir, Gretar Reynisson, Kjartan Eggertsson, Rúnar Reynisson, Snorri Pétur Eggertsson, Pétur Gunnarsson, Sigurður Óli Gunnarsson, Björn Árni Ágústsson, Dóra Jónsdóttir og db. Hólmfríðar Gísladóttur
Galtarey í Dalabyggð:	Sigríður Jóhannsdóttir
Garðatorfa á Álftanesi:	Garðabær
Geitareyjar í Skógarstrandarhreppi:	Jófríður Jóhannsdóttir
Gjarðey í Skógarstrandarhreppi:	Háskerðingur ehf.
Grímsey á Steingrímsfirði:	ÁVM útgerð ehf., Guðmundur Grétar Bjarnason, Guðmundur R. Guðmundsson, Birgir Karl Guðmundsson, Sigurður Skagfjörð Ingimarsson, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Guðmundur Guðmundsson, Jóhann Bjarni Skúlason, Gunnar Jóhannsson og Guðrún Hupfeldt
Grímsey og Úlfkelsey í Skarðstrandarhreppi:	db. Ásbjarnar Björnssonar

Grunnasundsnes í Helgafellssveit:	Sveitarfélagið Stykkishólmur
Gvendareyjar við Skógarströnd:	db. Ástu Eggertsdóttur
Gæjahólmar í Helgafellssveit:	Eining ehf.
Hafnareyjar í Skarðsstrandarhreppi:	Þórarinn Sighvatsson
Hafnir á Skaga:	Vignir Ásmundur Sveinsson og Helga Björg Ingimarsdóttir
Hagi á Barðaströnd:	Björg Guðrún Bjarnadóttir
Hallbjarnarstaðir á Tjörnesi:	Ingólfur Hilmar Árnason, Árni Viðar Kárason og Sigurbjörn Eiður Árnason vegna Hallbjarnarstaða 1; og Karl Valdimar Bjarkason, Hreinn Sæmundsson og Dagný Bjarkadóttir vegna Hallbjarnarstaða 2
Hamraendar í Borgarbyggð:	Sigrún Helgadóttir
Hausthús í Miklaholtshreppi:	Hausthús ehf.
Háls á Skógarströnd:	Kristinn Sigvaldsson og Guðrún Jóhannesdóttir
Heinaberg á Skarðsströnd:	Guðrún Kristjánsdóttir, Ævar Kjartansson, Uggi Ævarsson og Guðrún Alda Gísladóttir
Helgafell í Helgafellssveit og Helgafellseyjar:	Óskar Hjartarsson og Jóhanna Kristín Hjartardóttir
Hella á Selströnd í Kaldrananeshreppi:	Kristján Magnússon, Elsa Stefánsdóttir og Sjöfn Ásbjörnsdóttir
Hergilsey á Breiðafirði:	Bríet Böðvarsdóttir, Úlf H. Bergmann, Bolag ehf., Sigfús Jónsson og Jón G. Jónsson
Heynes á Akranesi:	Brynja Helgadóttir og Ingimar Magnússon
Héðinshöfði á Tjörnesi:	Ingunn Líney Indriðadóttir vegna Héðinshöfða 1B; og Erla Bjarnadóttir, Jónas Jónasson og Katý Bjarnadóttir vegna Héðinshöfða 2
Hindisvík á Vatnsnesi:	Anna Norland, Helga Norland, Jón Norland, Halla Norland og Kristín Norland
Hítarnes í Borgarbyggð:	Jón Egilsson og Aðalheiður Pálsdóttir

Hítarneskot í Borgarbyggð:	Selgarður ehf.
Hjörsey á Mýrum:	Arthur Löve og Haukur Einarsson
Hlið á Álftanesi:	Garðabær
Hlíð á Reykjanesi:	Sigfríður Magnúsdóttir
Hofsstaðir í Helgafellssveit:	Kolbrún Gunnarsdóttir
Hóll á Tjörnesi:	Eyþór Hemmert Björnsson
Hrappsey á Breiðafirði:	Bogi Jónsson
Hreggstaðir á Barðaströnd:	Gísli Gunnar Marteinsson, Hulda Hrefna Marteinsdóttir og Örvar Már Marteinsson
Hringver á Tjörnesi:	Páll Steingrímsson og Svava Björg Kristjánsdóttir
Hrútey í Hrútafirði:	Þjóðkirkjan
Hvítanes í Hvalfjarðarsveit:	Margrét Magnúsdóttir og Marinó Þór Tryggvason
Hvalgrafir á Skarðsströnd:	Búð ehf.
Hvallátur á Breiðafirði:	Guðrún L Bergsveinsdóttir, Bergsveinn Jóhannesson, Elín Jóhannesdóttir, Jóhannes Jóhannesson og Flateyjarkirkja
Hvallátur á Breiðafirði:	Hvallátur ehf.
Hvallátur í Víkum:	Félag land- og sumarbústaðaeigenda á Hvallátrum við Látrabjarg
Hvalseyjar á Mýrum:	Arnarbjarg ehf.
Hvammsvík í Hvalfirði:	Flúðir ehf.
Höfn í Melasveit:	Jóhannes Karl Sveinsson og Kristjana Þ. Jónsdóttir
Illugastaðir á Vatnsnesi:	Æðarvarp ehf.
Ingeyjar í Dalabyggð:	Þórarinn Sighvatsson
Innra-Leiti á Skógarströnd:	Jón Zimsen og Jóhanna Halldóra Sigurðardóttir
Innri-Fagridalur í Saurbæ:	Fannahjalli ehf.
Innri-Hólmur í Hvalfjarðarsveit:	Hallgrímur Þ. Rögnvaldsson og Sigurrós Sigurjónsdóttir
Innri-Kóngsbakki í Helgafellssveit:	Innri-Kóngsbakki ehf.
Ísólfsstaðir á Tjörnesi:	Jóel Friðbjarnarson

Jónsnes í Helgafellssveit:	Jónsnes ehf.
Jörfi í Borgarbyggð:	Selgarður ehf.
Kaldbakur og Kleifar í Kaldbaksvík:	Kaldbaksvík ehf.
Kaldbakur við Skjálfanda:	Norðurþing
Keisbakki á Skógarströnd:	Magnús Örn Tómasson
Keta á Skaga:	Guðrún Halldóra Björnsdóttir
Ketilsstaðir á Tjörnesi:	Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson og Elísabet Gunnarsdóttir
Kiðey í Helgafellssveit:	Kiðey ehf.
Kjalardalur í Hvalfjarðarsveit:	Bjarki Borgdal Magnússon og Gíslína Sigurðardóttir
Klakkeyjar í Dalabyggð:	Regína Viggósdóttir, Bergþóra Huld Birgisdóttir, db. Skúla Thoroddsen, Dóra Kjartansdóttir Welding, Sigrún I Jónsdóttir, Tryggvi Viggósson, Marfríður Hrund Smáradóttir (db.), Ragna Karlsdóttir, Guðmundur Karlsson, Regína M Bragadóttir, db. Guðmundar Malmquist, Guðmundur Skúli Bragason, Jóhann Pétur Malmquist, db. Ástu Bjartar Thoroddsen, Smári Magnús Smárason, Jóhann Gunnar Scheving, Guðmundur Viggósson, Gunndóra Viggósdóttir, Ragnhildur Bragadóttir og Skúli Þór Smárason
Klakkeyjar í Dalabyggð:	Rannveig Thoroddsen
Kleifastaðir í Kollafirði í Reykhólahreppi:	Vera Dögg Antonsdóttir og Axel Þórir Þórisson
Kolbeinsvík í Árneshreppi:	Árneshreppur
Kollafjarðarnes í Kollafirði á Ströndum:	Margrét Halldórsdóttir og Jóhann Halldórsson
Krossanes á Vatnsnesi:	Benedikt Jóhannsson
Króksfjarðarnes við Gilsfjörð:	Jón Guðni Kristinsson
Kvíslarhóll á Tjörnesi:	Aðalsteinn Guðmundsson

Langey í Stóru-Tungueyjum í Dalabyggð:	Freyja Bergsveinsdóttir og Ásthildur Magnúsdóttir
Látur í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp:	Býlið Látur ehf.
Leirhöfn á Melrakkasléttu:	Níels Árni Lund, Grímur Þór Lund og Kristinn Benedikt Steinarsson
Litla-Hraun í Borgarbyggð:	Litla-Hraun ehf.
Litlanes í Múlasveit:	Rósa Magnfríður S. Ívarsdóttir
Litlu-Tungueyjar í Dalabyggð:	Bjargey ehf.
Lundaklettur í Helgafellssveit:	Kolbrún Gunnarsdóttir
Lyngholt í Helgafellssveit:	Hinrik Hjartarson
Lækur í Hvalfjarðarsveit:	Vilhjálmur Ólafsson
Melaleiti í Melasveit:	Solveig K. Jónsdóttir, Védís Jónsdóttir, Salvör Jónsdóttir og Áslaug Jónsdóttir
Máná á Tjörnesi:	Hallfríður Egilsdóttir, Gunnar Jóhannesson og Laufey Jóhanna Jóhannesdóttir
Mánárbakki á Tjörnesi:	Bjarni Sigurður Aðalgeirsson
Másstaðir á Akranesi:	Elísabet Tómasdóttir og Óskar Fannar Guðmundsson
Melar og Ás í Melasveit:	FEK ehf.
Melrakkaey í Eyrarsveit; Helgafellseyjar, Vað-stakksey og Þormóðsey í Helgafellssveit:	Þjóðkirkjan
Melrakkaeyjar í Helgafellssveit:	Jón Ragnar Daðason og Hera Guðlaugsdóttir
Miðhús í Reykhólahreppi:	Guðmundur Hjálmar Sveinsson, Jón Sveinsson, Ingibjörg Erna Sveinsdóttir og Þrymur Sveinsson
Munaðarnes í Ingólfsfirði:	Ragnar Jónsson, Samúel Vilberg Jónsson, Unnur Pálína Guðmundsdóttir, Bergvin Sævar Guðmundsson, Bryndís Guðmundsdóttir, Birgir

	Guðmundsson, Hafrún Guðmundsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir
Mýrarkot á Tjörnesi:	Sigurbjörg Sveinbjörnsdóttirog Guðmundur Geir Benediktsson
Naustavík-Vargsnes í Náttfaravíkum:	Víknajarðir sf.
Nýpur á Skarðsströnd:	Sumarliði R. Ísleifsson og Þóra Sigurðardóttir
Ófeigsfjörður á Ströndum:	Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Haraldur Sveinbjörnsson, Gunnar Gaukur Magnússon, Halldóra Hrólfsdóttir, Sverrir Geir Gunnarsson, Halldór Árni Gunnarsson, Pétur Guðmundsson, Þórunn Hanna Gunnarsdóttir, Þóra Hrólfsdóttir, Hallvarður E Aspelund, Valdimar Steinþórsson og Nýja húsið Ófeigsfirði
Ólafsey í Skógarstrandarhreppi:	Daoud Salman
Ólafsey-lönd í Skógarstrandarhreppi:	Guðjón V. Hjaltalín
Ós á Skógarströnd:	Ágúst Jónsson
Ós í Hvalfjarðarsveit:	Ólafur Þorsteinsson
Ósar í Vesturhópi:	Knútur A. Óskarsson
Purkey í Skarðsstrandarhreppi:	Jón Helgi Jónsson
Rauðanes á Mýrum:	Rósa Viggósdóttir, Ómar Hafberg Guðjónsson, Kristján V. Guðjónsson, Ingveldur H. Ingibergsdóttir, Inga Lóa Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðjónsdóttir og Fjóla Verónika Guðjónsdóttir
Rekavík bak Höfn:	Ingibjörg Bára Júlíusdóttir og Lilja Hrönn Júlíusdóttir
Reykhólar á Reykjanesi:	Tómas Sigurgeirsson
Kötluland á Reykjanesi:	Reykhólahreppur
Reykjanes á Selströnd:	Gunnar Jóhannsson og Kristín Einarsdóttir
Reykjarfjörður og Sæból á Ströndum:	Þröstur Jóhannesson, Erla Jóhannesdóttir, Reynir Ragnarsson, Steinunn Ragnarsdóttir, Ragnheiður I. Ragnarsdóttir, Elín Elísabet Ragnarsdóttir,

	Guðmundur Ketill Guðfinnsson og Hallgrímur Guðfinnsson
Reynivellir í Kjós:	Þjóðkirkjan
Rifgirðingar í Skógarstrandarhreppi:	Jón Jakob Jakobsson
Sandhólar á Tjörnesi:	Sveinn Egilsson
Sauðeyjar í Barðastrandarhreppi:	Björg Guðrún Bjarnadóttir
Saurlátur í Helgafellssveit:	Heiðrún Höskuldsdóttir, Brimrún Höskuldsdóttir, Kristín Höskuldsdóttir, Dagbjört S. Höskuldsdóttir og Elín Jóhannsdóttir
Sellón í Helgafellssveit:	Erla Dagmar Lárusdóttir
Sigríðarstaðir í Vesturhópi:	Valgerður Valsdóttir
Skarð á Skarðsströnd, Rauðseyjar og Rúfeyjar:	Þórunn Hilmarsdóttir
Skarð á Skarðsströnd, Rauðseyjar og Rúfeyjar:	db. Svövu Heiðdal Hjartardóttur
Skálanes við Kollafjörð í Reykhólahreppi:	Sveinn Berg Hallgrímsson
Skáleyjar á Breiðafirði:	Andrés Gísli Vigdísarson, Helga María Jóhannesdóttir, Hildigunnur Jóhannesdóttir og Egill Teitur Eysteinsson
Skálmarnesmúli, Selsker og Hamar á Skálmarnesi:	Nanna Áslaug Jónsdóttir
Skipanes í Hvalfjarðarsveit:	Guðfinna Indriðadóttir
